

Fólkið

Fjöllin

Fjörðurinn

Meðal efnis:

Vorið á Setbergi

Bernska mín og æska í Grundarfirði

Þjárnir Sigurðsson, Berserkseyri

Viðtöl frá 1985 við:

Pétur Konráðsson

Halldór Finnsson

Sofanías Cecilsson

Myndir úr grunnskólanum

Ingi Hans og Fransmennirnir

Hversdagsbærinn

Fermingarbörn

Úr Eyrbyggjasögu

**Fólkið, fjöllin,
fjörðurinn**

Fólkið, fjöllin, fjörðurinn

Safn til sögu Eyrarsveitar

9. hefti



2009

Fólkið, fjöllin, fjörðurinn – Safn til sögu Eyrarsveitar 9
© 2009 Eyrbyggjar – Hollvinasamtök Grundarfjarðar
Umbrot og myndvinnsla: Skrudda ehf.
Hönnun kápu: Freyja Bergsveinsdóttir
Ljósmynd á kápu: Ragnar Th. Sigurðsson
Prentun og bókband: Prentsmiðjan Oddi hf.

Greinar í riti þessu má ekki afrita með neinum hætti, svo sem ljósmyndun,
prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta til
eða í heild, án skriflegs leyfis höfundu og útgefanda.

ISSN 1607-0747

Efnisyfirlit

<i>Árni Emilsson: Formáli</i>	7
<i>Árni Emilsson: Bjarni á Berserkseyri</i>	9
<i>Ásgeir Guðmundsson: Pétur Konráðsson</i>	31
<i>Ásgeir Guðmundsson: Halldór Finnsson</i>	51
<i>Ásgeir Guðmundsson: Soffanías Cecilsson</i>	60
<i>Sunna Njálisdóttir: Málvenjur í Eyrarsveit</i>	75
<i>Fjölbreytt starf í Grunnskóla Grundarfjarðar</i>	79
<i>Jón Pétursson: Íþróttir</i>	88
<i>Fermingarbörn 1949–2009</i>	103
<i>Bára B. Pétursdóttir: Enginn veit sína ævina fyrr en öll er</i>	113
<i>Annáll 2008</i>	116
<i>Jóhannes Finnur Halldórsson: Örlítið um aflamark og íbúafjölda</i>	125
<i>Halldór Páll Halldórsson: Úr ljóðaskúffunni</i>	129
<i>Ingólfur Garðar Þórarinsson: Ingi Hans og Fransmennirnir í Grundarfirði</i>	134
<i>Þórhildur Ólafsdóttir: Hversdagsbærinn</i>	140
<i>Arnór Kristjánsson: Fellaskjól 20 ára</i>	147
<i>Pétur Jósefsson: Vorið á Setbergi</i>	152
<i>Munnmælasögur</i>	156
<i>Jón Stefánsson: Bernska mín og æska í Grundarfirði</i>	163
<i>Gylfi Pálsson: Minnisatriði úr Eyrbyggju</i>	178

Formáli

Útgáfa ritsins *Fólkið, fjöllin, fjörðurinn* hefur skipað sér á bekk með helstu menningarviðburðum í Grundarfirði á síðari tímum. Nú kemur ritið út í níunda skipti á tíu ára tímabili og er það þrekvirki út af fyrir sig. Það hefur án nokkurs vafa verið mikils virði fyrir Grundfirðinga og ekki síst þá, sem eru brottfluttir og því ekki eins vel tengdir og heimamenn því sem er að gerast á staðnum í samtímanum. Í ritinu hefur jafnan verið að finna mikinn fróðleik og skemmtilegt efni, sem hefur verið vel þegið af lesendum og vonandi verður svo lengi enn. Það sem gerir þetta mögulegt er einkum þrennt, góð viðbrögð og viðhorf sveitarstjórnar, framlag af fjárlögum Alþingis og loks þrautseigja og dugnaður nokkurra einstaklinga við að skrifa og safna efni í ritið á hverjum tíma. Þetta starf hvílir á herðum of fárra einstaklinga svo að vel sé, en um hitt er ekki að fást, að það er eðlilegt að sumir hafi meiri áhuga á þessu viðfangsefni en aðrir. Ég tel að á engan sé hallað, þótt ég nefni nöfn tveggja manna, sem hafa látið muna um sig langt umfram aðra menn á þessum vettvangi og hafa verið hvað þólnastir í starfinu allt frá öndverðu, en það eru þeir Gísli Karel Halldórsson og Hermann Jóhannesson. Störf þeirra þótt ólík séu eru alveg ómetanleg og skulu þökkud sérstaklega nú þegar níunda heftið kemur fyrir augu lesanda. Eins og þetta rit á erindi við Grundfirðinga og aðra lesendur er alveg ljóst að miklu fleiri einstaklingar eiga fullt erindi við ritið og eru hér með hvattir til þess að leggja því starfi lið, sem dugir til þess að það komi út lengi enn, með því að ljá því efni og annan nauðsynlegan stuðning. Efni slíks rits fer auðvitað að mestu eftir því hverjir standa að útgáfunni hverju sinni, en þó er jafnan leitast við að hafa það sem fjölbreyttast og bæði lærðir og leikir skrifi um allt mögulegt sem þeim þykir merkilegt eða skemmtilegt að fornu og nýju.

Nú hefur runnið sitt skeið sá tími, þar sem efnishyggjan náði hjartökum á þjóðinni og má því vænta þess, að hún sjái verðmætin í allt öðru ljósi en áður. Okkur ber vissulega að standa vörð um þau menningarverðmæti í Eyrarsveit, sem gætu fallið í gleyskunnar dá og koma þeim í varðveislu eins og kostur er áður en það verður of seint.

Efni þessarar bókar er fjölbreytt eins og efnisyfirlitið ber með sér og jafnframt ofurlítið innlegg að því markmiði, sem að ofan getur.

Stjórn Eyrbyggja skipa Árni Emilsson formaður, Ásthildur Kristjánsdóttir gjaldkeri, Atli Már Ingólfsson ritari, Hermann Jóhannesson, Hildur Mósesdóttir, Jóhannes Finnur Halldórsson og Björn Karl Þórðarson.

Stjórn Eyrbyggja hefur hugleitt að ef til vill fari of mikil orka hennar í þessa einu útgáfu og hún ætti að bera niður víðar með starfi sínu og styrkja til að mynda tengsl Grundfirðinga heima og að heiman með því að efna til mannfagnaðar í höfuðborginni til mótvægis við hátíðina „Á góðri stund í Grundarfirði.“ Slíkt væri í senn áhugavert og skemmtilegt og er til skoðunar. Stjórnin hefur ákveðið að vekja athygli á þeim einstaklingum, sem hafa vísað veginn með framtaki sínu til þess að auðga mannlífið í Eyrarsveit, með því að veita verðuga viðurkenningu einum eða fleirum eftir því sem ástæður þykja til. Vísast er þetta ekki vandalaust, því margur einn hefur verið góður liðsmaður í gegnum tíðina.

Stjórnin þakkar öllum þeim, sem veittu henni fulltingi í þeirri viðleitni hennar að efla menningarlífið í Eyrarsveit með útkomu þessa rits.

Árni Emilsson.

Árni Emilsson

Bjarni á Berserkseyri

Bjarni Sigurðsson á Berserkseyri var þjóðsagnapersóna þegar í lifanda lífi, enda var honum gefið ærið margt í vöggugjöf umfram aðra menn, og sannanlega var hann enginn meðalmaður. En það sem bar þó hróður hans víðast voru án efa hnyttin tilsvör hans og eðlislægur, léttur húmor, sem var einstakur og var á hvers manns vörum, sem kunni vel að meta orðsins list. En Bjarni var einnig sérlega hjálplegur öllum þeim, sem þurftu á aðstoð að halda, og leit-aði margur maðurinn til hans með alls konar erindi við hið opinbera eins og bréfaskriftir, skattaframtöl og ýmiss konar reikningsskil, sem hann var stakur meistari í. Sögurnar sem sagðar voru um hann voru ýmist um færni hans og þekkingu eða kímnisögur bæði sannar, ýktar eða lognar, en það sem mestu skipti, var að þær voru jafnan skemmtilegar og hefðu langflestar getað verið sannar og það er auðvitað aðalatriðið. Frásagnargáfu Bjarna var viðbrugðið, svo að flestir sóttust eftir að komast til fundar við hann og njóta nærveru hans og frásagnargleði um menn og málefni.

Bjarni var fæddur 18. janúar 1896 að Ámýrum í Helgafellssveit og skírður 17. febrúar sama ár. Foreldrar hans voru þau Dagbjört Guðmundsdóttir, dóttir Guðmundar í Ögri, og Sigurður Jónsson er þá bjuggu á Ámýrum, sem er lítið kot í Helgafellssveit undir Bjarnarhafnarfjalli rétt hjá Seljum. Foreldrar Sigurðar voru þau Kristín í Skógarnesi Þorleifsdóttir og Jón Magnússon hreppstjóri.

Bjarni var allra manna greindastur enda ekki að undra því mikið orð fór af forfeðrum hans. Þorleifur hét maður Þorleifsson, fæddur 1800, og jafnan kenndur við Bjarnarhöfn á Snæfellsnesi, víðkunnur maður í sögum og sögn-um fyrir undraverða læknishæfileika og ýmiss konar dulskynjanir. Kona hans

var Kristín ljósmóðir Sigurðardóttir bónda í Dufgusdal, fædd 1801, og yngst barna þeirra var Kristín, fædd 1835, er giftist Jóni Magnússyni, hreppsstjóra í Skógarnesi. Yngsta barn þeirra Kristínar og Jóns Magnússonar var Sigurður Jónsson fæddur 1869 er kvæntist Dagbjörtu Guðmundsdóttur, fædd 1871. Þau voru foreldrar Bjarna, eins og áður segir.

Um Þorleif lækni í Bjarnarhöfn, langafa Bjarna, var skrifuð löng grein í Sunnanfara 23. desember 1901, og þar stendur:

Mátti heita, að Þorleifur væri höfuðlæknir í Vestfirðingafjórðungi svo tugum ára skifti, meðan þar var ýmist einn eða enginn lærður læknir, stöku sinnum tveir, danskir, hvor öðrum ónýtari menn, sem ekkert höfðu getað fengið að gera í sínu landi. Þorleifs var meir að segja stundum vitjað í aðra landsfjórðunga. Svo fór mikið orð af honum. Og traustið svo sem að sjálfsögðu miklu meira en á lærðu læknum, hinum dönsku að minsta kosti ...

Þeim, sem þetta ritar, er það í barnsminni, að eitt sinn urðu nokkrir kvenmenn vestan af Barðaströnd samferða sjóveg til Stykkishólms áleiðis til Bjarnarhafnar að leita sér lækninga. Þá var í Hólminum danskur héraðslæknir, er Lind hét. Hann sér stúlknaþóp aðkominn standa undir búðarvegg og þykist sjá á útliti þeirra, að þær muni vera í lækningaerindum, gengur að þeim og spyr, hvort þær eigi ekki erindi við sig. Þær anza því engu, nema ein, sú er yngst var og fljótfærnust; það var prestsdóttir. Hún gaf sig fram og fór heim með Lind, en hinar héldu áfram út í Bjarnarhöfn. Þær fengu þar allgóða bót meina sinna. En Valgerði töldu þær fyrirfram „tapaða“ og sú varð raunin, hún kom jafngóð frá Lind aftur og þótti, er heim kom, hafa orðið á mikil glópska ...

Frá Hofstöðum fluttist hann að Hallbjarnareyri og varð þar spítalahlaldari; þar voru þar þá tveir karlmenn holdsveikir, en svo ernir þó, að þeir reru til fiskjar í góðu veðri; þeir voru síðastir sjúklingar þar.

Þá var Þorleifur farinn að fást við blóðtökur og þótti hepnast vel. Þá var síra Einar Sæmundsson prestur á Setbergi er Þorleifur bjó á Eyri. Prestur átti lækningabók á dönsku, er kend var við Mangor nokkurn. Þá bók átti Þorleifur kost á að fá, en kunnir ekkert í dönsku. Hjúp þá prestur undir bagga, og þýddi bókina og gaf Þorleifi handritið og tók hann að lækna eftir henni. Síðan varð hann sér úti um fleiri lækningabækur og fékk aðstoð margra meiri háttar manna til að íslenzka ýmis lækningarit og veita sér tilsögn í dönsku; en hann var frábærlega næmur. Fékk hann brátt mikið orð á sig fyrir lækningar. Lyfjabúð hafði hann nærri sér í Stykkishólmi. Þeir urðu góðkunningjar, Þorleifur og lyfsalinn þar, Jakobsen, mesta ljúfmenni. Hann komst brátt upp á að afgangið lyfjaseðla Þorleifs, þótt ekki væri með lögmaeltu lærdómsniði. Meðulin hétu hjá Þorleifi: Guðrúnardropar, Jónsplástur, Sigríðarsalvi og þar fram eftir götunum, kend við þá, er Þorleifur hafði reynt þau við fyrst, svo að haldi

kæmi ... Hann var manna hjálpfúsastur og góðgerðasemi hans takmarkalaus. Hann hafði að jafnaði marga sjúklinga á heimili sínu og setti aldrei upp neitt við þá. Kona hans, Kristín, var hin mesta sæmdarkona. Hún var yfirsetukona og var von að taka heim með sér börnin og hafa þau hjá sér um tíma, viku eða lengur reikningslaust. Hún gaf á tvær hendur. En alt um það auðguðust þau hjón og Þorleifur talinn með betri efnamönnum vestanlands.

Það er eins og þessir eiginleikar að vilja allt fyrir alla gera og helst fyrir ekki neitt og komast samt ágætlega af komi kunnuglega fyrir og hafi bærilega erfst til Bjarna þegar lífshlaup hans er skoðað grannt.

Ekki var mulið undir Bjarna í æsku hans, enda fátækt við lýði nánast hvarvetna á Íslandi á þessum árum. En faðir hans fékk þó að reyna til viðbótar allsleysinu óvenjulega mikið mótlæti í upphafi búskapar þeirra hjóna. Þegar Bjarni var á öðru ári á Ámýrum var móðir hans ófrísk að öðru barni þeirra hjóna. Þegar Sigurður bóndi kom heim til sín að gæta að konu sinni dag einn nokkuð áður en búist var við að barnið fæddist var það komið í heiminn andvana. Allar líkur eru á að Dagbjört, móðir Bjarna, hafi fengið barnsfararsótt, því hún dó litlu seinna. Þeir feðgar leituðu þá aðstoðar í sorg og erfiðleikum sínum til granna sinna á Seljum en þar bjó þá Guðrún Káradóttir, hálf systir Dagbjartar. Erfitt er að setja sig í spor Sigurðar bónda, þegar hann verður að fara frá konu sinni látinni og brjótast með soninn aðeins 2ja ára yfir alsnjóða jörð þar sem varla sást á dökkan díl og skjólfatnaður jafn lítilfjörlegur og hann var hjá fátæku fólki á þeim tíma. Þeir feðgar fóru síðan að Kljá til þeirra Hafliða og Ragnhildar Guðbrandsdóttur og þar ólst Bjarni upp sín unglingsár með föður sínum Sigurði, sem síðar hóf búskap með Ingveldi, dóttur þeirra hjóna. Sigurður og Ingveldur hófu síðan búskap á Hjarðarbóli í húsmennsku hjá Kristjáni Þorleifssyni þegar Bjarni er á fermingaraldri og fer hann með þeim þangað.

Til þess að varpa litlu ljósi á aðstæður á venjulegum sveitaheimilum um þessar mundir nægir að vitna í afmælisgrein um Bjarna Sigurðsson 80 ára, sem Árni Helgason skrifaði í Mbl. 18. jan. 1976 þar sem hann hefur eftir Bjarna:

Flestir bæir voru torfbæir þegar ég man fyrst eftir og ekki var þægindunum fyrir að fara, hlóðaeldhús voru allsstaðar. Ég man fyrst eftir að ég hafi séð eldavél notaða í Bjarnarhöfn, þegar ég var þar og séra Jón Magnússon einnig. Önnur eldhúsáhöld

voru eftir þessu. En enginn æðraðist né ófundaði því þetta var svona um allt land. En með heimastjórninni fer þetta allt að breytast smátt og smátt þar til stökkin koma eftir seinustu heimsstyrjöld. Það var fyrirmyndarheimili hjá séra Jóni í Bjarnarhöfn. Ég minnst þess alltaf sem eins hins besta frá æskudögum mínum.

Ungur að árum ræður Bjarni sig sem vinnumann hjá Magnúsi Jónssyni, bónda á Kolgröfum, og er þar í allmörg ár. Þar kynnist hann konuefni sínu, Ástrósu Elísdóttur frá Berserkseyri, næsta bæ við Kolgrafir og ganga þau í hjónaband 1920 og hefja þegar búskap á Berserkseyri. Elís Guðnason og kona hans, Gróa Herdís Hannesdóttir, flytjast að Kolgröfum til Jóhönnu, dóttur sinnar, og búa þar í ellinni, þegar þeir mágar, Guðni Elísson og Bjarni, keyptu Berserkseyrarjörðina af þeim hjónum og bjuggu saman í tvíbýli ásamt konum sínum og börnum í einu húsi allar götur til ársins 1932 að það brennur um vorið, daginn fyrir uppstigningardag. Bjarna og Ástrósu varð þriggja barna auðið og var elst þeirra Dagbjört Ragnhildur fædd 22. ágúst 1923 og þremur árum síðar Lárus Sigurjón fæddur 25. september 1926 og loks Hreinn, fæddur 25. september 1932.

Samkomulagi á milli fjölskyldnanna á Berserkseyri, þeirra Guðna og Guðrúnar Halldórsdóttur annars vegar og Bjarna og Ástrósar hins vegar, var viðbrugið og svo gott var það, að Dagbjört, dóttir Bjarna, sagði mér, að líklega hefði aldrei komið upp ágreiningsefni að morgni að því væri ekki eytt að kveldi og aldrei hefði sá dagur liðið að þeir mágar hittust ekki og báru saman bækur sínar á meðan báðir bjuggu á Berserkseyri. Dagbjört segir að á engan sé hallað þótt fullyrt sé að Guðni hafi verið besti vinur föður hennar.

Eftir brunann endurbyggði Guðni gamla húsið á Berserkseyri, en Bjarni réðst í nýbyggingu. Á meðan nýja húsið var í smíðum bjuggu þau hjónin um sig í fjárhúsunum ásamt ungum börnum sínum, Dagbjörtu sem var níu ára og Lárusi sex ára. Ástrós gekk með yngsta barn þeirra undir belti þegar þetta var, langt komin á leið. Vísast getur maður sér til um að þægindi hafi verið í lágmarki og þarna notaðist Ástrós við hlóðir þar sem allur matur var soðinn og brauð bökuð og moðsoðin. Oftast voru fimm og sex karlar í fæði um sumarið við byggingu hússins og var Björn bóndi á Kóngsbakka yfirmsiður. Mikið hefur reynt á þrek og dugnað húsfreyjunnar að halda heimili fyrir fjölskylduna og smiðina við þessi kjör og þá hefur komið sér vel að Ástrós bjó yfir skapstillingu og mikilli þolinmæði. En þrátt fyrir frumstæðar aðstæður og engin þægindi af neinu tagi gekk verkið vel, enda kom á móti nægur dugnaður og

hugur til þess að koma sér upp nýju húsi og skyldi það takast áður en langt liði á árið og fjölgaði í fjölskyldunni. Og það stóðst á endum að 24. september fluttist fjölskyldan í nýtt hús og daginn eftir fæddist Hreinn.

Það hafa verið miklir gleðidagar fyrir fjölskylduna á Berserkseyri þessa haustdaga 1932, þegar hún var komin heilu og höldnu í nýtt og notalegt hús og mikil breyting frá því að búa í fjárhúsi, þótt það hafi reyndar verið hlutskipti þeirrar persónu, sem mestur ljómi hefur stafað af í allri samanlagðri kristninni.

En tveimur árum síðar þegar jólahátíðin gekk í garð bregður skugga yfir Berserkseyrarheimilið, því þá veikist Lárus litli af lungnabólgu, sem var hættulegur sjúkdómur á þeim árum þegar fúkkalyfin voru ekki komin til. Veður höfðu lengi verið válynd og mjög illa gekk að ná til læknis sem þá sat í Stykkishólmi hvort heldur reynt var á landi eða sjóleiðis. En að morgni jóladags kom flóabáturinn Baldur loks með lækinn og stóð á endum að þegar hann kom í hús á Berserkseyri var barnið að skilja við. Mikill harmar var kveðinn að fjölskyldunni á Berserkseyri og telur Dagbjört að örugg og mikil trúarvissa foreldra hennar hafi hjálpað þeim að taka því sem nú var orðið og tíminn læknað sárin um síðir.

Berserkseyri er góð fjárförð, enda stór og hagar góðir. Þar eru veður óblíð í sunnanátt en annars ágæt. Á meðan túnin voru lítil þurfti Bjarni að heyja annars staðar og fór þá jafnan í Akureyjar og inn í Hafnareyjar til að heyja það sem upp á vantaði. Fyrir þessu var mikið haft og fylgdi því ómælt erfiði, ekki síst við að flytja heyið heim bæði á sjó og landi. Þetta breyttist til betri vegar með tilkomu vinnuvélanna, sem gerðu bændum mögulegt að stækka túnin.

Bjarni var sístarfandi og las mikið og skrifaði. Einkum las hann sér til fróðleiks og um flest allt viðkomandi því, sem hann tók að sér hverju sinni, ekki síst lög og reglur og hann var sérfræðingur í meðferð skattamála. Hann var svo vel að sér í bókhaldi, skýrslugerð og opinberri sýslan alls konar að undrun sætti. Bjarni var hins vegar ekki mikið fyrir skáldskap og fagurbókmenntir þótt hann hefði yndi af að segja frá, því hann var sagnamaður, ekki síst um fróðleik í héraði og þegar kom að gamanmálum var hann vissulega á heimavelli.

Bjarni starfaði á skrifstofu Kaupfélagsins í Stykkishólmi á veturna um árabíl og sýnir það eitt með öðru hversu eftirsóttur hann var til slíkra starfa. Á meðan réð Bjarni til sín vetrarmenn til að sjá um rekstur búins og vera

heimilinu til trausts og halds meðan hann var í burtu að sinna sínum störfum. Áhugi Bjarna hneigðist miklu frekar til embættisstarfa en búskapar og eru miklar líkur á því að hann hefði ekki valið sér að starfa á þeim vettvangi ef hann hefði átt kost á að velja meðan hann var ungur maður. En allar aðstæður voru þá þannig í íslensku samfélagi að ungir, efnilegir menn, sem voru fátækir, áttu fárra kosta vöð.

Bjarni og Hreinn sonur hans bjuggu félagsbúi í afar góðu samkomulagi allt til ársins 1960 að Hreinn kaupir helming jarðarinnar á Berserkseyri af Guðna Elíssyni, þegar þau Guðrún bregða búi og flytja til Grundarfjarðar og kaupa neðri hæðina í húsinu Grundargötu 20.

Hreinn er öndvert við föður sinn frábitinn öllu félagsmálastússi, en er bóndi eins og þeir gerast bestir, enda ber búskapur hans og konu hans, Ásdísar Halldórsdóttur á Berserkseyri, glöggvitni um að þar býr bústólpi.

Þegar Páll Þorleifsson á Hömrum féll frá árið 1950 stýrði Bjarni útibúi Verslunar Sigurðar Ágústssonar í Grundarfirði til haustsins 1952, en þá kom Emil Magnússon þar til starfa.

Bjarni kemur víða við þar sem þörf er fyrir traustan starfsmann, sem kann ýmislegt fyrir sér og er engu líkara en að hann sé á hverjum tíma reiðubúinn til þess að leysa hvern þann vanda, sem ber að garði hverju sinni.

Embættisverk

Bjarna á Berserkseyri voru falin margbreytileg embættisverk í gegnum tíðina og var pósthembættið eitt hið fyrsta, sem var í senn mikilvægt, mjög erfitt og stóð yfir um langan tíma, eða rúma fjóra tugi ára. Um þetta embætti er gefinn út allítarlegur samningur í 10 tölusettum liðum þann 16. des. 1919 á milli Bjarna og pósthjónarinnar.

Þar er kveðið á um í 1. gr. að Bjarni sé ráðinn til að fara pósthferðir á milli Grundarfjarðar og Stykkishólms. Síðan er nákvæm lýsing á öllum skyldum og verklagi, sem póstinum er skylt að fara eftir, og í 6. gr er kveðið á um, að fyrir hverja pósthferð fram og aftur skuli borga kr. 22.00. Borgunin fyrir hverja pósthferð greiðist að helmingi fyrirfram við byrjun ferðarinnar og að helmingi eftir á að pósthferðinni aflokinni. Og í 7. gr. segir að


Bjarni á fimmtugsaldri með Kol sem var uppáhaldshundur hans og fylgdi honum alltaf í póstferðirnar.

Í borgun þeirri, sem ákveðin er í 6. gr. eru fólgin laun póstsins sjálfs og borgun fyrir allan póstflutninginn. Pósturinn er skyldur til að flytja öll koffort, töskur og poka, sem hann hefir meðferðis til baka aftur.

Pósturinn leggur til, án sjerstakrar borgunar, klyfsöðla og önnur reiðveri, er þurfa við flutning póstsendinganna.

Enginn vafi leikur á því að póstferðirnar reyndu til hins ítrasta á þrek og krafta Bjarna, enda allar aðstæður ólíkar því sem nú er. Vegleysur og óbrúaðar ár á milli Stykkishólms og Grundarfjarðar annars vegar

og hins vegar tækjaskortur gerðu þetta verkefni að algjörum þrældómi. Þarfasti þjóninn var þó til að létta undir á þessum vettvangi eins og svo víða í þjóðfélaginu á þessum tíma á fyrri hluta aldarinnar sem leið. Bjarni var grannur og léttur á sér og var göngumaður góður og reyndi mjög á þá hæfileika hans, einkum þó á veturna þegar ekki var unnt að nýta hesta vegna snjóa og ófærðar. Þegar Bjarni resktist kom í ljós að hann hefur að öllum líkindum ofgert sér í þessum ferðum, sem voru oft farnar í vondum veðrum, kulda og úrhelli eins og það gerist verst á Snæfellsnesi, þegar svo ber undir. Hætt er við að ófullnægjandi hlífðarföt og klæðnaður þess tíma og vosbúðin hafi skaðað lungun og ekki hafa reykingarnar heldur hjálpað til eins og síðar kom fram þegar hann eltist og fór að hægja á sér. Seinni tíma mönnum kann að koma á óvart að Bjarni reykti mjög mikið svo að kalla mætti að hann hafi verið stór-



reykingamaður, en hin síðari ár tók hann hressilega í nefið og naut þess til hins ítrasta. Bjarni var á ferðinni á öllum tímum og kom þar af leiðandi heim til sín eftir því sem honum sóttist ferðin og var það ærið mismunandi.

Hreinn, sonur Bjarna, byrjaði ungur að létta undir með föður sínum á alla lund og ekki síst með pósthjólunum og rétt um fermingu var hann farinn að hjálpa til og eða fara í ferðina einn og ljúka henni.

Þegar Willys jeppinn P-66 kemur á Berserkseyri 1946 tekur Dagbjört, heim-sætan á bænum, bílpróf og er fyrst kvenna í Eyrarsveit til þess. Snemma hefur hún látið muna um sig og þegar unnt var að koma jeppanum við breytti það pósthjólunum mjög til nútímalegri háttá. Hreinn varð snemma lipur bílstjóri og líklega löngu áður en hann fékk hin formlegu réttindi, enda ekki nema aðstoðarbílstjóri fyrstu árin, en þegar stundir liðu fram ók hann föður sínum í flestar pósthjólur en Bjarni sinnti þá í leiðinni alls konar trúnaðarstörfum og erindum fyrir sveitunga sína, sem hann þurfti að reka hér og hvar.

Séra Magnús Guðmundsson skrifar í Mbl. 3. maí 1986 minningargrein um Bjarna og þar gefur þetta að líta um pósthjólunum.

Reyndi þá oft á áræði hans og þrek. Eitt sinn að næturlagi er hann var á heimleið úr pósthjólunum og var staddur á þeim stað í Berserkjahrauni þar sem sér til Berserkseyrar sá hann að bærinn stóð í björtu báli. Greikkaði hann þá sporið sem mest hann mátti, hljóp raunar fremur en gekk það sem eftir var leiðarinnar. Ljóst var þegar heim var komið að allir höfðu bjargast giftusamlega úr brunanum, en eignatjón var mikið. Eitt sinn sagði hann mér frá því þegar hann vitjaði eftirlauna sem hann átti eftir 40 ára pósthjólunustu. Sigurður Ágústsson alþingismaður hafði sagt honum að hann ætti einhver eftirlaun inni. Reyndist þetta vera allstór upphæð eða 12.000 kr. Bjarni sagði við stúlku, sem afgreiddi hann að þetta gæti ekki verið rétt. Stúlkan var örg í skapi því að hún hélt, þegar Bjarni sagði að þetta gæti ekki verið rétt, þá ætti hann við að það væri of lítið. Stúlkan bar þetta svo undir aðra á skrifstofunni og kom svo aftur og sagði að þetta hlyti að vera rétt. „Hún varð undrandi þegar hún komst að raun um að mér þótti þetta of mikið, því að öðru átti hún að venjast í þeim efnum.“ „Ég fékk ekki nema 12 kr. fyrir hverja pósthjólun í fyrstu, núna á ég að fá 12.000 kr. Það sér hver maður að þetta getur ekki verið rétt. Þetta er hægt að sannreyna með því að tala við Stefán í Verðanda sem var póstur á undan mér.“ Stúlkan kvað enga þörf á því og spurði hvað ég hefði fengið fyrir ferðina á seinni árum – „250 kr.“ „Og hvað tók ferðin venjulega langan tíma?“ „Þrjá daga.“ „Og hvað varstu lengst í ferð?“ „Sex mánuði.“ „Þá hlýturðu að hafa veikst?“ „Nei, ég kom við á Spáni.““ Þá hringdi hann heim úr Stykkishólmi og kvað vanta

Bjarni Sigurdsson af Island hefur gjört sinu
 ombod i $\frac{3}{8}$ Njólur af Esbjörg sem Eyrlödur frá $\frac{4}{2}$ - $\frac{15}{5}$ 26.
 Hann hefur i den Tid arbejdet og opført sig til min fulde
 Tilfredshed og forlader sin Skibet grundet paa dets Op-
 lagning og kan jeg anbefale ham til enhver der maatte
 have Brug for hans Tjeneste.

København d $\frac{15}{5}$ 26.

M. Sørensen
 Master $\frac{3}{8}$ Njólur.

Meðmælabréf sem Bjarni fékk frá 1. vélstjóra eftir Barcelónaferðina.

mann á flutningaskip sem væri á leið til Spánnar – og hann sló til. Svo sem sjá má af atviki þessu þá átti þessi alvarlegi maður, eins og hann kom öðrum fyrir sjónir, mikla gleðignótt í hjarta og var jafnan hlegið dátt í góðra vina hópi er hann bar fram gamalt og nýtt úr gleðibanka sínum.

Það var með miklum ævintýraljóma, sem menn töluðu um þessa ferð Bjarna til Barcelóna og mátti heyra ýmsar útgáfur af henni og auðvitað voru uppi ýmsar getgátur um það með hvaða hætti þessi ákvörðun hans bar að, þegar hann réð sig á þetta skip. Sögurnar urðu með þeim mun ævintýralegrri blæ eftir því sem lengra leið frá því að þetta gerðist. Menn reyndu að gera sér í hugarlund hvernig það hefði verið fyrir Bjarna að halda það út mánuðum saman að vera einn á skipi meðal erlendra manna af allt öðru sauðahúsi og af allt öðrum menningarheimi, ómæltan á erlendar tungur og hvað þá heldur spænsku eða ef til vil katalónsku. En allt um það var þetta harla óvenjuleg ákvörðun, sem enginn tekur nema sá sem býr yfir frjóu ímyndunarafli og kjarki til þess að binda



Bjarni á Ráðhústorginu í Kaupmannahöfn ásamt skippsfélögum sínum.

skóþveng sinn allt öðrum hnútum en samferðamennirnir.

Bjarni tekur þessa ákvörðun líklega heima hjá sér áður en hann leggur af stað til Stykkishólms í póstferð. Hann hafði búið svo um hnútana að ráða til sín vinnumann meðan hann væri í ferðinni. Í Stykkishólmi liggur við bryggju gufuskipið Mjólnir frá Esbjerg og allir í áhöfninni hafa verið Danir að öllum líkindum. Það liggur fyrir að það vantar kynd-

ara um borð og samkvæmt sjóferðabókinni er siglingunni heitið til „Spanien og videre“ til þess að sækja salt. Í meðmælabréfi sem fyrsti meistari Sörensen gefur Bjarna að lokinni ferð segist hann geta mælt með honum og lofar alla hans framgöngu um borð í skipinu þann tíma sem hann var í áhöfninni frá 4. febrúar til 15. maí 1926. Bjarni er því þrítugur þegar hann er í þessari miklu ferð og ekki ólíklegt nema hann hafi hugleitt að hann reyndi fyrir sér einhvern tíma aftur og þá gæti komið sér vel að eiga gott meðmælabréf í förum sínum.

Í sjóferðabókinni má sjá af úttektum Bjarna að skipið fer ekki beint til Spánar heldur siglir fyrst til Noregs þar sem Bjarni tekur út 19. febrúar 25 norskar krónur sem leggja sig á 22,25 danskar krónur. Og hann tekur út peninga tvisvar í Barcelóna, í fyrra sinnið 17. apríl 20 peseta og svo 22. sama mánaðar 6 peseta og samtals er þetta 14 kr. danskar því hver peseti er á hálfu danska

krónu. Af þessu má auðveldlega draga þá ályktun að Bjarni hefur sparað nær allt kaupið sitt og hefur fyrst og fremst hugsað um það að styrkja efnahag sinn og búa sig undir það að byggja upp á Berserkseyri til framtíðar.

Það hefur verið mikil upplifun fyrir Bjarna að koma til Barcelóna á þessum árum, enda mikið um að vera í stórborginni þar sem undirbúningur fyrir heimssýninguna 1929 hefur verið á fullri ferð og margt að skoða og þar á meðal allt sem heimsýningin 1888 skildi eftir. Sá sem þetta ritar ræddi nokkrum sinnum við Bjarna um borgina og tók ég þá alveg sérstaklega eftir því hvað hann mundi vel eftir höfninni og svæðinu í kringum hana. Það mátti vissulega sjá glampa í augum hans þegar hann rifjaði þetta upp í góðu tómi og þá nutu sín einstakir frásagnarhæfileikar hans og gamansemi. Nærri má geta að heimsborgin hefur boðið upp á ótal margt af nægtarborði sínu, sem mörlandinn kominn frá einhverju fátækasta ríki heims um þær mundir, hefur reynt að færa sér í nyt á meðan dvölinni stóð.

Á heimleiðinni er síðan komið við í Kóngsins Kaupmannahöfn, sem er þá einnig höfuðborg Íslands og þar hefur Bjarni þekkt ýmsar merkar byggingar af myndum, sem hann hefur séð í blöðum og bókum heima á Íslandi. Bjarni lætur taka af sér mynd og myndir með sér og skipsfélögum sínum á Ráðhústorginu eins og líklega nær allir landar gerðu á þessum tíma þegar þeir sigldu til heimsborgarinnar. Þetta var fyrsta og eina utanlandsferð Bjarna og var honum því afar eftirminnileg og má reyndar fullyrða að hún hafi verið með meiri ævintýrablae en títt var, enda spunnust um hana skemmtilegar sögur.

Bjarni hreppstjóri

Bjarni naut nær engrar skólagöngu en var vel sjálfmenntaður, víðlesinn, skarpgreindur og stálminnugur og hafði til viðbótar einstaklega fallega og skýra rithönd, sem kom sér einkar vel á þessum tíma þegar ekki voru til þau „fjöl-múlavíl“, sem nú bjóðast og gera engar kröfur um fagra rithönd. Þegar Bjarni handskrifaði almennar tilkynningar eða auglýsingar til borgaranna, sem voru hengdar upp á þar til gerðum stöðum, búðargluggum og öðrum gluggum þar sem almenningur átti leið um, voru þær einlægt skýrt og vel orðaðar með rithönd, sem allir þekktu og bar órækt vitni um höfund sinn sakir glæsileika.

Sakir mannkosta Bjarna hlóðst á hann fjöldi trúnaðarstarfa og var hann



Bjarni og Ástrós um jól heima í stofu.

vissulega þekktastur af hreppstjórastarfinu, enda nær alltaf talað um Bjarna hreppstjóra eða Bjarna á Berserkseyri. Hann tók við embættinu af Kristjáni Þorleifssyni árið 1934 og gegndi því allar götur til ársins 1977 eða í 43 ár. Hreppsstjórastarfið í tíð Bjarna var miklu meira að umfangi og virðingu heldur en það varð síðar meir.

Hreppstjórinn sá um lögskráningu sjómanna á öll fiskiskip og báta í Grundarfirði sem var ærinn starfi þegar útgerð fór að eflast

í þorpinu og bátarnir urðu fleiri. Bjarni var því í mjög góðum tengslum við sjómenn og útgerðamenn í Grundarfirði alla tíð.

Bjarni var til margra áratuga fulltrúi Eyrarsveitar í sýslunefnd og á þeim vettvangi voru honum falin margvísleg trúnaðarstörf. Má þar nefna byggðasafnsnefnd, yfirúttektar- og virðingardóm, sem mat verðmæti allra jarða í sýslunni og skráði. Bjarna var einnig falin umsjón og eftirlit með öllum ársreikningum sveitarfélaganna í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu og var hann mörgum hjálplegur til að ráða fram úr og veita tilsögn oddvitum og sveitarstjórum við gerð ársreikninganna. Kom það mörgum á óvart, einkum yngri mönnum, hversu feikna vel hann var að sér um þessi mál.

Bjarni á Berserkseyri var lengi fulltrúi skattstjóra í Eyrarsveit og fléttaðist þetta saman við hreppstjórastarfið og því gátu menn rekið fleiri en eitt erindi í einu, þegar þeir gerðu sér ferð til Berserkseyrar. Bjarni taldi fram fyrir langflesta í Eyrarsveit og um tíma líklega fyrir flesta, ef ekki nær alla bændur og þetta geysimikla starf innti hann af hendi með mikilli gleði og gegn engri borg-

un. Við sjómennina sagði hann gjarnan, að ef þeir ættu leið hjá mættu þeir færa honum eins og eina ýsu. Það var gjarnan gestkvæmt á Berserkseyrarheimilinu og var öllum veitt af mikilli rausn og Ástrós sá fyrir öllum hlutum, bæði gestum og heimilisfólkinu, af miklum dugnaði og einstakri gestrisni. Þegar kom að því að frestir til að skila framtali voru liðnir eða líða, voru erindin rekin fleiri yfir daginn en endranær. Þegar Bjarna þótti menn hafa dvalið hæfilega lengi stóð hann gjarnan upp og gekk að glugganum, sem sneri að veginum og fór að tala um umferðina. Glöggir menn áttuðu sig á að þá var mál til komið að fara að hugsa til heimferðar.

Bjarni gegndi margvíslegum trúnaðarstörfum á vettvangi sveitarstjórnar og fyrir utan að sitja í hreppsnefnd var hann formaður kjörstjórnar og sátta-nefndar. Þessi störf leysti hann frábærlega, því í þeim nutu sín hans bestu kostir. Annars vegar nákvæmnin í allri skýrslugerð og reikningshaldi og allt það traust sem hann naut hjá samferðamönnum sínum og hins vegar lipurðin við að tala fólk til, þegar ósætti kom upp á milli manna. Þegar Bjarni var að sætta fólk var jafnan stutt í húmorinn, en þó aldrei þannig að þeir sem hann var að sætta fyndu til þess að ekki væri full alvara í öllu sem sagt var.

Einhvern tíma á 6. áratugnum urðu tvær ágætar frúr í þorpinu mjög ósáttar hvor við aðra og jafnvel svo að til vandræða horfði. Bjarni hreppstjóri talaði við báðar einslega og fór með svipaðan texta fyrir báðar, sem var nokkurn veginn á þá leið, að jafngreindar og vel gerðar og þær vissulega væru og miðað við þá virðingu sem þær nytu í samfélaginu, gætu þær ekki verið þekktar fyrir það að vera að bekkjast við einhvern kjána. Það væri þeim einfaldlega ekki samboðið. Þessi rök dugðu báðum þessum heiðurskonum, enda nokkuð augljóst þegar grannt var skoðað og féllu niður allar illdeilur þeirra á milli upp frá þessu.

Bjarni var milt yfirvald og leysti jafnan öll mál með því að sætta menn eða finna leið út úr ágreiningi, sem stundum reis á milli manna. Af þessu urðu til ýmsar gamansögur og ekki er víst að þær hafi allar verið nákvæmlega réttar, en þær léttu mönnum geðið og komu að góðum notum í fásinninu.

Bjarni hafði umsjón með vötnunum í Dufgusdalnum fyrir Thorsarana, sem áttu þau. Menn gátu keypti veiðleyfi heima á Berserkseyri. Bjarna hefur sennilega grunað að ýmsir „heiðursmenn“ hafi ekki alltaf gætt þess að kaupa leyfi áður en þeir fóru til þess að veiða, en hann vissi það hins vegar að þetta var ekki alvarlegra en svo, að það leiddi til þess að einhver brestur yrði í héraðinu.

Einhverju sinni þegar fulltrúi eiganda var á ferð kom hann við í Baulárvallavatni og sá þar netstúf á bakkanum. Fór hann þegar til Berserkseyrar og gerði Bjarna hreppstjóra viðvart og vildi kæra verknaðinn hjá sýslumanni í Stykkishólmi og bað hann Bjarna að koma með sér upp að vatninu og sjá brotið með eigin augum. Þegar þeir koma þangað stendur maður á bakkanum með veiðistöng og er í ani við veiðar. Þegar nær dregur þekkir Bjarni manninn, því þarna stóð Tómas Óskarsson, skrifstofustjóri Hraðfrystihúss Grundarfjarðar. Thorsarinn spyr Tómas umsvifalaust og með nokkrum þjósti hvort hann sé með veiðileyfi. Tómas sá í hvert efni var komið og ekki þýddi að koma sér undan brotinu, þar sem hreppstjórinn og eigandinn stóðu hann að verki og játaði strax. Thorsarinn krafðist þegar að maðurinn yrði færður fyrir sýslumann og kærður fyrir veiðiþjófnað. Þá sagði hreppstjórinn í Eyrarsveit: „Nei, það kemur ekki til greina. Tómas borgar alltaf í bakaleiðinni.“ og þar með féll málið niður.

Einhverju sinni hitti Bjarni tvo vonglaða veiðimenn inni í Hraunfirði, sem voru þangað komnir frá Reykjavík akandi. Þeir voru hinir hressustu og buðu Bjarna að smakka á þeim guðaveigum, sem þeir höfðu meðferðis úr höfuðstaðnum og þótti hæfa við veiðar hjá betri borgurum. En þegar þar kemur í samtali þeirra að þeir átta sig á því að þeir sitja þarna með yfirvaldinu og orðnir hreifir af veigunum og þurfa senn að leggja af stað suður á bílnum sínum, verða þeir áhyggjufullir og spyrja hvort þeir í raun séu lentir í gini ljónsins, báðir vel hálfir og hjá hreppstjóranum sjálfum. Bjarni segir þá við þá hughreystandi, að þannig sé þetta í Eyrarsveit að tveir hálfir geri einn heilan og því geti annar þeirra ekið. Báðu gestirnir hreppstjóranum í Eyrarsveit að lifa manna heilastan og óku á brott glaðir í bragði.

Páll Ásgeirsson sagði mér að hann myndi eftir Bjarna fyrst þegar hann var smástrákur og átti enn heima á Kampinum. Páll segist hafa verið gangandi á heimleið utan úr Nesi að loknum skóladegi og vont veður í aðsigi. Bjarni gekk fram á hann og segir við hann: „Nú væri gott að eiga sjómílnaskó.“ „Hvernig skór eru það,“ spyr Páll. „Það eru skór sem maður fer sjö mílur í hverju skrefi.“ Slíka skó hefði Páll gjarnan viljað eiga. Mörgum árum síðar var Bjarni með Páli í bíl hins síðarnefnda í ferð inn í Stykkishólm þar sem Bjarni þurfti að sinna ýmsum erindum eins og endranær. Þegar þeir koma til baka inn í Hraunfjarðarbotn urðu þeir að bíða eftir útfalli drykklanga stund. Þegar Páli fer að leiðast biðin seilist hann í aftursætið og grípur þar brennivínsflösku og

Á sjötugsafmæli Ástrósar.



segir við Bjarna hvort ekki sé rétt að stytta biðina með því að dreypa á því sem í flöskunni væri, en tekur sig síðan á og segir: „Það er kannski alveg bannað.“ Þá segir hreppstjórinn: „Ekki segi ég það nú svona í neyðartilfellum.“ Páli létti þegar hann fann að siðferðinu var ekki misboðið.

Bjarni á Berserkseyri var ekki framhleyppinn maður og ekki fyrir það að trana sér fram, heldur þvert á móti var hann einkar hlédrægur, sem þó kom ekki í veg fyrir það, að hann tæki til máls á mannþingum, enda var hann snjall tækifærisræðumaður og er mönnum minnisstæðar ýmsar ræður, sem hann hélt í gegnum tíðina.

Séra Magnús Guðmundsson sóknarprestur skrifar eftirfarandi í minningargrein um Bjarna:

Mjög er mér minnisstætt þegar hann flutti ávarp á sjötíu ára afmæli Setbergskirkju 1962. Sóknarpresturinn og prófasturinn höfðu lagt sitt af mörkum, en mest var þó



Fjölskyldan á Berserkseyri á afmælisdaginn. Frá vinstri: Dagbjört, Guðrún, Hreinn, Ástrós og Bjarni.

um vert um framlag Bjarna sem orðið hafði til á stundinni og svo meitlað og afmarkað var orðalagið að ekki þurfti hann að hnika til einu orði. En þegar svo talað var um að hann skrifaði þetta ávarp og léti það birtast í Kirkjuritinu þá var ekki við það komandi. Sjálfur gerði hann lítið úr sínum hlut og vildi jafnan láta sem minnst á sér bera. Á héraðsfundum prófastsdæmisins sat Bjarni svo áratugum skipti sem safnaðarfulltrúi Setbergssóknar. Ég var hreykinn af því að geta teflt fram svo góðum fulltrúa míns prestakalls, enda var málflutningur hans allrar athygli verður. Hann var trúur sonur kirkju sinnar og fyrirvarð sig ekki fyrir að játa trúna á frelsara sinn og viðurkenna mátt bænarinnar í eigin lífi.

Margir hafa einmitt talað við mig um þessa ræðu Bjarna og ennfremur aðra afar snjalla ræðu sem hann flutti þegar fagnað var nýrri brú yfir Mjósund 1960, en sú framkvæmd skipti sköpum í samgöngumálum Grundfirðinga. Bjarni tengdi á skemmtilegan hátt þessa vegagerð við þau stórvirki, sem þeir bersekirnir sænsku, Halli og Leiknir, ruddu í öndverðu um hraunið. Hraunsfjörðurinn

er fyrsti fjörðurinn sem er brúaður á Íslandi og nú hefur hann verið brúaður í annað sinn. Bjarni hafði sérstaka ástæðu til þess að fagna þessum áfanga því hann skrifaði forráðamönnum vegamála fyrir hönd hreppsnefndar 20. janúar 1937 og varaði við því að vegur verði lagður fyrir Hraunsfjörð, því það verði bæði dýrt og ætíð verði að sæta sjávarföllum og vegurinn muni lokast í fyrstu snjóum. Í þessu bréfi eru þakkaðar fjárveitingar á liðnum árum og jafnframt sótt um nýja fjárveitingu, 2.000 kr., fyrir næsta sumar. Bjarni óskar eftir því að rannsakað verði af þar til bærum mönnum hvort ekki sé hagkvæmara að byggja brú yfir Mjósund og leggja varanlegri veg þannig að Eyrarsveit tengist Þjóðvegakerfinu, en hann segir það eina sveitarfélagið á Snæfellsnesi, sem ekki sé í slíku vegasambandi. Bjarni bendir jafnframt á í þessu skilmerkilega bréfi að það sé þess virði að bíða í eitt til tvö ár ef það dugi til þess að unnt verði að taka ákvörðun um veginn við Mjósund. Það er svo 23 árum síðar að yfirvöld vegamála á Íslandi átta sig á því að Bjarni hafði rétt fyrir sér og þáðu hans ráð.

Fjölskyldufaðirinn

„Á engum stað ég uni mér eins og þessum hér,“ hefði Bjarni getað sagt um heimili sitt á Berserkseyri. Hann var glaðsinna og hafði einkar gaman af að tala við börn og hafði einstakt lag á þeim, þurfti ekki annað en að líta á þau til þess að fá það fram sem hann vildi. Barnabörnin voru líka einkar hænd að honum og eltu hann um allt til þess að geta verið sem næst honum. Bjarni talaði við börnin eins og fólk sem mark væri takandi á og bréfin sem hann skrifaði þeim bera best vitni um þetta. Ástrós, þessi einstaka kona, átti ekki síst þátt í því að skapa þessa miklu hlýju sem einkenndi heimili þeirra og það aðdráttarafl sem það hafði á háa og lága. Dagbjört, dóttir þeirra, segir svo frá, að þau hjón hafi einlægt gefið sér góðan tíma til að tala saman um alla hluti sem vörðuðu velferð fjölskyldunnar og verið vakin og sofin yfir því að henni vegnaði sem best. Bjarni og Ástrós fósturuðu tvö börn, sem fæddust inn í þennan heim við erfiðar aðstæður og urðu þeim hinir bestu foreldrar. Þau voru Guðrún Geirmundsdóttir, f. 13. sept. 1935 í Geirakoti í Fróðárhreppi, sem kom til þeirra þegar hún var ungbarn. Mikið ástríki tókst með þeim Ástrósu og Guðrúnu og Dagbjört hefur sagt mér að um sína daga hafi hún engum tveimur manneskj-



Bjarni, nýbúinn að taka bílpróf 1948.

um kynnst jafngóðum og þeim og má segja að ekki verði fósturlaunin betur goldin en með þessum hætti.

Emil Jónasson, f. 21. febrúar 1935 í Reykjavík, var tekinn í fóstur þegar hann var sjö ára en hafði sumarið áður verið komið fyrir til skamms tíma á Bersekseyri og líkaði vistin svo vel að hann vildi hvergi annars staðar vera. Emil var um tíma hjá nunnunum í Stykkishólmi en undi sér ekki þar og strauk til þeirra á Bersekseyri. Hann var síðan sóttur um haustið og farið með hann heim til sín til Reykjavíkur. Um vorið þegar Emil er aðeins sjö ára fær hann 12 ára vin sinn með sér niður á höfn í Reykjavík og fær hann til þess að hjálpa sér að fela sig í kassa og breiða yfir hann segl um borð í m/b Rífsnesi, sem

var að fara með vörur vestur á Snæfellsnes. Þarna húkir drengurinn aðeins sjö ára og lætur ekki á sér kræla fyrr en báturinn er kominn undir Jökul, þá orðinn sjóveikur og kaldur. Það er ekki lítið spunið í lítinn dreng, sem dettur slíkt í hug og framkvæmir það. Sjómenn eru gjarnan barngóðir og hafa án efa tekið honum vel og hlúð að honum, því hann skilaði sér í land í Grundarfirði og fór þaðan inn á Grund. Svo heppilega vildi til að Bjarni var í póstferð og er ekki að orðlengja það að hann tók drenginn síðan með sér áfram inn að Bersekseyri, þar sem hann vildi bara vera og var í fóstri þar æ síðan þar til hann varð fulltíða maður.

Halldór Guðnason frá Bersekseyri sagði mér eftirfarandi sögur, sem áttu sér stað fyrir hans minni.

Ungur vetrarmaður á Kolgröfum kom eitt sinn sem oftast að Bersekseyri. Þetta var á miðvikudegi í febrúarmánuði. Þegar hann kemur inn í hús eru þar á borðum pönnukökur og rjómi. Honum finnst nokkuð í lagt í miðri viku og hefur orð á því. Þá segir Bjarni: „Þús páfi 12. á afmæli í dag og á ég virkilega að trúá því að hún Jóhanna hafi ekki verið farin að baka fyrir afmæli páfans?“ Vetrarmaðurinn segir að þetta hafi alveg farið fram hjá fólkinu á Kolgröfum og

Upplýsing

Landsnefnd fasteignamátsins, hefir sent hingat apríl af bráta, birtumati nefndarinnar á gjöldum húsum og lötum í Reykjavíki.

Skrá yfir matit liggur frammi hjá herra Ingólfi Arnarsoni Grafarnesi, til 1 nóv. n. t. á athugunar fyrir fasteignaeigendur í sveitinni.

Notkrar breytingar hafa þegar verið gertar á matinu, og er metið við mögu þeirra fasteigna á staðnum. Upplýsingar um þær breytingar gefur undirritaður.

Öllum fasteignaeigendum í sveitinni gefið hjá mér tölu á, að leggja fram óskir um breytingar á matinu, og athugasemdir við það.

Skulu slíkar óskir vera skriflegar og hafa borið undirritadum fyrir 3 nóv. n. t.

Þeir sem óska af lá löghétti á nafnlaus íslúttaskúls sínu, hafa mi sjrskakti tákifari til þess.

Grafarnesi 10 októ 1955.

Ingólfur Arnarson



er nokkuð undrandi. Þegar hann hefur gætt sér á pönnukökunum, sem hann átti páfanum að þakka blessuðum, fór hann heim að Kolgröfum og sagði fólkinu þar tíðindin. Þá spyr Magnús bóndi eftir hverjum þessar fréttir séu hafðar. Vetrarmaðurinn sagði sem var að þetta hefði sagt sér Bjarni á Berserkseyri. Þá sagði Magnús sem fleygt er: „Þú skalt trúa varlega þeim Basseseyrarmönnum.“ Næst þegar þeir hittast Bjarni og vetrarmaðurinn er hann daufur í dálkinn svo Bjarni spyr hverju sætti. Vetrarmaðurinn segir þá að hann haldi að hann hafi sagt sér ósatt þetta um páfann og pönnukökurnar. Bjarni tók niður almanak af veggnum, en hélt fyrir mánaðarheitið og sýndi honum á svörtu og hvítu að páfinn hefði átt afmæli á miðvikudegi og var það ekki rætt frekar.

Einhverju sinni voru þeir mágar Bjarni og Guðni að smala Austurmúlann og með þeim strákur frá Garðsenda, sem Stefán hét. Strákurinn var svo lofthræddur að til vandræða horfði og lagðist bara niður og gat sig naumast hreyft. Þá segir Bjarni við Guðna: „Nei, sérðu hvað ég finn, þetta er loftsteinn, sem er þeirrar náttúru að þegar maður lætur hann undir tunguna hverfur öll lofthræðsla eins og dökk fyrir sólu.“ Er ekki að orðlengja það, nema strákurinn fer eftir þessum ráðum og allt fer eins og til var stofnað, lofthráðslan hvarf og stráksi hljóp um öll fjöll og skilaði góðu dagsverki. Seinna þegar Stefán ætlaði að fara að smala var hann búinn að tapa loftsteininum og þá brá svo við að hann treysti sér ekki á fjöllin.

Bjarna þótti skemmtilegt að taka í spil og á veturna var sú hefð komin á að spilafélagar hans, sem voru þeir Halldór Finnsson, Kristján bóndi Jónsson á Eiði og Ingvar bóndi og granni hans á Kolgröfum, sóttu hann heim og spiluðu bridge fram eftir kvöldi og stundum lengur. Þá var alltaf glatt á hjalla og mikið hlegið því menn spöruðu ekki gamanmálin og allra síst húsbóndinn. Öllum í fjölskyldunni þótti þetta skemmtilegar stundir og áður en menn vissu af var Ástrós búin að leggja á borð og bera fram kaffi og kökur af öllum gerðum, en Bjarni hefur sennilega náð í koníaksflöskuna og bragðbætt kaffið, sem menn hafa kunnað vel að meta, en Bjarni bjó alltaf vel og átti koníak á vísnum stað, ef ástæða þótti til að hýrga menn með því að hella út í kaffið. En aldrei var boðið upp á lakari drykki, heldur haldið sig við koníak, sem Bjarna þótti við hæfi að skenkja heiðursmönnum þegar þá bar að garði.

Einhverju sinni fór Gísli Karel með Halldóri, föður sínum, í heimsókn á Berserkseyri til að spila. Þegar er orðið framorðið hefur Halldór orð á því við

Bjarna, að sé skömm af því að halda vöku fyrir fólki. Bjarni bað hann í öllum bænum að hafa ekki áhyggjur af þessu, „því þegar maður er kominn á þennan aldur fer maður í rúmið bara til að sofa.“

Sjálfur kynntist ég Bjarna á Berserkseyri ágætlega á þeim árum sem ég var sveitarstjóri í Grundarfirði og átti með honum margar góðar stundir og tengdist það mest því, að ég þurfti að leita ráða hjá honum og fá aðstoð hans m.a við að koma reikningum sveitarfélagsins á svokallað hagstofuform, sem enginn kunni betur en Bjarni. Ævinlega fylgdu góðar veitingar frá Ástrósu og nokkrar skemmtisögur og spjall um dag og veg. En líklega kynntist ég honum best þegar hann kom við á skrifstofunni í Verslunarfélaginu Grund hjá föður mínum, Emil Magnússyni. Þeir voru miklir vinir, áttu góð viðskipti og höfðu gaman af að láta ýmislegt flakka, sem ekki verður sett á þrykk að sinni og látið nægja að leggja það á minnið, sem þar tollir og segja frá þegar færi gefst í góðra vina hópi, sem kann að meta góðar sögur.

Það er við hæfi að enda þessa samantekt með því að bera niður í afmælisgrein um Bjarna hreppstjóra Sigurðsson sjötugan eftir vin hans Emil Magnússon, sem birtist í Morgunblaðinu 18. janúar 1966:

Ekki er óalgengt að síminn hringi snemma morguns og góðkunn rödd hreppstjórans heyrir:

„Nú er það ljótt maður, ég er alveg vita tóbakslaus, góði komdu fyrir mig á bílinn einu neftóbaksglasi og svo var kvenfólkið eitthvað að tala um einhvern fjárans óparfa, hveiti, sykur og rúsínur, en það liggur ekkert á því, ég get tekið það eftir helgina, en ég treysti á þig með tóbakið“. Eða þá að samtalið byrjar svona: „Það er ekki einleikið með hanaskömmina hérna, það er ekki nokkur kjarkur í honum, jafnvel yngstu hæurnar eru eymdin uppmáluð, hefurðu ekki tök á að koma byggpoka á bílinn á morgun?“

Svo sem að líkum lætur með jafn greindan mann sem Bjarni er, þá er hann heill sjór af fróðleik um menn og málefni þess héraðs, sem hann hefur alið aldur sinn í. Hann er líka gæddur miklum hæfileikum til frásagnar, og hvort sem hann talar eða skrifar, vandar hann málfar sitt og er unun á að hlýða.

Og í greinarlok stendur þetta:

Enda þótt Bjarni sé nú að fylla hinn sjöunda tug, fer því fjarri, að nokkur ellimörk séu á honum og rökstudda ástæðu höfum við sveitungar hans til að ætla að enn um

mörg ár megum við njóta hæfileika hans. En þegar að því kemur, að Bjarni leggur upp í hina lengstu ferðina, sem okkur er öllum ætluð, þá mun Pétur standa fyrir utan hið Gullna hlið og spyrja hvort þar fari hreppstjóri þeirra í Eyrarsveit. „Svo mun vera,“ segir Bjarni. „Gakk þú þá inn,“ segir Pétur, „því Drottinn sjálfur hefur svo fyrir lagt, að þú megir sjálfur ráða sæti þínu hér, þar sem þú munt jafn hæfur að vera í öndvegi þar sem spekimál eru rædd eða utar í bekkjum, þar sem gamanmál eru höfð uppi“. Þá mun hreppstjóri vor spyrja: „Hvárt er það ekki svo hér uppi, sem niðri í Eyrarsveit, að hér skipi Sjálfstæðismenn meirihluta, en miður mundi mér líka eilífðarvistin, ef ég lenti þar á bekk, þar sem annarsveggar sæti andfúll goodtemplari en framsóknarmaður hinsveggar“. Þá mun Pétur segja, að hér uppi séu menn ekki dregnir í slíka dilka, sem á jörðu niðri, en margt sé hér ágætismanna. Þá mun hreppstjórinn snýta sér hressilega, taka upp pontu sína og bjóða Pétri í nefið með svohljóðandi orðum: „Það vissi ég Pétur minn, að þú ert mikill heiðursmaður og kannt vel að koma fyrir þig orði og skilst vel hvað við er átt og mun ég glaður ganga á fund Herra míns.“

Bjarni náði háum aldri og dvaldist síðustu árin á sjúkrahúsinu í Stykkishólmi og naut þar góðs atlætis hjá systrunum kaþólsku og lést á ní tugasta og fyrsta ári 22. apríl 1986. Ástrós lést átta árum áður og var það að vonum mikið áfall fyrir Bjarna, jafnsamrýnd og þau voru.

Með Bjarna á Bersekseyri er genginn einstakur heiðursmaður, sem verður lengi minnst fyrir það hversu einstakur hann var, skemmtilegur, skarpgáfaður og sveitungum sínum stoð og stytta í áratugi.

Eftirmáli

Að svo miklu leyti sem ég hef ekki vísað í heimildir, hef ég hitt að máli marga sveitunga Bjarna og þeir hafa sagt mér eitt og annað um hann, sem ég ekki vissi og eða staðfest það sem ég þóttist vita. Mestan fróðleik og gögn hef ég fengið, eins og að líkum lætur, frá börnum Bjarna, þeim Dagbjörtu og Hreini, og þakka ég þeim góða hjálp og liðveislu alla og sannast best á þeim að sjaldan fellur eplið langt frá eikinni.

Ásgeir Guðmundsson

Pétur Konráðsson

Viðtal tekið í júlí 1985

Ég er fæddur á Hallbjarnareyri 3. apríl 1909, og foreldrar mínir voru Elísabet Hjaltalín Stefánsdóttir og Konráð Jónsson. Faðir minn var ættaður úr Kolbeinsstaðahreppi. Þau fluttust að Hallbjarnareyri árið 1908 og bjuggu þar til 1915, en þá fluttust þau að Ytri-Tröð í sama plássi, Eyrarplássinu, sem kallað er, hér í sveit. Þar dó faðir minn fjórum árum seinna, 11. apríl 1919. Við vorum sjö systkinin. Það var ein hálsystir, og ég er einn eftir af fjórum bræðrum, en systurnar þrjár eru allar lifandi. Ég hef dvalist hér í sveit eða að minnsta kosti verið heimilisfastur hér í sveit alla tíð. Ég hef farið umhverfis landið margar ferðir á sjó, en á landi hef ég farið stutt. Ég hef kynnst óteljandi mörgum sjómönnum í gegnum árin, því að ég var óslitið á sjó frá 1924 til 1967 nema einn vetur, en þá reri ég heiman að um haustið og vorið.

Faðir minn hafði lítið bú á Hallbjarnareyri. Árið 1909 fluttist þangað fólk-ið hans, faðir hans og móðir og sonurinn, sem var eftir heima, Elías Bjarni. Hann tók við Hallbjarnareyri eftir föður minn ásamt bróður þeirra, Jóhannesi Guðjóni Jónssyni, og þeir bjuggu þar til dánardags. Mig minnir, að Jóhannes dæi árið 1952, en Elías hefur að líkindum dáið árið 1966, ef ég man rétt. Það getur nú verið, að það skakki þarna einhverju hjá mér, ég man það ekki svo. En afkomandi Elíasar býr enn á Hallbjarnareyri, María Elíasdóttir, og maður hennar, Guðmundur Guðmundsson frá Nýjubúð, frændfólk mitt.

Húsakynnin á Hallbjarnareyri voru þannig, að þar var stór baðstofa, og úr henni var gengið til austurs og þar tók við gríðarlega stórt eldhús. Þar var stór



Pétur Konráðsson.

eldavél, einhver sú stærsta, sem ég hef séð í íbúð. Hún var með fjórum hringhólfum og stórum vatnskatli á bakhliðinni. Ég man eftir því, að þegar eldavélin var borin á milli bæja seinna þurfti sex menn til að bera þetta ferlki. En þetta var ákaflega gott verkfæri. Það var bakað í eldavélinni og allt þess háttar. Svo var gengið út úr þessu eldhúsi til norðurs, og þá var á hægri hönd stórt búr, en á vinstri hönd til vesturs var stór stofa. Þetta voru húsakynnin á Hallbjarnareyri, þegar ég var krakki. Þau voru þiljuð í hólf og gólf. Það var panell í baðstofunni, en ég man ekki að fara með, hvernig það var í eldhúsinu. Búrið var uppsett á einum vegg

með breiðum hillum og stórum glugga til norðurs. En stofan var, ég kann varla að lýsa því, hún var sett upp með fjögurra tomma rimlum, sem komu í tiglia, og þessir tigliar voru rauðir og inn í þá komu plötur, sem voru málaðar rauðar. Ég man sérstaklega eftir því, að þegar þessi stofa var tekin í gegn til þess að hressa hana við, var fenginn til þess maður utan af Sandi. Hann hét Árni, og mig minnir, að ég hafi heyrt talað um, að hann væri frekar gullsmiður en trésmiður. En það er sama. Hann gerði við stofuna. Ég man það. Ég held, þó að ég þori varla að nefna það, að baðstofuveggirnir hafi verið fjórar til fimm tommur á þykkt, og þeir voru stoppaðir með þurru mosa. Það var torfveggur fyrir öllum göflunum að sunnanverðu, sem sneru að austri og landsuðri. Mér var sagt, að undirstöðurnar hefðu verið fimm álnir á þykkt en mjókkað eða réttara sagt þynnst eftir því sem ofar kom. Þær komu svo með torflagi yfir brúnina á þekjunni

Þarna í stofunni á Hallbjarnareyri fór fram farkennsla um skeið. Ég man sérstaklega eftir þremur kennurum. Ég var nú lítill þá, en ég man samt, hvað þessir þrír kennarar hétu, þó að ég væri ungur. Það var Kristján Bjartmarsson, sem átti heima í Stykkishólmi um langa hríð, og ég held, að hann hafi dáðið þar hann Kristján. Seinna var maður, sem hét Ólafur. Ég kann engin deili á

*Pétur Konráðsson
og Jódís Kristín
Björnsdóttir.*



honum. Hann var aðkomumaður, en þó er eins og mig rámi í, að hann hafi verið Jónsson. Síðasta veturinn, sem ég man eftir, að það var kennt þarna, var kona frá Vestmannaeyjum, sem hét Einarína. Ég veit ekki önnur deili á henni, en ég man, að hún gaf mér stórgjöf, þegar hún kvaddi mig. Það var ein króna.

Svo voru útihús þarna á Hallbjarnareyri. Það var fjósið með sjö gripi, sem ég man sérstaklega eftir. Það voru fjórar kýr frá tveimur heimilum, sameiginlegt fjós, og svo var þarna alltaf eitt naut og svo kálfar. Við þetta fjós var byggð hlaða. Þeir gerðu það í samfélagi bræðurnir, faðir minn og Elías, bróðir hans. Ég skal ekki segja, að hlaðan hafi verið það stór, að hún hafi fóðrað þetta fjós. En við fjárhús sunnar og austar á túninu voru bara heytóftir eins og í gamla daga.

Mataræði á Hallbjarnareyri var náttúrulega eins og gerðist í þá daga. Slátur var til fram á sumar. Ég man ekki eftir sviðum fyrr en um haustið. Þá komu fullar tunnur af sviðum og lundabaggar og þess háttar. En fæðið var alveg prýðilegt, og ef það vantaði til dæmis fisk úr sjó, bætti mjólkinn það upp. Ég man lítið eftir hveiti á þessum tíma. Ég man eftir rúgi, og rúgbrauð voru bökuð mikið heima, bæði í eldavélinni stóru og eins á hlóðum úti, pottbrauð sem kölluð voru. Þetta var ljómandi matur. Það var róið þarna á þremur bátum úr plássinu. Það voru þarna formenn á þremur bátum, og það var oft mikið fiskað, eftir því sem gengur og gerist, sérstaklega ef það var góð tíð. Það var talsvert um það, að það væri hugsað um, að allir fengu í soðið, ef róið var. Ég man eftir



*Heyskaparfólk
í Látravík, þar
sem gestir hjálpuðu
gjarnan til
við heyskapinn.*

Því, að þegar móðir mín missti mann sinn og var með okkur sex krakkana fyrsta veturinn og fram á sumar, að þá hugsuðu formennirnir tveir, sem voru þarna, um heimilið hjá okkur. Þeir sáu til þess, að okkur vantaði aldrei fisk, bæði heilagfiski og annað, sem þeir sendu eða létu bíða eftir að við næðum í það. Fiskurinn, sem var veiddur þarna, var saltaður og seldur í Stykkishólmi. Tang & Riis í Stykkishólmi og Sæmundur Halldórsson keyptu fiskinn af þessum mönnum. Þeir sóttu sjálfir saltið á árabátunum inn í Stykkishólmi. Eins og ég sagði áðan, var róið frá þremur bæjum í Eyrarplássi. Það var byrjað að róa vanalega í endaða góna eða í endaðan mars og alveg fram í 12. viku sumars. Karlmenn höfðu móverk yfirleitt í hjáverkum, en kvenfólk og krakkar kláruðu yfirleitt mótekjuna, þó að karlarnir hjálpuðu við að rétta móköggla uppi úr mógryfjunum.

Á þessum tíma var engin verslun í Grundarfirði, og ég man ekki eftir verslun hérna uppi í firði fyrr en ég var orðinn sjö ára. Þá man ég eftir því, að þeir fóru fjórir saman á bát að hausti til og sóttu hingað upp eftir steinolúfat, sem þeir keyptu saman til ljósmetis. Þá var farið að minnka, að grúttartírur eða lýsistírur væru brúkaðar nema þá helst í fjósinu. Það hafði verið nokkuð um það, þegar ég mundi fyrst eftir mér, að grútar- og lýsistírur væru notaðar og líka smáolúttírur, sem voru búnar til heima. Ég man eftir heimatilbúnum kertum,



Gamla húsið í Látravík, Olga Konráðsdóttir, systir Péturs, og dæturnar Bárá, Elsa og Ólöf. Myndin var tekin 1944.

sem voru steypit í lampaglösuum. Við krakkarnir fengum kerti á jólnunum. Ég man eftir litlum kertapökkum, sem komið var með. Í þeim voru lítil, snúin og líka slétt og alla vegana kerti. Ég man líka eftir litlum spilum, sem krakkar fengu. Ég fékk spil haustið 1918, en það voru stór spil, voða falleg, gyllt að utan, en það vantaði í þau allar tíurnar vegna þess að þetta voru lomberspil en ekki venjuleg spil. Við börnin lékum okkur yfirleitt með hornum og skeljum og öðru, sem til féll. Eins og gengur í sveit, var nóg af skotum, þar sem við gátum verið út af fyrir okkur og byggt smákofa. Það gerðu stærri krakkarnir, og ég gerði það einnig, eftir að ég fór að ráða við það. Á veturnum renndum við okkur á sleðum. Föðurbróðir minn átti skíði. Hann bjó til sleða og lét skíðin undir hann. Við renndum okkur á þessum sleða og vorum oft sex saman á honum.

Við fluttumst að Ytri-Tröð árið 1915. Bærinn þar er hlýjasta vistarvera, sem ég veit að hefur verið til í plássinu árið 1918, frostaveturinn mikla, því að veggirnir að utan voru ekki nema hnéháir. Hitt var allt saman grafið í hólinn. Við krakkarnir gátum gengið upp á þekjuna. Á henni var ekkert járn, heldur var

þar skarsúð með tjörupappa. Þetta var reglulega huggulegur bær. Hann var stór. Þarna var stór baðstofa, sem var sex sinnum nú álnir, ef ég man rétt. Allt var þiljað í hólf og gólf, og ég man sérstaklega eftir því, hvað það þurfti oft að þvo gólfíð í baðstofunni til þess að það væri hvítt. Þarna var líka stóra eldavélin, sem ég minntist á áðan. Svo var þarna í Ytri-Tröð líka forstofa, sem svo er kölluð núna. Það voru göng, sem voru jafnlöng baðstofunni. Þau sneru til vesturs, og það var gengið í gegnum þau og út í útielldhús, gríðarlega stórt útielldhús. Úr þessu eldhúsi var gengið í fjósið. Það voru 14 tröppur niður í bæjardyrnar hjá okkur, og ég man eftir því árið 1920, þegar allt fennti í kaf, að þá var búin til renna utan frá til þess að láta vatnið renna inn í fjóstunnuna, því að það mátti heita, að dyrnar væru meira en hálfar í kafi.

Þegar faðir minn dó árið 1919, þá gerðist það, sem við höfum heyrt og lesið um. Þá var ekkert annað að gera en að skipta heimilinu upp. Móðir mín hafði systur mína, sem var fædd 1913, með sér, en ég taldi hvergi annars staðar en heima, nema þegar ég vissi fyrir fram, hvað ég átti að vera lengi, þar sem ég var lánaður. Ég var lánaður í hjásetu árið 1917 og sat þá hjá með tveimur sómapiltum úr Stykkishólmi, sem voru eldri en ég, Andrésí Jónssyni og Jóni Jónssyni. Þeir eru nú báðir dánir. Árið eftir sat ég einn hjá 76 ám frá fjórum heimilum, og það er best að segja skömmina, eins og hún er. Ég týndi einni ánni, og það var ljóti sólarhringurinn.

Áður en ég fór í hjásetuna árið 1918, var ég lánaður í níu vikur um vorið í Naustál til þess að vera húsmóðurinni til skemmtunar. Sæmundur heitinn, húsbóndinn, var byrjaður róðra frá Bár í Bárarplássi. Þau voru nýbyrjuð að búa og voru barnlaus þá. Ég veit ekki, hvað ég á að segja um bæinn í Naustál. Hann hefur sennilega verið fjórar álnir á lengd og þrjár á breidd. Þar var voðalega lítið rúm, sem ég svaf í, svona krakkarúm, öðrum megin og hjónarúm hinum megin og lítið borð, og þá var nú plássið búið við gluggann. Einn gluggi var á bænum og sneri út að sjónum, og gengið var til norðurs. Bærinn í Naustál var ekki þiljaður. Það var engin fjöl í honum nema útidyrhurðin og búnaður í kringum hana og rúmið hjónanna og rúmið, sem ég var í. Það var fest á stoðir, sem stóðu undir sperrunum og svo glugginn. Annað var ekki. Svo var bærinn klæddur að innan með pakkstriga, sem kallaður er og hafður utan um fisk nú til dags.

En ég á enn þá minningu frá því að ég var í Naustál, sem mig langar til að skoða. Það var ekkert vatnsból í Naustál. Þar voru tómar mýrar og rauðamýri,



Gamla Svalan á siglingu fyrir framan bæinn í Látravík á leið í móflutninga.

en þegar sjór var hálfútfallinn kom klettur upp úr sjónum. Ég man ekki betur en að þetta væri blágrýtisklettur, sem var algerlega brimbarinn að utan og sléttur og sprungulaus, en upp úr miðjunni á honum var svolítill buna eins og fingursver. Þegar fallið hafði út svona í kortér og bunan runnið upp úr klettinum, var allt saltbragð horfið úr henni og komið þetta fína neysluvatn. Núna, þegar ég er orðinn fullorðinn, langar til þess að sjá þetta aftur. Ég spurði í vor mann um þetta, sem átti heima á næsta bæ, Þórdísarstöðum, og hann sagði, að þetta myndi vera þarna eins og það var. Hann mundi eftir þessum kletti.

Skólaganga mín hófst vorið 1920 eftir að snjóá leysti. Hann var nýbúinn að leysa snjóana þrjár vikur af göu. Þá lagðist hann aftur í kulda og næðing í apríl. Þá gengum við upp að Hjarðarbóli úr plássinu krakkarnir í þrjár vikur. Það var fyrsta skólaganga mín. Eftir það gekk ég í skóla í þrjá vetur, 1921, 1922 og 1923, tvo mánuði í senn. Það er á fjórða vetur með þessum þremur vikum, þegar ég gekk í skóla á Hjarðarbóli. Það má því segja, að ég hafi gengið í skóla

samtals í nú mánuði, vegna þess að við fengum alltaf hálfan mánuð til upplestrar á milli, þegar kennarinn kenndi annars staðar í sveitinni. Þetta var öll skólaganga mín. Henni lauk sama árið og ég fermdist, 1923. Kennari minn var Petrína Halldórsdóttir frá Seljum í Helgafellssveit. Hún kenndi á þremur stöðum í sveitinni, á Hjarðarbóli í Framsveit, á Grund í Miðsveit og á Kvíabryggju í Útsveit. Þegar ég fermdist árið 1923 og fór í vist það sumar að Krossnesi, var komið lítið skólahús á Kvíabryggju, sem kennt var í allengi. Ég veit ekki hve lengi, en það mun hafa verið nokkur ár. Ég man eftir, að tengdafaðir minn talaði um mann að sunnan, sem var kennari á Kvíabryggju. Hann hét Einar og var um langt skeið kennari í Grindavík, ef ég man rétt. Ég hef þetta eftir tengdafaður mínum, en ég hitti þennan mann aldrei.

Árið 1924 var ég sendur vestur í Flatey til þess að fara á skútu til að vinna fyrir mat mínum, en ég hafði þar áður verið í sveit upp á kaup. Þó að ég færi að heiman sex ára og heim aftur alltaf á hverju ári, fékk ég aldrei kaup fyrr en ég var 12 eða 13 ára. Árið sem ég fermdist 14 ára, það var 1923, átti ég að hafa 100 krónur í kaup frá því að ég gekk til altaris og þangað til á veturnóttum, en ég fékk það aldrei allt saman. Skútan, sem ég var á, hét Kristján, og skráningarnúmerið var BA 8 að mig minnir, en það er ekki fullyrðing. Hún var 64 rúmllestir að stærð, og við vorum 22 á henni fram til 10. ágúst. Hinn 12. ágúst fórum við í síðasta túrinn og komum inn 15. september, en þá vorum við 12 í þeim túr. Skipstjóri á Kristjáni BA 8 var Ögmundur Ólafsson, mikið þrúðmenni, og stýrimaðurinn hét Júlíus og var frá Dýrafirði.

Við fórum fyrst undir Jökul um vorið í apríl. Við héldum frá Flatey 9. apríl og fórum suður fyrir Jökul, og þar kvaldist ég mest í sjómennskutíð minni af sjóveiki, því að ég var veikur í núu daga í norðanroki, byl og frosti. Ég var ekki oftast sjóveikur þá um sumarið, því að ég sjóaðist þarna. Ég man ekki hvernig fiskaðist, en það var reytingsfiskirí. Þarna var fullt af skipum komið til veiða, þó að þetta væri snemma vors. Þetta sumar voru gerð út fjögur þilskip frá Flatey. Eigandi Kristjáns BA 8 var Guðmundur Bergsteinsson í Flatey. Ég held, að ég fari rétt með, að hann hafi verið Bergsteinsson en ekki Bergsveinsson. Mig minnir, að hann Einar frá Laugum nefndi hann síðastliðið haust, þegar við töluðum um þetta, að hann segði Guðmundur Bergsveinsson. Ég held, að hitt sé réttara, en ég slæ engu alveg föstu um það. En hvað sem því líður, þessar skútur voru gerðar út frá Flatey þetta sumar, og það var mikill mannskapur

í kringum þetta. Það var talsverð vinna í landi í sambandi við þessa útgerð, því að fiskurinn var þveginn og sólþurrkaður. Við fengum kaupið okkar um haustið. Ég var upp á hálfdrætti og fékk 480 krónur í minn hlut.

Þegar ég kom heim um haustið, var móðir mín flutt að Mýrarhúsum, sem eru hér í vestari parti sveitarinnar við Lárós. Hún hafði gerst ráðskona þar, og ég var þar einnig til heimilis. Þetta sama haust, 1924, byrjaði ég að róa úr Lárósnum með Hermanni Hermannssyni frá Lárkoti hér í Eyrarsveit og reri einnig með honum haustið 1925. Á vetrarvertíðinni 1925 var ég háseti á Blikanum frá Sandi. Það er árabátur, sem er núna á byggðasafninu þar. Formaður á honum var Jón Sigmundsson ættaður frá Akurey í Helgafellssveit. Sumarið 1925 réðst ég á skútuna Biddó frá Patreksfirði. Skipstjórinn á henni var Jósef Guðjónsson og stýrimaður Pétur Guðmundsson. Þeir voru ákaflega skemmtilegir og góðir yfirmenn. Veturinn 1926 var ég í Grindavík hjá manni, sem hét Guðmundur Jónsson, og kona hans hét Guðrún Egilsdóttir. Þetta voru barnlaus hjón og áttu heima í Hópsnesi í Grindavík, sem er núna til norðurs beint þvert yfir höfnina eftir endilöngu vatninu, sem var þá. Ég var einnig á skútu frá Súgandafirði og tvö sumur á skútu frá Þingeyri. Hún hét Gestur og var 28 rúmlestir að stærð. Skipstjóri á henni var Finnur Sveinbjörnsson, sem var búsettur hér í Eyrarsveit alla tíð. Veturinn 1928 var ég á Heganum frá Gröf í Grundarfirði. Skipstjóri á honum var Cecil Sigurbjörnsson, faðir þeirra Cecilsbræðra, sem eru hér stórútgærðarmenn og fiskverkendur, Soffanías og þeir bræður. Veturinn 1929 fór ég á línubátinn Óskar frá Vestmannaeyjum, 160 rúmlesta skip. Það var nú aldeilis skip, og ég var á honum um veturinn og fór um vorið á togarann Venus frá Hafnarfirði.

Um þetta leyti var það orðið algengt, að ungir menn úr Eyrarsveit færu á vertíð syðra. Strákar á mínum aldri byrjuðu á þessu veturinn 1928, en þar áður meðan skútuöldin var í Reykjavík fóru menn héðan úr sveitinni marga vetur suður á land. Sem dæmi um menn héðan úr sveit, sem fóru á vetrarvertíð syðra, get ég nefnt Bárð Þorsteinsson, Árna Sveinbjörnsson, Ásmund Jóhannsson og Lárus Guðmundsson. Þetta voru allt saman hörkumenn, sem sóst var eftir að fá í skipsrúm. Bárður var þar að auki vélamaður.

Það voru mikil viðbrigði að koma á togarann Venus, þó að það væri hálfgerður og algerður þrældómur. Mér fannst betra að vera þar en á línubátum vegna þess að það mátti heita á línubátunum, að maður fengi engan svefn þar.

Það var búið að setja í lög, að hvíldartími skyldi vera sex klukkustundir, en það var nú hagað til seglum þannig, að hver einasti tími var notaður, meðan verið var á veiðum. Ég fór nú sinnum á togara, en á stríðsárunum var ég á línubátnum Freyju frá Reykjavík. Við fiskuðum þá í skip, sem fluttu fisk til Englands, og það kom aldrei fyrir, að maður legði sig í túrunum. Það var bara pressað við fiska sem mest og koma því í skip. En svo fengum við oft tvo eða þrjá daga í landi meðan beðið var eftir skipum til að taka við aflanum. En ég man eftir því, að við stóðum tvo og hálfan sólarhring á Freyjunni án þess að fá svefn.

Ég keypti Mýrarhúsin árið 1932, og þá héldum við áfram að búa þar móðir mín og ég og yngsta systir mín. Þá höfðum við tekið til fósturs dreng á þriðja ári, sem var hjá okkur til 18 ára aldurs. Hann drukknaði frá Búðum á trillu fyrir fimm árum. Árið 1936 fluttist ég að Látravík til tengdforeldra minna. Þá var ég giftur Jódísi Kristínu Björnsdóttur frá Látravík. Hún var af Bergmannsætt. Við bjuggum með tengdforeldrunum til 1947, en þá dó tengdamóðir mín, og við fluttumst árið eftir hingað inn í fjörð, og hér hef ég verið síðan. Búskapurinn lenti algerlega á konu minni og föður hennar, eftir að við fluttumst að Látravík, þannig að það hefði verið ástæða til að hætta búskapnum fyrr. Ég sé eftir að hafa nokkurn tíma verið að snúast í búskap. Ég var meira fyrir sjóinn.

Það var útræði frá Mýrarhúsum og Látravík. Við rerum alltaf úr Lárós, og hann var stundum erfiður. Það kom fyrir, að við urðum að fara frá ósnum inn á Kvíabryggju. Það er talsverð leið, þegar kominn er stormur. Önnur leið var að reyna að lenda við Víkurlál, og þá þurfti helst að taka á móti manni, ef eitthvað var að veðri eða sjó, því að þá var brim við ströndina. En ég reri tvær haustvertíðir, sem ég gleymdi að segja frá áðan, frá Búlandshöfða. Það er versti staður, sem ég hef róið frá. Þá var róið að heiman frá Búlandshöfða, og þar var ekkert nema urð til að lenda í. Formaður á þeim bát var Björn Kristjánsson, sem var annar bóndinn á Búlandshöfða, en hinn bóndinn var faðir hans, Kristján Guðmundsson. Þetta fólk fluttist að Búlandshöfða árið 1920 frá Örlygsstöðum í Helgafellssveit. Þetta var að sjálfsögðu arabátur, og hann var þungur og erfíður. Við vorum fimm á bátnum, sem við rerum á frá Búlandshöfða.


Við Björn Bergmann Jónsson, tengdafaðir minn, áttum þriggja manna far og rerum mikið á því bara tveir. Hann var einnig með okkur stundum hann nággranni okkar, sem bjó þá á Búlandshöfða, ágætismaður. Það var Ágúst Lárusson, sem er núna í Stykkishólmi. Það var ekki langt á miðin þarna utan

úr sveitinni. Það var heldur lengra á miðin, eftir að við fluttum hingað í Grafarnes, en þá vorum við komnir með vélbát. Það eru fjórar sjómílur héðan og út að vita, og það er ekki lengra á miðin, þó að það fari auðvitað eftir því, hvert maður fer, hvort maður fer til vesturs eða austurs. En beint fram í Brúnina er það litlu lengra en fjörðurinn.

Þegar ég mundi fyrst eftir mér og fram eftir öllu, voru vegir hér í sveit bara troðningar, ekkert annað en troðningar. Og ég held, að ég sýni enga óbilgirni, þó að ég segi bara beint, að ég held, að þessir vegir hérna um norðanvert Nesið hafi verið látnir mæta afgangi, eftir því sem hægt hefur verið að koma því

við. Ég vil nú bara orða það þannig. Ég man sérstaklega eftir því, að það var ekki talað um það, að samgöngur væru erfiðar. Það hefur ugglaust verið vegna þess hverju fólk var vant. En af því að maður er illu vanur, þá er hægt að segja núna, að það séu komnir góðir vegir. Ég fór núna fyrir stuttu suður að Búðum. Okkur gamla fólkinu var boðið í mat þangað, og við fórum fyrir Jökul til baka. Þar var auðvitað malarvegur, en hann má heita alveg þrýðilegur, eftir því sem malarvegir eru. Þegar við komum inn að Gufuskálum, komum við á olíuborinn veg og alla leið í gegnum Ólafsvík. Svo var malarvegur úr því.

Ég man vel eftir frostavetrinum mikla árið 1918. Þá var gengu menn þrír og fjórir saman frá Hallbjarnareyri inn í Stykkishólm einar þrjár ferðir, sem ég man eftir, meðan hörkurnar voru. Þá tóku tveir menn heima í plássinu að sér heimilin til þess að sinna skepnum, meðan hinir fóru og sóttu sitt lítið fyrir hvern. Þá var gengið frá Hallbjarnareyri að Ámýrum í Helgafellssveit og svo fram með fjalli og inn með landi alla leið, inn með eyjum og inn í Stykkishólm. Þetta var auðvitað miklu styttri leið. Ég gekk þessa leið, þegar ég var 15 ára og fór í sendiferð inn í Stykkishólm. Þá gekk ég þetta á einum vetri einu sinni. Þá varð ég að fara upp fyrir firðina. Ég átti þá heima í Mýrarhúsum, og ég var 10 tíma hvora leið. Ég fór klukkan sjö að heiman um morguninn og var kominn klukkan átta í Stykkishólm með því að koma tvisvar við á leiðinni. Daginn



Björn Bergmann Jónsson.

eftir vantaði klukkuna sjö mínútur í 12, þegar ég keypti mat hjá matselju þarna í Hólminum. Hún hét Hansína. Hún spurði mig að því, þegar ég borgaði fæðið, það kostaði tvær krónur, hvenær ég byggðist við að vera kominn heim. Ég sagðist ætla að reyna að vera um það bil 10 tíma, ekki lengur. Þá leit hún á klukkuna og sagði: „Hana vantar sjö mínútur í 12.“ En svo varð ég að koma við á leiðinni á einum bæ, vegna þess að ég var búinn að ganga sundur annan skóinn, og fá hann bættan. Það varð hálf tíma töf þar. Ég kom líka við í Fjarðarhorni og drakk þar kaffi. Ég held, að ég hafi stoppað um klukkutíma á leiðinni en var að öðru leyti allan tímann á ferðinni.

Ég fór oft í sendiferðir, sérstaklega til að ná í lækni og meðöl. Þetta voru erfðar ferðir. Eitt sinn var ég beðinn að fara klukkan sex að morgni hingað inn í Grundarfjörð, þá var ég í Mýrarhúsum og þetta var árið 1927, að ná í lækni. Það var barnsburður á næsta bæ, og ég var kominn hingað klukkan hálf níu um morguninn. Það náðist ekki símasamband við Stykkishólm fyrr en klukkan níu, og læk'nirinn ætlaði að koma. Ég átti að fara út að Búðum, sem eru hér út með firðinum, og trillubáturinn ætlaði að koma læk'ninum þangað. Ég átti að bíða eftir honum, og það var útfall, og ég beið, þangað til klukkan var að ganga fimm að deginum. Þá var farið að falla að í Hálsvaðal, og þá var svo langt hjá mér að ganga upp fyrir aftur, svo að ég fór. Ég kom við í Lárkoti og sagði farir mínar ekki sléttar, að læk'nirinn hefði ekki komið. Þá var mér sagt, að maður hefði verið sendur frá Gröf í Grundarfirði út að Lárkoti og látið vita, að læk'nirinn gæti ekki komið. Hann hefði fengið vestan úr eyjum konu, sem var að fæða, og það gekk svo illa, að hann gat ekki farið. Þá hafði verið sent að Búlandshöfða. Þar voru tveir bræður heima, og þeir höfðu verið sendir til Ólafsvíkur til að ná í lækni. Það var óskaplega mikil ófærð, og ég var beðinn að fara út að Búlandshöfða og taka við læk'ninum þar. Ég lagði af stað þangað klukkan sjö um kvöldið, og klukkan þrjú um nóttina kom annar bróðirinn með læk'ninn, en hinn bróðirinn hafði gefist upp í Mávahlíð, sem er næsti bær fyrir utan Búlandshöfða. Læk'nirinn hét Eiríkur, ég man ekki hvers son hann var, hörkuduglegur maður. Hann spurði mig, hvort ég væri með hest, og ég kvað nei við því. En það var með mér þrettán ára drengur frá Lárkoti, og hann spurði mig, hvort ég gæti náð í hest, því að hann væri orðinn þreyttur. Læk'nirinn hafði komið á hesti frá Ólafsvík inn að Mávahlíð en hafði gengið þaðan allt landið, Mávahlíðar- og Höfðalandið, og kafað snjóinn í hné og mitt

læri. Ég fór á undan, því að ég vissi af tveimur hestum, sem ekki var farið að hýsa, og náði öðrum þeirra við bæinn Skerðingsstaði, sem er þarna út með hlíðinni, batt upp í hann snæri og fór á móti þeim. Þá fór lækurinn á hestinn og tók tösku sína og reiddi hana, og svo óðum við bara vaðalinn í buxnastreng til þess að stytta okkur leið, því að snjórin var svo mikill fyrir ofan. Við komum klukkan fjögur um nóttina í Lárkot, og strákurinn fæddist klukkan sex. Ég var ræstur klukkan níu til að fara með læknum. Þá gat ég það ekki, ég var bara uppgefinn og benti á, að það væri hægt að fá mann á næsta bæ, og það var gert. Ég man ekki sérstaklega eftir nema þremur ferðum, sem ég fór til að ná í lækni, en ég fór gangandi í ótal ferðir til að ná í meðöl, alveg ótal, enda var ég heimilismaður þarna í Mýrarhúsum um 20 ára skeið.

Búlandshöfði var varasamur. Faðir minn lá úti undir Höfðanum og forkeladist, og sú reynsla varð hans bani, því að hann fékk lungnabólgu og brjóst-himnubólgu og dó af því. Ég vildi nú ekki fara undir þennan Búlandshöfða, þó að ég yrði að gera það í eitt skipti í meðalaferð. Önnur skipti fór ég uppi og hafði stundum staf og stundum skóflu og mannbrodda. Ég sneri einu sinni frá í myrkri og hvassviðri og fór aftur heim. Ég þurfti að komast út fyrir, en Höfðinn var ekkert gull að leika sér við. Það mátti heita, að það væri einstigi þarna, og það var ekki neinu líkt að vetrinum, því að harðfennið gat verið ein slétt fjöl niður í sjó fram af. Ég fór gangandi í margar af þessum sendiferðum en einnig á klyfjahestum. Við seldum oft ull út í Ólafsvík til manns, sem hét Stefán Jónsson og rak þar nokkurs konar pöntunarfélag. Við fórum með vörur til hans og létum hann hafa lömb á haustin til þess að jafna reikninginn og ull á sumrin. Og ég man sérstaklega eftir því í helvítis Höfðanum, ef ég mætti segja svo ljótt um hann, að í Ytri-Þraelaskriðum stóð klettur út úr skriðunni, sem allir baggar rákust í. Það var aldrei hægt að vinna neitt á honum. En gatan var alltaf rudd á vorin, gerð hestagata, en það var aldrei hægt að laga neitt þennan klett.

Það var samt unnið dálítið að vegagerð hér í sveitinni. Ég held, að ég segi það satt, að ég muni fyrst eftir vegagerð árið 1913, þegar vegurinn gegnum Framsveitina var lagður. Hann lá yfir hlaðið á tveimur bæjum, Suður- og Norður-Bár. Hann var lagður í boga, eins og hann er í dag, upp fyrir mýrina og inn að á að vestanverðu til þess að beina umferðinni frá bæjunum. Þá var sennilega farið að hugsa fyrir því að girða tún, þó að ég viti það ekki alveg. En ég man, að faðir minn og bróðir hans fóru í vegavinnu. Einu sinni hlustaði ég á

þá, þó að ég spyrði ekki neins, því að ég var krakki, en ég man, að þeir töluðu um að láta þessar tvær krónur, sem þeir fengu á dag, upp í opinber gjöld. Eftir því að dæma hefur kaupíð verið tvær krónur á dag fyrir 10 tíma. Ég þori ekki að fullyrða um þetta, en mig minnir þetta svona. Ég vann svo seinna við vegarlagningu í Látravík. Það var árið 1937, og þá fengum við sjö krónur fyrir 10 tímana. Kerruhesturinn kostaði krónu á dag, en hann var ekki notaður nema hálfan daginn á móti öðrum hesti. Það voru borgaðir 90 aurar, ef ól í búningi slitnaði, en slíkar ólar fengust ekki fyrir minna en þrjár krónur. Ég man vel eftir því.

Haustið 1924, þegar ég var lánaður að Búðum til Þorkels Runólfssonar og Margrétar Gísladóttur, átti verðið fyrir flattan og þveginn fisk á vigt að vera 16 aurar fyrir kílóíð, en Kaupfélagið bauð 17 aura, og þá lögðu menn fiskinn auðvitað inn þar. Þá hækkaði Tang & Riis verðið í 18 aura, og það varð endanlegt verð um haustið. Ég var látinn róa einn róður þarna um haustið vegna veikinda hjá Þorkeli. Við rerum klukkan tvö um nóttina, fiskuðum ágætlega, og Þorkell gaf mér hlutinn. Það voru 13 krónur og 70 aurar. Ég held, að dagkaupið hafi verið komið upp í fjórar krónur þá, svo að þetta var ágætt.

Árið 1938 var byrjað að setja vélar í árabátana. Þá byrjuðu þeir hérna frammi í sveitinni að setja þriggja hestafla Sleipnisvélar í bátana sína. Þessar vélar voru nógu stórar í þá og gengu skemmtilega. Þetta voru ákaflega skemmtilegar vélar og endingin var eftir því. Ég man eftir vélum, sem voru í fullum gangi 27 ára gamlar. Þó fór þetta að sjálfsögðu eftir því, hvernig farið var með vélarnar og þær hirtar. Þegar þetta gerðist árið 1938, var 18 tommu stór fiskur upp úr salti metinn á 18 aura kílóíð, en þá kostaði bensínlítrinn 36 aura. Ég held, að það þætti ákaflega dýrt nú til dags að kaupa bensínlítrann fyrir tvö kíló af þorski.

Það má segja, að ég hafi róið úr Lárósnunum haust og vor samfleytt frá 1924 til 1948. Ég reri einnig með tengdaföður framan af vertíð í tvö skipti, sem hann gerði út frá Lárósnunum á vertíðinni. Við höfðum ekki í annað hús að venda en að róa úr Ósnum og geta lent heima, þó að maður yrði að sæta sjávarföllum. Það kom betur út, enda fengum við þá engar setningar. Við rerum á árabát til ársins 1944, en þá fengum við tengdafaðir minn okkur eins tonns trillu með þriggja hestafla vél. Þetta var gamall árabátur frá Flatey. Svo létum við smíða tveggja tonna trillu árið árið 1950, og hana áttum við tengdafaðir minn, þar til hann dó. Þá keypti ég hlut hans í henni og átti hana eftir það einn til ársins 1962. Þá keyptum við sex tonna bát ég og tengdasonur minn.

*Pétur við spilið á
nýju Svölnni.*



Eins og ég sagði hér að framan, fluttist ég inn í Grafarnes árið 1948. Eftir stríðið hætti ég að fara á vertíð fyrir sunnan. Þá hafði ég farið suður á 14 vertíðir. Ég fór að róa á bátum, sem voru gerðir út hér í Grafarnesi. Árið 1945 var ég á Jóhanni Dagssyni, sem Ásmundur Jóhannsson frá Kverná var með, og árið eftir var á mótorbátnum Fylki, sem Einar Jóhannesson úr Stykkishólmi var skipstjóri á. Báturinn var eign Páls Þorleifssonar á Hömrum. Árið 1947 var ég einnig á Fylki með Birni Ásgeirssyni. Hann er sonur Ásgeirs Kristjánssonar, sem var búsettur hér. Björn er núna með Grundfirðing II, maður að verða sextugur. Árið 1948 fór ég til Guðmundar Runólfssonar, sem á togarann Runólf og fiskverkunarfyrirtækið Sæfang. Þar hætti ég 22. apríl í fyrra (1984) vegna þess að þá bilaði á mér annar fóturinn. Ég hef ekkert unnið síðan, því að hinn fóturinn fór þá líka. Ég er með báða fætur bilaða og er hættur að vinna.

Um það leyti þegar ég fluttist hingað í Grafarnes, var farið að myndast þéttbýli hérna. Hraðfrystihúsið fór að taka á móti fiski í kringum 1942, ef ég man rétt. Frystihúsið var það lítið árið 1945, þegar ég fór að róa á bátum héðan úr Grafarnesi, að það gat ekki tekið fisk af þessum fjórum bátum, sem voru gerðir út héðan, þó að þeir væru litlir, nema með því móti, að við hásetarnir urðum að fletja fyrir frystihúsið það sem afgang var, sem það gat tekið til frystingar. Bátahásetarnir urðu að fletja það í landi, og það lenti vanalega á okkur, sem vorum eldri. Það var tiltekið í samningum, að einn maður frá hverjum bát skyldi dag hvern fletja þennan fisk í tvo tíma, án þess að þeir fengju þessa vinnu greidda. Þetta var bara skyldukvöð til þess að geta losnað við fiskinn.

Það má segja, að þéttbýlið hérna í Grafarnesi hafi myndast á skömmum tíma miðað við það, sem gerðist annars staðar. Ég man eftir fimm fjölskyldum, sem áttu heima hérna um þetta leyti. Mig minnir, að hún Soffía Ásgeirsdóttir, sem var hér unglingur á þessum tíma, hafi sagt, að árið 1945 hafi sjö fjölskyldur verið búsettar hérna. Um þetta leyti og upp úr því flyst fólk hingað frá Kvíabryggju. Þá var kominn bóndi á Kvíabryggju, sem plokkaði smám saman til sín blettina, sem fólkið hafði þar. Oscar Clausen átti þá Bryggjuna og var með bónda á sínum snærum, sem varð að lokum einn eftir á Kvíabryggju fyrir utan það, að bóndinn á Hópi á Bryggju drukknaði við þriðja mann 11. september 1940. Þá var Kvíabryggja eiginlega komin í eyði að öllu leyti nema þetta eina heimili, Ásgeir Kristmundsson og Elísabet Helgadóttir, bæði að sunnan úr Reykjavík, sem fluttust á Kvíabryggju árið 1928.

Ég held, að ég muni það rétt, að þegar ég fór að Krossnesi árið 1923, hafi verið 12 fjölskyldur á Kvíabryggju. Ég held, að ég muni það rétt. Forstjórinn á Kvíabryggju, Vilhjálmur Pétursson, sem er uppallinn hér í sveit, hefur ásamt bróður sínum, Jóni Péturssyni, sem er lögreglumaður, kannað sögu Kvíabryggju. Hann sagði mér, þegar ég talaði við hann um daginn, að hann hefði heimildir fyrir því, að býlin í kringum og á Kvíabryggju hefðu verið um 20, en það muni hafi verið mjög langt síðan. Þó gæti ég trúað, að það hefði verið, þegar sýslumaður sat í Krossnesi. Það væri nú ekki lengra síðan.

Guðmundur Skúlason átti Kvíabryggju í lok 19. aldar. Ég er ekki viss um ártalið, en held, að það hafi verið árið 1884. Þá kom bátur utan af Sandi um vorið eftir vertíðina, og þeir fórust í Sandvíkinni, sem er fyrir vestan við vitann hérna á firðinum. Formaður á bátnum var Kristjón Jóhannesson, og hann

var bróðir húsfreyjunnar í Krossnesi, konu Guðmundar Skúlasonar, bróðir tengdamóður minnar, sem seinna varð. Hún var þá ekki nema sjö ára. Það var svo mikill aldursmunur á þeim systkinunum. Eftir því að dæma hefur Guðmundur Skúlason flust að Kvíabryggju um eða eftir 1880. Guðmundur keypti Krossnesið, Gálutröðina og Kvíabryggjuna allt inn að Mýrum. Þar er lækur, sem heitir Deildarlækur, það er merkjalækurinn. Í seinni tíð, þegar Guðmundur fullorðnaðist, hann átti þrettán börn með konu sinni, mun hann hafa veðsett Sæmundi Halldórssyni, kaupmanni í Stykkishólmi, Kvíabryggjuna fyrir skuld eða úttekt. Sæmundur varð gjaldþrota 1925 eða 1926, ef ég man rétt, og Landsbankinn eignaðist Kvíabryggjuna. Hún komst síðar í eigu Oscars Clausen, og hann átti Kvíabryggju, þar til Reykjavíkurborg keypti hana. Síðar eignaðist ríkið Bryggjuna.

Einn merkasti staður hér í sveit er Öndverðareyri út við Eyrarodda. Þar var byggður bær aftur árið 1909, ef ég man rétt. Hann lét byggja þar yfir sig hann Lárus gamli Fjeldsted frá Kolgröfum, og hann dó þar um sumarið. Hann bjó nú aldrei, held ég, einu sinni heilan mánuð í bænum. Hann forkelaðist eða fékk lungnabólgu, og flestallir, sem fengu lungnabólgu í þá daga dóu. Ég sá þennar bæ aldrei sjálfur, enda er ég fæddur sama ár og hann var reistur. Ég sá bara tóftirnar. Þarna rennur lækur, sem hefur ugglaustr verið bæjarlækur, og þarna er slétt fjara fyrir neðan, sem er ágætis lending fyrir hvaða smábát sem er. Fyrir sunnan og ofan bæinn í Rimanum, sem kallaður er, eru stórir stapar, klettastapar. Þarna var ekki einn einasti sléttur blettur neins staðar í kring, sem ég man eftir. Þegar dregur norður eftir bökkunum, eru þar harðir sandbakkar og þar fyrir vestan bara lyngmóar.

Tildrög þess að bærinn var reistur þarna á Öndverðareyri voru þau, að Magnús Jónsson, sem seinna var á Kolgröfum, átti Þórdísarstaði hér í Eyrarsveit með föður sínum og bjó þar. Hann seldi Kjartani Ólafssyni, sem bjó alla sína tíð á Þórdísarstöðum og á hér afkomendur bæinn og keypti Kóngsbakka í Helgafellssveit. Ég man ekki, hvort það var Ytri- eða Innri-Kóngsbakki, en Magnús undi þar ekki nema eitt ár og fór út að Kolgröfum og falaði jörðina af Lárusi Fjeldsted. Hann vildi ekki láta Kolgrafirnar, en Magnús átti gull, sem hann gat lagt á borðið, og þá lét Lárus Kolgrafirnar lausar. En Lárus átti að hafa sagt, eftir að hann hafði selt jörðina, gert samning og tekið á móti peningunum: „Nú á ég ekki langt eftir að fara að selja undan mér jörð-

ina.“ Það gekk eftir, hann átti ekki langt eftir, blessaður. Pabbi minn hafði það eftir föður sínum, þeir voru góðir vinir, Jón afi minn og Lárus, og Lárus átti að hafa sagt við Jón: „Þegar ég dey, hlýtur fólkið að verða algjörlega vart við það, að einhver hafi dáið.“ Svo gerðist það, þegar Lárus dó, eftir því sem móðir mín sagði mér og einnig eftir því, sem Þorvaldur, bóndi á Skerðingsstöðum, sagði mér, hann var tekinn við af föður sínum og farinn að búa á Skerðingsstöðum, því að þeir fluttust þangað árið 1900, þá gerðist það í heiðskíru veðri, að allir hömuðust í töðuþurrki, að þá dró svart ský fyrir sólu, og það varð skýfall og skruggur í hálf tíma. Svo tók hann aftur upp, sagði Þorvaldur, með heiðríkju og þurrki, en allt hey var gegnblautt. Hann sagði mér, að þegar hann sá draga fyrir sólu, var fólkið að koma úr hádegismat. Hann var kappsmaður mikill, hann Þorvaldur, og hann sagðist hafa kallað í sitt fólk og skipað því að koma undir eins, en það fór allt saman inn eftir hálf tímann svoleiðis holdvott, að það var ekki þurr þráður nokkurs staðar á því. Þorvaldur sagðist aldrei muna eftir öðru eins.

Ég kynntist séra Jens V. Hjaltalín, sóknarpresti hér í sveit, voðalega lítið, þó að hann væri skyldur móður minni. Það var svo snemma á minni tíð, að hann fluttist frá Setbergi. Það var árið 1919. En mér hefur verið sagt, að hann hefði jarðað 19 manns þetta ár. Ég veit ekki, hvort þetta eru sannindi, en ég veit, að hann jarðaði ekki nema einn af þeim, sem drukknuðu um veturinn frá Bár, af Bárarbátnum, sem hét Sunnlendingur. Áður höfðu farið af honum, að ég held, tvær skipshafnir, önnur fyrir sunnan og hin í Ólafsvík. Séra Jens fór árið 1919 að Eiði, og þeir keyptu jörðina og byggðu hana upp. Þar áður bjuggu á Eiði Kristján Ólafsson og Hildur Helgadóttir. Séra Jens var á Eiði til ársins 1927. Ég held, að ég megi fullyrða það, þó að ég væri kominn í hinn enda sveitarinnar og var lítið heima, að séra Jens hafi dáið árið 1930 hjá fósturdóttur sinni, Jensínu Bjarnadóttur, og manni hennar, Elíasi föðurbróður mínum, á Hallbjarnareyri. En það, sem ég man eftir séra Jens, bæði á Setbergi og á Eiði, þá man ég aldrei eftir honum öðru vísi, jafnvel þó að hann væri að tala við eitthvert fólk, að hann væri ekki með skrifáhöldin sín á hnjánum.

Ég man ekki eftir skemmtunum eða að fólk gerði sér dagamun, þegar ég var lítill. Ég man þó eftir því á Hallbjarnareyri, þegar kennarinn hann Ólafur, sem ég gat um hér að framan, gerði dagamun við skólaslitin með því að setja upp smáleikrit. En ég man ekkert eftir því, hvernig þetta leikrit var. Ég man bara

eftir því, að þarna var farið með smábátt og það var margt fólk fram á miðja nótt þarna í stofunni á Hallbjarnareyri.

Nokkru eftir að ég fluttist í Útsveitina gekk ég í stúku, sem þar var stofnuð. Það var talsverður félagsskapur í kringum hana. Það voru haldin bæði stúkuböll fyrir almenning og einnig smáskröll þar fyrir utan. Þetta gerðist allt saman í þessu skólahúsi, sem ég man eftir að var þarna árið 1923. Svo voru sótt böll úr Útsveitinni til dæmis út í Fróðarhrepp að Völlum, þó að húsið þar væri lítið. Hins vegar var lítið um, að skemmtanir væru sóttar til Ólafsvíkur, því að það var nú heldur langt þangað og erfiðar samgöngur á veturna. Mig minnir, að þessi stúka í Útsveitinni hafi starfað alveg fram að 1930. Þá fluttust einar fimm fjölskyldur frá Kvíabryggju, og þær fóru allar suður. Það var víst vegna þess að krakkarnir voru að verða stálpaðir karlmenn, og þeir fóru suður í atvinnuleit, og þá fóru foreldrarnir líka.

Ég man vel eftir kreppunni. Þá var algjör fátækt og óskaplega passað vel upp á alla hluti, ekki síst í kaupstaðnum. Þá var ekki hægt að fá lánað út á Visakort eins og nú til dags og þess háttar. En í þessari kreppu og öllum vandræðunum, sem af henni hlutust var mikill vilji hjá fólkinu hér í sveit að hjálpa hvert öðru. Ég verð að bæta því við hérna, af því að ég þekkti Pál Þorleifsson á Hömrum, sem var fyrstur með mótorbát hér í firðinum, að hann gaf heimilum hér í sveit ótrúlega mikinn fisk í soðið af afla sínum á kreppuárunum og reyndar alla tíð.

Páll Þorleifsson varð fyrstur til að gera út vélbát hér í sveitinni. Hann byrjaði á því að taka lítinn bát á leigu. Ég held, að hann hafi ekki verið nema rúm fjögur tonn, og Páll reri á honum einn vetur. Hann mun hafa sagt, að það hafi verið versta hættuför sín, þegar hann lenti í hrakningum á þessum bát. Það eru grynningar hérna fyrir opnum firði svolítið djúpt úti, sem eru kallaðar Skerbrún. Þeir höfðu dregið línuna og fiskað vel og voru að fara af stað í land og voru komnir suður fyrir þessa Skerbrún, og þá bilaði vélin, og það var komið sunnanrok. Það rak hjá þeim yfir Skerbrúnina, og Páll mun hafa sagt, að þá hafi honum litist einna svartast á um dagana, en hann mun ekki hafa verið hræddur maður. Svo fékk hann Hegrann, og ég held, að hann hafi selt þann bát inn í Sellátur, þegar hann fékk Svaninn. Hann var níu tonn og var þá stærsti báturinn, sem var gerður út héðan í Grundarfirði. Svo lét Páll stækka Svaninn, og þá var hann 13 tonn. Það var öll stærðin. Svanurinn var 13 tonn með 24

hestafla vél. Það má segja það með sanni, að þessi bátur hafi haldið lífi í býsna mörgum hér í sveitinni. Það er alveg óhætt að fullyrða það og einnig, að Páll á Hömrum var brautryðjandi á sviði vélbátaútgerðar hér í Grundarfirði.

Ásgeir Guðmundsson

Halldór Finnsson

Viðtal tekið í ágúst 1985

Segja má, að afskipti mín af sveitarstjórnarmálum hafi byrjað árið 1950, þegar ég var kosinn í skólanefnd ásamt séra Jósef Jónssyni og Páli Þorleifssyni. Ég man samt miklu betur eftir skólamálanum síðar, þegar ég tók virkan þátt í stjórn sveitarfélagsins og þurfti að halda um krónuna. Þá var ég einnig í skólanefnd, og á þessu tímabili var sennilega kennt á tveimur stöðum hér í sveitinni. Það var kennt í Samkomuhúsinu hérna, þar var einn eða tveir kennarar, og einnig var eitthvað kennt í Framsveitinni. En afskipti mín af sveitarstjórnarmálum og öðrum félagsmálum má kannski rekja alveg aftur til barnæsku. Ég var alltaf í einhverjum félögum, og það var nú ekki alltaf talið mér til hróss, hvað ég skipti mér mikið af öllum mögulegum félögum. Þar má nefna Ungmennafélagið og nokkur önnur félög. Ég fékk áhuga á félagsmálum þegar á unglingsaldri og lét mig ekki vanta, þegar boðað var til stjórnaráfundu og safnaðarfundu og tók mikinn þátt í félagsstarfi. Þegar ég kom aftur hingað í sveitina úr skóla árið 1947, hóf ég störf hjá útibúi Kaupfélagsins. Þá hélt ég áfram að skipta mér af alls kyns málum hér í sveitarfélaginu. Þess vegna var ég ugglaut kosinn í skólanefndina árið 1950 og svo í skattanefndina.

Ég var fyrst kosinn sem varamaður í skattanefndinni en tók svo sæti í henni, þegar Páll Þorleifsson á Hömrum veiktist. Ég starfaði í nefndinni með Bjarna Sigurðssyni hreppstjóra mestallan tímann, sem þetta form var við lýði. Bjarni var einhver skemmtilegasti maður, sem ég hef unnið með í sveitarstjórnarmálum. Hann var minnugur, frískur og hafði góð áhrif á fólk, sem vann með honum. Skattanefndin hóf ekki störf fyrr en komið var fram í febrúar. Þá



*Pálína Gísladóttir og
Halldór Finnsson.*

var farið að gera skattskýrslur með fólkinu. Það var undantekning, ef skattgreiðendur gerðu skýrslur sínar sjálfir. Þær voru gerðar í samvinnu nefndarmanna og skattgreiðenda, og þá var rætt um það, hvort menn teldu rétt fram. Þetta var eins konar æfing til að fá menn til þess að greina rétt frá og minna þá hógværlega á það, sem við vissum betur. Tilhneigingin hefur alltaf verið í þá átt að telja ekki rétt fram, og

það er kannski eðlilegt, því að skattalög hafa alltaf verið vitlaus. Þegar þessu var lokið, tókum við allar skattskýrslurnar saman og unnum úr þeim, eins og við værum að vinna nokkurs konar bókhaldsvinnu, lögðum saman og drógum frá, athuguðum, hvort eitthvað vantaði og fórum síðan yfir skýrslurnar með gagnrýnum huga. Þá var nú ekki verið að skrifa bréf, heldur tókum þær skýrslur út úr, sem okkur fannst eitthvað athugavert við og kölluðum menn fyrir. Það gat verið spaugilegt á köflum.

Hreppsnefndin sá um álagninguna, og það voru yfirleitt sömu mennirnir í skattanefnd og hreppsnefnd. Við vorum fyrst saman við Bjarni, síðan hætti hann í hreppsnefndinni, en ég var áfram í hreppsnefndinni og skattanefnd-

inni. Séra Jósef Jónsson var þarna fyrst með okkur Bjarna í skattanefndinni, og ég hafði virkilega gaman að því, þegar þeir fóru að vinna saman, Bjarni og séra Jósef. Þeir höfðu unnið saman í mörg ár, þegar ég hóf störf í skattanefndinni, og Bjarni þekkti alveg vinnubrögð prestsins. Við unnum að þessu í stofunni heima hjá mér, þó að fjölskyldan væri stór og húsið lítið, eftir því sem nú gerist. Það var alltaf hægt að hafa pláss fyrir svona vinnu. Ég man eftir því, að Bjarni sagði einn föstudaginn: „Nú er ég búinn að kalla á prestinn til okkar á morgun til þess að fara yfir skattskýrslurnar, og nú skulum við taka vel til, og ég veit alveg, hvaða skýrslur hann vill helst sjá. Við skulum hafa þær efst.“ Ég var auðvitað eins og kálfur í þessu, en presturinn kom og fór að róta í skýrslunum. Ég hélt, að hann myndi vinna þetta verk eins og venjulegur skrifstofumaður, en hann rótaði í þessu eins og maður, sem hafði aldrei séð skattskýrslur. Hann tindi til skýrslur einhverra ákveðinna manna, sem hann langaði að skoða. Þegar hann kom um morguninn, var skýrslunum raðað snyrtilega, enda var Bjarni mikið snyrtimenni, en seinni part dagsins, eftir að við höfðum borðað þarna heima hjá Pálínu, konunni minni, sem bar alltaf hita og þunga þess alls, og drukkið kaffi, þá voru skýrslurnar komnar um alla stofuna alls staðar þar sem var hægt að láta þær frá sér. Þá ýtti séra Jósef þessu til hliðar og sagði: „Já, nú erum við búnir að vera duglegir í dag.“ Þar með var dagsverkinu lokið. Þegar hann var farinn heim, ég held, að hann hafi fengið snafs hjá Bjarna, því að hann var höfðingi, þá sagði Bjarni við mig: „Finnst þér þetta ekki vel sloppið, Halldór?“ Þetta voru fyrstu kynni mín af starfinu í skattanefndinni. Seinna kunni ég betur á þetta en hugsaði sem svo, að það væri lítið gagn að prestinum blessuðum í þessu, enda hvíldi allur þunginn alltaf á Bjarna, sem var ákaflega vandvirkur og töluglökkur maður. Við reiknuðum út alla skattana, og skattskýrslurnar voru alltaf geymdar hjá formanni skattanefndar. Ég man eftir því, að sýslumenn og fleiri höfðu orð á því, að þar væri alveg merkilegt, að það kæmu eiginlega aldrei fram villur í skattskýrslunum úr Eyrarsveit. Það var verk Bjarna en ekki mín, því að hann var afar nákvæmur reikningsmaður, og þá voru engar vélar notaðar.

Maður hefði haldið, að það væri ekki vænlegt til vinsælda að starfa í skattanefnd og leggja á skatta, en svo var ekki. Sumir þóttust vera reiðir okkur nefndarmönnum, en það risti ekki djúpt, og ég fann aldrei, að menn bæru kala til mín vegna þessa. Ég er svo lánsamur, að ég held, að ég hef aldrei eignast



Grundarfjörður. Myndina tók Halldór Finnsson úr flugvél með Birni Pálssyni 28. mars 1960.

neina óvildarmenn. Ef ágreiningur kom, jafnaðist það fljótt. Þegar ég var oddviti, var oft við erfiðleika að glíma, enda voru þá miklir umbrotatímar. Upp úr 1958 hófust hér í sveitarfélaginu framkvæmdir, sem breyttu smám saman aðstöðunni að ráði, t.d hafnarframkvæmdir. Á tímabilinu 1958-1970 breyttist margt hér í Grundarfirði í kjölfar framkvæmda á ýmsum sviðum.

Ég var einn af þeim, sem gekkst fyrir því árið 1951, að sjúkrasamlag var stofnað hér í Eyrarsveit. Gunnar heitinn Stefánsson á Eiði átti frumkvæðið að því. Hann kom til mín og ræddi þetta mál við mig, því að ég hafði að mig minnir nefnt þetta einhvern tíma á fundi. Þá var ekki skylda að hafa sjúkrasamlög í héruðum, en Sjúkrasamlag Reykjavíkur hafði þá starfað í rúmlega 20 ár. Á þeim stöðum, þar sem ekki var sjúkrasamlag, varð hver og einn, sem varð fyrir því, að sjúkdómar komu upp í fjölskyldunni, að sjá um það sjálfur. Sem sagt, Gunnar kom til mín og benti á, að þetta væri nauðsynjamál. Þegar ég fór að hugsa um þetta, mundi ég eftir tilfellum, þar sem erfið veikindi fyrirvinnu eða húsmóður höfðu valdið heimilum miklum fjárhagslegum vandræðum og

jafnvel lagt þau í rúst fjárhagslega. Það var gengið í hús, og fólk skrifaði nafn sitt á blað með þeim árangri, að mikill meirihluti íbúanna gekk í sjúkrasamlagið. Í fyrstu var ekki hægt að greiða mjög háar upphæðir, og í fyrstu mátti segja, að þetta væri styrkur, en svo hækkuðu greiðslurnar smám saman. Stjórn sjúkrasamlagsins réð töluvert um það, hvað voru greiddir miklir peningar fyrir legu á sjúkrahúsum, en fólk varð sjálft að standa undir hinu. Tryggingastofnun endurgreiddi ýmsan kostnað, sem sjúkrasamlagið greiddi vegna veikinda og lyfja. Ég veitti sjúkrasamlaginu forstöðu í hjáverkum fyrstu árin, sem það starfaði, og starfsemin fór fram heima hjá mér. Hún hvíldi mikið á Pálínu, konunni minni, því að fólk kom til að borga iðgjöldin á öllum tímum. Elstu börnin muna það, að þau tóku á móti lyfseðlum og endurgreiddu þá eða söfnuðu þeim saman. Á þessu gekk á kvöldin og um helgar. Þegar hreppurinn opnaði skrifstofu, færðist starfsemi sjúkrasamlagsins þangað, og ég starfaði við þetta, þar til lögum um sjúkrasamlög var breytt og héraðssamlögin tóku við 1971.

Ég var einn af stofnendum Sparisjóðs Eyrarsveitar árið 1954. Tildrög þess voru þau, að þá hafði peningavelta aukist hér í sveitinni. Áður tíðkuðust milli-skriftir og annað, þegar um vinnulaun var að ræða, en svo var farið að greiða vinnulaun með ávísunum. Þá voru hér stofnanir og fyrirtæki, sem tóku á móti peningum, t.d. pósthúsið og verslanir, en það kom fljótt í ljós, að þær gátu ekki annast þetta, því að þær voru ekki með næga peningaveltu. Það vantaði þess vegna peningastofnun í sveitarfélagið, og sem betur fór var alltaf eitthvað um það, að fólk lagði fyrir peninga. Þá varð það að fara inn í Stykkishólm og út í Ólafsvík. Þetta var eins og með sjúkrasamlagið, það var talað við menn, reyndar ekki alla, og mig minnir, að stofnfélagar Sparisjóðsins hafi verið 30, þegar hann var stofnaður 10. apríl 1954. Í fyrstu stjórn hans voru auk mín Emil Magnússon og Kristján Þorleifsson. Ég sá um daglegan rekstur Sparisjóðsins heima hjá mér, en hann var ekki umfangsmikill fyrstu árin. Eins og með sjúkrasamlagið hvíldi þetta mikið á konunni minni, því að viðskiptavinir komu á öllum tímum, en helst þegar þeir vissu, að ég var heima, á kvöldin og um helgar. Það var enginn ákveðinn afgreiðslutími fyrstu 10 árin held ég. Stjórn Sparisjóðsins kom saman einu sinni í viku eða kannski tvisvar í mánuði og ákvað útlán og hvernig við ávöxtuðum peninga. Útlánin voru ekki mikil að vöxtum. Sparisjóðurinn lánaði sáralítið til sveitarfélagsins en aðallega til húsbygginga og íbúðarkaupna. Það létti undir með rekstrinum, að fólk, sem hafði

lagt sparifé sitt inn hjá peningastofnunum í Stykkishólmi og Ólafsvík, treysti Sparisjóðnum fljótt fyrir aurunum sínum, svo að rekstur hans gekk snurðulaust. Þegar ég varð sveitarstjóri árið 1970, var ég með Sparisjóðinn á skrifstofu sveitarfélagsins. Það má segja, að það hafi ekki farið vel saman og var auðvitað erfitt fyrir mig. Sparisjóðurinn opnaði ekki eigin skrifstofu fyrr en árið 1974, þegar hann fékk til umráða herbergi í húsinu, þar sem Hrannarbúðin er og konan mín rekur þar verslun. Seðlabankinn var ekki kominn til sögunnar, þegar þetta var, og heldur ekki þau lög, sem skylduðu allar bankastofnanir að skipta við hann. Við vorum með viðskipti okkar við Útvegsbanka Íslands. Það reyndist ágætlega, og það var gott að tala við þá menn, sem þar réðu, Jóhann Hafstein og síðar Finnboaga Rút Valdimarsson.

Ég var kosinn í hreppsnefnd Eyrarsveitar árið 1954. Tildrög þess voru þau, að ég var, eins og ég hef áður sagt, alltaf á fundum og átti gott með að tala og láta í mér heyra. Mig minnir, að það verið fyrir hvatningu frá Bjarna Sigurðssyni, sem ég starfaði með í skattanefndinni, eins og áður hefur komið fram, að ég gaf kost á mér í hreppsnefndina. Ég fór þá á lista með sjálfstæðismönnum, þó að ég væri ekki orðinn flokksbundinn sjálfstæðismaður. Ég hafði reyndar verið með ungum framsóknarmönnum sem unglingur. Það var auðvitað vegna fjölskylduáhrifa. Meðal annars vorum við góðir vinir og kunningjar ég og Halldór E. Sigurðsson, sem var alinn upp í Bár, sem er næsta jörð við Spjör, þar sem ég ólst upp. Hann er nú árum eldri en ég, en sú fjölskylda var mikið framsóknarfólk og hafði mikil áhrif í kringum sig. Þetta var skemmtilegt fólk. Ég var samt ekki sterkari í trúnni á Framsókn en svo, að ég fór í framboð með sjálfstæðismönnum. Ég var reyndar satt að segja orðinn mjög óánægður í Framsókn, þegar ég fór að kynna mér pólitíkina. Ég var óánægður með afskipti þeirra af verkalýðsmálum og að þeir virtust vera tvístígandi í mörgum málum. En kannski var það ekkert aðalatriði, þó að ég færi í pólitíkina og í hreppsnefnd, heldur hitt, að ég gat vel hugsað mér að vera með sjálfstæðismönnum, enda fór ég að vinna mjög mikið fyrir Sjálfstæðisflokkinn. Ég held samt, að ástæðan hafi fyrst og fremst verið sú, að ég hafði mikinn áhuga á sveitarstjórnarmálum og vildi reyna að hrinda ýmsum málum í framkvæmd. Það var ekki síst, að ég hafði verið í skólanefndinni og hafði mikinn áhuga á því, að ráðist yrði í að reisa skólabyggingu, enda var brún þörf á því. Þegar ég varð oddviti, voru hafnar hér miklar hafnarframkvæmdir, og ég vil nú segja, að ég hafi haft

töluverð áhrif á það, að hafist var handa um að reisa skólabygginguna, jafnvel þó að það seinkaði hafnarframkvæmdunum um eitt ár eða svo. Þetta var svo áriðandi, að ég beit það í mig að koma skólabyggingunni af stað, vegna þess að ef það átti að ljúka við hafnarframkvæmdirnar, eins og talað var um, sá ég bara ekki fram á, hvenær myndi verða byrjað á skólabyggingunni. Við héldum, að hún myndi duga næstu 10-20 árin, en sú varð ekki raunin, því að hún var eiginlega orðin of lítil, þegar flutt var í hana.

Ég var kosinn oddviti árið 1958 og tók þá við af Bárði Þorsteinssyni. Hann var orðinn fullorðinn mjög og heilsan að bresta. Seinni hluta kjörtímabilsins 1954-58 var heilsa Bárðar orðin þannig, að við Emil Magnússon, sem vorum í hreppsnefndinni, sinntum ýmsum verkefnum, sem Bárður hafði haft á sinni könnu, t.d. bókhaldi og öðru. Ég var því orðinn kunnugur rekstri sveitarfélagsins. Það urðu miklar breytingar á hreppsnefndinni árið 1958. Bárður og Emil hættu þá. Sjálfstæðismenn héldu meirihlutanum, en ég var sá eini, sem hafði verið í hreppsnefndinni áður, svo að það kom eiginlega af sjálfu sér, að ég tók við oddvitastarfinu, enda hætti ég þá öðru starfi. Þá var þetta orðið fullt starf, oddvitastarfið og sparisjóðsstarfið. Oddvitastarfið er nú orðið miklu umfangsmeira en áður. Það var dálítið erfitt að gegna þessum tveimur störfum samtímis, og ég vildi ekki hafa þetta á einni hendi núna. Satt að segja get ég varla skilið núna, hvernig það gat hafa farið saman að hafa einn kassa, sem peningarnir voru í, og annan kassa, þar sem peningaþörfin var alveg óendanleg. Maður sér það núna eftir á, að það reyndi of mikið á mann. En þetta var nú svona, störfin hrúguðust á sömu herðarnar, á þá sem vildu vinna að þessu. Það voru svo sem margir góðir menn hérna, en þeir voru yfirleitt í sínum atvinnurekstri.

Á þessum árum var oddvitinn um leið sveitarstjóri. Það er þannig enn í fámönnum sveitarfélögum, þó að þeim fari fækkandi. Oddvitinn sér um fjármál og allar framkvæmdir fyrir sveitarfélagið. Sem sagt, allt sem sveitarstjóri á að gera og skyldur hans komu í hlut oddvitans þá ásamt því að stjórna fundum og boða til þeirra, en nú sér hann um þetta síðastnefnda. Það er alveg óhætt að segja það, að þegar ég var bæði oddviti og sparisjóðsstjóri, þá þjónaði ég tveimur ólíkum herrum. Þó að umsvif sveitarfélagsins hafi verið töluverð á þessum tíma, vann ég að langmestu leyti alltaf einn á skrifstofu hreppsins, bæði að hefðbundnum skrifstofustörfum og eins í sambandi við verklegar framkvæmdir. Mikil ferðalög voru þessu samfara. Það þurfti að slá lán til

verklegra framkvæmda. Þær þykja kannski ekki miklar nú, en þær eru þó undirstaða plássins, eins og það er núna. Þarna var um að ræða hafnarframkvæmdir og skóla-, vega- og vatnsveituf framkvæmdir. Vegirnir voru nú ekki merkilegir, en það var nokkurt átak á sínum tíma að koma vatnsveitumálunum í viðunandi horf. En ég starfaði sem sagt sem oddviti frá 1958 til 1970, þó að þetta væri raunverulega starf sveitarstjóra. Það var fólgið í því að hafa umsjón með öllum framkvæmdum á vegum sveitarfélagsins, annast fjársýslu og ráða fólk til starfa. Ekki var um fasta starfsmenn að ræða, heldur sumarfólk, sem vann við verklegar framkvæmdir á vegum hreppsins.

Árið 1970 voru kosningar, og þá hafði Sjálfstæðisflokkurinn ekki lengur meirihluta. Við vorum tveir fulltrúar flokksins, ég og Árni Emilsson. Hann var ráðinn sveitarstjóri, og Jónas Gestsson varð oddviti í fjögur ár. Þá var starf sveitarstjóra skilið frá oddvitastarfinu í fyrsta sinn. Ég varð aftur oddviti 1974-78, og það var síðasta kjörtímabilið, sem ég var í hreppsnefnd. Þá hætti ég alveg afskiptum af sveitarstjórnarmálum.

Brýnustu verklegu framkvæmdirnar hér í hreppnum og þær dýrustu voru hafnarframkvæmdir. Það var auðvitað mjög brýnt og einnig vatnsveituf framkvæmdir. Hafnarframkvæmdirnar voru erfiðar að því leyti, að ríkið greiddi ekki nema 50% af kostnaðinum og mest 75%, þegar um var að ræða hafnarargarða og þess háttar. Núna greiðir ríkið frá 75% og upp í 90% af kostnaði við gerð hafnarmannvirkja, þannig að þetta hvíldi miklu meira á sveitarfélaginu hér áður fyrr. Við þetta bættist svo, að það komu mjög erfið ár með aflabresti 1967-69, sem voru hörmungaár. Þá var erfitt að vera oddviti og sparisjóðsstjóri í senn. Það var ekkert svipað því, sem er núna. Þetta þokaðist samt í rétta átt, en framkvæmdirnar skömmtuðust af getunni vegna þessara erfiðleika, bæði þegar sveitarfélagið þurfti að borga hlutfallslega meira til hafnarframkvæmda en það þarf núna, og eins þegar komu erfið ár. Þá var auðvitað framkvæmt mun minna en maður hefði óskað. Manni þótti það kannski erfiðast, enda urðu margar knýjandi framkvæmdir að bíða.

Það voru aldrei skörp pólitísk skil í hreppsnefndinni, þegar ég átti sæti í henni. Það urðu átök um einstaka mál og auðvitað kosningar og þess háttar. Það var alltaf kosið svolítið pólitískt hérna eins og víðast hvar annars staðar, en þegar farið var að vinna að málunum, var yfirleitt sáralítill pólitískur ágreinigur um þau. Ég minnst þess varla, að svo hafi verið. Það komu að vísu

upp mál, eins og þegar Alþýðubandalagið lagði fram tillögu um að mótmæla hersetu eða einhverju svoleiðis og vildi blanda því inn í sveitarstjórnarmálin. Tilgangurinn var þá að koma fram einhverri samþykkt, sem hægt væri að segja frá í blöðunum. Maður tók þetta heldur ekkert alvarlega. Ég tel mig mjög lán-saman með það, að ég held, að menn hafi aldrei erft það við mig, þó að þeir hafi vitað, að ég var pólitískur andstæðingur þeirra og við ekki sammála um pólitík eða einhver önnur mál. Ég hef ekki orðið var við það. Ég hef yfirleitt komist vel af við menn, enda svona miðlungsmaður. Ég hef ekki ætlað mér of stóra hluti. Ég hafði mikinn áhuga á sveitarstjórnarmálum og Sparisjóðnum líka, og stundum var dálítill togstreita því samfara.

Ásgeir Guðmundsson

Soffanías Cecilsson

Viðtal tekið í júlí 1985

Ég er fæddur 3. maí 1924, og foreldrar mínir voru Kristín Runólfsdóttir og Cecil Sigurbjörnsson. Þau voru bæði fædd hér í Eyrarsveit og bjuggu á Búðum fyrir framan Kirkjufellið. Faðir minn fórst árið 1933 með Papeynni frá Reykjavík 36 ára að aldri. Bú foreldra minn var ekki stórt, því að sjórinn gaf meira af sér en búíð. Þetta voru tvær til þrjár kýr, einn til tveir hestar og 40-50 kindur. Að meirihluta var stuðst við sjávarútveg, róíð fyrst á árabát og síðan á trillubát.

Bæjarhúsin á Búðum voru þannig, að þetta var járnklætt timburhús, með fyrstu timburhúsum hér í sveit. Að innan var það þannig, að það var eldhús og herbergi inn af því, svo var stofa og lítið herbergi inn af henni. Þetta var hálfgerður kross innan í húsinu. Fordyrið var járnklæddur skúr óeinangraður að öllu leyti. Bærinn á Búðum var þannig upphitaður, að það var einn kolaofn í stofunni. Eldavél var í eldhúsinu, og í henni var alltaf falinn eldur að kvöldi dags. Þá var látinn hnaus niður í eldinn og ösku mokað yfir, þannig að eldurinn lifði alla nóttina en var ekki hitagjafi. En aðalhitagjafinn í húsinu voru kýrnar, sem voru niðri í kjallaranum. Þar var lágt til lofts, rétt rúmlega manngengt, á að giska 1,80-1,90 sentímetrar. Þar voru kýrnar, og þær veittu miklum hita upp í húsið, þannig að gólfkuldi var enginn þar sem kýrnar voru undir. Það munaði um þennan aflgjafa, því að það var dýrt að kynda ofninn. Mór var af skornum skammti, og það var mikið verk að taka hann upp á vorin. Hann var því sparaður eins og hægt var. Mógrafir voru rétt hjá Búðum, en mórinn, sem kom upp úr þeim, var frekar lélegur. Það að auki var djúpt á hann, svo að

Soffi ungur námsmaður í Hafnarfirði.

við urðum oft að fara marga metra niður til að ná í hann. Það var óskaplega erfitt og óþrifalegt verk að rétta mólhausana upp á bakkann og flytja þá þaðan.

Ljósmeti var fyrst grúttartírur og grúttarlampar, en síðar komu olúluktir til sögunnar. Yfirleitt var keypt ein steinolfutunna á haustin, og hún dugði allan veturinn. Annað ljósmeti var ekki notað, og það var eina aðkeypta orkan. Um klæðaburð er það að segja, að þar var nær eingöngu notuð ull. Hún var kembd og spunnin, og úr henni voru þrjónaðar flíkur. Nærfatnaðurinn var undirstaðan, nærbolurinn var úr ull og einnig nærbuxurnar. Ytri buxur voru úr



vaðmáli, og allir strákar voru í stuttbuxum fram að fermingu. Heita mátti, að nær allur fatnaður væri heimtilbúinn.

Meðan faðir minn lifði, höfðum mest fisk til matar og svo kjötið, sem til féll af skepnunum. Lítið var lagt inn af kjöti. Eftir að faðir minn dó, varð mataræðið lakara að því leyti að erfiðara var að ná í fisk, en kjötið var venjulega búið upp úr áramótum. Eftir það, eða á útmánuðum, var ekkert kjöt til nema þegar við gátum elt uppi fugla. Þá varð æðarfuglinn síðastur að forða sér, þannig að við fengum oft kjöt af honum til að bragðbæta matinn, þegar leið á útmánuði. Í Kirkjufellinu verpir mikið af fugli, og við sóttum þangað egg á vorin, og þau voru geymd í salti, þannig að þau dugðu fram eftir sumri. Það var mikið og gott búslag að eiga þetta fram á sláttinn. Svo komu ungarnir niður af fjallinu í ágúst rétt hjá húsinu, og við létum það okkur ekki úr greipum ganga að hremma þá. Við notuðum mikið af því kjöti, og það var borðað bæði nýtt og saltað. Okkur tókst einnig að ná í sel án þess að við hefðum önnur tæki til þess en barefli til þess að rota hann með, enda áttum við ekki byssu. Við læddumst



*Foreldrar Soffa, Cecil Sigurbjörnsson
og Kristín Runólfsdóttir.*

aftan að selunum, þar sem þeir lágu uppi og rotuðum þá. Að vísu voru ekki mörg brögð að því, að þessi aðferð væri notuð, en ég man eftir einum fjórum tilfellum, þar sem við gengum aftan að selum og gátum rotað þá. Einu sinni drap ég kóp með því að læðast aftan að honum. Ég hafði ekkert barefli, en ég barði hann bara í hausinn, og það dugði. Síðan gat ég tekið kópinn upp á afturhreifunum og rotað hann. Það var geysilega mikil matargjöf að fá selkjötið. Auk þess fékkst geypilega hátt verð fyrir skinnin. Þorkeli Runólfssyni, móðurbróð-

ur mínum, fannst ótækt, að við dræpum selina með þessum hætti, við yrðum að fá byssu. Móðir mín var treg til þess að láta okkur fá byssu svona unga. Það varð samt úr, að Þorkell keypti byssu handa okkur. Hún kostaði 40 krónur, og skinnið af selnum lagði sig einnig á 40 krónur. Nú fæst ekki byssa fyrir eitt sel-skin. Eftir að við fengum byssuna, gekk okkur miklu betur að veiða fugla og sérstaklega sel. Skinnin gáfu okkur töluverðan pening, þannig að það var gott búsiðlag að fá byssuna, og síðan kom svo báturinn. Þetta var helsta kjötmetið, sem maður fékk á þessum tíma. Við fengum einnig dálítið af hvalkjöti. Ég man eftir því, að ég fór í minn fyrsta róður árið 1932 með föður mínum. Þá var var farið nokkrum sinnum út í norskt hvalveiðimóðurskip, sem lá fyrir akkerum frammi í Brún og tók við hvölum til vinnslu, sem hvalfangarar veiddu úti í Faxaflóa. Þar fengum við hval í skiptum fyrir lambakjöt. Þá fengust 10 kíló af renki og hvalkjöti fyrir eitt kíló af lambakjöti.

Það var nokkur munur á Útsveitinni og Framsveitinni, hvað menn höfðu sér til matar. Útsveitin, Kvíabryggja, var fyrst og fremst þurrabúð. Þar var algengt, að menn ættu saman eina kú. Það var sagt, að þeir ættu hálfa belju. Þeir heyjuðu fyrir kýr sínar á nærliggjandi býlum, en heynytjar voru litlar á Kvíabryggju, enda bjó þar líklega á annað hundrað manns á þessum tíma. Þeir höfðu því ekki jarðnæði að heitið gat. Þar var sjósóknin undirstaðan, og þar var fátækt meiri en frammi í sveitinni og í Botninum, sem svo er kallaður, Grundarfjarðarbotni. Þar búskapur miklu meiri og jarðnæði betra og meira, þannig að búin voru stærri þar. Bændur þar studdust eigi að síður jafnframt við sjósókn. Þegar mataræði eða velmegun, ef það ætti að orða það þannig, sem nú er talað um, er borið saman við nærliggjandi sveitir, voru það helst Grundfirðingar, að íbúum á Kvíabryggju undanskildum (þar höfðu menn minnst til hnífs og skeiðar), sem höfðu helst í sig og á. Ég man eftir því, að ég fór með móður minni út til Ólafsvíkur vorið 1935. Þar hittum við konu, Þorbjörgu að nafni, sem var ljósmóðir og þar af leiðandi ríkisstarfsmaður. Hún sagði, að heimili sitt væri eitt af þeim fáu, sem hefði eitthvað að borða. Þar væri baslið svo mikið og fátæktin, að fólk hefði engan veginn ofan í sig og á, og skortur væri þar víða á heimilum. Þannig var ástandið í Ólafsvík á þessum tíma, en í Fróðárhreppi var hins vegar meira jarðnæði. Þar lifði fólk eins og það gat á búum sínum, og þar var sæmileg afkoma á sumum heimilum. Ég þekkti ekki eins vel til í Stykkishólmi eða í Helgafellssveit, en þar kvað hafa verið allgóð afkoma. Sem dæmi um baslið á Kvíabryggju get ég nefnt, að ég man eftir síðasta sveitarómaganum, sem var boðinn niður, eins og sagt var. Þeir voru ekki boðnir upp, heldur niður, og þá var það, að móðir mín bauð í gamla konu, sagðist myndi taka hana fyrir krónu á dag. Þessi gamla kona var hjá okkur í tvö ár fyrir krónu á dag, eða fyrir 365 krónur á ári. Önnur tilboð í konuna voru tvær krónur á dag, þannig að þetta var lægsta tilboðið, sem kom í hana.

Skólaganga var af skornum skammti á uppvaxtarárum mínum. Ég man fyrst eftir farskóla, þar sem kennarar voru þrjár vikur á hverjum bæ. Kennslunni var skipt niður á Kvíabryggju, Grundarbotninn og Framsveitina. Tvö fyrstu skólaárin mín fékk ég lítilfjörlega kennslu, en þegar ég var níu og tíu ára var ég tvo vetur í barnaskóla í Hafnarfirði. Þegar faðir minn drukknaði, varð það úr, að ég fór með móðurbróður mínum og móðursystur til Hafnarfjarðar og var þar þessa tvo vetur vegna þess að það var erfitt um skólagöngu hér heima. Þar var



Soffi og Hulda, kona hans.

Ólafur Þ. Kristjánsson, Ólafur esperantó, sem kallaður var, aðalkennari. Frá 11 ára aldri og fram til fermingar gekk ég þrisvar sinnum þrjár vikur á vetri í skóla. Það var öll skólagangan, þrisvar sinnum þrjár vikur, níu vikur alls, sem maður fékk hjá farkennara. Hins vegar var heimakennsla mikil. Móðir okkar kenndi okkur bæði að lesa og að skrifa, og við vorum látnir læra mikið utan að í bókum. Við urðum að kunna biblíusögurnar alveg utanbókar og þylja þær. Við urðum einnig að geta svarað vel út úr öllu, bæði landafræði og Íslandssögu. Þetta urðum við að læra mjög vel, og okkur var alltaf hlýtt yfir á hverjum degi. Við vorum í skólahúsinu á Kvíabryggju.

Kvíabryggjuós er á milli Búða og Kvíabryggju, og þegar flóð er, tekur það einn og hálfan tíma að ganga upp fyrir Kvíabryggjuós. Móðir mín tók þess vegna það ráð að koma mér fyrir úti á Kvíabryggju einn vetur hjá gamalli konu, sem hét Þorbjörg. Hún bjó ein í gömlu, járnslegnu og illa einangruðu

húsi. Gamla konan átti bara eitt rúm, þannig að hún lét mig sofa fyrir framan sig í rúminu. Það var kuldi um veturinn, og Þorbjörg sagði alltaf við mig á morgnana: „Soffi minn, farðu nú fram úr og vittu, hvort það er frosið á koppnum.“ Og ef það var frosið á koppnum, sagði hún: „Æ, taktu nú upp eldinn og hitaðu kaffi.“ En ef það var ekki frosið á koppnum, sagði hún: „Þá er best að ég drífi mig fram úr og helli upp á könnuna.“ Þannig var nú hitinn í því húsinu.

Skólahúsið á Kvíabryggju var einn geimur, ef geim skyldi kalla. Ætli það hafi ekki verið 6x8 eða 5x8 metrar að stærð, og þetta var bara eitt herbergi með skúr við það og kolaofn þar inni. Á Kvíabryggju var fyrst kennari Jóhannes Þorgrímsson, og hann kenndi mér einnig smátíma á Kirkjufelli, þar sem ég gekk til hans nokkrar vikur. Aðalkennarar mínir á Kvíabryggju voru Unnur Hermannsdóttir og síðan Guðrún Hermannsdóttir, systir Unnar. Þær voru kennarar hér í sveit á þeim tíma, þegar ég gekk í skóla frá 11 ára aldri til fermingar.

Lífsbaráttan var hörð á þessum tíma, og við bræðurnir byrjuðum snemma að leggja heimilinu til, enda var ekki um annað að ræða en að duga eða drepast. Það var nú ekki flóknara en svo. Þetta var ansi erfitt viðureignar, en eins og ég sagði áðan, við náðum í þetta kjötmeti, fuglinn, þennan bannfærða eða ekki bannfærða, sem ekki mátti drepa. Við vissum, að Hermann Jónasson, lög- reglustjóri í Reykjavík, hafði verið fundinn sekur um að hafa skotið æðarkollu, svo að við leyfðum okkur líka að drepa hana hinsegin okkur til matar. En við leituðum fyrst og fremst til sjávarins. Við vissum, að þar var aðalbjörgina að finna. Búskapur var erfiður á Búðum. Kirkjufellið, sem er þverhnipt, tók allt að því 10% að meðaltali á ári af fénaðinum, sem hrapaði í fellinu. Það var mikið tap fyrir búið, og þess vegna var búskapurinn erfiður og bústofninn lítill. Við bræðurnir fengum snemma lánaðan bát, fyrst árabát, til að róa til fiskjar að sumarlagi. Fiskurinn, sem við veiddum, var saltaður og geymdur til vetrarins. Runólfur, afi okkar í Grafarnesi, saltaði stundum í tunnu keilu og fisk, sem ekki var hægt að selja, og kom þessu til okkar. Við lögðum okkur þennan fisk til munns, enda var keilan ágætismatur. Þó var á henni sá galli, að það var svo mikið lím í hrúðrinu, að það var oft erfitt að ná fingrunum í sundur á eftir.

Í maí 1936 keyptum við bræðurnir, Bæring og ég, trillubátinn Óðin, 2,8 rúmlastir að stærð. Baturinn var áður í eigu Ólafs Ólafssonar á Álafossi. Tekið var við bátnum eftir prufukeyrslu frá Blikastöðum til Reykjavíkur. Þar var

hann hífður um borð í strandferðaskipið Súðina og fluttur til Grundarfjarðar. Við bræðurnir áttum enga peninga en töluverðan vilja til að bjarga okkur, enda var ekki annarra kosta vól. Sigurður Ágústsson í Stykkishólmi, kaupmaður og síðar alþingismaður, hafði spurnir af áhuga okkar og bauðst til þess að lána okkur þá peninga, sem okkur skorti til kaupanna. Kaupverð bátsins var 2.500 krónur, og við fengum það allt að láni hjá Sigurði. Okkur tókst að borga þetta lán upp árið 1938, enda vorum við þá færir í flestan sjó, ég 14 ára og Bæring 15 ára. Þessi tvö ár hafði Júlíus Jakobsson á Sæbóli verið með okkur og kennt okkur mikið, bæði að þekkja fengsæl mið og öll handtök við flatningu og söltun.

Árið 1942 seldum við Óðin og keyptum Litla-Baldur, póstbát Guðmundar Jónssonar frá Stykkishólmi. Litli-Baldur var 4,5 rúmlestir með 15 hestafla Kelvin vél. Nú voru engin peningavandamál. Söluverð Óðins var 5.000 krónur, enda var komin í hann ný vél, en kaupverð Litla-Baldurs var 13.000 krónur. Mismunurinn, 8.000 krónur, var hagnaður af útgerð Óðins, svo að kaupin voru staðgreidd. Árið 1946 tók ég 15 rúmlesta skipstjóraþróf hjá Skúla í Fagurey. Árið eftir tók ég ásamt Oddi Kristjánssyni á leigu 18 rúmlesta bát, Þorstein AK, og var með hann leigutímabilið janúar til maí. Haustið 1947 og í janúar og febrúar 1948 tók ég þátt í Hvalfjarðarsíldarævintýrinu með Ingvari Pálmasyni á m.s. Rífsnesi. Árið 1949 var ég skipstjóri á Jóhanni Dagssyni SH 8 í janúar til maí, en um haustið keyptum við bræður m.b. Gust frá Djúpuvík, 38 rúmlesta bát, og nefndum hann Grundfirðing. Ég var með þennan bát til haustsins 1952, en þá fór ég í Sjómannaskólann og tók fiskimannapróf vorið 1953. Þá gerðist ég skipstjóri á Ágústi Þórarinssyni, og í ársbyrjun 1954 var ég skipstjóri á sama bát undir nafninu Fjarðarklettur í eigu Jóns Gíslasonar í Hafnarfirði og var með hann til ársloka 1955. Í febrúar 1956 sótti ég m.b. Grundfirðing II til Nykøbing í Mors í Danmörku. Hann var nýsmíði, sem ég hafði samið um árið 1955, og var ég skipstjóri á honum til maíloka 1959, en þá fótbrotnaði ég og var frá vinnu til næsta vors.

Ég stundaði síðan síldveiðar á sumrum til ársins 1964, en þá hóf ég síldarsöltun um haustið. Árið 1965 keypti ég fiskhús Grundar hf., 550 fermetra hús, fyrir 1.860.000 krónur. Árið eftir byggði ég við það 120 fermetra fiskmóttöku. Árið 1968 stækkaði ég húsið um 700 fermetra og kostaði það 750.000 krónur. Árið 1967 leigði ég 400 fermetra af gamla húsinu undir niðursuðu. Hún gekk

illa og veslaðist upp eftir tvö ár, en eftir stóð húsið leigulaust og illa farið. Árið 1968 hóf ég rækjuveiðar og –vinnslu, og þá lét ég innrétta 50 fermetra frystiklefa, 60 fermetra tækjasal og 200 fermetra vinnslusal. Árið 1970 keypti ég m.b. Harald ÞH, 30 rúmlesta bát, með bræðrunum Hallgrími og Magnúsi Magnússonum, mágum mínum. Þá hóf ég einnig veiðar og vinnslu á hörpu-diski. Árið 1971 keypti ég rækjuvél og aðra árið eftir ásamt frystitækjum. Árið 1974 bætti ég við fiskhúsið tveggja hæða húsi, og er grunnur þess 530 fermetrar. Þar lét ég innrétta 350 fermetra kæliklefa og 180 fermetra frystiklefa. Á efri hæð er mötuneyti, snyrtiaðstaða, skrifstofa og fleira. Árið 1975 keypti ég Hörpu GK 111 ásamt Elísi Gíslasyni, 104 rúmlesta bát, og við nefndum hann Grundfirðing. Árið eftir keyptum við m.b. Fanneyju, 74 rúmlesta bát, sem áður hét Sæfari AK. Meðeigendur voru hinir sömu og í Haraldi ÞH, Hallgrímur og Magnús Magnússynir. Árið 1977 misstum við m.b. Harald ásamt tveimur mönnum.

Árin 1979 og 1980 bætti ég 960 fermetrum við fiskhúsið. Það var fyrsta hæð af þremur samkvæmt samþykktri teikningu á þessari lóð. Árið 1981 keypti ég helming í Hótel Felli og lét innrétta þar sex piparsveinafúðir og þrjú herbergi. Þetta auðveldaði mjög að fá aðkomumenn til starfa. Árið 1982 lét ég gera grunn að að 800 fermetra húsi, og var þá kominn rammi að allri byggingunni á þessari lóð. Árið eftir keypti ég m.b. Sóleyju, áður Jóhönnu Magnúsdóttur, 63 rúmlesta bát, nýendurbyggðan. Árið 1984 keypti ég lausfrystitæki og þróaði betur rækjuvinnsluna. Að þessu loknu stóðu fjármál mín þannig, að ég skuldaði engum neitt. Þá gerðist það undraverða, að þetta var fyrsta árið sem fyrirtækið var rekið með verulegu tapi og það langversta í útgerðarsögu minni. Þrjár ótvíræðar ástæður eru fyrir þessu tapi. Í fyrsta lagi olli kvótaóstjórinn því, að bátar mínir stöðvuðust, og ég keypti þess vegna fisk af aðkomubátum, sem komu seint og stjórnlaust að landi með slæman fisk, sem ekki var hægt að salta að kvöldi. Í öðru lagi er það afurðalánavitleysan og í þriðja lagi óraunhæfar fiskverðsákvarðanir. Árið 1985 byrjar ekki vel. Skelveiðar hófust 13. janúar og stóðu þar til verkfall hófst 18. febrúar. Tveir bátar af fjórum stunduðu þorskveiðar að loknu verkfalli 6. mars til 2. apríl og höfðu þá veitt þorskkvóta þriggja báta, 344 tonn. Þá var eftir 100 tonna þorskkvóti fjórða bátsins, en hann ætlum við að láta mæta auknum afla, sem kemur í rækjutroll. Rækjuveiðar voru leyfðar í marbyrjun með ótal efasemdum og spurningamerkjum. Nú í dag er

einn ljós punktur í útgerðinni, og það kemur kannski málinu ekki við í þessari sögu.

Eins og nefndi hér að framan, hóf ég síldarsöltun árið 1964. Tildrög þess voru þau, að vegna fótbrotsins, sem ég varð fyrir vorið 1959, var ég slæmur fætinum snemma árs 1964. Það varð til þess, að ég stjórnaði ekki Grundfirðingi II á vetrarvertíð það ár, heldur fékk ágætan mann til þess, Elís Gíslason. Ég var svo með bátinn á síldveiðum um sumarið, en Elís tók aftur við skipstjórninni á síldveiðum um haustið. Mér hugkvæmdist þá salta sjálfur aflann af Grundfirðingi II og leitaði til síldarútvegsnefndar um ýmsar upplýsingar, þó að ég kynni töluvert til síldarsöltunnar. Þeir sögðu mér, að oft hefði verið erfitt að salta síld en aldrei verra en þetta ár, 1964. Ég lét samt kylfu ráða kasti og saltaði í um 1000 tonn. Og þær skiluðu mér öllum stofnkostnaði og býsna góðum hagnaði. Ég þurfti því ekki að kvarta undan þessari fyrstu síldarsöltun minni.

Mig langar að víkja aftur að þeim tíma, þegar við bræður gerðum út frá Kvíabryggju. Þar er ós, Kvíabryggjuós, og í vondum veðrum var ekki hægt að fara inn í hann, fyrr en hálfaðfallið var inn ósinn. Straumur er sterkur þarna út og inn, og ósinn er það grunnur um fjöru, að bátur flýtur þar ekki inn. En eftir að komið er inn í ósinn og upp fyrir Hornið, sem kallað er, þá er þar ágætt lægi og gott að geyma báta þar. Í Búðum varð hins vegar í flestum tilfellum að setja bátinn upp á kvöldin og niður að morgni, nema þegar var einsýnt veður. Þá var bara látið falla undan bátnum og svo tekið aftur þegar féll undir. Útræði frá Búðum var erfiðara að þessu leyti. Þó gat Kvíabryggjuós verið erfiður í sunnanrokum. Sterk sunnanrok komu oft þarna, og ég man vel eftir einu slíku. Þá vorum við bræður á trillubátnum Óðni, sem við eignuðumst fyrst, og með okkur tveir menn frá Kvíabryggju. Við fylltum bátinn af fiski. Þegar við komum upp undir Melrakkaey, var þar bátur fyrir, sem hét Svanur og var einn fyrsti trillubáturinn í Eyrarsveit. Mennirnir á Svan kölluðu í okkur og buðu okkur upp á kaffisopa, áður en við færum í land, af því að við værum með svo góðan afla. En ég var þó það forsjáll, að mér leist ekki á veðrið, svo að ég sagði, að við skyldum ekki fara ekki í kaffi núna, okkur veitti ekki af að drífa okkur í land. Við komumst í land og fisk Kvíabryggjumannanna í land og héldum svo áfram upp ósinn bræðurnir með hlut okkar og bátsins. Þegar við komum upp um miðjan ósinn, var rokið orðið svo mikið, að báturinn hífðist upp að framan

og rann niður á afturendann og steinsökk. En við gátum synt til lands, enda var stutt þangað. Ofar á ósnum lá bátur með tveimur mönnum í, og hann slitnaði upp litlu seinna, líklega eftir að við höfðum synt í land. Hann fór yfir bátinn okkar og braut af honum púströrið, sem stóð upp úr, og fauk upp á Hornið. Það munaði ekki nema hálfri bátslengd, að báturinn lenti fyrir framan Hornið, og þá hefði sá bátur aldrei sést framar né mennirnir, sem voru á honum.

Þegar komið var með fiskinn í land á Kvíabryggju, var honum kastað í fjöruna, og þar var flatningsborð borið að. Fiskurinn var fluttur í fjörunni við sjóinn og síðar vaskaður upp úr sjónum. Svo var hann borinn á handbörum upp í hús, þar sem hann var saltaður. Eins var farið að á Búðum. Þar var betri aðstaða að því leyti, að þar voru klappir mjög háar og góðar með stöllum, þannig að við gátum alltaf lent þar eins og við bryggju, eins og það væri hafnarmannvirki. Þá var það bara sjórinn, sem sagði til, hvað hátt hann var, og þá var fiskurinn látinn jöfnum höndum í land eins og hófst undan að fletja. Síðan var fiskurinn ýmist borinn á handbörum eða í pokum upp í hús til að salta hann. Allt salt og allur fiskur var borinn upp í hús, og fiskurinn var borinn aftur til skips til þess að flytja hann í kaupstaðinn, ýmist inn í Stykkishólm eða hingað upp í Grafarnes.

Á vorin var yfirleitt mestur fiskur í Sundinu eða Leirnum, sem við kölluðum svo. Þetta eru mið sitt hvorum megin við Melrakkæy, annað norður af henni og hitt vestur af henni rétt sunnan við Vesturboða. Þó var einnig sótt lengra á vorin og sumrin fram í Brún og á annað mið, sem hefur sína merkingu og er kallað Heimsendi. Það var það lengsta, sem menn reru á þessum opnu bátum, þegar þeir fóru fram á Heimsendaflöguna, sem er lengst úti í Brúninni. Það mun hafa verið um þriggja tíma róður þangað út, en það tók auðvitað mun skemmri tíma, þegar hægt var að nota segl báðar leiðir. Staðviðri voru oft þannig, að það var austanátt á útleiðinni og vestanátt á landleiðinni. Þessi staðviðri hafa brugðist nú í seinni tíð. Svo komu trillurnar til sögunnar, og þá styttist á miðin. Þær gengu í kringum fimm sjómflur á klukkustund og kannski ekki það, en það var sama, það létti mikið og varð miklu þægilegra, eftir að vélbátarnir komu. Svo stækkuðu bátarnir, eins og ég nefndi áðan. Þeir smástækkuðu. Fyrsti vélbáturinn, sem ég man eftir hér í Eyrarsveit, var Svanurinn. Hann var upphaflega níu rúmlestir, en síðan var hann stækkaður í 12 eða 14 rúmlestir og að lokum í 16 rúmlestir, þegar hann var inni í Stykkishólmi.

Segl voru mikið notuð á árabátunum og einnig á trillubátunum. Ég man eftir seglanotkun alla mína útgerðartíð, en hún hefur minnkað smám saman á undanförunum árum. Þegar ég sótti Grundfirðing II til Danmerkur, lét ég hífa upp öll segl á honum, þegar við sigldum út úr Limafirðinum. Við lentum eitt-hvað norðarlega, þannig að við fórum norður fyrir Orkneyjar, en við sigldum alla leið til Færeyja á seglum til að hafa bátinn stöðugri og auka kraftinn. Við fíruðum seglunum í Klakksvík en drógum þau upp á ný, þegar við sigldum þaðan gegnum sundin á milli færeysku eyjanna og fórum svo í tollskoðun í Vestmannaeyjum og fíruðum seglunum á meðan. Við hífðum seglin upp aftur, þegar við fórum frá Vestmannaeyjum og tókum þau niður, þegar við komum inn á Grundarfjörð. Það var sem sagt leiði alla ferðina. Við notuðum seglin til þess að létta undir á Grundfirðingi II. Seinna meir dró út seglanotkuninni. Þá notuðum við helst fökkuna og messaninn til að gera bátinn stöðugri. Nú eru þessi segl komin niður í koju í káetunni, sem er lítið notuð, en skipaefirlitið vill hafa seglin, þó að þau séru orðin fúin og gagnslaus.

Það var róið allan ársins hring. Áður fyrr var mikið um það sjómenn úr Eyrarsveit færu á vetrarvertíð suður á land, því að árabátarnir voru ekki notaðir yfir vetrartímenn hér í sveit, það er að segja frá janúar og fram til vors. Þá fóru allir sjómenn í Eyrarsveit á vertíð suður. Þeir báru poka sinn suður yfir fjall og suður yfir sveitir til Borgarnes og fengu skipsferð þaðan til Reykjavíkur. Þeir réðu sig á línuveiðara eða fóru á vertíð í Grindavík. Það var mikið búsiðlag. Þeir öfluðu oft góðra tekna á þeirrar tíðar mælikvarða, enda sóttu sjómenn í Eyrarsveit mikið í það að fara á vetrarvertíð syðra. Þá var fátt fólk orðið eftir í sveitinni nema húsmæður og kannski eitthvað af vinnumönnum, sem voru þá yngri menn eða þaðan af eldri. Þetta breyttist, þegar vélbátar komu til sögunnar í kringum 1936 eða 1937. Þá var farið að róa til fiskjar úr Eyrarsveit á vetrarvertíð og allt árið.

Ég var einn af stofnendum Hraðfrystihúss Grundarfjarðar árið 1940, að mig minnir. Þegar byrjað var að byggja það, var safnað aksíum sem kallað var, sem sé hlutafé. Óskar Sveinsson frá Siglufirði var byggingarmeistari, og þetta var mikið erfiðleikatímabil. Það var lítið til af tækjum, allt grjót losað með járnkörlum og fjarlægt með handafli, lítið var um sprengingar, og þetta var mikil erfiðisvinna. Steypuhrærivél var notuð til að hræra steypuna, en hún bilaði svo oft, að við gripum til þess ráðs að hræra steypuna á bretti með hand-

aflí til að drífa húsið upp. Heita mátti, að allir Eyrsveitungar gerðust hluthafar í Hraðfrystihúsinu, og þegar frá leið var hlutaféð aukið. Menn stunduðu það að vinna af sér þessar aksíur og hlutafé. Þeir fengu vinnu við uppbyggingu Hraðfrystihússins og tvöfölduðu þannig framlag sitt og fengu svo viðbót á kaupið sitt fyrir það, sem þeir unnu fram yfir. Margir bættu við hlutafé sitt eftir efnum og ástæðum, þegar fyrirtækið átti í greiðsluerfiðleikum vegna uppbyggingarinnar. Þá var inneign manna frekar breytt í hlutafé heldur en að eiga hana inni. Þetta þróaðist síðar meir og hlutaféð var aukið smám saman.

Miklir erfiðleikar voru í rekstri fyrirtækisins, og hreppurinn varð nokkuð oft að taka af sínum litlu tekjum og leggja til Hraðfrystihússins. Eftir að við fórum að gera út frá Grafarnesi og lögðum aflann upp hjá Hraðfrystihúsinu, urðum við að slá af verðinu og leggja mismuninn í hlutafé. Svo var saga Hraðfrystihússins leiðinleg á tímabili. Sambandið komst yfir fyrirtækið með því að fá umboð hjá Ingvari Vilhjálmssyni og Hafsteini Bergþórssyni til að fara með atkvæðisrétt þeirra á aðalfundi. Þá var hlutaféð aukið og Sambandinu selt það á bak, þannig að það eignaðist Hraðfrystihúsið á mjög óréttmætan hátt. Við Guðmundur Runólfsson kærðum þetta, en Hermann Jónasson var þá dómsmálaráðherra, og hann sá ekkert athugavert við þetta, svo að það varð ekkert meira úr því.

Ég vann í frystihúsinu fyrstu tvö starfsár þess. Við flökuðum þar allan fiskinn í ákvæðisvinnu, og til þess að íshúða fiskinn eða glassera hann, eins og það var kallað, var allt vatn sótt í fötum út í Sólvallalæk, sem kallaður var. Það var lækur, sem rann rétt norðan við Verbúðirnar, sem nú eru. Hann rann niður mýrina, og þangað var vatnið sótt í fötum og höfð vatnsgrind til að bera vatnið. Þannig var þvotturinn á fiskinum. Vatnið var sótt þarna í opinn skurð eða opinn læk, sem rann yfir alla mýrina í gegnum allan húsdýraganginn.

Þegar byrjað var að byggja Hraðfrystihús Grundarfjarðar, voru hér í Grafarnesi Neshúsin, sem svo voru kölluð, og Svarti skóli var hérna, Sólvallahúsið, Götuhús, þar sem Runólfur Jónatansson bjó, og Fagurhóll. Eftir að smíði Hraðfrystihússins hófst, myndaðist þéttbýli hér í Grafarnesi, og þar voru reist allmörg íbúðarhús. Allir íbúar á Kvíabryggju að heita mátti fluttust hingað inn í Grafarnes og byggð lagðist þar af. Eins fækkaði nokkuð í Framsveitinni, en ekkert í samræmi við það, sem fluttist burt. Kjarninn varð eftir þar. Það var orðin mannþröng þar að vissu marki.

Mig langar að nefna mann, sem studdi okkur Eyrsveitunga með ráðum og

dáð. Það var Sigurður Ágústsson í Stykkishólmi, sem var mikill aflgjafi í fjármálum hér í Grundarfirði. Ég leyfði mér að kalla hann efnahagsmálaráðunaut minn, og hann var það sannarlega. Hann hjálpaði mjög mörgum hér með húsbyggingar og sérstaklega studdi hann alla, sem vildu fara í útgerð. Hann átti fyrsta vélbátinn hér, Svaninn, að hálfu á móti Páli Þorleifssyni á Hömrum. Páll var alltaf formaður á bátnum, enda mikill aflamaður. Sigurður átti einnig vélbátinn Ægi, sem var gerður út héðan skamman tíma. Sigurður var hér allt í öllu, hvað fjármál snerti, um langa tíð. Hann rak einnig verslun hér í Grafarnesi um hríð, sem Runólfur Jónatansson veitti forstöðu. Síðar lét Sigurður reisa myndarlegt verslunarhús hér í Grafarnesi, en seinna meir varð það að samkomulagi, að við heimamenn keyptum það af Sigurði og gerðum að hlutafélagi. Því var síðan skipt, þegar ég keypti þetta fiskhús hérna, en Emil Magnússon keypti verslunina. Fiskverkunin gekk frekar stirt á tímabili og verslunin einnig, en eftir að við Emil skiptum þessu, hefur okkur báðum gengið vel.

Samgöngur voru engar hér í sveit á fjórða áratugnum. Kristlaugur Bjarnason kom með fyrsta bílinn hingað árið 1936 úr Reykjavík. Hann var þrjá sólarhringa að komast hingað út eftir úr Stykkishólmi. Númerið á bílnum var SH 36. Kristlaugur var lengi með bílinn hér í Eyrarsveit og hann lagaði veginn eftir þörfum. Hann átti líka bleikan klár, sem við eignuðumst seinna meir úti á Búðum. Þessi hestur var sagður arabískur. Hann var mjög stór og sterkur, og þegar Kristlaugur festi bílinn í á eða mýri, náði hann alltaf í Bleik til að draga bílinn upp úr. Samgöngur fóru svo smám saman að lagast. Nú liggur vegur yfir Búlandshöfða, en hann kom ekki fyrr en 1963. Vegur yfir Mjósund kom 1961 má ég segja, svo að vegaframkvæmdir hafa gengið stirt hér á Nesinu. Ástæðan er sú, að við Snæfellingar hugsuðum um ekkert annað en sjóinn. Við litum næstum næstum því ekki til veganna.

Póstbáturinn Baldur hafði ekki fastar ferðir hingað til Grundarfjarðar nema stuttan tíma. Hann sigldi mest innan við Breiðafjörð. Guðmundur Jónsson í Stykkishólmi var skipstjóri á Baldri, og hann var alltaf tilbúinn að fara í ferðir með lækni, þegar þess þurfti. Hann fór margar tvísýnar ferðir með lækni hér á milli. Þá var Ólafur Ólafsson læknir í Stykkishólmi, mikill hörkudugnaðarmaður, ekta maður og góður læknir. Hann hikaði ekki við að leggja líf sitt í hættu oft á tíðum fyrir fólk, sem var sjúkt. Ég man eftir því, að einu sinni kom upp barnaveiki í Kvíabryggju og í Kirkjufelli og varð tveimur börnum að bana.

Þá kom Guðmundur um miðja nótt innan úr Stykkishólmi í vondu veðri með Ólaf til þess að sprauta alla þarna nærliggjandi við barnaveikinni, svo að hún varð ekki fleirum að fjörtjóni.

Póstur hér í Eyrarsveit var Bjarni Sigurðsson á Berserkseyri, sem seinna var hreppstjóri. Hann bjó á innsta bænum í sveitinni. Hann var pósturinn og fór á milli Stykkishólms og Grundarfjarðar. Hann hafði að vísu stundum aðstoðarmann, Jón Bjarnason, sem var líka kallaður Jón póstur. Bjarni sagði einu sinni frá því, að lengsta póstferð hans frá Grundarfirði til Stykkishólms hefði legið í gegnum Spán. Þegar hann kom einu sinni sem oftár til Stykkishólms var verið að skipa út saltfiski í spænskt skip, sem lá þar við bryggju. Það vantaði skipverja, svo að Bjarni réð sig á skipið og fór til Spánar og til Stykkishólms aftur. Þessi ferð tók þrjá mánuði, og var lengsta póstferðin hans.

Sjávarútvegur hefur aldrei verið hærra skrifaður hjá ráðamönnum þjóðarinnar en svo, að ef maður hefur ekki átt helminginn af fjármagninu, sem þarf til að byggja upp útgerðarfyrirtæki, þá er reksturinn vonlaus. Ég hef alltaf haft það að leiðarljósi, að geta borgað að minnsta kosti helminginn og fara svolítið í kringum skattayfirvöld með því að skrifa töluvert á viðhald, sem er raunverulega uppbygging. Það tákna, að minnsta kosti helmingur fjármagnsins verður að koma innan frá, ef vel á að vera. Ég hef oft sagt það, að ég hef meira byggt upp fyrir plúsvexti heldur en mínuvexti. Ég kalla það mínusvexti, þegar menn taka lán fyrir öllum hlutum og eru svo alla tíð að streða undir vöxtunum fyrir bankana, enda hafa bankarnir byggt vel upp á því að skipta við þessa mínusmenn.

Af þessu má vera ljóst, að ég hef alltaf stuðst við eigið fé í þessum rekstri, ég hef fórnað eigin fé í reksturinn alla tíð. Þegar ég sá fram á, að ég þurfti ekki að taka afurðalán, hélt ég uppbyggingunni áfram þangað til ég þurfti að taka afurðalán. Þá gerði ég hlé á uppbyggingunni, þangað til þörfin fyrir afurðalán minnkaði og ég hætti að taka þau. Þyngjan sagði mér nokkurn veginn til um, hvað ég átti að gera. Ég sótti á sínum tíma um lán í fiskveiðastjóði en fékk ekki fyrirgreiðslu þar. Svo var mér loksins boðið stórlán tvívegis, en þá hafði ég beðið eftir láninu í þrjú ár og byggt fyrirtækið upp. Ég svaraði því til, að ég þekkti annan banka betri en fiskveiðasjóð. Það væri Breiðafjarðarbankinn, og þar hefði ég fengið betri og hagstæðari lán. Ég afþakkaði þess vegna lánið.

Útgerð mín hefur alltaf miðast við það að sækja stutt á miðin og með

sem minnstum tilkostnaði. Allir fiskifræðingar eru því sammála og stjórn-málamenn einnig, þó að þeir starfi ekki eftir því, að það eigi að veiða fiskinn á sem hagkvæmasta hátt og með sem minnstum tilkostnaði. Það má benda á, að tilkostnaður togara við að veiða fisk getur farið upp í það, að 50% af aflaverðmætinu fari í að borga olíuna. Vilhjálmur Jónsson hjá ESSO segir mér, að það séu nokkuð mörg dæmi um það. Ég á núna fjóra báta, og síðastliðin átta ár er meðalolíukostnaður hjá þeim bátnum, sem eyðir minnst, innan við 8%, 12% hjá tveimur bátum, sem eru í miðið, og 14% hjá þeim bátnum, sem eyðir mest, af heildaraflanum. Ég tel, að þetta sé hagkvæmasta aðferðin við að veiða fisk, að láta fiskinn koma með sporðaköstum sínum á miðin, því þá eyðir hann ekki orku, sem við þurfum að borga, en við eyðum hins vegar líttillu orku til þess að veiða hann.

Það hafa skipst á skin og skúrir undanfarna áratugi. Það hafa komið kreppu-tímabil, og svo hefur árað betur. Ég heyrði talað um kreppuna á fjórða áratugnum, og þá var veruleg kreppa, vegna þess að þá var tækjaleysi hjá Íslendingum. Ég held, að kreppan þá hafi stafað mest af því, að þá var tækjaleysi að öllu leyti. Svo var talað um mikla kreppu árið 1967. Þá var auðvitað geysileg kreppa að því leyti, að síldveiðar brugðust og það gekk erfiðlega að halda fiskiskipum úti. En ég var svo heppinn, að ég fann ekkert fyrir þeirri kreppu. Þá gerði ég út einn bát, sem ég átti, og verkaði fiskinn af honum og keypti til viðbótar afla af öðrum bátum. Ég fann ekki nokkurn skapaðan hlut fyrir þeirri kreppu. Síðan lauk henni, og á árunum 1969-73 gekk útgerðin vel hjá mér. Árið 1974 var lélegt, en 1975 var mjög gott ár, eitt af þeim bestu. Næstu ár voru sámsleg nema árið 1982 var frekar lélegt, en 1983 var besta árið mitt. Árið 1984 var , eins og ég hef nefnt hér að framan, lélegt og neikvætt. Þar hefur skömmtunin valdið mestu um, hún hefur eyðilagt það að öllu leyti. Kreppan núna er fyrsta kreppan, sem ég finn fyrir, og hún er áreiðanlega sú versta, sem hefur komið yfir Ísland. Ef það hefðu verið til tæki í kreppunni á fjórða áratugnum, hefði engin kreppa verið. Nú eigum við nóg af tækjum og fiskum mikið, en ekkert dugar. Kreppan er samt í algleymingi, aldrei verri en nú. Hún er algjörlega af mannavöldum. Það er ekki hægt að neita því. Hún er af völdum offjárferstingar. Það eru til mörg skip til þess að veiða fáa fiska, sem manni eru skammtaðir.

Málvenjur í Eyrarsveit

Á löngum tíma skapast venjur um notkun forsetninga með staðanöfnum. Hver sveit, hvert pláss, jafnvel bæjarhluti hefur sín einkenni og oft stangast þau á við venjur á landsvísu. Þegar nýir íbúar setjast að koma þeir með sína túlkun á því hvernig taka skuli til orða um ferðir innan héraðs eða milli bæja. Heimamönnum gengur misvel að halda sínum hefðum til streitu og nýir íbúar leggja sig misvel eftir því að tileinka sér þær.


Fyrir fjölmiðlafólk er gott að hugsa sér að vera staddur í þorpinu, í kaup-túninu, í bænum og segja í Grundarfirði. Bærinn Grundarfjörður sem stendur við Grundarfjörð og bæirnir í sveitinni sem eru ýmist við Kolgrafafjörð, við Grundarfjörð eða í Útsveit eru síðan í Eyrarsveit. Stjórnsýsluheiðið er Grundarfjarðarbær.

Miklir flutningar á fólki og nafnabreytingar virka ruglandi og því er rétt að taka saman málvenjur eldri kynslóðarinnar fyrir yngri íbúa, nýbúa, fjölmiðla og gesti. Fyrstu kortin eru miðuð við þéttbýlið Grundarfjörð og samspil þess við aðra bæi í Eyrarsveit og staði utar og innar á Snæfellsnesi.

Talað er um að fara út Snæfellsnes, í vestur og inn Snæfellsnes, í austur. Þegar farið er inn í landið er ekki sagt að fara fram eftir eins og þegar farið er fram dali og sveitir víða á landinu. Á Snæfellsnesi eru fáir dalir og engir í Eyrarsveit. Innsti hluti fjarðanna er kallaður botnar og er farið inn í Eyrarbotn og Hrafnkelsstaðabotn sem eru í Kolgrafafirði og inn í Grundarbotn í Grundarfirði. Nesið sem gengur fram í Breiðafjörðinn á milli Kolgrafafjarðar og Grundarfjarðar er nefnt Framsveit og er alltaf farið fram eftir. Nesið sem er vestan við Grundarfjörð er nefnt Útsveit. Innsveit er kringum Kolgrafafjörð.

Málvenja milli bæja í Eyrarsveit. Ég er að fara ...

Miðað er við ferðir milli þéttbýlisins
Grundarfjarðar og annarra staða í
sveitinni.




Ábyrgðarmaður: Summa Njálslóttir 2009.
Yfirfarið af nokkrum eldri ábúendum og
íbúum í Eyrarsveit.

Málvenja um dvöl á bæjum í Eyarsveit.

Ég er ...

Míðað er við samskipti annarra staða í sveitinni við þéttbýlið Grundarfjörð.



Eyrarsveit fékk mörk sín strax eftir landnám Vestarrs á Eyri og varð seinna stjórnarsýslueining með eigin fjárhag og hreppstjóra. Byggðin var dreifð en þó var þéttbýlt kringum bestu útræðin og voru þeirra stærst Eyrarpláss og Kvíabryggja. Kaupstaður var á Grundarkampi í Grundarfirði með löggildingu Danakonungs árin 1786-1836. Útgerð frá Grundarfirði hófst árið 1906 og var róið frá Framnesi, einnig nefnt Grafarnes. Byggðin þéttist hægt og ekki af alvöru fyrr en íbúar á bæjunum á Kvíabryggju fluttu þangað búferlum um 1940. (Davíð Wíum (2003). Gert út frá Grundarfirði. Í: Fólkið, fjöllin, fjörðurinn, bls. 48-96). Árið 1942 var byggt hraðfrystihús í Grafarnesi og seinna hafskipabryggja. Íbúar völdu árið 1965 að nota nafnið Grundarfjörður um kaптúnið. Með breytingu á stjórnskipan árið 2000 varð sveitarfélagið Eyrarsveit bæjarfélag og nefndist eftir það Grundarfjarðarbær.

Fjölbreytt starf í Grunnskóla Grundarfjarðar

Að venju hefur skólastarfið verið fjölbreytt og skemmtilegt nú í vetur. Eins og myndirnar sýna snýst námið ekki bara um að sitja við sitt borð og lesa og skrifa.



*Skyggst til hafs og
fjaran rannsökuð.*



1. bekkur í vettvangsferð.



Listsköpun í 2. bekk.



3.og 4. bekkur byggja upp gagnkvæmt traust.



Landnámshænu egg í útungunarvél hjá 3. bekk. Fyrsti ungi skriðinn úr egg.



Ungarnir komu hver af öðrum mjúkir og sætir. Þriðjubekkingar hlúðu vel að ungunum sínum.



Samkennsla í 3. og 4. bekk.



Í heilsdagsskóla er gaman að leika og læra.



5. bekkingar leggjast á eitt í uppbyggingu.



6. bekkingar eru duglegir að nýta tölvur við námið.



Ingi Hans og Sigurborg með sagnanámskeið hjá 7. bekk.



Krakkar á miðstigi mála piparkökur fyrir jólin.



Dansæfing hjá 8. bekk.



9. bekkingar saman í frímínútum.



Drengir úr 10. bekk spila í Félagsmiðstöðinni Eden.



Nemendur í starfsdeild smíða tvímenningshjól.



7. bekkur í skólaferðalagi vorið 2009.

Jón Pétursson

Íþróttir

Jón Pétursson, fyrrverandi lögreglumaður, ólst upp í Eyrarsveit til átta ára aldurs og birtir hér kafla úr útkominni ævisögu sinni.

Fljótlega eftir að ég kom suður fór ég að æfa með KR, sem hafði aðstöðu innanhúss í íþróttahúsi Háskólans og reyndar líka í sínu eigin húsi vestur í Skjólum, en langt var að sækja þangað og það því lítið eða ekkert notað af okkur frjálsíþróttamönnum. Þjálfari var Benedikt Jakobsson, íþróttakennari Háskólans. Að öðrum ólöstuðum var hann líklega fremstur þeirra þjálfara og íþróttakennara sem þá voru hér á landi. Hafði sjálfur verið fimleikamaður í fremstu röð. Hans aðalstyrkur sem þjálfari gæti ég trúað að hafi verið grunnþjálfunin. Ná fram líkamsstyrk og þoli. Þá var ekki komið til að auka styrk sinn í tólum og tækjum eða áti á pillum og dufti. Ýsan og lambakjötið þóttu fjandans nóg. Eitthvað heyrði ég nefndan þrúgusykur sem reyndist svo gagnlaus. Það var mikið um staðæfingar hjá Benedikt, klifur í köðlum og rimlum og alls konar hopp og hí. Hann lagði mikið upp úr andlegu hliðinni við að ná árangri, einbeitingu, undirbúningi keppinnar og svo keppninni sjálfri. Honum var mjög hugleikið að andleg orka gæti skipt sköpum í árangri, en hana er vissulega hægt að þjálfá. Afrek vinnast aldrei nema í sérstöku, andlegu ástandi á hvaða sviði sem er. Það var í gamla daga talað um berserksgang, að menn urðu ofsterkir og hömuðust og síðan máttvana eftir. Þetta ástand á sér reyndar stað hjá þjálfuðum manni. Eitt stökk, eitt kast, getur verið svo vel undirbúið andlega að það þarf hvíld um nokkra stund til endurtekningar. Þá var honum hugleikið að gera hávaxna menn sterka og snögga eins og nýverið hefur verið talað um í sambandi við handboltann. Benedikt var leiðbeinandi okkar í fleiru en íþróttum, líka í einka-

lífi, jafnvel ástamálum, og kvenna-
far bar á góma. Við tengdumst
honum sterkum vináttuböndum,
enda maðurinn hlýr en um leið
kröfuharður húsbóndi um árang-
ur. Hann dó um aldur fram að
mér og flestum fannst, rúmlega
sextugur. Benedikt var merkur
persónuleiki og maður sem hafði
mikil áhrif á framgang og fram-
farir í frjálsum íþróttum. Það var
makalaust hvað hann sem þjálfari
KR, Guðmundur Þórarinnsson hjá
ÍR og Stefán Kristjánsson, þjálf-
ari Ármanns, lögðu sig fram og
fórnuðu tíma sínum og kröftum
fyrir okkur íþróttafólkið. Héngu
yfir okkur löngum stundum á
Melavellinum í öllum veðrum og
þá var ekki spurt um tíma eða
fyrirhöfn og ekki pening, sem var
lítið af hjá félögum. Það var hægt að leita til allra þessara manna um aðstoð
og tilsögn, án tillits hvaða íþróttafélagi íþróttamaðurinn tilheyrði.

Á veturna var æft tvisvar í viku, ein klukkustund á mánudagskvöldum
og ein á föstudagskvöldum og þótti nægjanlegt. Þegar svo Melavöllurinn var
opnaður um miðjan apríl og frost var farið úr jörðu, var æft þar fimm daga vik-
unnar. Ekki var komið í tísku að fullorðið fólk væri hlaupandi, gangandi eða
skokkandi út um allar trissur. Var líklega of þreytt til þess konar eftirvinnu.
Ekki heldur hjá okkur íþróttafólkinu. Við létum ekki sjá okkur í íþróttafötum
á almannafæri. Þótti ekki viðeigandi. Monthanagangur og eitthvað þaðan af
verra. Langhlauparar tóku til fótanna þegar rökkvaði og hlupu fáfarnar slóðir.
Ég var viðkvæmur í fótum og þoldi illa harðan Melavöllinn, þegar hann tók að
þorna og komið var fram á sumar og fór því stundum niður í Háskólamýrina.
Ég leit vel í kringum mig þegar ég kom út af vellinum, að sjá hvort einhver væri



Jón Pétursson.



Jón stekkur berfættur á frjásíþróttamóti í Dresden 1959.

á ferli sem sæi til mín. Ef engin umferð var, hvorki af bílum eða gangandi, þá skaut ég yfir Suðurgötuna í hvarf suður yfir hjá Háskólanum. Á fyrstu árum mínum í lögreglunni fyrir 1960 sáum við nokkur vorin, eldsnemma morguns vestur á Melum, þar við blokkirnar, fullorðinn mann á hægfara skokki. Örugglega sér til heilsubótar og hlaupandi af framsýni. Við töluðum um það og í huga okkar var maður þessi ekki með öllum mjalla en létum kyrrt liggja.

Já, margt hefur breyst í viðhorfi og aðstöðu til íþróttaiðkunar og vissulega skapað betri árangur. Í frjálsum íþróttum eru áhöldin orðin öðruvísi. Stöngin í stangarstöckkinu, kringlan, spjótið og sleggjan. Kúlan er þó eins og óbreytt frá því Gunnar Huseby varpaði henni á heimsmælikvarða. Aðferðir og stílar þróast og er það mest áberandi í stangarstöcki og hástöcki. Þá er gjörbylting í yfirborði hlaupa- og aðhlaupsbrauta fyrir stökk með tilkomu gúmmíefnisins tartan og heilu Melavellirnir komnir í hús með öllu. Hvað vill fólk meira? Þá er eftir að telja upp fatnaðinn og skótau, að viðbættum launum og heilsárs-

Á Íslandsmóti innanhúss
1960.

störfum við æfingar og keppni. Mikið lifandis ósköp og skelfing hefði ég og við hinir náð langt við þessar aðstæður. En hvað sem líður um góða og bætta aðstöðu, þá er og verður það alltaf áhuginn, viljinn og metnaðurinn, sem öllu ræður. Hvötin að verða bestur. Íþróttamaðurinn sem nær lengst og setur metið er fyrst og fremst öðruvísi gerður andlega en hinir. Hann hefur í sjálfu sér lítinn eða



engan áhuga á íþróttum. Hefur eitt takmark, að verða bestur. Þegar því er náð hverfur hann oft af vellinum og kemur þangað jafnvel aldrei aftur.

Íþróttiferill minn held ég hafi einkennst af fjölhæfni, þó að hástökk hafi verið mitt aðalfag. Ég gat kastað furðul langt, eins líkamsléttur og ég var, eða 76-78 kg. Sérstaklega átti kringlukast vel við mig enda handleggjalangur. Hafði þróað minn stíl og aðferð vestur í Stykkishólmi og var látinn í friði með það. En eftir að ég hafði sigrað á meistaramóti Íslands 1960 í kringlukasti með nærri 50 m kasti og engin smámenni við að eiga í þeirri keppni, þótti sjálfsagt að fara að kenna mér að kasta kringlu. Þar með lauk getu minni í þeirri íþrótt. Þrístökk án atrennu var eitt þeirra atrennulausu stökkva sem iðkuð voru og keppt í innanhúss meðan íþróttahúsin voru hús en ekki hallir. Hin voru langstökk og hástökk. Ég held að enn sé keppt í þessum íþróttum einu sinni á ári eða svo



Íþróttamenn ársins 1960. F.v.: Hjalti Einarsson, Gerða Jónsdóttir, Gunnlaugur Hjálmarsson, Guðmundur Gíslason, Valbjörn Þorláksson, Svavar Markússon, Jón Pétursson og Vilhjálmur Einarsson. Vilhjálmur var kosinn íþróttamaður ársins og Jón varð í öðru sæti.

sem sýningaratriði og viðhald menningararfs sem við erum svo upptekin af. Vorið 1960 stökk ég 10,08 m í þrístökkinu, sem var íslandsmet og stóð í 26 ár, að annar stökk lengra og hefur enginn bætt það. Met Vilhjálms Einarssonar, í þrístökki utanhúss frá meistaramótinu 1960, 16,70 m, stendur enn og enginn nálgast það. Slíkt er óviðunandi í hálföld miðað við aðstæður nú. Víst var stökkið heimsnetsjöfnun en þykir ekki merkileg vegalengd í dag á heimsvísu. En met hans utanhúss og svo ólympíustökkið er og verður þjóðargarsemi eins og langstökk Skarphéðins á ísum Markarfljóts.

Þar er ekki nóg að æfa af alúð og áhuga, það þarf líka að koma til heppni að meiðast ekki, sem er algengt í íþróttakeppni á þýðingarmiklum stundum og stórmótum. Það sjáum við svo oft núorðið í sjónvarpinu. Þessi heppni virtist mér fjarri og ég lenti í meiðslum á slæmum tíma þegar við blasti að æfingar væru að skila sér. Benedikt þjálfari sagði að einhver fjandi fylgdi mér, en aldrei varð ég var við þann fylgdarmann. Ég braut brjósk í vinstra hné á æfingu í

Þrístökki án atrennu, það hafði verið bleyta á gólfinu og ég rann til. Ég átti í þessum meiðslum í marga mánuði veturinn 1956-57 og leit það illa út að ég og aðrir töldu að íþrótttaferli mínum væri lokið. Loks fór ég til dr. Snorra, þess fræga skurðlæknis, sem skar í hnéð og sagði við mig að ég ætti eftir að stökkva tvo metra á þessum fæti. Sú spá gekk eftir.

Sumarið 1957 var haldið landsmót UMFÍ á Þingvöllum og hafði Sigurður Helgason, samband við mig um hvort ég myndi ekki keppa fyrir HSH á þessu móti. Ég var í engri æfingu en farinn að jafna mig eftir uppskurðinn og sló því til. Þetta var líka skemmtiferð að hitta góða félagana að vestan. Ég keppti í kúluvarpi, kringlukasti og þrístökki, en hástökk gat ég ekki stokkið. Mér til undrunar sigraði ég í þrístökkinu og var strax um kvöldið valinn til keppni við Dani í landskeppni á Melavellinum tveimur dögum síðar. Þar með var endurkoma mín í íþróttirnar ráðin. Veturinn 1959-60 æfði ég vel og undir vorið var ég kominn í feykigóða æfingu, enda stefnan tekin á ólympíuleikana í Róm um sumarið. Þá var það á einni æfingunni í íþróttahúsi Háskólans, að við Hilmar Þorbjörnsson tókum okkur til af fiktí og bjánaskap að sveifla okkur í köðlunum og sjá til hvor næði að kastast lengra. Auðvitað slitnaði festing uppi við loft á þeim kaðli sem ég sveiflaðist í, svo að ég hentist stjórnlaust fram í salinn og skall í hart gólfið á vinstri hlið og mjaðmalið. Ekki lá líf mitt við eins og við tankasmíðina hjá Lýsi hf., en nógu slæmt svo að ég varð að draga úr æfingum og sársauki fylgdi allt sumarið í mjaðmaliðnum, sem reynir á í hástökki á grúfustíl, sem ég stökk og kostaði mig örugglega nokkra sentímetra í hástöckinu, en hver sentímetri yfir tveimur metrum er dýr og þarf að hafa mikið fyrir. Við þetta atvik var Benedikt viss um tilveru fylgdarmanns míns, því að þetta átti ekki að geta gerst, svo vandaður var umbúnaður á festingum kaðlanna í loftinu. Svo var haldið til Noregs á þann fræga völl Bislet í fjögurra landa keppni og reyndar betur, því að Norðmenn voru einnig með b-lið. Þar upplifði ég einkennilega tilfinningu þegar ég gekk inn á völlinn til keppninnar, að ég fann með mér vissu um að ég myndi sigra í hástöckinu. Þægileg tilfinning og laus við áhyggjur að tapa. Þetta varð og ég sigraði og stökk 1,98 m við slakar aðstæður. Hafði verið rigningartíð í Noregi undanfarið og uppstökkstaðurinn því spillst. Þarna keppti ég við Dana, Belga og tvo Norðmenn. Annar Norðmaðurinn hét að eftirnafni því landskunna nafni á Íslandi, Huseby og hafði stokkið 2,03 m þetta sumar, en hinn, Thorkelson, átti norska metið, 2,10

m, en var tekinn að dala í íþróttinni. Heldur var sá norski Huseby full yfir tapinu og tók ekki í hönd mína að keppni lokinni, eins og þótti siðlegt. Þessi sigur minn varð til þess að mér var, ásamt Vilhjálm, sem sigraði í þrístökkinu, og Valbirni Þorlákssyni stangarstökkvara boðið á alþjóðlegt mót um viku síðar á Bislet og átti ég að fá kr. 500. norskar fyrir, sem var allnokkur peningur. Það voru komnir peningar í spilið hjá þeim bestu en fór leynt og í felum. Algengt var á þessum árum að fá alls konar búsaðhöld í verðlaun, brauðristar og vöfflujárn eða útvörp og grammifóna. Svo eftir keppni var skiptimarkaður hjá keppendum. Þá voru líka silfurskeiðar algengar í verðlaun.

Ekki náði ég að keppa á þessu boðsmóti, því að fylgdarmaður minn hinn illi virtist enn mér samferða og það til útlanda. Það var mér nauðsyn að keppa svo að ég næði ólympíulágmarkinu sem voru 2 m og tími naumur. Því var haldið á mót í nágrenni Osló strax að lokinni landskeppninni. Ég stökk 1,80 m sem byrjunarhæð og fór svo hátt yfir að klišur fór um áhorfendur af undrun, sem voru eins og heima á héraðsmótunum fast við gryfjubarminn. Næsta hæð var 1,90 m. Þá gerðist eitthvað því að ég lyftist vart frá jörðu og áhorfendur þögðu. Ég reyndi aftur, en ekkert gerðist. Ég virtist jarðbundinn með öllu. Benedikt var kallaður til og dæmdi að ég væri með heiftarlega sinaskeiðabólgu í sköflungi vinstri fótar, uppstökkssfætinum. Þannig fór það og ég hélt heim félfíllt að vanda og hafði líklega misst af silfurskeiði í safnið. Ég náði mér furðufljótt af bólgunni en missti flugið um tíma, en svo á meistaramótinu 7. júlí í Laugardalnum náði ég ólympíulágmarkinu 2 m og varð þar með fyrstur Íslendinga að stökkva þá hæð og nokkru síðar á Melavellinum stökk ég 2,04 m á æfingu, enda betra að stökkva þar og fannst ég vera orðinn öruggur með 2 metrana. Uppstökkssstaðurinn á Laugardalsvellingum var laus í sér og til að bæta úr því var sementi blandað saman við grúsina, sem auðvitað varð svo að steypu og vægast sagt hart undir fæti. Ekki lagðist ólympíukeppnin vel í mig vegna fyrrsagðra áfalla þetta vor og sumar. Ég átti kost á að fara til keppni í Þýskalandi, sem mér leist betur á, en ólympíuleikar eru alltaf ólympíuleikar og ég hafði unnið til þess að fara á leikana.

Ólympíuleikarnir í Róm 1960 voru mikil hátíð og mikil skemmtun og ekki spillti umgerðin. Rústir, fornminjar og saga við hvert fótmál í þessari miklu borg. Listaverk í styttnum og byggingum hvert sem auga var litið. Við vorum stödd

Jón Þ. Ólafsson og Jón Pétursson á verðlaunapalli. Jón Þ. Ólafsson varð síðar besti hástökkvari landsins til fjölda ára. Maður í heimsklassa.

í borginni eilífu. Uppákomur utan keppninnar voru margar. Heimsókn í veislu hjá Gronki Ítalíuforseta. Litið inn hjá Jóhannesi páfa á Péturstorgi og þegin blessun hans. Farið á söfn og í óperu, kirkjur og katakombur skoðaðar. Við keppendur vorum vel frjálsir og höfðum einkabíl, blæjulausan jeppa, til afnota og bílstjóra með. Sá náungi var síkátur og söng og trallaði

við aksturinn, híaði og hrópaði á fallegar stúlkur á gangstéttunum. Það var hægt að trekkja hann upp með því að kalla til hans „prestó, prestó,“ og þá ók hann sem vitlaus væri og söng og híaði af öllum mætti. Allir voru syngjandi að mér fannst og svo undurglaðir, þjónustufólkið í ólympíuþorpinu okkar, ræstingakonur og sóparar. En stutt var í vonda skapið. Ég sá menn steyta hnefa framán í hvern annan undir stýri og flautan óspart notuð, jafnvel að öikumenn



ruku út úr bílum sínum í umferðinni til að skammast. Svo var skyndilega allt búið og bros og söngur braust fram. Dómaní, dómaní, á morgun, á morgun, voru viðbrögð við nær öllum beiðnum og óskum. Ef fönguleg stúlka gekk um í strætó eða spurvagni, sneru karlmenn sér við og flautuðu og skríktu á eftir henni. Ég átti þess kost löngu síðar að dvelja norðar í landinu, upp við fjöllin. Þar var fólk öðruvísi og lét tilfinningar sínar ekki í ljós á almannaferi með sama hætti og karlmenn greinilega ekki eins kvensamir þar. Þessar heitu, suðrænu skapsveiflur og léttúð fyrir vandamálum liðandi stundar voru eitthvað farnar að pirra okkur norðurhjaramenn af framsóknarættum, því að þegar við yfirgáfum Róm í flug til Berlínar, var auðvitað farið með okkur á rangan flugvöll. Og eftir að það var leiðrétt og þar sem við stóðum í þröng með allt okkar hafurtask, viðskotailir að láta innrita okkur til flugtaks, þá komu tveir lögregluþjónar fasmiklir og reiðilegir og með þeim greinilega starfsmaður flugvallarins, sem umyrðalaust benti á Svavar Markússon hlaupara. Og laganna verðir höfðu engin umsvif, heldur tóku hann föstum tókum úr þrönginni og leiddu á brott á milli sín og starfsmaðurinn þar á eftir. Eitthvað stórt hafði gerst. Brynjólfur Ingólfsson fararstjóri sá þetta sem við öll og brá sér þegar á eftir hópnum. Nú var beðið í eftirvæntingu, og að góðri stundu liðinni kom hersingin, embættismenn, Brynjólfur og hinn handtekni og létt yfir mönnum en sungu ekki. Þarna hafði það gerst við komu okkar til flugvallarins, að Svavar hafði hrópað að burðarmönnum á farangri okkar „stupido, stupido,“ sem útleggst víst bjánar og fífl og þeir strax kært hann til lögreglu staðarins. Í yfirheyrslu yfir Svavari að viðstöddum Brynjólfi, sem var nokkuð mæltur á ítölsku, bar hann að Svavar hefði alls ekki hrópað þessum móðgandi orðum að verkamönnunum stupido, heldur supido, sem hefur þá merkingu að flýta sér. Þar með leystist þetta leiðindamál að Svavar hefði móðgað hina stoltu verkamenn. Og allir aðilar ítalskir urðu undurglaðir við þessa skýringu á orðabrenglinu, en ég vissi að Svavar bölvaði í hljóði á íslensku.

Það var heitt í Róm þessa daga og hitabylgja gekk yfir, sem dró mátt úr íþróttafólki frá kaldari svæðum. Það þekkja allir Íslendingar nú orðið hvað yfir 40° merkir og engin loftkæling í herbergjum. En matur var góður og mikill. Aldrei hef ég gramsað í eða valið úr öðrum eins ósköpum af mat og ekki þurft ég að að borga fyrir. Skáli var í þorpinu þar sem keppendur komu saman að hlusta á tónlist og gera eitthvað gaman og sumir fengu sér snúning. Þangað kom



Útkastið í sigurkastinu, 49,98 m á meistaramótinu 1960.

einn daginn hópur af heimsfrægum kvikmyndaleikurum, stjörnum prýddir og sumir alla leið frá Hollywood, Rock Hudson, Sandra Dee og aðrir sem ég kann ekki að nefna. Þetta fólk vann að töku kvikmyndar í borginni. Reyndar áttum við Hollywoodleikara í okkar röðum, Pétur Rögnvaldsson (Peter Ronson), úr þeirri frægu kvikmynd „Leynardómar Snæfellsjökuls“ og tilfellið var að margur maðurinn og konan þekktu hann á götu og sneru sér við, því að myndin hafði nýlega verið sýnd í Róm. Ég sé á lítilli úrklippu úr Alþýðublaðinu frá þessum tíma, að ég hafi hitt að máli þá frægu, ítölsku kvikmyndaleikkonu og bombu, Ginu Lollobrigittu, líklega þennan dag og fengið hjá henni eiginhandararitun. Eina afrek mitt í þessari ferð og því fréttæmt. Þess var ekki getið að ég hefði þegið lengri fund með konunni. Annar samfundur er mér minnistæðari og nær áhugamálum mínum þá, þegar ég hitti hinn mikla kringlukastara Ítala, Konsólíni, fyrrverandi heismethafa og ólympíusigurvegara í London 1948 í kringlukasti og hlaut aðdáum hans og undrun þegar við köstuðum kringlunni úr sama hringnum á æfingavelli einhvers staðar í borginni. Að



Óvæntur sigurvegari í kringlukasti á meistaramóti Íslands 1960 gegn bestu og þekktustu kringlukösturum landsins í áraraðir. F.v.: Hallgrímur Jónsson, Jón og Friðrik Guðmundsson.

ég þessi beinahrúga gæti kastað að 50 m kastgeira, sem var merktur í völlinn, virtist honum óskiljanlegt. Kastlengd til að komast í aðalkeppnina á þessum leikum var 55 m. Svavar Markússon tók svo mynd af okkur og er hún einhvers staðar til. Konsúlíni keppti í kringlukasti á leikunum og sór ólympíueiðinn fyrir hönd keppenda. Fleiri frægir sáuust á þessum leikum. Rétt hjá

okkur næst áhorfendastúku keppenda sátu hjónakornin Grace Kelly og Rainier fursti, þá að mig minnir nýgift, og var fylgst með þeim í sætum þeirra ekkert síður en því sem fram fór á vellinum.

Svo var það keppnin í frjálsum íþróttum sem vekur alltaf mesta athygli keppnisgreina á Ólympíuleikunum. Stórkostlegt var að verða vitni að ólympíu- og heimsmetum við fögnuð þúsunda. Þrautaganga mín og vonbrigði með árangur á leikunum hófust í mikilli sknúðgöngu þátttakenda snemma morguns úr ólympíuþorpinu og á aðalleikvanginn, þar sem hylling og seremoníur alls konar við söng 2000 manna kórs fóru fram. Gangan tók sinn tíma því ekki var farið hratt yfir í steikjandi hita þegar á gönguna leið. Þetta var ganga sem var á við strembna smalamennsku og sat í fótunum. Af mörgum er hástökkkeppnin í Róm talin sú eftirminnilegasta sem fram hefur farið á ólympíuleik-

um. Talið var víst að Bandaríkjamaðurinn Thomas myndi sigra, enda sagður öruggasti sigurvegari leikanna. Hann var heimsmethafi með árangur langt umfram aðra, 2,25 metra. En það fór nú samt svo að hann varð í þriðja sæti og mátti þakka fyrir. Sigurvegari varð Rússinn Sevlakadse sem stökk 2,16 metra af miklu öryggi. Annar varð líka Rússinn Brumel með 2,14 metra, svo Thomas með sömu hæð. Brumel þessi átti síðar eftir að setja mark sitt á hástökk í heiminum og setja heimsmet í greininni, þar til hann slasaðist illa. Hann var líklega mesti hástökkvari allra tíma, ekki hávaxinn en með óskaplegan stökkkraft. Fjórði í keppninni varð svo Rússi með 2,14 metra. Fimmti varð Svíinn Petterson með 2,12 metra. Svo kom langt bil niður í 2,03 metra sem sjötti maður stökk og allur hópurinn sem hafði komist í aðalkeppnina. Þarna hefði ég átt að vera og mátti teljast sanngjarnt því að í þessum hópi voru menn sem ég þekkti og hafði keppt við. Ég byrjaði á 1,90 metrum og síðan 1,95 metrum sem ég fór yfir í fyrstu tilraun, svo ég var nokkuð viss um að ég færi 2 metrana sem þurfti í aðalkeppnina, en ekki varð svo. Það tók sig eitthvað upp í stökkfætinum eins og í Noregi fyrr um sumarið, að stökkkrafturinn bilaði. Ég var mjög óánægður og er það enn að hafa ekki komist í hóp þeirra sem fóru yfir 2 metrana. Missti þarna tækifæri til að verða í fremstu röð eins og dr. Ingimar Jónsson íþróttfræðingur sagði við mig fyrir skömmu. Vilhjálmur Einarsson varð fimmti í þrístökkinu sem var frábær árangur en átti samt að vera framar að mínu mati. Var óheppinn að vindi sló fyrir á vellinum og ekki víst hverjir lentu í mótvindi eða logni. Þá varð leiðindauppákoma vegna misskilnings áhorfenda þegar Rússinn Kreer tók ekki í framréttu hönd þeldökks Bandaríkjamanns og þurfti ekki meira til fyrir skapheita Ítala, sem trylltust á áhorfendabekkjunum við atvikið og varð röskun á þrístökkskeppninni í þann mund sem Vilhjálmur átti að fara að stökkva. Þá munaði sáralitlu að Svavar Markússon kæmist upp úr riðli í 1500 metra hlaupinu, spurning um seinustu 50 metrana. Hann setti íslandsmet og var svo að þrotum kominn að hann var borinn út af vellinum á sjúkrahöfum. Mikill hiti var þegar hlaupið fór fram. Það var haldið til Sveren í Austur-Þýskalandi í landskeppni að leikunum loknum, en eftir þá keppni datt botninn úr frjálsum íþróttum á Íslandi, þar sem margir með góðan árangur æfðu samtímis og kepptu. Síðan þá hefur einn og einn verið áberandi og það í fremstu röð í heiminum. Ég heyrir nú að frjálsar íþróttir séu á uppleið og margt efnilegt ungt fólk að koma fram.



Gunnar Huseby, Guðmundur Hermannsson og Jón Pétursson á Íslandsmóti innanhúss 1961.

Í lok mars 1961 hélt ég til Svíþjóðar, til Malmö og var þar fram á haust við æfingar og keppni hjá því fræga íþróttafélagi M.A.I. Ég ætlaði að snúa mér að tugþraut þar sem árangur minn í mörgum greinum var áberandi góður og ég var hvattur til þess. Um hafði verið talað við forráðamenn M.A.I að ég fengi starf á íþróttavöllum borgarinnar sem væri áreynslulítið og nægur tími gæfist til æfinga. Reyndin varð önnur og auðvitað vann ég eins og aðrir starfsmenn svíkalaust. Ég átti þess kost að fara frá félaginu til Danmerkur og þar til starfa en fannst það ekki betri kostur. Fæði var lélegt og illa útilátið, og ég borðaði á matsölustöðum eftir hentugleikum. Þegar ég bað um ábót á matinn fékk ég kartöflur á diskinn. Alls staðar fannst mér naumt skammtað, líka í heimahúsum og séð eftir hverjum bita sem niður í mig fór. Þetta var líklega ímyndun ein hjá mér svöngum manningum. En eitt var ekki ímyndun, þegar ég fyrsta daginn í vinnunni braut þá hefð óviljandi að drekka lítinn bolla af kaffi í kaffitímanum kl. 11.00 f.h. Ég drakk tvo bolla. Ekki braut ég þessa hefð aftur, því að svo var

augnaráð vinnufélaga minna stingandi, enda kaffisopinn greiddur af okkur sjálfum, ein króna sænsk á viku. Aldrei var boðið kaffi eða aðrar veitingar þeim starfsmönnum af öðrum íþróttavöllum, sem komu á kaffi- eða matmáls tímum. Sama var með okkur ef við vorum staddir hjá þeim á þessum tíma. Ýmsir aðrir smámunir í fari Svía féllu mér ekki í geð þetta sumar. Það stafaði auðvitað af ólíku uppeldi, siðum og viðhorfum. Mér leiddist þetta sumar og undir lokin var ég kominn með heimþrá. Best við Malmö fannst mér hve stutt var yfir sundið til Kaupmannahafnar. Þegar á sumarið leið tók ég að missa mátt og um leið áhugann. Ég hafði komið í góðu formi úr höndum Benedikts og stökk fljótlega 1,98 metra á móti skömmu eftir komu mína til Malmö. Svo var það einn daginn síðla sumars, þar sem ég var einn á æfingu að löngun til afreka í íþróttum hvarf mér eins og dögg fyrir sólu, eins snögg og hún hafði hafist og kviknað við Grundarána fyrrum. Það var svo sem ekki allt slæmt við dvölinna í Malmö og á ég þaðan minningar um keppni og ferðalög um Suður-Svíþjóð, Danmörku og langt keppnisferðalag til Vestur-Pýskalands. Hjá félaginu var margt af ungu og efnilegu fólki sem leit frekar til félagsskaparins, að vera innan um hvert annað og var ánægt með árangur sinn án þess að setja met eða ná stórkostlegum árangri. Öfugt við hér heima þar sem allir urðu að verða meistara eða methafar og það á skammri stund en hætta ella. Þá var þarna í Malmö 1961 almenningur farinn að stunda líkamsrækt, svo sem skokk og þátttöku í ýmsum leikjum og undarlegum íþróttum, enda útivera og hreyfing og draumar um „hyttur“ út í skógi og gutl á bátum þeim mjög hugleikið. Þetta heyrði ég í vinnunni og líka sem var mér framandi, að menn töluðu um að hætta að starfa sem fyrst og helst ekki síðar en sextugir og halda út í skóg. Öll opin svæði og íþróttasvæði tóku að fyllast af fólki upp úr klukkan þrjú á daginn, því að vinna hófst snemma og snemma var hætt. Undir það síðasta var ég farinn að sjá fyrir mér og finna ilm af saltkjöti og baunum þegar ég sat að snæðingi með eitthvert léttmeti á diskinum og farinn að þrá lárétta rigningu með tilheyrandi í góðviðri haustsins. Þá var kominn tími að láta niður í töskuna og halda heim.

Ekki hætti ég íþróttaiðkun eða keppni á næstu árum, en tók þátt með öðru hugarfari og á öðrum forsendum. Ég var frambærilegur hér á landi í köstum í mörg ár. Geta mín í íþróttum einkenndist af fjölhæfni fyrst og fremst. Ég held að ég hafi haft líkamlega burði og rétta skapgerð sem þarf að fylgja til að ná

langt. En óheppni elti mig með meiðslum og öðrum erfiðum aðstæðum sem urðu mér til trafala. Ég náði samt að verða í öðru sæti í vali íþróttufréttamanna á íþróttamanni ársins 1960 á eftir Vilhjálmi Einarssyni, svo að fleiri voru sama sinnis. Þetta tímabil með þátttöku í íþróttum og síðan félagsstörfum þeim tengdum var skemmtilegur og uppbyggilegur tími, en mest um vert að kynnst fjöldi fólks sem ég hef verið samferða síðan, en nú tekur að þynnast flokkurinn. Að telja upp og segja frá öllum þeim frábæru íþróttamönnum sem ég var samtíma verður að bíða betri tíma, ef mér verður sá tími gefinn úr þessu. En á einn verð ég að minnst sem mér hefur þótt bera af að líkamlegu atgervi og hæfileikum til íþróttaafreka, sem var Gunnar Huseby. Honum kynntist ég reyndar ekki sem íþróttamanni fyrr en hann var kominn af léttasta skeiði og búinn að ná sínum miklu afrekum, en hann tók að æfa og keppa með okkur í KR 1957 eftir langt hlé. Það þurfti ekki lengi að horfa til hans að sjá hæfileika sem fáum eru gefnir. Þetta mikla afl, lagni við kastáhöldin, mýkt kattarins, stökkkraft og meðfædda snerpu. Maður með slíka hæfileika fæðist ekki nema einu sinni á öld. En á honum sannaðist að ekki er sama gæfa og gjörvuleiki. Kynni okkar urðu meiri er árin liðu og á erfiðum stundum í lífi hans og líka þegar tók að birta upp og hann vann sinn stærsta sigur að eigin sögn í glímunnni löngu og ströngu við „Bakkus“ og átti svo mörg góð ár laus við þann fjanda, allt til æviloka. Hann var einfari, ég held þokkalega greindur. Hafði gaman af skák og frásagnagáfan listileg. Hann sagði að ég væri vinur sinn. Ég kann sögur af Gunnari en ætla líka að geyma þær með mér um stund.

Fermingarbörn 1949–2009

Fermingarbörn í Setbergskirkju 1949
Prestur séra Jósef Jónsson



Fermingarbörn ársins 1949. Myndin var tekin árið 1999.

<i>Nafn</i>	<i>Kennitala</i>	<i>Heimili</i>
Arndís Árnadóttir	240235-3669	Hellnafelli
Arnór Páll Kristjánsson	091035-3329	Eiði
Bára Bergmann Pétursdóttir	021235-3269	Grafarnesi

Björk Guðlaugsdóttir	251235-3179	Grafarnesi
Emil Jónasson	210235-8259	Berserkseyri
Guðrún Geirmundsdóttir	130935-0000	Berserkseyri
Halldóra Guðrún Ólafsdóttir	110835-4189	Grafarnesi
Herdís Bjarney Guðmundsdóttir	120735-2099	Grafarnesi
Hólmfríður Gísladóttir	060935-4759	Grafarnesi
Jóhanna Jóhannesdóttir	120935-2839	Vindási
Jóhannes Páll Pétursson	240235-0000	Naustum
Ólafur Garðar Þórðarson	271235-3999	Grafarnesi
Sigurður Sigurðsson	160835-5759	Grafarnesi
Þorbjörg Stefanía Jónasdóttir	241135-3739	Grafarnesi

Fermingarbörn í Setbergskirkju 17. maí 1959
Prestur séra Magnús Guðmundsson

<i>Nafn</i>	<i>Kennitala</i>	<i>Heimili</i>
Aagot Emilsdóttir	020345-4469	Nesvegi 5
Ágúst Breiðfjörð	061245-2439	Grundargötu 6
Áslaugur Ingiberg Jeremíasson	180445-7499	Sigurhæðum
Búi Steinn Jóhannsson	141045-7419	Kverná
Danelía Guðrún Kristjánsdóttir	211045-4699	Grundargötu 41
Halla Elimarsdóttir	200645-3329	Grundargötu 7
Hjörtur Mýrdal Sigurjónsson	110845-4059	Grundargötu 26
Jóhanna Ingvarsdóttir	070745-2089	Kolgröfum
Jón Geirharðsson	281044-4869	Reykjavík
Sigurbjörg Karlsdóttir	020445-3439	Borgarbraut 2

Fermingarbörn í Grundarfjarðarkirkju og Setbergskirkju 25. maí 1969
Prestur séra Magnús Guðmundsson

<i>Nafn</i>	<i>Kennitala</i>	<i>Heimili</i>
Ásdís Hinriksdóttir	030755-4059	Borgarbraut 6
Ásrún Jónsdóttir	030355-4159	Hlíðarvegi 1
Benedikt Viggó Högnason	030755-4139	Borgarbraut 9



Dagbjört Berglind Helgadóttir	160955-5709	Nesvegi 3
Elísa Anna Friðjónsdóttir	060355-4879	Eiði
Guðlaugur Þór Pálsson	290555-7449	Hrannarstíg 12
Gunnar Hjálmarsson	090855-3609	Hamrahlöð 1
Gústaf Haukur Gauti Þorsteins.	290755-4689	Innri-Gröf
Helga Gróa Sigurðardóttir	030855-2489	Grundargötu 6
Helgi Sigurðsson	011255-0000	Grundargötu 31
Ingi Hans Jónsson	240255-7749	Grundargötu 26
Ingi Þór Guðmundsson	090555-4809	Grundargötu 18
Jakobína Hrund Einarsdóttir	020855-2419	Grundargötu 15
Jónas Þorkell Þorvaldsson	160655-2919	Hlíðarvegi 11
Kristín Þorgrímsdóttir	220755-4799	Hlíðarvegi 6
Lilja Sigurdís Sigurðardóttir	100955-5719	Mýrum
Ómar Bergmann Elísson	070655-3819	Grundargötu 29
Páll Guðfinnur Elíasson	070955-5989	Grundargötu 12
Sigríður Ingibjörg Gísladóttir	170755-5619	Hlíðarvegi 15
Sigurrós Erna Eyjólfadóttir	151255-5239	Grundargötu 28

Fermingarbörn í Grundarfjarðarkirkju og Setbergskirkju 1979
 Prestur séra Jón Þorsteinsson



<i>Nafn</i>	<i>Kennitala</i>	<i>Heimili</i>
Anna María Reynisdóttir	280565-3939	Grundargötu 5
Anna Njálsdóttir	190165-3969	Suður-Bár
Arnór Ingólfsson	181165-3169	Fagurhóli 2
Ásta Bára Pétursdóttir	150565-4809	Grundargötu 10
Ásthildur Elva Kristjánsdóttir	130565-5739	Skallabúðum
Bergþóra Sigurðardóttir	271265-3369	Grundargötu 31
Guðný Lóa Oddsdóttir	260865-3079	Borgarbraut 3
Guðrún Ingibjörg Gunnarsdóttir	060565-5389	Hlíðarvegi 25
Gunnar Ragnarsson	250865-3849	Fossahlíð 4
Gunnar Þór Sæþórsson	241265-3669	Sæbóli 7
Jóhann Garðarsson	060265-4379	Grundargötu 47
Kristín Hrönn Pálsdóttir	110665-3779	Hrannarstíg 12

Ásthildur, séra
Jón og Anna.



Kristján Sigurðsson	120265-3429	Eyrarvegi 17
Ragnar Þór Alfreðsson	291165-3549	Hrannarstíg 14
Ragnheiður Ágústsdóttir	271065-8099	Fossahlíð 5
Rúnar Ólafsson	210765-4989	Sæbóli 11
Sigrún Þórólfsdóttir	131065-3459	Grundargötu 53
Svava Einarsdóttir	150865-3959	Fagurhólstúni 4
Sveinbjörn Halldórsson	290765-4399	Hrannarstíg 5
Sævar Gíslason	030365-4109	Hrannarstíg 4
Valdís Kjartansdóttir	231265-5389	Borgarbraut 10
Ægir Berg Elísson	070965-3809	Grundargötu 43

Fermingarbörn í Grundarfjarðarkirkju og Setbergskirkju 1989
Prestur séra Jón Þorsteinsson

<i>Nafn</i>	<i>Kennitala</i>	<i>Heimili</i>
Davíð Hansson Wium	270575-6179	Sæbóli 46
Héðinn Rafn Rafnsson	240775-5739	Gröf

Hugrún Dögg Magnúsdóttir	281275-2919	Eyrarvegi 5
Jón Guðnason	080875-4449	Eyrarvegi 24
Lísa Ásgeirsdóttir	150975-3959	Sæbóli 34
Steinar Nói Kjartansson	180375-4229	Setbergi
Svanhildur Rós Guðmundsdóttir	240275-5629	Grundargötu 56
Þorgerður Sólveig Jónsdóttir	200875-5759	Eyrarvegi 26
Þorkatla Ragnarsdóttir	090675-4949	Grundargötu 28
Þorsteinn Sigurlaugsson	010975-3369	Grundargötu 47

Fermingarbörn í Grundarfjarðarkirkju og Setbergskirkju 1999
Prestur séra Karl V. Matthíasson



<i>Nafn</i>	<i>Kennitala</i>	<i>Heimili</i>
Aðalsteinn Valur Grétarsson	070385-3769	Grundargötu 88
Axel Björgvin Höskuldsson	210885-4129	Grundargötu 10
Berglind Bergsdóttir	061085-3439	Fagurhólstúni 2
Dóra Lind Pálmarsóttir	010485-2829	Sæbóli 30



Einar Hallgrímsson

130385-3119

Fossahlíð 3

Eymar Eyjólfsson

110185-2949

Fagurhólstúni 14

Guðný Rut Guðnadóttir

121185-3269

Grundargötu 42

Helga Sjöfn Ólafsdóttir

310885-3049

Hlíðarvegi 13

Hulda Magnúsdóttir

181085-2239

Sæbóli 32



*Fermingardrengir frá
Setbergskirkju, Axel
Björgvin Höskuldsson
og Þorkell Máni
Þorkelsson ásamt séra
Karli V. Matthíassyni.*

Ingibjörg Ósk Helgadóttir	160185-2609	Smiðjustíg 5
Jóhann Haukur Þorsteinsson	070285-2159	Grundargötu 76
Kristín Lilja Friðriksdóttir	270985-3009	Fellasneið 10
Kristófer Kristófersson	100485-2309	Fagurhólstúni 9
Nanna Vilborg Harðardóttir	140885-2829	Grundargötu 78
Óttar Guðlaugsson	130785-2989	Sæbóli 1
Sine Kastbjerg Sveinsdóttir	131284-2099	Hrannarstíg 10
Tryggvi Hafsteinsson	040685-2359	Grundargötu 92
Víkingur Hermann Guðjónsson	111085-2779	Grundargötu 47
Þorkell Máni Þorkelsson	230285-4119	Sæbóli 25
Örn Eiríksson	191285-2559	Grundargötu 66

Fermingarbörn í Grundarfjarðarkirkju 26. apríl 2009
Prestur Aðalsteinn Þorvaldsson



Brynja Sif Sigurjónsdóttir	160195-2589	Fagurhólstúni 2
Burkni Þór Berglindarson	050495-3109	Bergi
Jóhann Skúli Ólafsson	290695-3259	Mýrum
Samúel Pétur Birgisson	140595-2769	Eyrarvegi 21

Séra Aðalsteinn Þorvaldsson
og Maren Sif Árnadóttir.



Sigrún Aðalheiður Eiríksdóttir	120295-2419	Ölkelduvegi 25
Snædís Ólafía Einarisdóttir	270895-3019	Grundargötu 55
Sólveig Ásta Bergvinsdóttir	270395-2879	Hlíðarvegi 3
Sveinn Pétur Þorsteinsson	030295-2429	Fagurhóli 3

Fermingarbörn í Setbergskirkju 31. maí 2009
Prestur Aðalsteinn Þorvaldsson

Maren Sif Árnadóttir	140595-2099	Vatnabúðum
----------------------	-------------	------------

Fermingarbörn í Grundarfjarðarkirkju 31. maí 2009
Prestur Aðalsteinn Þorvaldsson

Daníel Gunnarsson	170795-3349	Fellasneið 14
Guðbjörg María Ágústsdóttir	211095-2109	Fossahlíð 4
Halldór Hrafn Hinriksson	241095-3559	Sæbóli 11
Hallmar Gauti Halldórsson	270895-2639	Fossahlíð 7
Heiðís Lind Kristinsdóttir	250495-3079	Fagurhóli 5



Hugljúf María Tómasdóttir	120595-2379	Sæbóli 30
Jóhannes Geir Guðmundsson	250595-3369	Sæbóli 42
Marín Helga Jónsdóttir	280695-2549	Grundargötu 45
Sandra Rut Steinarsdóttir	151295-2589	Fellasneið 26
Sigurbjörn Bjarnason	281095-3159	Eiði
Stefán Jón Friðriksson	260495-3729	Grundargötu 66

Bára B. Pétursdóttir

Enginn veit sína ævina fyrr en öll er

Ég var beðin að rifja upp minningar frá því fyrir 60 árum. Auðvitað man ég vel fermingarárið mitt 1949. Þetta var ár mikilla breytinga hjá fjölskyldu minni. Mamma og pabbi brugðu búi haustið 1948 á Látravík og fluttu í þorpið í Grafarnesi. Allir bæir í Útsveit voru þá komnir í eyði nema Lárkot, Mýrar, Háls og Krossnes. Ekkert vegasamband, enginn sími né rafmagn.

Ég fór um haustið til Reykjavíkur til föðursystur minnar Olgu og Jóhanns Magnússonar og gekk í Laugarnesskólann, hafði verið þar líka veturinn áður. Skólinn var tiltölulega nýr og hann var mjög metnaðarfullur. Félagslífið var gott og mikið gert fyrir nemendur, sem sagt skemmtileg dvöl þar.

Ég fór eftir áramótin í fermingarfræðslu hjá séra Magnúsi Runólfssyni, yndislegum manni og mjög sannfærandi í sinni kennslu. Líka var hjá honum fermingarsystir mín hún Hólmsfríður Gísladóttir, en hún átti líka að fara vestur um vorið að fermast.



Bára B. Pétursdóttir.

Það var mikið um að vera í bænum þennan vetur og í fyrsta sinn heyrði ég talað um pólitík og flokkadrætti og vel man ég mótmælafundinn við Alþingishúsið 30. mars.

Eftir að skólanum lauk um 20. maí þurftum við Hólmfríður að fara vestur, áttum að mæta í einn tíma hjá séra Jósep fyrir ferminguna.

Við lögðum af stað með rútu til Stykkishólms 26. maí. Í henni var megnið af farþegunum skólafólk að fara heim. Aðallega voru þetta nemandar frá Laugarvatni. Með okkur var líka amma hennar Hólmfríðar, Guðrún, öldruð kona en hress og skemmtileg. Þegar við komum í Hvalfjörðinn var farið að snjóa og í Borgarnesi var kominn blindbylur. Vegurinn var líka ekkert til að hrópa húrra fyrir. Við komumst að Vegamótum síðla dags og þá var fjallið orðið ófært og enn snjóaði mikið. Hjónin sem ráku þá veitingastaðinn, þau Áslaug og Gissur, tóku vel á móti okkur og bjuggu um alla eins og hægt var. Við nutum gömlu konunnar því að þau gengu úr rúmi fyrir okkur, en hinir sváfu á gólfi veitingastofunnar.

Um morguninn var lagt af stað aftur og komið var logn og sól. Mikill snjór var og þurfti að moka í brekkunum. Uppi á miðju Kerlingarskarði gáfust Hólmarar upp og fóru heim á skíðum, sem þeir áttu á toppi bílsins. Niður komumst við eftir fjóra tíma. Þar kom Nói, bóndi í Vindási, með jeppann sinn að sækja okkur og Guðrúnu, móður sína, en jeppinn sat fastur og komst ekkert fyrir snjó. Við urðum því að ganga yfir hraunið eða vaða snjóinn í hné. Nói hljóp á undan og hvernig hann rataði slóðina sem ekki mótaði fyrir veit ég ekki, en við fylgðum á eftir í slóðina hans og vorum komnar út á brúnina að vestan þegar Nói kom með hest handa Guðrúnu.

Í Hraunfirði fengum við að borða og Páll bóndi fór að hafa til jeppann sinn til að keyra okkur út á Vindás. Við komum þangað undir kvöld og Borga dreif okkur í háttinn og það var nú gott. Pabbi sótti mig svo á hádegi daginn eftir. Það tók 2½ sólarhring að komast heim frá Reykjavík.

Við fermdumst 6. júní, en þá var enn snjór í öllum lautum og lægðum, en holtin komin upp úr sólbráð síðustu viku og lambgras í blóma og brosandilækjasóleyjar undan brúnum skaflanna.

Um sumarið vorum við í Látravík að heyskap. Þau áttu tvær kýr og höfðu þær hjá sér á veturna. Um haustið fór ég svo í Héraðsskólann á Laugarvatni og það var lífsreynsla út af fyrir sig. Ég var þar um jólin og áramótin ásamt 25 öðrum

nemendum, flestum af Austurlandi, en þarna voru nemendur úr öllum landslutum. Ég hef hitt nokkra þeirra á Sæludögum eldri borgara á Hótel Örk.

Allir unglingar ættu að fara út á land í heimavistarskóla, en það er sjálfsagt öðruvísi núna eftir 60 ár. Hann Bjarni á Laugarvatni hélt vel utan um ástandið þarna.

Svona var þetta ár og svo tók lífsbaráttan við og sú slóð sem forlögin úthluta okkur.

Ég hefði nú viljað vera lengur með fermingarsystkinum mínum og eiga með þeim minningar.

Kærar kveðjur til þeirra allra.

Annáll 2008

Í janúarlök var tekin fyrsta skóflustunga að byggingu nýrrar reiðhalla, Snæfellingshallarinnar ehf. Hún verður byggð fyrir styrk frá ríkinu, hlutafjárframlag Grundarfjarðarbæjar og hlutafjárframlög frá Hesteigendafélagi Grundarfjarðar o.fl. aðilum. Styrkurinn frá ríkinu kemur í framhaldi af ákvörðun landbúnaðarráðherra fyrir nokkrum árum þegar framleiðnisjóður landbúnaðarins var lagður niður og skyldi nýta sjóðinn til að ýta undir eflingu hestamennsku á landsbyggðinni. Fyrstu skóflustunguna tók bæjarstjórnin, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, og síðan var boðið til kaffisamsætis í félagsheimili Hesteigendafélags Grundarfjarðar, Fákaseli.

Í byrjun febrúar var haldinn opinn íbúafundur á vegum stefnumótunarverkefnis Grundarfjarðarbæjar. Til fundarins voru boðaðir allir sem hafa hagsmuni



Fyrsta skóflustungan tekin að fyrirhugaðri reiðhöll.

Dögg Mósesdóttir skálar við Þóreyju Jónsdóttur í til-efni af opnun Northern Wave kvikmyndahátíðarinnar.



af hvers konar ferðþjónustu og þeir sem áhuga hafa á málefnum. Vel var mætt á fundinn og mikill hugur í viðstöddum. Í kjölfarið upphófst metnaðarfull vinna með aðkomu hagsmunaaðila og annarra áhugasamra. Ráðgjafarfyrirtækið Alta hafði umsjón með vinnu við stefnumótun með bæjaryfirvöldum. Vonir eru bundnar við það að slík stefnumótun muni leggja grunn að markvissri markaðssókn ferðþjónustuaðila í byggðarlaginu til framtíðar.

Í febrúar var einnig haldin í fyrsta sinn alþjóðlega kvikmyndahátíðin Northern Wave. Dögg Mósesdóttir sá um skipulag hátíðarinnar og þótti takast vel til. Um 70 stuttmyndir og tónlistarmyndbönd frá 12 löndum voru sýnd og einnig voru skemmtilegir viðburðir, fyrirlestrar og uppákomur víðsvegar um bæinn þá daga sem hátíðin stóð.

Jón Pétur Pétursson var í mars ráðinn verkefnastjóri yfir mannvirkjaframkvæmdum fyrir Unglingalandsmót UMFÍ sem haldið verður í Grundarfirði. Jón Pétur er byggingarfræðingur að mennt og hefur séð um hönnun, útboð og eftirlit með framkvæmdum fyrir mótið sem og önnur verkefni ásamt tæknideild bæjarins. Mörg verkefni hafa verið leyst af hendi og má þar nefna íþróttavelli, sparkvelli, tjaldsvæði o.fl.

Í maí tók Jónas Víðir Guðmundsson til starfa sem markaðsfulltrúi Grundarfjarðarbæjar. Ákveðið var að ráða markaðsfulltrúa í þeim tilgangi að



Fulltrúar sveitarfélaganna á Snæfellsnesi ásamt forseta Íslands við afhendingu vottunar frá Green Globe.

koma byggðarlaginu enn frekar „á kortið“ eins og sagt er. Markaðsfulltrúi mun sinna almennri markaðssetningu byggðarinnar sem og mannlífi og starfsemi ýmiss konar, efla atvinnulíf og styðja við frumkvöðlastarf.

Sveitarfélögin á Snæfellsnesi, Eyja- og Miklaholtshreppur, Grundarfjarðarbær, Helgafellssveit, Snæfellsbær og Stykkishólmsbær auk Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls, tóku hinn 8. júní formlega á móti vottun frá alþjóðlegu



Grundfirðingar tóku vel á móti farþegum skemmtiferðaskipa sem sóttu Grundarfjörð heim sumarið 2008.

umhverfisstjórnarsamtökunum Green Globe. Þetta er merkur áfangi í sjálfbærnisögu Íslands, því að sveitarfélögin eru þau fyrstu í Evrópu til að hljóta vottun fyrir stefnu og framkvæmd í sjálfbærri þróun umhverfis- og samfélagsmála og fjórða svæðið í heiminum til að ná slíkum árangri.

Grundarfjarðarhöfn skipulagði móttökur fyrir gesti skemmtiferðaskipa um sumarið. Vaskur hópur ungra Grundfirðinga tók á móti gestum með söng og leik undir stjórn Sigurborgar Hannesdóttur. Vakti þetta mikla gleði gesta og heimamanna.

Í júní fluttist Fiskmarkaður Íslands í nýtt húsnæði á Norðurgarði. Um leið hófst samstarf við löndunar- og slægingarþjónustu Djúpakletts ehf.

Hinn 9. júní hófust umfangsmiklar malbikunarframkvæmdir í Grundarfirði. Alls voru um 25.000 fermetrar af gatnakerfi bæjarins malbikaðir. Þessi aðgerð var annar áfangi af þremur og gert er ráð fyrir að þriðji áfangi fari í gang árið 2010.

Í júlí tók Matthildur Guðmundsdóttir við sem starfandi leikskólastjóri. Matthildur hefur starfað við leikskólann í fjölda ára og er öllum foreldrum og nemendum leikskólans að góðu kunn. Fráfarandi leikskólastjóri, Sigríður Herdís Pálsdóttir, hafði gegnt starfinu frá 1993 við góðan orðstír.

Endurbætur voru gerðar í Sögumiðstöðinni í júlí. Í kjölfarið var opnað kaffihúsið Kaffi Emil. Með því var þjónustustig Sögumiðstöðvarinnar eflt til muna. Um rekstur Kaffi Emils sjá Óli Jón Ólason og Steinunn Hansdóttir.



Ráðist var í miklar malbikunarframkvæmdir sumarið 2008.



*Matthildur
Guðmundsdóttir
tók við stöðu
leikskólastjóra á
árinu.*

Í lok júlí var hátíðin á Góðri stund haldin í 11. sinn. Er mál manna að hátíðin sé sú fjölmennasta til þessa og gert er ráð fyrir því að um 4.000 gestir hafi sótt hana. Mikið var um glæsilega viðburði og að vanda náði hátíðin hámarki á laugardagskvöldi á hverfahátíðinni litríku.

Ársfundur Vestnorræna ráðsins var haldinn í Grundarfirði í lok ágúst. Alls voru gestir um 40 frá Færeyjum, Grænlandi og Íslandi. Jafnframt var hald-



*Frá hátíðinni
Á góðri stund
í júlí.*

*Fulltrúar
á ársfund
Vestnorræna
ráðsins sem
haldinn var í
Grundarfirði í
lok ágúst.*



inn þemadagur um sameiginlega sögu og menningu Vestur-Norðurlanda í Sögumiðstöðinni.

Hafist var handa um endurgerð vegar frá Snæfellsnesvegi fram fyrir Norður-Bár og stóð þessi framkvæmd yfir langt fram eftir hausti en þó tókst að koma fyrri umferð af slitlagi á veginn en frágangur vegkanta og síðari slitlagsumferð var látin bíða næsta vors. Með þessari framkvæmd var langþráðu slitlagi komið á veginn og urðu golfarar mjög glaðir fyrir vikið.



*Frá framkvæmd-
um við veg-
inn fram fyrir
Norður-Bár.*



Nýr prestur, séra Aðalsteinn Þorvaldsson.

Hinn 12. október var nýr prestur, séra Aðalsteinn Þorvaldsson, settur í embætti í Setbergsprestakalli. Innsetningu hins nýja prests annaðist prófasturinn í Snæfellsness- og Dalaprófastsdæmi, séra Gunnar Eiríkur Hauksson. Í sinni fyrstu predikun hvatti hinn nýi sóknarprestur söfnuð sinn til að sýna styrk í trúnni. Eftir athöfnina var þéttskipað í safnaðarheimilinu í kirkjukaffi.

Í októberlok var vígð ný bryggja í Grundarfjarðarhöfn sem ber nafnið Miðgarður. Vígsluathöfnin var hin hátíðlegasta. Eftir stutt ávarp frá Guðmundi Inga Gunnlaugssyni klipptu þeir Sturla Böðvarsson, forseti Alþingis, Jóhannes Sverrisson frá Siglingastofnun og Hafsteinn Garðarsson, hafnarvörður Grundarfjarðarhafnar, á vígsluborðann. Að því loknu fór séra Aðalsteinn Þorvaldsson með bæn og blessaði mannvirkið. Að lokinni athöfn var móttaka í Samkomuhúsi Grundarfjarðar þar sem gestir nutu veitinga í boði Grundarfjarðarhafnar. Ákvörðun um smíði Miðgarðs var tekin árið 2004 og



*Nýjar bryggjan,
Miðgarður.*

*Frá vígslu nýju
bryggjunnar.*



hófust framkvæmdir í júlí árið 2006. Margir aðilar komu að verkinu og stóðu sig allir með þrýði. Þess má geta að í Miðgarði eru um 300 tonn af stáli, 720 m² af steypu og 38.000 m² af kjarna og grjóti. Miðgarður leysir Litlubryggju af hólmi, sem bæði var smá (eins og nafnið ber með sér) og farin að láta á sjá, en hún var orðin 65 ára gömul.

Rökkurdagar 2008 voru kallaðir: Skelfing í skammdeginu – skemmtun fyrir alla fjölskylduna. Hátíðin var einkar vegleg í ár og sérstaklega fyrir góða þátttöku Grundfirðinga í yngri kantinum. Í þá þrjá daga sem Skelfingin stóð yfir var boðið upp á kaffihús, kvikmyndasýningar, listasýningar, böll og aðra menningarviðburði, alla tengda þemanu. Einnig mætti Guðrún Eva Mínervudóttir og las úr bókum sínum Yosoy og Skaparanum.



Guðrún Mínervudóttir var meðal þeirra sem fram komu á Rökkurdögum og las upp úr bókum sínum.



*Jólatréð sett upp
í byrjun aðventu.*

Í nóvember stóðu starfsmenn Tónlistarskólans fyrir styrktartónleikum fyrir bræðurna Jón Þór og Valdimar Einarssyni. Fram komu starfsmenn og nemendur Tónlistarskólans ásamt fleiri góðum gestum og spiluðu og sungu fyrir fullum hátíðarsal Fjölbrautaskóla Snæfellinga.

Aðventubyrjun var fagnað í Grundarfirði á glæsilegan máta. Haldin var jólastund í miðbænum og kveikt var á jólatrénu. Margir mættu og skemmtu sér konunglega. Tónlistarskólinn var með tónlistaratriði, séra Aðalsteinn flutti ávarp og nokkrir jólasveinar litu inn. Lionsmenn sáu um að koma upp og skreyta jólatréð sem að þessu sinni var gefið af Sigurbergi Árnasyni, fyrrverandi Grundfirðingi, og konu hans, Jóhönnu Sigurðardóttur, en þau eru nú búsett í Mosfellsbæ, og var þetta í annað sinn sem tré úr garði þeirra hjóna prýðir miðbæ Grundarfjarðar um jól.


Hluti af áhöfnum Farsæls SH og Helga SH tók sig til í desember og hóf vinnu við að koma skíðalyftunni í gagnið. Lyftan hafði verið ógangfær undanfarin ár og því var þetta framtak bæði þarft og skemmtilegt.

Tekið saman af Jónasi Guðmundssyni með aðstoð Gunnars Kristjánssonar.
Ljósmyndirnar tók Gunnar Kristjánsson.


Örlítið um aflamark og íbúafjölda undanfarin ár

Afli er reiknaður til þorskígildis, þannig að aðrar tegundir eru færðar í magn þorskígildis. Afli er töluvert mismikill á milli ára, t.d. á fiskveiðiárinu 2007/2008 er afli reiknaður í þorskígildum 395.137 þús. þorskígildistonn, en á fiskveiðiárinu 2000/2001 er aflinn 382.245 þús. tonn. Aflamark er skráð á skip og þessar

Súlurit: Hlutfall aflamarks í þorskígildum



Aflamark í tonnum



tölur miðast við í hvaða höfn skip eru skráð. Hér kemur ekki fram hvar afla er landað. Þorskiptingildi í aflamarki í Grundarfirði skiptist þannig eftir árum:


1991/1991	8.437.118	1,95%
1991/1992	8.333.596	1,77%
1992/1993	7.703.028	1,82%
1993/1994	7.247.040	1,80%
1994/1995	7.309.143	1,82%
1995/1996	8.176.529	1,94%
1996/1997	7.447.677	1,45%
1997/1998	8.712.974	1,68%
1998/1999	10.172.225	1,98%
1999/2000	10.129.651	2,37%
2000/2001	11.453.380	3,00%
2001/2002	9.898.680	2,22%

2002/2003	10.275.621	2,09%
2003/2004	10.499.443	2,14%
2004/2005	9.763.092	2,11%
2005/2006	11.897.822	2,68%
2006/2007	11.467.410	2,31%
2007/2008	8.220.060	2,08%


Þetta eru tvö súlurit, þar sem annað er vegna tegunda sem vega mjög mikið þessi árin, þ.e. þorskur, ýsa, ufsi, karfi, steinbítur, skarkoli, þykkvalúra, síld og rækja. Síldin er mjög sérstök í þessu samhengi, en allt í einu fylltist fjörðurinn af síld á árinu 2007 og verður sú saga eflaust einhvern tíma skrifuð.

Það hefur eflaust verið draumur margra Grundfirðinga að íbúatalan næði 1.000 íbúa markinu, en það hefur gengið treglega, þó oft hafi það nálgast. Það er athyglisvert og ber að hafa í huga við stefnumörkun, að karlar eru alltaf fjölmennari en konur af íbúum. Minnst munur er árið 2000, en mestur 2004 eða

Landaður afli eftir tegundum




Landaður afli



rúmlega 30 karlar umfram konur.

Íbúafjöldi 1. jan. ár hvert eftir kyni



Halldór Páll Halldórsson

Úr ljóðaskúffunni

Almættinu er höfundur þakklátur fyrir að hafa alist upp og átt sín bernsku- og mótunarár í Grundarfirði við ástúð og yl foreldra, systkina og vina – í nánum tengslum við náttúruna. Í ljóði þessu þjónar það skáldagyðjunni að víkja örlítið frá ströngustu bragarreglum.

Heima

Í lokuðum firði í landsins vestur
leið minna æskuslóða er,
finnst mér án vafa hann fjarða bestur,
fagurt landslag hann hjá sér ber.

Dáungur lærði að dásama fjöllin,
dali og klungur og lækjar drag.
Seint mun ég gleyma er sjávarföllin
syngja hið ljúfa náttúruleg.

Oft er ég augum aftur halla,
frá amstri dagsins tek mér hlé,
gerst heyri fjörðinn Grundar kalla
og gjörvilegt Kirkjufellið sé.

Auð þann ætíð ætla ég mestan
að alast upp við ástúð og yl
í umgjörð sem þar hjá ykkur fyr vestan,
oft til æsku ég hverfa vil.

Mótun Íslands er mótun sérhvers steins. Fæðing og líf sérhvers Íslendinga er hluti sögu þjóðarinnar.

Jarknasteinn

Þú hrópar í vindinn af hamrinum víða
mót haföldu hvíttri sem freyðir á sand.
Jarknasteinn liggur hlið jöklinum síða
er játar fast bundið það ættjarðarband.

Þú aldirnar fyrstu samt ofar í hliðum
áttir í faðmi alls traustreynda Hans.
Styrkur þíns föður gaf stinnu með tíðum
og stolt þitt að innan í líkingu manns.

Þú bresti þó hafðir og brjóstið var þvingað
og bar við að vindur hvass gnauði á gjá.
Rjúfa þú vildir þær rætur er hingað
á rjåtlandi sillu varst farandi frá.

Þú biður þess færís með bæn þinni og vonar,
við bifandi jarðarfald uppfyllist senn.
Komin var losung í kjarna þess sonar
er kallar á sjálfstæði aftur og enn.

Þú ferðalag hafðir og fannst sem þú svafir
mót fjöri alls heimsins er gafst skamma stund.
Magt þín var aflnóg og mátt þinn gaf yfir
er mættur var loksins á fjörunnar fund.

Þú ævi frá myndun til ungdóms með árum,
til yndis og þroska hjá Ísanna land,
endar og byrjar með ættjarðartárum
sem íslenskur steinninn á fjörunnar sand.

Spjör í Eyrarsveit er í huga höfundar einn fegurstur staða á jarðríki. Náttúru-
stemma samin snemma morguns í ágúst 1994.

Árla morguns

Á túni gljáiir tindurdögg,
tiplar á um steina,
læðist þá um lóan snögg,
ljóma brá við hleitna.

Sólin gáir sífjuleg,
sindur sá ég víða,
marar bláa mikinn veg
mætti fá að ríða.

Sílamávur setur væng,
svífur á þeim þöndum,
skýið málað, skjönnuð sæng
skýlir tá og löndum.

Leið sú nótt að lækur fann
lindargnótt í Hópi,
títt og ótt með talandann
túnið þótt hann grópi.

Dagar brátt, upp dugur rís,
deilist hátt með öldum,
lifi í sátt ég lifa kýs
hjá landsins máttarvöldum.

Fjalla þátt í fjarri sýn
fagrar áttir safnast,
sígur nátt er sólin dvín,
sýnir fátt við jafnast.

Foreldrar höfundar, Pálína Gísladóttir og Halldór Finnsson, áttu gullbrúðkaup 25. október 1997. Ljóðið færði hann þeim að gjöf á þeirri hátíðarstundu en það er samið í fornum ljóðahætti.

Gullbrúðkaup

Fuglar sungu
á fyrrum haustdegi
gleði í lofti
gáski í vindum
ást í hjörtum
eining í huga
blik í augum
brúðarhjóna.

Leiðir beggja
 lágu alls saman
 vegslóða lögðu
 víða og fagra
 afkvæmi ólu
 umhyggju veittu
 treysta þau böndin
 á tyllidegi.

Ræktum reitu
 rjóðum þann vanga
 er vakir um yfir
 vaggandi greinar
 í vindum lífsins
 viljandi lifa
 sígrænu lafin
 sækjandi þróttinn
 ættar til róta
 ævarandi.


Höfundur er Eyrbyggji, uppalinn í Grundarfirði.
 Hann er skólameistari Menntaskólans að Laugarvatni.

Ingólfur Garðar Þórarinnsson

Ingi Hans og Fransmennirnir í Grundarfirði

Með gömul drög í daglýs lékstu þér
og draumur þinn var sýn
frá liðnum öldum
um fiskimenn og skip
er fjarlæg báru ör
og annarlegan svip
frá útsæ jökulköldum.

Framandi menn og merкта
seltu og sól
siglandi til landsins
dökkra sanda,
þeir hittu fólk
er fávíst kunni skil
á sauð og ull
og siðum heitra landa.
Í moldarkofum kúrði
fátæk þjóð
af klakans frera
sál þeirra var full.



Ingólfur G. Þórarinnsson.



Þeir áttu börn
er báru þeirra svip
á Bretaníuskaga
fjarri Íslands ströndum.
Um norðurhöfin skriðu
þeirra skip,
skonnortur meða rám
og seglum þöndum.
Þeir veiddu fisk
og færðu björg í bú
sem blessuð var
í mörgum suðurlöndum.

Í gömlum rústum
greina menn enn slóð
og gömul blóð
með sögn um forna daga.
Þú grófst þau upp
og gafst þeim hold og blóð
en grafskrift þeirra
geymir líf og saga.

Hið franska blóð
var gengið grýttan veg
og gæfa þess var leit
í lúnum taugum.
Þú fannst því stað
við fjöruborð í sveit
er fáir myndu sjá
með berum augum.

Þú lagðir kapp á
lítil segl við hún
og loggortu sem reis
við hafsins brún.
Hún rann sitt skeið
við hafsins heljartök
og hugarkvöl í nesti
margar nætur.
Frá bústað manna
býsna löng varð dvöl
og brimið kalt
er lék við þeirra fætur.

Menn fengu biskví
bæði þurrt og hart
og besta rauðvín



sóttu þeir í tunnu.
Á langri nótt
varð lífið kalt og svart
en ljósu mánaskini
hetjur þessar unnu.

Á malarkambi mátti finna hús
og margt var þar
er fátæklinga seyddi:
glæsta menn
er gáfu öl í krús
og gjarnan vildu elska
fríðan svanna.
Ennþá reikar rótlaus
hugur fús
til ræfilslegra kofa
músa og manna.

En fátæk þjóð
í fjötrum helsi og ótta
fann hér nýjan tón
sem erfitt var að kanna,
en gamlir karlar
greindu stundum þótta
í glettnum augum
sumra flandraranna.

Konur vildu kanna
nýjan þátt
og kosti þá
er ástin getur veitt.
Í litlum hreysum
lítið var um sátt
og ljós í myrkri
minna en ekki neitt.
Hér var á ferð
hið ferska ævintýr
sem fallin kona
í fátækt undirbýr.

Fransmenn hafa farið
víða um heim
og fundið þjóðir:
svartar, hvítar, rauðar.
- Tilfinningar
taka stundum sprett
og teljast ekki
fullkomlega dauðar,
en aldan mælir lágt
við lítinn klett
ljóð og bæn
frá ungum skógarreinum.



Ennþá greinast
ættarmótin slétt
yfirlit og fas
frá frönskum sveinum.

Á sjávarkambi sé ég
steindan kross
og sigurtákn um
löngu horfna garða.
Sagan geymir fótspor
fyrir oss
sem fast í huga
minningarnar varða.
Pompóla var Paradís
í firði
og pínulítil saga
í ró og kyrrð.

Þórhildur Ólafsdóttir

Hversdagsbærinn

Ég hef stundum reynt að útskýra fyrir fólki, sem er ekki alið upp í litlum landsbyggðarþorpum, hvernig það sé öðruvísi að vaxa úr grasi á slíkum stöðum, hvernig það gerir mann örlítið öðruvísi. Það er samt svo erfitt að setja fingur á hvað þetta „eitthvað“ er. Þessi munur er þó til staðar því að nánast allt landsbyggðarfólk finnur fyrir honum og talar um hann. Það er einhver samhljómur, samsláttur í því hvernig við upplifum, skiljum og sjáum hlutina og þetta rekjum við til þess að barnsskónum var slitið í litlum bæjum á landsbyggðinni, burtséð



Þórhildur sex ára á leið í skólann í fyrsta sinn.

Sjö eða átta ára í gönguferð upp með Innri-Búðað.

frá því hvaða vit-
leysu við tókum
upp á að gera
síðar á lífsleið-
inni.

*Þegar ég var ung-
lingur gengum við
krakkarnir fram og
til baka um götur
bæjarins öll klædd
í eins kraftgalla.*



*Við vorum eins og
mörgæsaþúpur sem fór um í óvissum erindagjörðum milli þess sem okkur var hent út
úr sjoppunni. Á þessum árum var ég með algert óþol fyrir Grundarfirði, unglíngaveikin
hafði gert það að verkum að ég var óörugg. Því varði ég mig með því að finnast um það
bil allt vera hallærislegt. Ég var handviss um að í öðru umhverfi yrði ég öðruvísi. Ég
sagði ljóta hluti um Grundarfjörð og gerði í því að gera lítið úr bænum í eyru mömmu
og pabba. Sagði þeim að þegar ég yrði fullorðin myndi ég ekki viðurkenna fyrir nokkrum
manni að ég væri frá þessu leiðindakrummaskuði.*

Hversdagslegar athafnir eins og að vinna, halda heimili og sinna fjölskyldunni
marka líf okkar flestra, án tillits til fjölda mannvirkja og fólks í kringum okkur.
Þegar hversdagslegum athöfnum sleppir og tómstundirnar taka við gerum við
nokkurn veginn sömu hlutina hvort sem við búum í þúsund manna þorpi eða
í milljónaborg. Það er þvæla að halda því fram að bíótjöld eða tískubúðir geti
virkað svo á fólk að það hafi afgerandi áhrif á innviði þess og skilning á ver-
öldinni. Það þarf hugmyndaauðgi til að hafa ofan af fyrir sér og svei mér þá ef
það er ekki jafnerfitt hvar sem þú ert. Náttúrufegurð er vitaskuld áhrifamik-



Átta eða níu ára heima á Fagurhólstúni með Hosu sinni.

il og Grundfirðingar hafa vissulega fyrir augunum tilkomu-meiri náttúru en höfuðborgarbúarnir. Samt horfa flestallir landsmenn meira á sjónvarpið en fjöllin í kring og þar er dag-skráin alls staðar sú sama. Og tæpast geta blokkir, hringtorg eða

götuljós verið áhrifavaldar í lífi fólks. Því er það svo að það skiptir ekki máli hvar fólk býr, í grunninn tekst það á við sömu hlutina. Hvað er það þá sem gerir lífið í smábæjum frábrugðið stórborgarupplifuninni?

Ég man eftir því að síminn hringdi seint að nóttu. Pabbi fór fram og ég heyrði á mál-rómnum á honum að fréttirnar væru alvarlegar. Skip frá Grundarfirði sökk lengst úti á hafi. Manna var saknað. Fedur, eiginmenn, afar, frændur, synir, vinir. Bæjarbúar hringdu á milli húsa um miðja nótt til að láta vita, hughreystu hver annan og hugguðu. Ég gat ekki sofnað aftur. Því boraði ég mér í stígvél og úlpu og fór út. Þar sem ég horfði yfir bæinn fannst mér allt í einu eins og hann hefði minnkað. Húsin höfðu færst nær hvert öðru, þjappað sér saman. Það var þögn þó að slagveðrið lemdi veggina og þökin. Í barnshuganum fannst mér bærinn verða lifandi, öll húsin og fólkíð sem það geymdi vera hluti af stærra lífsformi.

Sem ég sit og skrifa þetta í kjallarafbúð í miðborg Reykjavíkur rennur upp fyrir mér að ég veit ekkert um fjölskylduna sem býr fyrir ofan mig eða aðra í nágrenninu. Í götunni búa bara ókunnugir og enginn skiptir sér af neinum. Þótt mér



Á Andrésar andar leikunum 1990 með vel merktum Grundfirðingum.

finnst ágætt að búa hérna tengist ég ekki mikið umhverfinu eða fólkinu – þó að nóg sé af malbiki, steypu, leikhúsum og manneskjum í kringum mig sé ég enga heildarmynd. Litlum bæjum er oft brigslað um að þar séu allir með nefið ofan í hvers manns koppri og enginn fái að vera í friði með neitt, að fámenni skapi fásinni og leiðindi. Ég veit betur. Það er nefnilega svo að heimurinn, lífið og tilveran verður skiljanlegri og viðráðanlegri þegar maður upplifir þau í takti við fólkið í kringum sig. Samkennd – ég held að það sé þetta „eitthvað“ sem markar landsbyggðarfólkið. Hún er meiri og órjúfanlegri í litlum plássum en almennt gengur og gerist. Að hafa upplifað og notið þessarar samkenndar eru forréttindi. Þannig er ég Grundfirðingur – ekki af því að ég fæddist þar (ég hef oft gert grín að því að ég sé svo innfæddur Grundfirðingur að mildi sé að ég hafi ekki fæðst með fót út úr bakinu á mér) heldur af því að ég upplifði hversdaginn í litlum bæ og með fólkinu sem þar bjó. Sýn mín á það stóra og smáa er reynslan sem beinir mér á þær brautir sem lífið hefur tekið mig og mun fara með mig.



*Þrettán ára stöllum-
ar Þórhildur og Rúna
nýfermdar á kirkjutröpp-
unum.*

„Krakkar! Verið ekki að þvælast þarna – þetta er hættulegt!“ hrópar einhver kall til okkar og við hlaupum skrækjandi af æsingi burt. Að sjálfsögðu erum við að gera eitthvað af okkur, flækjast og leika okkur í kringum olútankana niðri við sjó. „Hann er bara eitthvað ruglaður þessi kall, við megum alveg vera hérna,“ segjum við hneyksluð á afskiptaseminni og læðumst aftur að tönkunum. Leikurinn

er orðinn enn meira spennandi fyrst hann má ekki sjá okkur. Við þrílum upp á steypuvegginn sem umkringir geymana og látum okkur síga niður, olíubrákað vatn flýtur í kringum einn olútankinn og við stiklum á spýtnadrasli og steinum til að blotna ekki í lappirnar. Við reynum að ná í stigann sem liggur þangað upp en náum sem betur fer ekki í hann. Eftir að hafa ranglað nokkra hringi í kringum tankinn er ákveðið að koma sér aftur yfir vegginn og finna ný ævintýri. Það reynist erfitt að koma sér aftur upp á vegginn. Við puðum lengi og einhvern veginn enda ég ein eftir ofan í. Það er byrjað að rigna og skyggja, krakkarnir ná mér ekki upp úr og flestir taka því að tínast heim. Í mig hleypur ótti og örævnting. Ég er í sjálfheldu og heimþráin skín úr augum einu vinkonunnar sem hangir upp á veggnum og horfir niður til mín. Ég næ að drösla bensíndunk sem flýtur þarna um að veggnum og klifra upp á hann til að freista þess að ná upp eftir veggnum. Mér skrikar hins vegar fótur og fell aftur fyrir mig. Ég skell á bólakaf, rispa mig og hrufla, sýp olíuvatn. Grenjandi æpi ég á hjálp. Allt í einu kemur kallinn öslandi



17. júní í Þríhyrningnum. Fjallkonan Þórhildur ásamt Oddrúnu Sverrisdóttur.

til mín, grípur mig og dröslar mér holdvotri og snöktandi yfir vegginn. Fer með mig heim til sín, gefur mér djús og setur mig í hlý föt. Skammar mig ekki. Það gera hins vegar foreldrar mínir þegar þau koma og ná í mig. Ég hef aldrei sagt takk við kallinn.

Hvort mótar mann meira sem manneskju: tíminn sem maður lifir á eða staðurinn sem maður býr á? Ætli Grundarfjörður hafi skipt föðurömmu mína sama máli og mig? Kannski mótaðist líf hennar meira af fátækt, basli og barnafjölda – afleiðingar tíma í sögunni sem fór heldur óblíðum höndum um fólk sem ekki var fætt til sérstakra réttinda. Skipti þá engu máli að hún tókst á við þessi verkefni akkúrat á þessum stað? Ég held að það hafi skipt máli. Bærinn tók þátt í því að skapa örlög heillar fjölskyldu, bjargaði henni kannski. Seinna varð ég til og átti heima þarna og fólkíð sagði mér frá ömmu sem ég hitti aldrei.

Ég hitti erlenda ferðamenn á dögumum sem höfðu á sér bók um Ísland. Þar

var farið yfir alla helstu staði landsins og hvað þar væri að finna. Ég fletti upp á Grundarfirði og eftir dæmigerða lýsingu á náttúrufegurð staðarins var sagt eitthvað á þessa leið; „Annars er Grundarfjörður ósköp venjulegt, lítið íslenskt sjávarþorp.“ Í fyrstu varð ég fyrir vonbrigðum og fannst þetta vera heldur snautleg afgreiðsla á heimabæ mínum. Þegar ég hugsaði mig betur um fannst mér lýsingin aftur á móti furðulega viðeigandi. Grundarfjörður er venjulegur, lítil bær. Þótt hann fái ekki mikið pláss í ferðahandbókum eða sögubókum, hefur hann samt haft meiri áhrif á kynslóðir Grundfirðinga en stríð, sjálfstæðisbarátta, kosningar, gengisdýfur og háæruverðugir titlaberar. Hið smáa, hversdagslega og venjulega er svo oft mikilvægara en það stóra, einstaka og merkilega. En það vita einungis þeir sem það upplifa. Þannig er nú það.

Það eru Grundarfjarðardagar og ég er orðin nógu gömul til að teljast fullorðin. Í bakgarðinum heima á Fagurhólstúninu sofum við kærastinn minn og vinir í tjöldum. Allan daginn hef ég malað um bæinn minn og fólkið sem hann byggir og verið svo óendanlega uppveðruð og montin yfir öllum og öllu. Sagði sögurnar sem eru betri en allar heimsins skáldsögur, kynnt fólkið sem er merkilegri en allar hetjur heimsbókmenntanna, bent í kringum mig á staði sem eru fegurri en myndvinnsluunnin póstkort og lofsamað hversdaginn sem er áhugaverðari en merkilegustu tímar mannkynssögunnar.

Þegar ég var pínulítill og horfði á veðurfréttirnar hélt ég að eyjan á veðurkortinu með öllum merkjunum á væri Grundarfjörður. Ég ímyndaði mér að húsið okkar væri statt þar sem hitatölurnar risu hæst. Svo stækkaði veröldin með árunum. Reykjavík varð til og svo önnur lönd og aðrar heimsálfur. Þegar maður er ungur ímyndar maður sér óendanlega möguleika og allt sem er annars staðar er eftirsóknarvert. Reynslunni ríkari áttar maður sig á takmörkunum sínum og lærir hvað skiptir máli. Ég hef ferðast um heiminn, séð víðfræga og einstæða staði, orðið vitni að fátækt og óréttlæti, upplifað gleði og fögnuð annarra heimsálfa. Ekkert hreyfir þó eins mikið við mér og þegar ég keyri yfir Kolgrafafjörðinn og sé húsin birtast undir Kirkjufellinu. Þá er veröldin mín venjulegt lítið sjávarþorp á Íslandi.

Arnór Kristjánsson

Fellaskjól 20 ára

Hinn 1. desember 2008 voru liðin 20 ár frá opnum dvalarheimilisins Fellaskjólis í Grundarfirði. Á þessum tímamótum er við hæfi að líta yfir farinn veg um stofnun heimilisins. Tilurð þess að farið var út í byggingu dvalarheimilisins má segja að hafi komið frá nokkrum fjölda eldri Grundfirðinga sem dvöldu á stofnunum fjarri heimabyggð um að dvelja síðustu æviárin á heimaslóðum.

Hinn 6. janúar 1983 var síðan stofnað sjálfseignarfélag um dvalarheimili aldraðra í Grundarfirði og samin um það stofnskrá. Öllum frjálsum félagasamtökum í sveitarfélaginu var boðin þátttaka í verkinu. Þau félög sem tóku þátt í verkinu voru Rauði krossinn, Verkalýðsfélagið Stjarnan, Lionsklúbburinn,



Dvalarheimilið Fellaskjól.



Jóhanna Gústafsdóttir.

Kvenfélagið Gleym mér ei, Búnaðarfélagið, Hesteigandafélagið, sveitarfélagið og Setbergssöfnuður.

Einn fulltrúi frá hverju þessara félaga myndaði fulltrúaráð sem kaus heimilinu fimm manna stjórn. Í ágúst 1983 úthlutaði hreppsnefnd Eyrarsveitar lóð undir heimilið í Ölkeldudal. Landeigendur Grafar gáfu heimilinu 15.000 fermetra lóð undir það. Fyrsta skóflustungan var tekin í góðu veðri á sumardaginn fyrsta 1984 af Guðmundi Guðmundssyni frá Nýjubúð sem var þá elsti íbúinn í sveitarfélaginu, 93 ára að aldri.



Guðrún Ólafsdóttir, fyrsti íbúi Fellaskjòls.



Bollunefndin að störfum.

Á eftir hélt Kvenfélagið kaffisamsæti í Samkomuhúsinu. Þangað kom fjöldi fólks sem sýndi best áhuga fólks á verkinu. Þar lágu og frammi teikningar og aðrar upplýsingar um byggingu hússins. Byggingarframkvæmdir voru boðnar út og samið við verktakann Pál Harðarson. Fyrsti formaður stjórnar sem sá um alla skipulagsvinnu og undirbúning að byggingu dvararheimilisins á framkvæmdatímanum til 1988 var Sigurberg Árnason frá Hellnafelli, þá starfsmaður Eyrarsveitar. Þá tók Ólafur Guðmundsson við sem formaður til ársins 1990. Það ár varð formaður stjórnar Arnór Kristjánsson, og hefur hann gegnt formennsku síðan.

Í ársbyrjun 1988 var óskað eftir tillögum frá almenningi um nafn á heimilið og bárust 46 tillögur. Úr þeim var nafnið Fellaskjól valið.

Forstöðukona var ráðin 1. nóvember 1988 Jóhanna Gústafsdóttir. Hún mótaði starfið og stjórnaði heimilinu með myndarskap í sautján ár en hún lét af störfum í ársbyrjun 2005. Við störfum hennar tók Eva Jódís Pétursdóttir hjúkrunarfræðingur sem stjórnar heimilinu með sama myndarskap og fyrirrennari



Auður Jónasdóttir og Jóhanna Gústavsdóttir við bollubaksturinn.

hennar. Fyrstu íbúarnir sem fluttu inn voru Guðrún Ólafsdóttir, Sigurður Stefánsson, Katla Bjarnadóttir, Halla Halldórsdóttir og Karl Friðleifsson.

Nú hin síðari ár hafa íbúar verið þrettán til fimmtán.

Fljótlega eftir stofnun heimilisins var hafin fjáröflun til handa því meðal íbúa sveitarfélagsins. Notadrýgstur var svokallaður Bollusjóður sem kom til af því að í hann rann allur ágóði af bollusölu á bolludaginn í mörg ár. Þessi sjóður ásamt fjárframlögum frá Kvenfélaginu Gleym mér ei fjármagnaði mestöll kaup á búnaði bæði í eldhús og búnað fyrir vistmenn ásamt góðum stuðningi frá Lionsklúbbnum. Þá hafa íbúar allir verið oft stórtækir við að afla heimilinu fanga, bæði úr sjó og af landi.

Í ársbyrjun 1991 kom sérstök beiðni til stjórnar um vistun á fjölfötluðum dreng, Kristni Kolbeinssyni, sem þá var sex ára. Þessi beiðni kom frá foreldrum hans og var hugsuð sem hvíldarinnlögn fyrir fjölskylduna. Beiðnin var studd af heilsugæslulækni, svæðisskrifstofu fatlaðra á Vesturlandi og



Íbúar Fellaskjólís árið 1992. F.v.: Fremri röð: Jens Kjartansson, Bergur Bjarnason, Þorkatla Bjarnadóttir, Herdís Gísladóttir og Guðrún Ólafsdóttir. Aftari röð f.v.: Gunnlaugur Magnússon, Óskar Sæmundsson, Ásgerður Guðmundsdóttir, Ólafur Ólafsson, Valgerður Skarphéðinsdóttir, og Elna Bárðarson.

fleirum. Leitað var fordæma um slíka vistun á dvalarheimilum aldraðra en ekki fannst það. Þessi beiðni mætti andstöðu bæði frá fastráðnum og vistfólki heimilisins í upphafi en sú afstaða breyttist fljótlega. Eftir mikla umfjöllun stjórnar og forstöðukonu var samþykkt að verða við þessari beiðni og drengurinn var vistaður á heimilinu í eina viku á mánuði. Ráðnar voru tvær ágætar konur til að annast drenginn þennan tíma, þær Sigrún Hauksdóttir og Þórdís Jeramíasdóttir. Þetta fyrirkomulag hélst um árabil, þar til foreldrarnir fluttust á höfuðborgarsvæðið þar sem þeim bauðst framtíðarvistun fyrir drenginn.

Þetta heimili hefur myndað sér traustan sess í bæjarfélaginu með því að skapa fastan samastað öldruðu fólki úr byggðarlaginu. Þannig hefur ræst sú von og trú þess fólks sem að þessu verki hefur staðið.

Pétur Jósefsson

Vorið á Setbergi

Komið var í fram í apríl og styttist í sumardaginn fyrsta. Þótt ilmur vorsins væri ekki enn kominn í loftið minnti ýmislegt í náttúrunni á vordagana sem komu að sunnan yfir fjallahringinn þar sem Helgrindurnar voru í hásæti með völdugum snjósköflum sem aldrei hurfu á sumrin.

Nokkrir snemmkomnir sjófuglar voru farnir að sjást, stundum heyrðist gagg í tófunni og sauðburður var í nánd. Kýrnar áttuðu sig líklega ekki strax á árstíðskiptunum en kindurnar vissu hvað í vændum var – sauðburðurinn var skemmtilegur tími en hófst ekki fyrir en um miðjan maí.

Við Lappi höfðum leikið okkur í snjónum allan veturinn en nú hlökkuðum við til þess tíma er snjóa leysir, smálækir verða að alvörulækjum og alvörulækir að foraðsfljótum – en bara í nokkra daga. Skaflarnir sem mynduðust undir bökkunum við sjóinn – þar sem ég datt einu sinni niður á milli bakka og skafis og mátti hafa mig allan við að komast upp aftur og Lappi gelti af öllum kröftum þangað til ég var kominn upp – fóru að minnka. Svellið á túninu rétt sunnan við girðinguna milli hússins og fjóssins bráðnaði hægt.

Hólavöllurinn var eitt svell frá fjárhúsunum sem þá voru þar upp frá og niður á lágahlutann sem var slétti parturinn í túninu sunnan við kirkjuna, að Hólavellinum að austan og að veginum að vestan og náði suður að læknunum sem skildi að Setbergstúnið og Garðshorn. Það var ekki skynsamlegt að fara niður Hólavöllinn á sleða við þessi skilyrði – það var þó reynt og engar frásagnir verða til af því ævintýri. En ég man ekki hvernig ég sannfærði mömmu um að ég hefði dottið á svellinu fyrir austan húsið – ég var nefnilega hrufaður hér og þar – á baki, höndum og fótum, handleggjum og fótleggjum

– þannig að það gat bara alls ekki verið að ég hefði dottið um sjálfan mig á svelli við húsið.

Stundum fékk ég að fara með vetrarmanninum okkar í fjárhúsin en ég var aldrei alveg óhræddur við kindurnar þegar ég var lítill – einhvern tíma þegar verið var að baða féð stóð ég í einni krónni út við dyrnar þegar ein kindin sá sér leik á borði, gekk ógnandi að mér og stangaði mig í magann. Mér þótti það ekki spennandi og meira að segja fremur niðurlægjandi en meiddi mig ekki svo orð væri á gerandi. Eftir þetta bar ég óttablandna virðingu fyrir kindum og forðaðist að vera einn með þeim í kró en stundum fékk ég að leysa heyið í hlöðunni og gefa kindunum og það þótti mér gaman.

Ef vel voraði og kindurnar gátu borið úti þá fékk ég stundum að fara með pabba eða vetrarmanninum út um hagann að finna nýbornar kindur og elta uppi lömbin þeirra svo unnt væri að marka þau. Þetta var gaman og stóð í eina til tvær vikur. Ekki reyndu kindurnar að stanga mig þótt ég elti lömbin þeirra uppi og færði vetrarmanninum eða pabba þau til að marka. Við fórum vítt og breitt um hagann, norður að Stekkjartröð, suður að mógröfunum og upp að Berginu. En sumar báru á túninu.

Svo fengu kýrnar að fara út. Það var hátíðisdagur þegar það var gert. Þær hlupu auðvitað út um víðan völl, skvettu upp rössunum, stönguðust á, létu eins og nýbornir kálfar og „léku við hvurn sinn fingur“ eins og nóbelskáldið okkar orðaði það. Fyrst fengu þær að vera á túninu heima en síðan voru þær reknar í Helgavöllinn sem var fyrir norðaustan fjósið og þegar lengra leið á sumarið í Stekkjartröð sem þá var girt. En þar var ágætur, girtur hagi.

Stekkkjartröð hafði þann ótvíræða ókost að mínu viti að þar var mikið krúvarp en vinskapið við þann fugl átti ég ekki þegar ég var lítill þótt viðhorf mín til hans breyttust þegar ég stálpaðist. Þetta að reka kýrnar úr Helgavellinum í Stekkjartröð fannst mér hin mesta raun – kríurnar komu hundruðum saman, bjuggust strax til orustu með tilheyrandi hljóðum – ég fór brátt að þekkja og greina í sundur hljóðin sem frá þeim komu. Þær höfðu sérstakan tón þegar þær mösuðu saman og engin hætta var á ferðum, fremur ljúfan tón fyrir forvitni – annan tón fyrir hótanir – fjórða tóninn sem var herkvaðning til allra kría í nágrenninu og síðan sérstakan orustutón þegar þær réðust á mann og gogg-uðu í hausinn á manni ef maður var ekki tilbúinn með spýtu eða eitthvað til þess að bæjja þeim frá eða þá þykka húfu á höfðinu.

Ég man að pabbi bar mikla virðingu fyrir kríum og mat þær mikils. Eitt sinn er hann kom úr Reykjavík hafði hann nýjan Borsalínhatt á höfði sem hann hafði keypt í Haraldrabúð. Gamli Borsalín hatturinn hans var farinn að slitna enda kominn til ára sinna. En hann notaði sinn gamla hatt áfram og nú sem kríuhatt og taldi það virðingarfyllt við kríuna að bera svo virðulegan hatt þegar hann taldi að hann kæmist í tæri við þær – þær gogguðu stundum í hann og mig minnir að fyrir rest hafi verið komið gat á hattinn en sjálfsgat hefur pabbi fyrirgefið kríunum það. Ég er ekki viss um að aðrar kríur en þær sem gerðu hreiður sín nálægt Setbergi hafi hlotið annan eins virðingarfyllt og okkar kríur fengu. En kríuegg voru dýrðleg en við máttum aðeins taka mjög lítið af þeim – annað þótti mömmu ekki gott. Kríueggjin voru soðin í um það bil eina mínútu og voru sérdeilis ljúffeng.

Eitt af vorverkunum voru eyjarferðir. Fyrsta ferð var farin um eða fyrir miðjan maí og þá til þess að huga að varpinu og kanna það hjá svartbaknum en hann verpti dálítið í eyinni og þá var hugmyndin að taka eitthvað af eggjum hans. Ekki öll en fækka þeim nokkuð í hreiðrunum. Einhvern tíma varð okkur á að taka alltof mikið af eggjum hans og það reyndist ekki vel. Hann réðist á kollurnar og olli tjóni á varpinu. Ég man að pabbi sem ekki var með í þetta sinn var mjög óánægður með okkur fyrir þetta – og sagði eins og satt var að einhvers staðar yrðu vondir að vera og svartbakurinn þyrfti líka að hafa pláss í tilverunni.

Farnar voru þrjár til fjórar ferðir í eyjuna á vorin og tekinn dúnn og lítillháttar af eggjum frá æðarkollunum. Þessar ferðir voru alltaf tilhlökkunarefni enda mjög gaman að sinna æðarfuglinum, ganga um eyjuna, skoða aðra fugla, skarfinn sem sífellt var að þurrka vængina, lundann sem hafði grafið ótal holur á eyjunni en þar voru um 15 fuglategundir.

Á sumrin voru alltaf einhverjir krakkar úr fjölskyldunni í sveit á Setbergi og þá var oft glatt á hjalla. Ýmis verkefni voru þá fyrir krakka í sveit. Við vorum í heyskapnum – rifjuðum, sættum eða fönguðum stundum, tókum saman og fluttum í hlöðu á heivagninum okkar. Mest gaman var að taka á móti heynu í hlöðunni og ærsluðumst við krakkarnir oft heilmikið við þá iðju. Auðvitað gat þetta líka verið nokkuð erfitt og stundum var mannskapurinn ærið þreyttur er leið að kvöldi. Svo þurfti að sækja kýrnar og hjálpa mömmu inni við.

En síðan var oft mikill tími til leikja – það var eltingaleikur, feluleikur, sto,

yfir, slagbolti, fótbolti, hástökk, langstökk og þrístökk, hlaup og hvað þetta nú hét allt saman. „Veiðiskapur“ verður það varla kallað er við reyndum að veiða silung í læknum með höndunum. Það gekk venjulega ekki vel – en gaman að reyna og krökkum þótti þá eins og nú gaman að sulla í vatni. Silungarnir – sem reyndar voru nú bara bröndur – héldu til í smáhyljum og undir bökkunum við lækinn og þegar við áttum leið framhjá, fórum við stundum niður á lækj-
 arbakkan og stöppuðum til þess að sjá þá skjótast undan bakkanum, örskots-
 stund og hverfa síðan aftur undir bakkanum.

En það eru til fleiri fuglar en æðarfugl og kríur. Við krakkarnir leituðum oft að hreiðrum spörfuglanna og fundum oft hreiður lóunnar, þúfutittlingsins, maríuerlunnar, sandlóunnar, hrossagauksins og fleiri fugla. Við gerðum okkur far um að fara varlega í kringum hreiður þessara fugla en áskildum okkur rétt til að koma stöku sinnum og fylgjast með þegar ungarnir komu úr eggjunum.

Það eina sem skyggði á gleði okkar í þessum varprannsóknum var krían en þessir fuglar verptu gjarnan á yfirráðasvæði kríunnar og nutu öflugra varna hennar. Einnig fundum við stundum andahreitur en þá varð maður að vara sig og láta sig hverfa sem allra fyrst því að endurnar áttu það til að yfirgefa hreiður sín fyrir fullt og allt ef maður kom of nálægt þeim. En kjóinn var ekki vinur okkar. Hann átti sér hreiður á holti í mýrunum fyrir neðan Bergshornið. Ekki þótti gott að þurfa að vera á ferð þar í nágrenninu – kjóinn varði hreiður sitt og var hinn grimmasti og renndi sér ógnandi niður til okkar. Enda er hann frændi skúmsins sem er hið mesta illfygli en hann býr ekki í Grundarfirðinum. Og hrafninn sást alltaf öðru hvoru og settist stundum á krossinn á kirkjunni og krunkaði. Lappi var ekki hrifinn af því og hafði sig nokkuð í frammi með litlum árangri.

Í minningunni var veðrið á vorin og sumrin yfirleitt alltaf gott – sólskin og blíða og fjörðurinn spegilsléttur og fjöllin hinum megin fjarðarins spegluðust í honum. Lífið og tilveran voru svo einföld þá – að minnsta kosti fyrir krakka – áhyggjulaust líf við störf og leik – ég held að sumargestirnir okkar hafi verið ánægðir þegar þeir fóru heim þegar sumri tók að halla – í þann tíð voru til verkefni fyrir krakka í sveitinni og þau voru brún og sælleg, stærri og lífsreyndari þegar þau sneru heim aftur.

Og við Lappi urðum aftur einir. – En auðvitað sér maður hlutina í hillingum eftir 50-60 ár en minningarnar eru góðar.

Munnmælasögur

Inngangur

Hér er kominn nýr kafli í bókina okkar. Munnmælasögur hafa verið sagðar mann fram af manni. Þannig er stór hluti af þjóðsögum okkar. Það er verið að segja sögur eins og viðkomandi man þær. Aðalefni sögunnar er sannleiknum samkvæmt og oft er verið að bjarga staðreyndum frá gleymsku. Allir hafa frá einhverju skemmtilegu, merkilegu eða sorglegu að segja. Vomumst við Eyrbyggjar til þess að þessar sögur verði til þess að fleiri muni berast okkur.

Hermann Jóhannesson skráði sögur Arnórs Kristjánssonar, en hann var grafari í Setbergskirkjugarði frá 1966 í rúm 40 ár. Fyrsta gröfin sem hann tók var jafnframt fyrsta gröfin í nýjum hluta kirkjugarðsins og þegar Arnór hætti var sá kirkjugarður orðin fullur og nýi kirkjugarðurinn tekinn í notkun. Elsti hlutinn af núverandi kirkjugarði var tekin í notkun fyrir aldamótin, líklega um 1896, næsti hluti um 1966 og þriðji hlutinn um 2007. En fyrsti kirkjugarðurinn var fyrir sunnan og austan lækinn sem er á milli núverandi garðs og prestsbústaðarins, og var hann aflagður fyrir aldamótin 1900.

Hermann Jóhannesson

Sögur úr kirkjugarðinum

Sagt er að árið 1902 hafi látist nokkur börn úr barnaveiki og að þau hafi verið jarðsett í blautasta hluta gamla garðsins sem aldrei hafi annars verið grafið í. Garðurinn var þá norðan við prestsbústaðinn og þessi hluti hans lá næst læknum.

Af hverju voru börnin jarðsett í gamla garðinn? Hann hafði verið aflagður og nýi kirkjugarðurinn hafði verið vígður en hann er nú elsti hluti núverandi kirkjugarðs. Var það af því að allir ættingarnir voru í gamla garðinum. Eða eins og sagan segir þá var barnaveikin voðaleg veiki sem var ólæknandi og enginn vissi um smitleiðir. Þess vegna voru börnin sem létust þetta ár jarðsett í gamla kirkjugarðinn sem var aflagður. Að sögn voru þau jarðsett í blautasta hluta gamla kirkjugarðsins því að þar mundi rotnunin vera hröðust og smithættan minnst.



Arnór Kristjánsson

Til að fólk fái smáinnsýn inn í þennan hræðilega heim sem barnaveikin var þá veiktust aðeins börn og oftast var það að öll börn á því heimili þar sem barnaveikin kom upp létust. Ofangreind saga er af þremur börnum af sama bæ, öll börn af þeim bæ létust í sömu vikunni. Og fleiri sögur eru til frá fleiri fjölskyldum. Sagt er að rústir bæja þar sem börn hafi látist úr barnaveiki hafi verið yfirgefna og látnar standa óhreyfðar. Nú á 21. öldinni eigum við við sambærilegan vanda að glíma en sem betur fer ekki í mannfólkinu heldur í nautgripum og heitir miltisbrandur.

Ein sagan segir að í júníbyrjun árið 1896 hafi fjórir menn unnið að bráðabirgðagirðingu um nýja kirkjugarðinn. Þá hafi stúlka gengið framhjá kirkjugarðinum á leið fram í sveit og hafi hún spurt þessa menn í hálfgerðu gríni hver myndi nú verða grafinn fyrstur í þessum nýja garði. Ekki vissu þeir það enda enginn látinn nýlega í sveitinni. Reyndin varð sú að þessi 18 ára stúlka var sú fyrsta sem grafín var í garðinum. Þessi stúlka hét Oddfríður Þorsteinsdóttir, systir Bárðar Þorsteinssonar frá Gröf. Hún lést hálfum mánuði eftir að hún hafði


talað við þessa menn, sagt er að hún hafi verið að gæta að ám um sauðburð upp í fjalli fyrir ofan Gröf. Sagan segir að hún hafi veikst en komist heim og látist um kvöldið og banamein hennar er talið hafa verið sprunginn botnlangi.

Minnir Arnór að það hafi verið eitt af fyrstu verkefnum Kvenfélagsins að safna fyrir varanlegri girðingu.

Myndin á næstu síðu er ein af mörgum myndum sem Halldór Pétursson mál-aði þegar hann var í sveit á Setbergi.

Þegar Arnór sá myndina þá sagði hann mér eftirfarandi: Vegurinn fyrir neðan Setbergstúnið var niðurgrafinn sem góður reiðvegur. Það var svo árið 1955 þegar vegaframkvæmdir stóðu yfir, að séra Magnús Guðmundsson fékk það samþykkt að hólnum yrði ýtt niður í tröðina og svo átti að setja mól yfir. Jarðvegurinn var mjög svo blautur enda er sumarsins 1955 minnst sem rigningasumarsins mikla. Það var búin til breið heimreið, sem við köllum í dag heimkeyrslu því að engin bifreið var á Setbergi fyrr en séra Magnús kom. Það var sem sagt tekið töluvert magn af hólnum og ýtt niður í vegarstæðið. Norðanmegin við íbúðarhúsið var elsti kirkjugarðurinn. Þegar heimkeyrslan var breikkuð var neðsti hluti kirkjugarðsins tekinn. Það var vindmylla fyrir neðan prestsbústaðinn sem var rifin og kartöflugarður var þar einnig sem var ýtt undir veginn. Björn Halldórsson, fyrst prestur í Sauðlauksdal í Dölum og síðar á Setbergi 1782-86, útbjó kartöflugarð sem var fyrir vestan (neðan) íbúðarhúsið. Þessi Björn flutti fyrstur Íslendinga inn kartöflur til ræktunar á Íslandi þegar hann var prestur í Sauðlauksdal og kom með þær í Eyrarsveitina þegar hann varð prestur þar. Vitað er að Hólmsfríður Halldórsdóttir, kona séra Jósefs, ræktaði kartöflur öll þau ár sem hún var prestsfrú á Setbergi, þannig að ræktaðar hafi verið kartöflur í garðinum frá komu séra Björns þar til séra Magnús kom en þá var kartöflugarðinum ýtt undir vegaframkvæmdir. Magnús hafði keypt (Ísraels)jeppa, P 221, og hafði fengið lán hjá Sparisjóðnum í Stykkishólmi og sparisjóðsstjórinn var prófasturinn. Heyrst hefur að séra Magnús hafi borið sig upp við prófastinn vegna þess að rífið var ofan af kirkjugarðinum en prófastur hafði meiri áhyggjur af að borgað yrði af láninu.

Fyrst var tekið af kirkjugarðinum 1955 og síðan var ýtt ofan af öllum kirkjugarðinum 1956 og það er á hreinu að það var sáð í sárið 1957 því að árið 1958



Skafði!
Til hamingju á
fyrirmyndarferðinni
Hafsteinn Þ. Þorsteinsson '70

herfuðu Auður og Arnór og rökuðu beinum saman áður en sáð var. Var öllum beinum safnað saman í kassa og þau grafir niður í garðstæðið sem var verið að breyta í tún því nú var verið að eyða kirkjugarðinum sem hafði þjónað sveitinni lengur en elstu menn muna. Þessi kirkjugarður var aflagður þegar nýi kirkjugarðurinn var tekinn í notkun, árið 1896. Það var gömul torfkirkja í gamla garðinum og var hún aflögð um 1892 þegar nýja kirkjan var vígð.

Ekki er vitað hverjir tóku fyrstu gröfina í núverandi garði, þ.e.a.s. gröf Oddfríðar 1896. Það er ekki vitað hvort einhver ákveðinn maður tók grafir á þessum tíma. En það má geta sér til um að það hafi bara fengnir einhverjir til að taka grafir sem voru heima við þegar þurfti að taka gröf. Að minnsta kosti er skipulagið ekki gott í elsta hluta garðsins. Enginn er til frásagnar hvenær Sigurður Stefánsson (Siggi sterki) byrjaði að taka grafir. En um miðja síðustu öld var oft leitað til Sigga sterka til að vinna þetta verk því að það þurfti hrausta menn að taka grafir. Að taka gröf að vetri til var vægt til orða tekið erfitt því að það voru engin tæki þá og allt unnið með haka og skóflu, og Sigurður tók margar ef ekki flestar grafir sem teknar voru í elsta hluta kirkjugarðsins eftir 1950. Sigurður hætti störfum 1964. Telst þetta til starfa? Sjálboðavinna hefur þetta alltaf verið og starfsheitið grafari?

Arnór tók einu sinni sem oftar gröf með Sigurði Stefánssyni. Þetta var í febrúar 1954 og þeir voru að taka gröf Halldórs Egilssonar, sem var faðir Sigurjóns Halldórssonar. Sagan segir að þetta hafi verið fyrsti dagur Sigurjóns í landi en báturinn hans, Farsæll, var á sjó. Kom þá séra Jósef og bað um hjálp handa Steina á Arnarhóli að halda kú prestsins sem var inni í fjósi. Það varð að samkomulagi að Arnór hjálpaði Steina. Þegar þeir voru komnir með nautið og kúna út, en það var fyrir framan eldhúsgluggann hjá þeim hjónum, kom séra Jósef út og bað þá að fara með kúnna og nautið bak við fjósið því hann vildi ekki að mamma (konan hans, prestsfrúin) horfði upp á þennan dónaskap.

Arnór var mörg ár aðstoðarmaður Sigga við að taka grafir. Hann man eftir mörgum atvikum úr kirkjugarðinum en flest eru of persónuleg. Þó man hann vel eftir fyrstu gröfinni sem hann tók (eftir að Sigggi hætti) og var það stór gröf.

Það var gröf Ásgeirs Kristjánssonar og barnabarns hans, Hinriks Hinrikssonar. Hinrik var aðeins sex ára og drukknaði í höfninni.

Ein athöfn er Arnóri minnisstæðari en önnur. Þá voru þeir aðeins tveir í garðinum, hann og séra Magnús Guðmundsson. Þeir jarðsettu mannabein sem komu upp í veiðarfæri á Breiðafirði í október 1972. Þau bein fengu sams konar útför og aðrar jarðneskar leifar.

Tröllskessan í Mýrarhyrnunni

Þjóðsagan um tröllskessuna í Mýrarhyrnunni hefur gengið mann fram af manni í sveitinni og eru til fleiri en ein útgáfa af henni. Mér var sögð þessi saga og hljómaði hún á þann veg að Mýrarkerlingin hefði verið við veiðar ásamt karli sínum er hét Hnausi í Lárvaðlinum. Þeim hafði fiskast vel og voru bæði klyfjuð fiski.

Hnausi var kvennamaður mikill og reiddist kerling þegar hún komst að því að hann var eitthvað í samskiptum við tvær aðrar tröllkerlingar. Önnur þeirra var systir Mýrarkerlingar er átti heima í Eyrarhyrnu og hét Sleif en hin tröllskessukerlingin átti heima í Kerlingarskarði. Kerling fór á undan karli upp á Mýrarhyrnu og tók með sér allan aflann, en þegar hún er komin upp og sér karl vera enn niðri að horfa til Eyrarhyrnu reiðist hún enn meira, tekur stóran stein og kastar honum að karli. Steinninn hitti ekki Hnausa en af steininum er það að segja að hann liggur enn í fjörunni neðan við bakkana í Efri-Lág og hefur ávallt verið nefndur Skessusteinn. Mýrarkerlingunni rann ekki reiðin og stóð lengur við að horfa á eftir karli og gætti ekki að sér og varð að steini, ber sá drangi nafnið Kerlingin. Hnausi sneri ekki aftur til kerlingar og fluttist í Eyrarhyrnuna til Sleifar en þráði mikið að komast til kerlingarinnar í Kerlingaskarði. Loks gat Hnausi farið að Kerlingarskarði til að hitta tröllskessuna sem hann var einnig ástfanginn af. Hnausi náði til ástarfundar við tröllskessuna í Kerlingarskarði og fór að veiða með henni í Hraunsfjarðarvatni. Þegar þeirri veiði var lokið ákvað karl að fara í Eyrarhyrnuna til Sleifar en Hnausi var mjög óviss og var ekki ákveðinn hvort hann langaði til að fara

til Sleifar eða vera hjá skessunni í Kerlingarskarði. Hnausi stóð lengi hugsí og var hann þess vegna orðinn mjög seinn í förum. Hann náði ekki fyrir sól-
arupprás í Eyrarhyrnu og varð því að steini inni í Hraunfirði. Tröllskessan í
Kerlingarskarði horfði ástaraugum á eftir Hnausa þar sem hann var lagður
af stað heim en gætti ekki að því að fyrstu sólargeislarnir voru að koma upp
og varð hún því einnig að steini. Kerlingarskarðskerlingin er mjög áberandi í
skarðinu og snýr hún sér í átt til Grundarfjarðar.

Dagbjört Lína Kristjánsdóttir skráði þessa sögu.

Jón Stefánsson

Bernska mín og æska í Grundarfirði

Hér birtist fyrsti kafli úr bókinni *Út í heim* eftir Jón Stefánsson. Hermann Jóhannesson endurritaði. Alexander Jóhannesson skrifar formálann, og þar segir hann m.a.: „Þessi bók er ævisaga heimsborgara, er hefir haft nán kynni af ýmsum heimsfrægum mönnum. Hún er ævisaga manns, er varið hefir öllu lífi sínu til að auðga anda sinn. Fátækur á veraldlega vísu, en ríkur af andlegum fjársjóðum, hefir hann gengið sinn veg, ólíkur flestum öðrum, en ætíð sótt fram. Nú hefir hann litið yfir farinn veg og skráð þessa skemmtilegu bók, sem engan sinn líka á í íslenskum bókmenntum.“ Alþýðuprentsmiðjan gaf bókina út 6. desember 1949.

1.

Ég fæddist 4. nóvember 1862 á Grund í Grundarfirði á Snæfellsnesi sunnan við Breiðafjörð. Ég er því bæði Snæfellingur og Breiðfirðingur.

Afi minn var Jón Daníelsson, kaupmaður og bóndi á Grund. Amma mín var Guðrún, systir Jóns Hjaltalín landlæknis. Hún hafði líka læknishendur, sem kallað var að fornu, og var svo heppin við lækningar, að hún var um Eyrarsveit og víðar meira sótt en héraðslæknirinn. Hún lærði læknislist tilsagnarlaust af bókum, enda kippti henni í kyn Hjaltalínsættarinnar um dómgreind og gáfur.

Faðir minn var hreppstjóri í Eyrarsveit og lögreglustjóri fyrir hinar mörgu frönsku fiskiskútur, sem komu á Grundarfjörð að sækja vatn og vistir.



Jón Stefánsson, dr. phil. í ensku og enskum bókmenntum frá Københavns Universitet, fræðimaður og kennari við Kings College í London fæddist 4. nóv. 1862 á Grund í Grundarfirði og lést 20. júlí 1952 í Reykjavík.

Hann var skáld gott. Honum hrotu oft af munni tækifærissvísur, sem enn lifa á vörum manna í Grundarfirði og víða um Snæfellsnes og Breiðafjörð. Hann kunni feiknin öll af fornum og nýjum kveðskap, kvæði og kvæðabálka, lausavísur og rímur. Eftirlætisskáld hans var Benedikt Sveinbjarnarson Gröndal. Einu sinni, þá er við fórum inn í Stykkishólm, kvað hann á leiðinni alla Örvar Odds-drápu Gröndals, kvað

við raust og brýndi raustina, þegar við fórum fram hjá dys berserkjanna í Berserkjahrauni, og sagði mér kaflann um þá úr Eyrbyggju. Hann ritaði einnig skáldsögu, (Kvenfrelsi og Reykjavíkurförin, báðar ritaðar, er hann var meir en níræður að aldri. Seldust þær upp og sömuleiðis endurprentanir af þeim) og mun það tvímælaust, að hann hefði getað orðið gott skáld bæði á bundið mál og óbundið, ef hann hefði iðkað þá list af kostgæfni og ekki sinnt svo mörgum öðrum störfum, sem raun varð á.

Móðir mín var Jakobína Thorsteinsen, dóttir Árna Thorsteinsens sýslumanns. Hún var talin giftast fyrir neðan sína stétt, þegar hún lofaðist hinum mannvænlega bónda á Grund, en hún vissi betur en aðrir, hvað í honum bjó. Hún hafði dvalið ár í Danmörku sér til aukinnar menningar. Hún lék á gítar og söng undir, og hún lét sér mjög annt um að glæða sönglist og sönglistaráhuga í sveitinni. Hún var í miklum metum hjá þeim, er höfðu af henni kynni, og



Jakobína Árnadóttir Thorsteinsen, húsfreyja á Grund, Eyrarsveit, fæddist í Krossnesi, Eyrarsveit 4. febr. 1843 og lést 5. nóv. 1921 í London og var grafin í Aars á Jótlandi.

yfirmaður á herskipi Frakka bauð henni að ferðast á því fram og aftur til Reykjavíkur.

Börn þeirra hjóna voru: Jón, Stefán og Óli, sem skírður var Óli Steinbach Stefánsson, til minningar um Óla Steinbach, sem mægðist við Thorlaciusættina á öndverðri 19. öld. Ennfremur Kristensa og Kristín. Stefán varð læknir á Jótlandi. Hann kvongaðist Jórunni Baldvinsdóttur og átti með henni 3 börn, Ingibjörgu, Guðrúnu og Árna. Hann kvæntist öðru sinni Matthilde Lütken. Þau eignuðust ekki börn. Kristensa giftist Stefáni skógarverði í Vaglaskógi. Óli varð tannlæknir á Ísafirði og kvæntist þar. Kristín giftist Bertram Blount, efnafræðingi í Lundúnum. Faðir minn átti einn son utan hjá, Stefán Guðmund Stefánsson. Móðir mín styrkti hann til náms, og varð hann í Danmörku vel að sér í mörgum tungumálum. Hann varð bæjarfógeti í bæ á Jótlandi og túlkur stjórnarinnar í rússnesku.

2.

Það var stórt heimili á Grund í Grundarfirði, og þar var mörgu að sinna. Afi hafði þar verzlun og faðir minn sömuleiðis. Afi var merkur maður og hafði sínar sérstæðu skoðanir. Hann harðbannaði dönskuslettur, t.d. það, að kalla disk tallerken. Prestskonan á Setbergi var aftur á móti mjög hrifin af að sletta dönsku, jafnvel tala dönsku eða hálfðanska íslenzku, enda var hún alin upp í Reykjavík, og fólk hafði nokkra tilhneigingu til að taka eftir henni. Eitt af þeim orðum, sem ég man, að mér þóttu mjög skrytín, var „jeríjór“. Það þýðir já í Skaftafellssýslu, en á Snæfellsnesi þýddi það hvorki já né nei, heldur eitthvað mitt á milli. Þegar afi sá viðskiptamenn sína hrækja á gólfið í verzlunarbúðinni, eins og þeir voru vanir heima hjá sér, sáu þeir, að honum mislíkaði, og þá trúðu þeir gjarnan á óþverrann og klínðu honum út um gólfið og ætluðust til, að hans sæi engin merki. Þá sagði afi:

„Ætlið þið að fara að mála gólfið með hrákum? Látið þá liggja kyrra“. Menn hættu svo furðu fljótt að hrækja á gólfið í búðinni, enda voru settir þar hrákadallar.

Sá var siður í þann tíð, að vinnukonur lögðust á hné fyrir framan karlmenn til þess að draga af þeim vosklæðin, og sátu þeir á meðan á rúmun sínum. Þær drógu af þeim sokka og brækur, þó að þær væru sjálfar eins illa leiknar eftir útvíst á sjó eða landi. En brátt tók þeim að þykja þetta óréttlátt og óvirðulegt, þá er andblær nýs tíma barst um sveitina, og þá tók afi þvert fyrir, að vinnukonurnar niðurlægðu sig við slík störf. Hins vegar mun afi ekki frekar hafa viljað láta leysa vistarbandið en Jón landlæknir Hjaltalín. Hjaltalín lagðist á móti því á Alþingi 1867. Hann sagði, að ef vistarbandið væri leyst, þá mundi fólk hrúgast saman í kaupstöðunum. Spá hans kom fram. Nú leggjast ágætar jarðir í eyði af vinnufólksleysi, og stjórnin neyðist til að grípa til þess óyndisúrræðis að flytja inn útlendinga til þess að vinna íslenzka sveitavinnu. Önnur afleiðing af lausn vistarbandsins var sú, að vinnufólk tók meira en áður að standa uppi í hárinu á húsbændum sínum, og þykjast vita betur en þeir. Þetta mun hinn fróði landlæknir hafa séð að verða mundi, hefur ef til vill eitthvað orðið var við þetta í öðrum löndum. Nú er svo komið, að vinnukona vistast ekki í sveit nema með því skilyrði, að hún þurfi ekki að fara í kvíar og mjólka ásauð. Þó vita það allir, sem vilja vita, að mjólk og skyr úr ám tekur langt fram kúamjólk og skyri úr slíkri mjólk.

*Stefán Stefánsson, cand. med. frá
Københavns Universitet, læknir í Aars í
Himmerland á Jótlandi, fæddist 26. apríl
1864 á Grund í Grundarfirði og lést 22.
okt. 1938 í Hørsholm á Sjálandi.*



Vani var að fara á fætur klukkan sex að morgni, en morgunmat-ur var framreiddur á dagmálum eða klukkan 9. Í minni sveit var miðdegisverður að jöfnum báðum, það er milli hádegis og nóns, kl. 1.30. Miðmundi var milli dagmála og hádegis, og nefni ég það fyrir þær sakir, að ég minnst þess, að þá var sólin á Svartahnúk. Miðaftanskaffi var drukkíð klukkan sex, og kvöldverður var fram-

reiddur á náttmálum – eða klukkan níu að kvöldi. En því aðeins hef ég nefnt þessar gömlu eyktir, að enginn á þessum slóðum nema afi minn átti sigurvek. (Danskt orð.) Allir aðrir fóru eftir sólarmerkjum eða eyktarmörkum, eins og það var kallað.

Þegar ég var að alast upp, voru ýmsir aldagamlir siðir, sem nú eru aflagðir, enn við lýði. Eftir dagsetur var guðað á glugga. „Hér sé guð“, sagði gestur, sem kom eftir dagsetur. Þá var svarað inni: „Blessi hann guð“.

Mjög var mikilsvert að fela eld næturlangt, því að engar voru eldspýtur til þess að kveikja upp með, ef eldur dó. Drjúgur móköggull var settur undir væna glóð, og síðan var ösku dreift ofan á. Hella – felhella – var svo lögð ofan á glóð-arhrúguna. Annars voru eldspýtur að byrja að koma, þegar ég man fyrst eftir mér. Við strákarnir kveiktum snögglega á þeim í myrkrinu. Vinnukonurnar urðu dauðhræddar og sögðu, að það væri ekki verandi í bænum fyrir draugagangi. Ennfremur sögðu þær, að þarna mundu vera á ferðinni fylgjur manna – og væri auðsýnilegt, að þarna glórði í augun á fylgjunni eða draugnum. Ekki vantaði trúna eða hugmyndaflugið. Við strákarnir höfðum mjög gaman



Óli Steinbach Stefánsson, tannlæknir, fæddist 12. des. 1868 á Grund í Eyarsveit en lést 16. maí 1935 á Ísafirði.

af þessu, unz afi og amma og faðir minn og móðir höfðu vanið fólkíð við að kveikja á eldspýtum og beinlínis kennt því það.

Mikill ágangur var af flökkurum, þegar ég var barn, og mjög voru þeir misjafnlega þokkaðir. Einn sá frægasti var Sölvi Helgason, en ekki man ég það, hvort hann kom að Grund. Hins vegar var mikið um hann talað, og má segja, að hróður hans hafi gengið

fjöllumum hærra. Hann var kallaður ýmsum nöfnum, t.d. var hann kallaður Sylvius á Vestfjörðum og sums staðar Jón galdrakar. En mönnum þótti mestur matur í því, að hann var svo menntaður, að hann hafði skrifað sér falskan passa, sem allir tóku gildan um langa hríð. Hann var loks dæmdur til hýðingar fyrir passafölsunina, þá er upp komst um hana. Hann stóðst vel refsinguna og hélt áfram að flakka, þar sem hann taldi sér óhætt. Var ekki laust við, að sumir héldu með honum í blóra við yfirvöldin. Hann hafði aftur og aftur villt þeim sjónir og farið allra sinna ferða, og þótti mönnum gaman að því, að hann skyldi geta leikið á þau. Vinsælli voru þau ekki en svo, enda sett í samband við konungsvaldið danska.

Maður nokkur hét Samúel, ég man nú ekki, hvers son hann var. Hann var kallaður flakkari. Hann kvað lausavísur við raust og rímur og dró mjög seiminn. Rímnaforði hans var óþrjótandi. Sjálfur hafði hann mest gaman af rímum, sem eitthvað mikið gerðist í, mergjuðum rímum, eins og hann orðaði það sjálfur. Andrarímur voru hans eftirlæti, en annars kvað hann allar rímur, sem áheyrendur hans báðu hann um að kveða. Skil ég ekkert í því, hver kynstur komust fyrir í heila hans af alls konar vísnum og rímum, þar sem hann þá líka var höfuðlítill. Ef hann mundi ekki eitthvað, þá rankaði hann við sér, þegar

*Stefán Guðmundur Stefánsson,
 cand. jur. frá Københavns
 Universitet, sendiráðsritari, dóm-
 túlkur og amtsforvalter á Varde
 fæddist 13. apríl 1876 og lést 7.
 apríl 1948 í Holte.*

hann fékk súr svið. „Ég óska þess“, sagði Samúel, „að þegar ég er kominn í himnaríki, þá vildi guð almáttugur lofa mér að skreppa niður á jarðríki rétt aðeins stundarkorn til að bragða súr svið.“

„Vertu ekki að guðlasta, maður“, var sagt við hann. „Ætli þú vitir nokkuð, hvernig guði lízt á guðsgjöf sína, sviðin“? ansaði Samúel. Síðan var sagt ærið oft við Samúel: „Byrjaðu nú að kveða, helzt Andrarímur, því að annars færðu aldrei svið“. Annars færðu aldrei svið – Samúel tók eftir, að í rauninni gæti þetta verið upphaf vísu og hafði orð á því, en aldrei reyndi hann samt að bæta þarna við.

Hjá Forn-Grikkjum voru farandskáld höfð í miklum heiðri, en þau ortu líka og létu sér ekki nægja að fara með kvæði annarra skálda. Símon Dalaskáld kvað oft hnyttilega um hvern mann á bæ, þar sem hann gisti. Sigurður Breiðfjörð ól allmjög aldur sinn á Snæfellsnesi, og var sveitarhöfðinginn Árni Thorlacius honum vel. Sögðu menn um tíma, að Sigurður væri hirðskáld hans. Í staðinn fyrir leikhús og bíó höfðu Íslendingar í þá daga sagnaskemmtun og



rímna. Menn tóku oft fram í fyrir sagnaþulunum og kvæðaþulunum, gerðu athugasemdir, spurðu eða ræddu fram og aftur, og sýndu þeim með því, að þeir kunnu að meta það, oft bæði til lasts og lofs, sem með var farið. Enskur læknir hefur tekið eftir, að mannfjöldinn, sem kemur út úr kvikmyndahúsunum, er þreytulegur og tómlegur á svipinn eins og hann hafi heimskazt á að horfa á allar þessar iðandi og kvikandi myndir, sem hann stundum botnar ærið lítið í. Þessi læknir segir, að það skemmi bæði sjónina og starf heilans að glápa á kvikmyndir í margar klukkustundir á dag. Þetta muni vera ein af orsökum þess, að andleg afturför sé bersýnileg í Bretlandi. Bústýran í húsi því, sem ég bjó í í London, fór í bíó tvisvar í viku. Ég spurði hana oft, hvað hún hefði séð. Hún vissi það aldrei. Hún sagðist fara í bíó til þess að hvíla sig.

Gagnstætt þessu örvaði sagna- og kvæðaskemmtun á sveitabæjum bæði ímyndunarafl og hugsanagetu. Áheyrndurnir mátu, hver á sinn hátt, persónurnar í sögunum og kvæðunum, og orðfærið vakti til hugsunar. Þeir deildu um það, sem lesið var, og þeir fræddu hver annan. Þeir voru að safna andlegum auði. Áhorfendur kvikmyndanna verða smásaman andlega fátækir, og loksins blásnauðir. Afturför eða framför? Íslendingar munu hafa næga dómgreind til þess að skera úr því. Kvikmyndirnar eiga sinn þátt í að skapa skríl í Reykjavík. Þetta er vandamál, og er betra seint en aldrei að vekja á því athygli. Ef læknar geta sannað, að þeir sem daglega eyða klukkustundum í bíó, skemmi sjónina og verði smámsaman svo andlega fátækir, að úr þeim verði skrill, þá er bezt að taka upp þann hátt að fara sem sjaldnast á slíka staði. Annars eru menn vita-skuld sjálfráðir um það, hvort þeir vilja eyða fé sínu í að heimska sig og gera sig að skrilmennum.

Ýmis konar hjátrú – önnur en draugatrú – var við lýði á uppeldisárum mínum. Því trúði fólk fastlega í Eyrarsveit, að ef menn nefndu tófuna á nafn, þá mundi hún leggjast á sauð eða lamb. Ef hún var kölluð dýrið, þá var öllu óhætt. Eins kynni þá að vera til komið nafnið melrakkí. Á Melrakkasléttu er mikið af grenjum og refum. Og hefur Sléttan hlotið nafn sitt af melrakkamergðinni. Á Sléttu var tófan mikil tekjulind, og hef ég heyrt, að hún hafi ekki verið útlæg og rétt dræp þar eins og víðast annars staðar, og launar hún Sléttubúum að sögn góðvildina og leggst ekki á fé þeirra. Ekki þó svo að skilja, að Sléttubúar skjóti ekki tófuna, en þeir reyna ekki að útrýma henni með öllu mögulegu móti. Skáldin hafa oft tekið málstað tófunnar. Þar má nefna Jónas Hallgrímsson,

Þorstein Erlingsson, Jakob Thorarensen og Davíð Stefánsson – og þá Sigurð Breiðfjörð. Í kvæðinu Torfi og tófa segir Sigurður:

Á skaparans ég skepnum sé, sem skyn og krafta bera, hvert mun annars eyðslufé ætlað til að vera.

Hann sá, að allar skepnur, að mannum meðtöldum, lifa á öðrum skepnum. Hví er þá verið að áfella tófuna fyrir, að hún geri það, sem henni er áskapað af guði – að hún fylgir eðlishvöt sinni eins og aðrar skepnur? Skaufhalabálgur Svarts Þórðarsonar – frá 15. öld – er skemmtilegt samtal milli grenjahjóna. Karltófan nær í feitan sauð, en verður að sleppa honum fyrir ofríki manns og hunds og kemst aðeins undan þeim við illan leik. Segir hann kventófunni af afreksverkum sínum, en enginn má við margnum.

„Exoriare aliquis nostris ex ossibus ultor – einhver, sem hefnir, rísi upp af beinum okkar“. „Einhver af yrðlingum okkar mun hefna þessa“, segir hann, þó að hann kunni ekki latínu. Meining hans er söm og Virgils. Skaufhalabálgur er ádeilukvæði og mun vera eitt snilldarlegasta kvæði, er ort var á 15. öld, sem frekar var fátæk af bókmenntum.

Tófunni er álasað fyrir að vera slæg og grimm, Menn leita allra bragða til þess að drepa hana, en hún er svo vitur, að hún sér við brögðum þeirra. Þeir kynda eld við grenmunnann og búast við, að hún hlaupi út til þess að kafna ekki en hún hefur séð fyrir því, og oftast nær, að hún komist aðra leið út úr greninu. Þeir standa með byssu, reiðubúnir til að skjóta hana, standa stundum margir með skotvopn, svo að víst sé, að einhver þeirra muni þó hitta. Hún ber yrðlingana í munninn út um leyndan útgang – í hægðum sínum. Reynslan sýnir, að oft er hún vitrari en mennirnir. Því var það á Snæfellsnesi og sjálfsagt víðar um land, að menn töldu sig ekki mega nefna hana réttu nafni.

Í sveit minni, Eyrarsveit, er bær, sem var mjög fornfálegur. Hann hét (í) Bár, en fornmenn íslenzkuðu nafnið Barí á Ítalíu með Bár. Í Bár héldust ýmsar fornar venjur lengur en annars staðar, þó að víða væri leitað. Bóndi bauð þorra í garð fyrsta föstudag á þorra, fór þá á fætur á undan öllum öðrum. Í skyrtunni og annarri brókarskálminni hoppaði hann á öðrum fæti þrisvar kringum bæinn og fagnaði þorra með tilvöldum orðum. Konan hans fagnaði svo góu á líkan hátt, hoppaði lítt klædd kringum bæinn og hafði yfir þessar vísu:

Velkomin sértu, góa mín, og gakktu inn í bæinn. Vertu ekki úti í vindinum vorlangan daginn.

Ennþá eldri var sú venja, sem húsfreyja hafði á nýjárnsótt. Þá gekk hún þrisvar sinnun kringum bæinn og mælti:

Komi þeir, sem koma vilja, fari þeir, sem fara vilja, mér og mínum að meinalausu.

Þetta gerði hún til þess að vernda heimilið á komandi ári fyrir illum öndum, vofum og fylgjum. Konur halda yfirleitt gömlum venjum betur en karlmenn. Sprengikvöld átu allir Eyrsvaitingar sig sprengsadda. Carnevale heitir sú hátíð í Miðjarðarhafslöndunum, þ.e. kjötkveðja. Þá kvöddu menn kjötið og brögðuðu það ekki á ný fyrr en á páskadag. Ég man eftir, að sá þótti mestur, sem mestu gat torgað. Við strákarnir þöldum þetta kjötát betur en eldra fólk. Rákum við fingurinn niður í kokið til þess að finna, hvort meira mætti bera í bakkafullan lækinn. „Springi sá, sem fyllstur er“, var formáli, sem var viðhafður. Ekki veit ég til þess, að neinn Eyrsvaitungur sprengdi sig á kjötáti. Jón Thoroddsen hefur lýst ofáti snilldarlega: „Ég vildi ég væri sofnaður, vaknaður aftur og farinn að éta“. Ég hygg, að enginn hafi lýst átvagli betur en Jón Thoroddsen gerir með þessum orðum. En nú er kappát lagt niður, enda mundi það verða bráður bani vesalinga nútímans.

3.

Frakkar voru kallaðir Franskur, fleirtala Franskir, eða þá fransar, vestur í Grundarfirði. En til var líka að kalla þá Flandrara. Faðir minn smíðaði bát, er hann skírði Buslu. Rerum við á honum til fiskjar út á fjörðinn og ennfremur út í franskar skútur, sem lágu þar oft margar við akkeri. Faðir minn tók af þeim löggjöld. Man ég það vel, að eitt sinn lágu á firðinum 20 frönsk skip, og rerum við út í hvert einasta þeirra. Auk þess sem faðir minn krafði Frakka löggjalda, drakk hann með þeim vín og verzlaði við þá. Poki, fullur af hinu ágæta hveitikexi þeirra (biscuit de Nantes), fékkst fyrir fullorðna kind, en 8 -10 brauðkökur fyrir eina sjóvettlinga. Höfðu hásetar gjarna brauðkökurnar í barminum. Gaman var að sjá og heyra þá „trúkka“, sem kallað var, þ.e. verzla við Íslendinga. Skipin voru flest frá Bretagne, en fólk þar talar ennþá keltneska mállýzku, sem var tunga Bretlands áður en Engilsaxar unnu það. Annars var hið svokallaða Flandra-mál – er Íslendingar og þessir Bretar töluðu sín á milli, samblanda af frönskum orðum með íslenskum endingum og íslenskum með

frönskum endingum. Orðaforðinn var ekki mikill, en þó skildu hvorir aðra, þá er þeir töluðu saman á þessu nýgervingsmáli, Íslendingar og Frakkar. Frönsku fiskimennirnir borðuðu hráan skelfisk úr fjörunni og drukku rauðvín með honum. Hryllti okkur við því, bræðurna, svo sem og aðra Íslendinga á þeirri tíð. Frakkar grófu rætur upp úr túninu og átu þær. Þetta var þeim bannað. Þeir sögðu þá, að „le maitre de l’herbe“ þyrfti ekki að sjá eftir rótunum, því að þeir létu grasið í friði. Í siðgæði og framferði öllu tóku sjómennirnir frönsku frá Bretagne og Normandíu langt fram öllum erlendum sjómönnum, sem voru hér við land. Auðvitað kom það fyrir, að þeir drukku sig blindfulla, en góðmennskan, sem þeim var eðlileg, kom þá enn gerr í ljós. Þeir unnu yfirleitt ekki spellvirki eins og sjómenn annarra þjóða. Þeir eru menn kaþólskir og mjög sanntrúaðir. Frakkar þeir, sem komu á Grundarfjörð, höfðu dans fyrir sveitarbúa á grundinni fyrir norðan Grund. Enda voru frönsku fiskimennirnir yfirleitt glaðværir og hneigðir fyrir söng og dans. Kapteinninn á einu skipunum varð ástfanginn af einkadóttur efnaðra hjóna í sveitinni. Foreldrar hennar töldu víst, að hann mundi vera kvæntur heima á Frakklandi og bönnuðu dóttur sinni að hitta hann. Einn morgun var hún horfin, en kapteinninn sigldi heim til Bretagne þann dag. Foreldrarnir hörmuðu sárlega örlög einkadótturinnar, en tveim mánuðum eftir brottför hennar fengu þau bréf frá henni. Allar hennar vonir höfðu rættzt, brúðkaup verið haldið með mikilli viðhöfn og að fornum venjum Breta. Hún kvað ástarsælu sína mundu verða fullkomna, ef foreldrar hennar vildu taka því boði þeirra ungu hjónanna að dvelja hjá þeim suður í Paimpol það, sem eftir væri ævinnar.

Þegar ég var í Latínuskólanum, samdi ég skáldsögu út af þessu ástarævintýri. Þá var ég sextán ára. Þetta var raunveruleg saga, og ég þyrfti ekki annað en að skálda í eyðurnar, og munu nú börn og burir stúlkunnar úr Eyrarsveit vera orðnir fyrir allöngu bústólpar í Bretagne. Saga mín var lesin – og lofuð af þeim fáu, sem lásu hana, en ekki vildi ég láta hana koma fyrir hvers manns sjónir. „Odi profanum vulgus et arceo“, segir Hórats: „Ég hata inn illmálga múg og forðast hann“. Mér var það nóg, að þeir fáu, sem söguna sáu, kunnu að meta hana, líkaði hún mætavel. Mér fannst það mundu rýra gildi hennar, að múgurinn handléki hana. Sagan er nú týnd og tröllum gefin, en ég gæti ritað hana upp úr mér, hvenær sem vera skal.

Ég lofaði föður mínum því, að þegar við værum orðnir nægilega efnaðir,

skyldum við fara til Paimpol. Hann átti þar marga vini, sem komið höfðu á Grundarfjörð. Höfðu sumir komið þar til að hitta hann, þó að það væri úr leið. Hann hugsaði sér til hreyfings að sitja með þeim yfir víni og rabba um allt, sem á dagana hafði drifið. Því miður gat aldrei orðið neitt úr ferð okkar feðga til Paimpol, en í fiskiþorpinu Lavandou við Miðjarðarhafið hitti ég sams konar frumlegt og óspillt fólk og fiskimennina frá Paimpol, fólk, sem var ánægt og elskulegt og mátti ekki vamm sitt vita.

Frá lífi fiskimannanna í Bretagne segir Pierre Loti í skáldsögunni „Pêcheur d'Islande“, Íslandsfiskimaðurinn. Sú bók hefur komið út í 60 útgáfum á Frakklandi og verið þýdd á öll Evrópumál. Á íslenzku heitir hún „Á Íslandsmiðum“, svo sem kunnugt er lesendum mínum. Loti var maður auðugur, og lagði hann það í vana sinn, að í hvert skipti, sem frönsk fiskiskúta – goëlette – fórst við Ísland, safnaði hann fé handa ekkjunum og munaðarleysingjunum og bætti við vænni fúlgu frá sjálfum sér. Hann var sjálfur Bretoni, og varð hann mesti bjargvættur sveitunga sinna. Hann fór mjög víða, og kvæntist hann alls staðar, þar sem hann hafði nokkra verulega viðdvöl. Á einni af Kyrrahafseyjunum gekk hann að eiga innfædda konu, og á Tyrklandi tók hann konu úr kvennabúri, og er sín skáldsagan um hvora. Hann lofaði mjög höfðingsskap og drenglyndi Tyrkja, en vildi leysa kvenfólk þeirra úr læðing. Loti var næmur og hugall, þá er hann lýsti tilfinningalífi kvenna, enda hafði hann langa og víðtæka reynslu í þeim efnum. Hann var kosinn af Académie Française sem meðlimur þess og varð þar með einn af 40 „ódaudlegu“ - svo sem þeir eru kallaðir. Hann var maður rammkeltneskur, og gætir þess í öllu því, er hann ritaði. Pierre Loti var höfundarnafn hans, en raunverulega hét hann Julien Viaud. Hann var foringi í sjóher Frakka í fjöldamörg ár. Hann lézt árið 1923, 73 ára gamall.

Í Bretagne voru menn á Íslandsförunum kallaðir „les Islandais“, þ.e. Íslendingar. Hátíðlegar skrudgöngur, með heitum á Maríu mey, voru haldnar, bæði þegar þeir lögðu af stað til Íslands og eins þegar þeir komu heim aftur og skyldfólk þeirra þóttist hafa heimt þá úr helju. Þeir bera allir mynd af Maríu mey á brjóstinu – innanklæða, og trú þeirra er engan veginn tómt hismi og tildur, svo sem vill brenna við hjá mótmælendum, heldur er hún samgróin sálu þeirra og því eðlileg og sjálfsgöð. Mótmælendur – eða prótestantar – hafa beðið ómetanlegt tjón af að hafna Maríu mey, hafna líkn og miskunnsemi

kveneðlisins. Á Íslandi voru öll líkneski hennar mölvuð og sum notuð sem hleðslugrjót, og helgibækur um hana, lýstar (illuminated) með fögrum litum – listaverk kalla sérfræðingar þær – voru brenndar á báli, ásamt mörgum öðrum handritum, sem í gat leynzt pópísku, - og var þetta gert í nafni guðs. Ef menn líta á bréf forsprakka siðaskiptanna á Íslandi á 16. öld, hvers til annars, sést það greinilega, að fyrir þá var mest undir því komið að ná undir sig jörðum og öðrum auðæfum kaþólsku kirkjunnar. Þeim var sama um, þó að víða yrði prestslaut og allt trúarlíf kæmist á ringulreið, bara að það vald, sem auðnum fylgdi, kæmist í þeirra hendur.

Prófessor í guðfræði í Oxford sagði við mig, að ýmsir prestar í þjóðkirkjunni ensku væru nú farnir að setja Maríu mey við hlið Krists, sonar hennar, og kvaðst hann vera því að öllu samþykku. Þessir menn ensku þjóðkirkjunnar eru kallaðir Anglo-Catholics. Fer þeim stórum fjölgandi á síðari árum. Tel ég vel vert, að íslenska kirkjan athugi, hvort ekki muni þarna vera fordæmi, sem hæfi til eftirbreytni.

4.

Við bræður höfðum með höndum ýmis venjuleg sveitastörf um sláttinn, en lékum okkur einnig mikið. Er mér það minnisstætt, hve mjög við kenndum í brjósti um lömbin, þegar kefli voru sett í munn þeim nokkru fyrir fráferurnar, svo að þau gætu ekki sögið ærnar. Stálumst við stundum til að losa um keflin, svo að vesalingarnir gætu komizt á spenann. Ærnar voru mjólkaðar heima á sumrin, eins og siður var í þá daga, og átti þá við vísan gamla:

Komið er heim á kvíaból kýrnar, féð og smalinn.

Silungur var í Grundará, og um flæði rann sjóbirtingur upp eftir ánni. Óðum við allsberir upp undir axlir við að leggja net, áður en útfall byrjaði. Urðu netin svo þung af spriklandi og glitrandi birting, gulls- og silfurlitum, að hestur varð að draga með okkur. Okkur fannst hrein synd að borða svo fagran fisk.

Við bræður hugsuðum eins og kerlingin, sem sagði: „Ekki er gaman að guðspjöllunum, enginn er í þeim bardaginn“. Við elskuðum bardaga og hreystiverk. Rennisléttur fjörusandur er framan við malarkambinn á Grund. Á þessum sandi fylktum við liði og lékum alla þá bardaga, sem við lásum um.

Röð af steinum voru fylkingar. Þegar um mannmargar fólkorrustur var að ræða, var hver steinn 1000 manns. Var barizt á þann hátt, að t.d. ég tók stein fremst úr fylkingu og henti honum af öllu afli á stein, sem var fremstur í líði fjandmannanna. Steinn, sem klofnaði eða brotnaði, var fallin þúsund manna sveit, en dytti aðeins flís úr honum, hafði sveitin einungis beðið nokkurt afhroð. Í orrustunni við Waterloo var Napóleón blár steinn, því að bláir steinar voru allra steina harðastir. Wellington var grár steinn. Orrustunni lauk þannig, að Napóleón vann sigur. Stundum, þegar við háðum orrustur og kallað var á okkur að borða, sendu við þau skilaboð, að við gætum alls ekki komið, fyrr en úrslitahríðin í bardaganum hefði verið háð. Það kom fyrir, að brot úr steini hitti okkur í andlitið. Var okkur þá harðbannaður allur hildarleikur. En þrátt fyrir örkuml og bann, stálumst við til að vefa vef Darraðar, þegar við komumst höndunum undir.

Grundará lagði á vetrum, og var þá gaman að renna sér á spegilsléttum ísnum. Stundum var jakahlaup í ánni, og stukkum við þá af jaka á jaka. Eitt sinn fór ég út á jaka, sem bar svo fljótt að ármynninu, að hann varð viðskila við aðra. Sá ég mér ráðlegast að standa grafkyrr á honum. Bræur mínir hlupu heim og sögðu, að jakinn væri að sigla með mig út á fjörð. Faðir minn ýtti þá úr vör gnoðinni Buslu og reri lífróður í áttina til jakans. Nú var mestur vandinn að sjá svo um, að hann sporðreistist ekki, þegar ég stigi yfir í Buslu. Faðir minn rétti árarblað yfir á jakann og sagði mér, að vefja rígfast um það handleggjum og fótum. Ég náði með mestu naumindum taki á árarblaðinu, því að jakinn var valtur, en gerði síðan eins og faðir minn hafði lagt fyrir mig. Faðir minn dró svo árina að sér með mestu gætni, og gekk allt sæmilega, en holdvotur varð ég samt. Var ég dúðaður í fótum og sængum, þegar heim kom, og varð mér ekkert meint af baðinu. Svo fór um sjóferð þá. En bannað var okkur bræðrum upp frá þessu að leika okkur á jökum á Grundará.

Fjallahringurinn umhverfis Grundarfjörð er fagur mjög: Mön, Helgrindur, Kirkjufell. Vinur minn, W.C. Collingwood, sem ferðaðist með mér um allt Norður-, Vestur- og Suðurland í þrjá mánuði, og var einkum að mála sögustaði, sagði, að Snæfellsnes væri „The most picturesque landscape in Iceland“. Hann málaði Grundarfoss og sólarlag á Mön.

Eitt sinn að vetrarlagi gekk faðir minn yfir Helgrindur að hitta vin sinn, Svein á Búðum. Þegar hann kom aftur, hafði hann í vösum sínum epli og

appelsínur handa okkur börnunum. Hann sagði, að sig hefði tekið að hungra og þyrsta á fjallinu, og hefði það þá verið freisting að grípa til ávaxtanna sér til svölunar og hressingar, en freistinguna stóðst hann. Var mikil gleði okkar barnanna yfir þessum dýrkeyptu ávöxtum.

Loks vil ég svo, áður en ég vík að bókhneigð minni og námi, geta um fyrstu ást mína. Ég varð ástfanginn af frænku minni, sem kom að heimsækja móður mína. Hún var fól og ólík blómarósunum í Eyrarsveit. Svo datt mér í hug, að ef hún fyndi mig einhvern morgun veikan af ofurást á flötinni fyrir norðan bæinn, mundi hún aumkast yfir mig, bera mig heim í faðmi sér og hjúkra mér. Næsta dag lagðist hún veik. Þá slokknaði þessi ástarglóð, og sú kvöl og sæla, sem henni fylgdi.

Gylfi Pálsson

Minnisatriði úr Eyrbyggju

Eyrbyggja er héraðssaga og gerist að mestu á norðanverðu Snæfellsnesi. Hún er talin rituð 1270-1280. Höfundur er gagnrýninn sagnfræðingur. Sagan hefst um 900. Viðhorf hennar eru raunsæ og heiðin. Atburðasögur og galdrakynngi skiptast á. Persónulýsingar afbragðsgóðar. Höfundur vitnar í Laxdælu sem þá er fyrr rituð. Ennfremur í sagnaminni sem getið er í Njálu þótt hún sé síðar rituð. Minnst er á Snorra goða m.a. í Eyrbyggju, Laxdælu, Heiðarvígasögu, Njálssögu, Grettissögu og Kristnisögu. – Gylfi Pálsson starfaði lengi sem kennari og skólustjóri en er jafnframt afkastamikill þýðandi. Hann hefur ennfremur þýtt og lesið inn á fjölda fræðslumynda fyrir Sjónvarpið, Námsgagnastofnun, Sagafilm, Bergvík o.fl.

Afkomendur Ketils flatnefs

Frásögnin hefst á því að Haraldur hárfagri sendi Ketil flatnef Bjarnarson bunu sem fulltrúa sinn til **Suðureyja** en Ketill lagði eyjarnar undir **sjálfan sig**. Haraldur gerir fyrir vikið upptækar eigur Ketils í Noregi. Fimm börn Ketils flytjast til **Íslands**: Björn hinn austræni í **Bjarnarhöfn**, Helgi bjóla á **Hofi** á **Kjalarnesi**, Auður djúpúðga, Þórunn hyrna og Jórunn man(n)vitsbrekka. Auður var gefin Ólafi hvíta **Skotakonungi** en fluttist eftir fall hans til Íslands, nam **Hvammsfjörð** og bjó í **Hvammi**. Þórunn giftist Helga magra er nam **Eyjafjörð**, þau reistu bú í **Kristnesi**. Afi Helga var Kjarval, írskur „konungur“, héraðshöfðingi eða hersir. Jórunn átti Ketil hinn fiskna í **Kirkjubæ** á **Síðu**. Björn austræni Ketilsson var fóstraður hjá Kjallaki jarli í **Jamtalandi** og kvæntist Gjaflaugu dóttur hans. Heim kominn til Noregs nær hann tímabundið aftur eignum föður síns en er gerður útlægur fyrir bragðið. Fer hann þá til **Hrólf**

í **Mostri** þess er síðar nefndist Þórólfur vegna átrúnaðar síns á Ása-Þór, auknefndur Mostrarskeggi. Óvíst er að hann hafi verið skeggjaður heldur merkti viðurnefnið sennilega „maður frá eyggi Mostur“, sbr. eyjarskeggi.

Hallsteinn, sonur Þórólfs, og Björn héldu vestur um haf til frænda Bjarnar og dvöldust í Suðureyjum tvo vetur.

Landnám á Snæfellsnesi

Er upp kemst að Þórólfur hefur haldið hlífiskildi yfir Birni gerir Haraldur honum tvo kosti: Að hann leggi mál sitt í hans vald en verði útlægur ella. Þórólfur „frétti“ hjá Þór, vini sínum, að hann skyldi leita til Íslands. Þetta var tíu vetrum eftir að Ingólfur Arnarson byggði landið (884). Þórólfur Mostrarskegg siglir vestur fyrir **Snæfellsnes**, kemur í **Hofsvog** og finnur öndvegissúlur sínar reknar á **Þórsnesi** (*þar sem nú heitir Jónsnes*), setur saman bú á **Hofsstöðum**. Færir súlurnar í hofið sem hann reisir, hefur þær ekki í íveruhúsinu. Þórólfur kallaði **Þórsnes** milli (*norðan*) **Vigrafjarðar** og **Hofsvogs**. Á nesinu er **Helgafell**. Hofsstaðamenn töldu að þeir myndu deyja í fjallið. Mörk landnáms Þórólfs voru **Stafá** og **Þórsá**.

Er Björn austræni Ketilsson og Hallsteinn Þórólfsson komu til Íslands settist Hallsteinn að á **Hallsteinsnesi** í **Þorskafirði**, Þorsteinn surtur, sonur hans, bætti tímatal vort með sumarauka; á sjö ára fresti var á miðju sumri skotið inn aukaviku til leiðréttingar íslenska misseristalínu.

Landnám Björns var milli Stafár og **Hraunsfjarðar**, hann bjó í **Borgarholti** í Bjarnarhöfn. Frá honum eru komnir **Kjalleklingar**, Óttar, afi Vigfúsar Björnssonar í **Drápuhlíð**, og Kjallakur gamli, faðir Þorgríms goða. Synir Þorgríms voru Brandur er bjó í **Krossnesi** við **Brimlárhöfða**, Arngrímur, mikill og sterkur ofstopamaður og því nefndur Styr, Víga-Styr og bjó **undir Hrauni**, (*hann varð tengdafaðir Snorra goða*), yngstur var Vermundur mjóvi í Bjarnarhöfn sem fyrr átti Guðnýju, systur Þórarins svarta í **Mávahlíð**. Vermundur bjó síðar í **Vatnsfirði** við **Ísafjarðardjúp**, þá kvæntur Þorbjörgu digru (*Brandur örovi, sonur Vermundar, kvæntist Sigríði, dóttur Snorra goða*). Á **Kjallaksstöðum** á **Fellsströnd** bjó Barna-Kjallakur Björnsson sterka, bróðursonur Gjaflaugar Kjallaksdóttur, konu Björns austræna. Þórsnesingar og Kjalleklingar sátu á sátts höfði meðan landnámsmennirnir lifðu.

Geirröður nam land milli Þórsár og **Langadals**. Hann bjó á **Eyri í Álftafirði** (*Narfeyri*). Með honum kom Úlfar kappi er byggði **Úlfarsfell** og Finngeir, faðir Þorfinns, föður Þorbrands í **Álftafirði** (*Kársstöðum*).

Geirríður, systir Geirröðs, bjó í **Borgardal** sem er hvílt í fjallið við austanverðan Álftafjörð. „Lét setja skála sinn á þjóðbraut þvera.“ Þórólfur bægifótur, sonur Geirríðar, bjó í **Hvammi** í **Þórsárdal**. Hann skoraði Úlfar kappa, gamlan manninn, á hólm til landa. Úlfar féll en Þórólfur varð sár á fæti og hlaut af því viðurnefnið. Hann seldi síðar lönd **leysingjum Þorbrands í Álftafirði**, Úlfari og Örlygi, þeir bjuggu á **Úlfarsfelli** og **Örlygsstöðum**.

Börn Þórólfs voru Arnkell goði á **Bólstað** í Álftafirði, Gunnfríður, móðir Þorgerðar, er átti Vigfús í **Drápuhlíð**, og Geirríður í **Mávahlíð**, hún var móðir Þórarins svarta og Guðnýjar sem áður var nefnd. Þórarinn var sagður rammur að afli, ófríður, hljóðlyndur og mikill mannasættir. Óvinir hans brugðu honum um kvennaskap. Auður hét kona hans. Arnkell var hinn mesti atgervismaður, lögfróður og forvitri. Sagan dregur taum hans á kostnað Snorra goða. Þeir kepptu um völd.

Öndurðareyri er **Hallbjarnareyri** í **Eyrarsveit** - við **Urthvalafjörð** (*utanverður Kolgrafafjörður*). Þar nam land Vestarr Þórólfsson blöðruskalla. **Hans son var Ásgeir er átti Helgu, dóttur Kjallaks gamla**. Sonur þeirra var Þorlákur, faðir Steinþórs á Eyri, Bergþórs, Þormóðs á Bakka, Þórðar blígs á Knerri (*blígur merkir með starandi augu*) og Helgu. Steinþór var fremstur þeirra systkina, afreksmaður hinn mesti. Af Eyri var stutt á fiskimið og þaðan sá vel til skipaferða um sunnanverðan **Breiðafjörð** miðjan.

Deilur Kjalleklinga og Þórsnesinga

Þorsteinn þorskabítur tekur við föðurleifð sinni að Þórólfi Mostrarskegg látnum. Ýfingar verða með Kjalleklingum og Þórsnesingum á Þórsnesþingi. Þorgrímur Kjallaksson og Ásgeir á Eyri gera uppsteit og neita að ganga örna sinna í **Dritsker** eins og tilskilið var til að spilla ekki þingstaðinum. (*Þurftu menn að halda í sér á flóði?*). Stuðningsmenn Þorsteins þorskabíts eru **Þorgeir kengur Geirröðarson** á Eyri í Álftafirði, **Þórólfur bægifótur**, frændi hans, og feðgarnir **Þorfinnur** og **Þorbrandur** á Kársstöðum. Í brýnu sló með þessum fylkingum á þingstaðnum. **Skógstrendingar**, Þorgestur hinn gamli á **Breiðabólstað** og

Áslákur úr **Langadal** stilltu til friðar. Völlurinn var saurgaður. Þórður gellir í **Hvammi** var kvaddur til að setja niður málin. Hann var frændi Kjalleklinga, Auður djúpúðga var langamma hans en hins vegar var Þorsteinn þorskabítur mágur hans, hann átti Þóru Ólafsdóttur feilans. Úrskurður Þórðar: Engan fallinn eða særðan skyldi bæta. Þorgrímur Kjallaksson skyldi halda uppi hofinu að helmingi, hafa hoftoll að hálfu svo og þingmenn en veita Þorsteini í hvívetna. Þingið var fært „inn á nesið“. Sá staður heitir nú **Þingvellir** og telja menn sig geta séð þar dómhring, þar er **Þórssteinn**, blótsteinninn – „sem enn sér blóðslitinn á.“

Þórður gellir kom á fjórðungsþingum og skipulagi á dómsvald. Hann gerði Þórsnesþing að fjórðungsþingi Vestfjarða. Þorsteinn þorskabítur flytur bústað sinn að Helgafelli og hafði jafnan um sig 60 frelsingja. Hann lét gera Þorsteini surt frænda sínum bæ „þar í nesinu nær því sem þingið hafði verið (*sett segir í Melabók. Var þá bærinn á Þingvöllum eða í Jónsnesi (Þórsnesi)???* **Bærinn var á Þórsnesi þar sem þingið hafði verið. Ól. Lár.**) Þorsteinn surtur drukknaði í röstinni **Kolkistungi** undan Skógarströnd (*milli Straumseyjar og lands*). Var að flytja á Hrappsstaði í Laxárdal. Leiddist valdabrölt Barkar digra og Þorgríms goða, sona Þóru og Þorsteins þorskabíts. Skömmu eftir fæðingu Þorgríms fór Þorsteinn til fanga í **Höskuldsey**. Sýn sauðamannsins: Helgafell opnast ... „situr að teiti sveitin öll“ og fagnar Þorsteini sem drukknaði í fiskiróðri tuttugu og fimm ára gamall. Þóra hélt búinu og tók sér ráðsmann er **Hallvarður** hét og átti með honum soninn **Má**.

Atburðir úr Gísla sögu Súrssonar

Þorgrímur goði kvænist Þórdísi Súrsdóttur og sest að á **Sæbóli** í **Haukadal** í **Dýrafirði**. (*Til athugunar: Þórsnesþing var fjórðungsþing Vestfjarða, væntanlega var Þorgrímur að tryggja völd Þórsnesinga með því að flytjast vestur*). Gísli drepur Þorgrím goða 25 ára gamlan, hefnir með því fyrir dráp fóstbróður síns og mágs, Vésteins Vésteinssonar. Nokkrum nóttum síðar elur Þórdís svein er nefndur er eftir föður sínum. Skömmu seinna giftist Þórdís Berki, mági sínum, og flyst til Helgafells en Þorgrímur hinn ungi fer í fóstur til Þorbrands í Álftafirði.

Uppvöxtur Snorra goða

Snorri þótti ódæll í æsku og því nefndur Snerrir > Snorri. Þorbrandur átti Þuríði, dóttur Þorfinns Sel-Þórissonar frá **Rauðamel**. (*Sagt er í Landnámu að Sel-Þórir hafi séð fyrir gosið í Eldborg - þó fremur gos í Rauðhálsun. „Þar var bærinn (Hrip) sem nú er borgin.“ Þess ber að geta að Sel-Þórir var þá sagður blindur og reyndar sést ekki Eldborg frá Rauðamel*). Börn Þorbrands og Þuríðar voru: Þorleifur kimbi (*kimbi merkir pinkill, böggull svo og háðfugl*), Snorri, Þóroddur, Þorfinnur og Þormóður, systirin hét Þorgerður og hálfbróðir þeirra Freysteinn bófi. Þeir Þorbrandssynir voru fóstbræður Snorra Þorgrímssonar.

Snorri kemur fyrir alvöru til sögu 12 vetra. Fer utan með Þóroddi og Þorleifi kimba Þorbrandssonum, Börkur föðurbróðir hans lætur hann hafa fimm tigu silfurs í farareyri. Snorri dvelst hjá Erlingi Skjálgsyni á **Sóla** (*þar sem er Stavangerflugvöllur*), þeim „sem öllum kom til nokkurs þroska“. Þeir félagar komu aftur í **Hornafjörð**, ríða þaðan til Álftafjarðar og er nokkur munur á búnaði skartmannsins Þorleifs kimba og Snorra, sem bjóst svartri kápu og reið svörtu merhrossi. Snorri fer síðan heim til Helgafells og ætlar að vera þar um veturinn. Eyjólfur grái úr **Otradal** í **Arnarfirði**, frændi Barkar (*sonur Þórðar gellis*), kemur til Helgafells og segir víg Gísla Súrssonar, bróður Þórdísar húsfreyju. Þórdís leggur til Eyjólfis undir borðum og særir hann. Börkur slær til hennar en hún segir þá skilið við hann. Snorri kaupir hlut Barkar í Helgafelli. Þeir ákveða að Börkur skuli verðleggja jörðina en Snorri kjósi hvor þeirra skyldi leysa sinn hlut til sín. Börkur lagði hált landið fyrir sex tigu silfurs en tók undan eyjarnar er hann hugðist fá litlu verði er Snorri fengi aðra staðfestu. Þorbrandur, fóstri Snorra, reiðir þá fram silfur úr sjóði er Snorri hafði fengið honum við heimkomuna og er goldið hafði verið tilskilið gjald fyrir jarðarhelminginn voru eftir í sjóðnum sex tigur silfurs. (*120 aurar silfurs teljast 3 kg, það fé sem Snorri kemur með heim frá útlöndum*). Börkur flyst þá að **Barkarstöðum** á Fellsströnd en síðar í **Glerárskóga** og verða þeir Snorri þá nágrannar eftir að hann flyst í Sælingsdalstungu.

Már Hallvarðsson, föðurbróðir Snorra, fer með búsforráð á Helgafelli. Snorri er hofgoði og býr sig undir að verða héraðshöfðingi, þá 16 vetra. Persónulýsing: Vitur maður og forspár en ekki allur þar sem hann er séður. Þuríður Barkardóttir, hálf systir Snorra, giftist Þorbirni digra á **Fróðá**. Hann hafði áður átt Þuríði Ásbrandsdóttur frá **Kambi** í **Breiðuvík** systur þeirra

Bjarnar Breiðvíkingakappa og Arnbjarnar hins sterka. Synir Þuríðar eldri og Þorbjarnar voru Ketill kappi, Gunnlaugur og Hallsteinn. „Þorbjörn var mikill fyrir sér og ósvífur við sér minni menn.“

Gunnlaugur á Fróðá verður fyrir gjörningum

Í **Holti** út frá Mávahlíð bjó ekkjan Katla með syni sínum Oddi, fríð kona en eigi við alþýðuskap. Oddur var hávaðamaður og rógsamur. Gunnlaugur, sonur Þorbjarnar digra, nam kunnáttu hjá Geirríði Þórólfsdóttur í Mávahlíð en hún var talin fjölkunnug. Katla bauð Gunnlaugi margsinnis að gista í Holti, virðist hafa lagt hug á manninn, sagðist einnig kunna nokkuð fyrir sér en Gunnlaugur þáði aldrei gistingu þótt hann væri í slagtogi með Oddi, syni hennar. Einn dag fóru þeir Oddur og Gunnlaugur til Mávahlíðar en er leið á kvöldið mælti Geirríður við Gunnlaug: „Það vildi ég að þú færir ekki heim í kvöld, því að margir eru *marlíðendur*; eru oft flögð undir fögru skinni.“ Gunnlaugur hefur þessi orð að engu og fer með Oddi í Holt þar sem honum er að vanda boðin gisting sem hann nú sem áður hafnar. Gunnlaugur heldur áleiðis heim en finnst „vitlaus“ og illa lemstraður á bæjarhlaðinu á Fróðá um nóttina. Oddur Kötluoson kemur þeirri sögu á kreik að Geirríður hafi lagt við Gunnlaug og ríðið honum gandreid um nóttina. Þau hefðu skilið í styttingi um kvöldið.

Þorbjörn digri stefnir Geirríði, sakar hana um kveldriðu og að hún hafi valdið meini Gunnlaugs. Snorri goði sækir málið fyrir hönd Þorbjarnar, mágs síns, en Arnkell goði ver systur sína. Helgi goði í **Hofgörðum** í **Staðarsveit** gerist milligöngumaður; dómari: Arnkell, Þórarinn svartí og tíu menn aðrir (*tylftarkviður*) sóru eið við stallahring að því að Geirríður hefði ekki valdið meini Gunnlaugs. Ónýttist málið þar með fyrir Snorra og Þorbirni.

Á sama þingi deila Þorgrímur Kjallaksson og synir hans við Illuga svarta á **Gilsbakka** í **Hvítársíðu** um heimanmund Ingibjargar Ásbjarnardóttur, konu Illuga, en mundinn varðveitti Tin-Forni, dóttursonur Barna-Kjallaks. Ekki gaf á sjó af Meðalfellsströnd og komust Kjalleklingar sem þar bjuggu ekki til þingsins að veita frændum sínum lið. Illugi hafði því meiri liðsafla og kom fram málinu þótt Kjalleklingar reyndu að hleypa upp dómnum. Gengið var á milli deilenda og Tin-Forni greiddi Illuga féð. Þá létta óveðrinu og Fellsstrendingar birtust. Vildi Þorgrímur þá ekki sætta sig við orðinn hlut,

réðst að Borgfirðingum og tókst þar bardagi. Snorri goði gekk á milli og kom á griðum. Voru þeir Illugi vinir - um hríð.

Deilur Mávhlíðinga og Fróðármanna

Vermundur mjóvi tekur við búi í Bjarnarhöfn að föður sínum Þorgrími Kjallakssyni látnum. Skip kom í **Salteyrarós** (*þar sem nú heitir Kvíaós innan við Kvíabryggju í Grundarfirði, vestan undir Kirkjufelli. Sumir telja að Salteyrarós hafi verið þar sem heitir Hóp á mótum Kolgrafafjarðar og Hraunsfjarðar þar sem nýja brúin er yfir fyrrnefnda fjörðinn*), áttu það til helminga norrænir menn og suðureyskir. Björn stýrimaður frá Noregi fór til vistar hjá Steinþóri á Eyri en Álfgeir suðureyski og Nagli, félagi hans skoskur, fengu vist í Mávahlíð hjá Þórarni svarta. Þórarinn átti víghest góðan á fjalli. Þorbjörn digri hafði stóðhross mörg í sömu högum. Stóðhrossin fundust eigi eftir hretviðri haustsins. Oddur Kötluson var sendur til Spá-Gils **undir Hrauni** (*líklega er átt við Hraunlönd í Breiðuvík*) til að grennslast fyrir um þau. Kom aftur með rangfærð og misvísandi skilaboð, brigsl um að Mávhlíðingar hefðu valdið hvarfi hrossanna (Rannsókn = húisleit. Aflaga = fara öloglega að). Þorbjörn setur þá dyradóm í Mávahlíð og segir fram sökina á hendur Þórarni. Geirríður húsfreyja eggjar son sinn til aðgerða. Þórarinn stenst ekki frýjunarorð hennar, þeir Álfgeir og aðrir heimamenn hleypa upp dómnum og kemur til bardaga. Oddur Kötluson var í liði Þorbjarnar. Auður húsfreyja hét á konur að skilja þá og báru þær klæði á vopnin. Hverfa þá Þorbjörn og hans menn heimleiðis. Oddur hælíst um að hafa séð Þórarin höggva hönd af Auði konu sinni í hita leiksins. Síðar kemur í ljós að það var Oddur sjálfur sem illvirkið vann. Er höndin finnst í Mávahlíðartúni sækja þeir Þórarinn á eftir þeim Þorbirni og slær í bardaga þar sem **Korngarður** heitir. Þórarinn fellir Þorbjörn, Álfgeir særir Hallstein Þorbjarnarson til ólífis en hann varð þó græddur. Þórarinn heggur fót af Þóri Arnarsyni sem eftir það nefndist Þórir viðleggur, kona hans var Þorgríma galdrakinn. Vopn bitu ekki Odd Kötluson vegna kyrtilsins sem móðir hans hafði stept yfir hann. Nagli og þrælur Þórarins flýja í **Búlandshöfða, Þrælaskriður** - þrælarnir hlaupa þar fram af en Nagli varð að gjalti (*féllust hendur*).

Þórarinn leitar stuðnings Vermundar, mágs síns, og Arnkels goða, móðurbróður síns. Snorri goði tók að sér mál Þuríðar Barkardóttur, hálf systur sinn-

ar, vegna vígs Þorbjarnar digra. Ekkjan bar þó vel af sér harmana, svo var Birni Breiðvíkingakappa fyrir að þakka. Þórarinn dvaldist hjá Arnkatli sem hafði fjölmennt á Bólstað um veturinn. Björn og Þórarinn voru skáldmæltir vel.

Geirríður í Mávahlíð varð þess vís að Oddur Kötluson hafði höggvið höndina af Auði. Þeir Arnkell ríða þá út í Holt en ná ekki Oddi sökum sjónhverfinga Kötlu fyrr en Geirríður fer með þeim og steypir selbelg yfir höfuð Kötlu. Oddur var hengdur inni við Búlandshöfða en Katla grýtt eftir að hún hafði lesið bölbæni yfir Arnkatli. Áður hafði hún viðurkennt að vera völd að meinum Gunnlaugs.

Þeir Arnkell, Vermundur, Þórarinn og Álfgeir ráða ráðum sínum og eru hjá Arnkatli um sinn. Niðurstaðan varð sú að Þórarinn skyldi taka lausafé sitt og fara utan með skipi Álfgeirs og Bjarnar stýrimanns. Snorri hefur af þessu veður, ríður heim á Bólstað og stefnir Þórarni og vígsnautum hans til Þórsnesþings en hraðar sér síðan vestur að Salteyrarósi og brennir áðurnefnt skip. Leiðin: **Bólstaður, Úlfarsfell, Úlfarsfellsháls, Hrísar, Drápuhlíð**, út til **Svínadals** og **Hraunsfjarðar, Tröllaháls - Salteyrarós**. Arnkell og Vermundur keyptu skip er uppi stóð í **Dögurðarnesi** og halda þeir Þórarinn og Vermundur utan. Snorri varð því af sektarfénu. Vermundur gerðist handgenginn Hákon jarli Sigurðarsyni en Þórarinn fór vestur um haf með Álfgeiri og segir ekki meir af þeim. (*Fór fjölskylda Þórarins með honum?*). Snorri er átján vetra er þessir atburðir eiga sér stað.

Í ljós kom að stóðhross Þorbjarnar á Fróðá höfðu hrakist úr högum undan hesti Þórarins og fennt, þau fundust öll dauð.

Upphaf Drápuhlíðarmála

Vigfús Bjarnarson Óttarssonar Kjallakssonar bjó í Drápuhlíð. Með honum á vist var Björn, systursonur hans. Í réttum lenti Birni saman við Helga, sauðamann Más Hallvarðssonar, föðurbróður Snorra goða. Már særði Björn og vísaði Vigfús málinu til Þórsnesþings en fór halloka vegna frumhlaups Bjarnar.

Eiríkur rauði siglir til Grænlands

Á sama þingi var tekið fyrir mál Þorgests hins gamla og sona Þórðar gellis á hendur Eiríki rauða um víg sona Þorgests er Eiríkur „sótti setstokkana“ á Breiðabólstað á Skógarströnd. Eiríkur hafði þá hrakist frá **Eiríksstöðum** í **Haukadal** til **Öxneyjar**. Þorgestur var tengdasonur Þórðar gellis. Víga-Styr studdi Eirík og fékk Snorra goða til að snúast ekki gegn honum, „hann myndi veita honum í annað sinn“ (*Þórður gellir var ömmubróðir Snorra goða*). Eiríkur sigldi úr **Dímunarvági** til **Grænlands**. Þetta gerðist árið 986.

Berserkirnir Halli og Leiknir

Sama sumar kom Vermundur hinn mjóvi heim frá Noregi. Hann hafði þegið af Hákonni Hlaðajarli sænska berserki, **Halla** og **Leikni**, til að hafa í fullu tré við bróður sinn, Víga-Styr. Er á þessar hamhleypur rann æði voru þær eigi í mannlegu eðli og fóru galnar sem hundar og óttuðust hvorki eld né járn. Hversdagslega voru berserkirnir þó ekki illir viðureignar væri eigi á móti þeim gert.

Eftir að Vermundur hafði átt berserkina skamma stund kom í ljós, eins og Hákon jarl hafði spáð, að hann réð ekki við þá og sá hann sér þann kost vænstan að koma þeim af sér. Hann fór þess á leit við Styr, bróður sinn, að hann tæki við þeim. Víga-Styr var tregur til, kvað ærnar sínar óvinsældir þótt hann hlyti ekki vandræði af þessum mönnum en sá þó að hann gæti haft styrk af þeim því að hann stóð í sífellum vígaferlum og fór svo að hann tók berserkina í sín hús. (*Fór meðal annars með þá að Þorbirni kjálka í Kjálkafirði sem hann þó drap sjálfur*).

Brátt urðu berserkirnir óstýrilátir undir stjórn Styr og við bættist að Halli lagði hug á Ásdísi, dóttur húsbónda síns, og vildi ólmur ganga að eiga hana. Það hugnaðist Styr illa og var honum mikill vandi á höndum. Fór hann þá til Helgafells að leita ráða hjá Snorra goða hvernig hann gæti losað sig við þessi ofurmenni.

Snorri bað hann ganga með sér upp á Helgafell því að „þau ráð hafa síst að engu orðið, er þar hafa ráðin verið“. Sátu þeir á tali þar uppi á fjallinu allt til kvölds og vissi enginn maður hvað þeim fór á milli. Síðan reið Styr heim og gaf Halla kost á því að eignast Ásdísi, dóttur sína, en hann yrði til þessa ráða-

hags að vinna þrautir nokkrar. „Þú skalt ryðja,” sagði Styr, „götu yfir hraunið út til Bjarnarhafnar og leggja hagagarð yfir hraunið milli landa vorra og gera byrgi hér fyrir innan hraunið.” Þessum stórvirkjum luku berserkirnir í sameningu á skömmum tíma en urðu við það mjög móðir „sem háttur er þeirra manna sem eigi eru einhama, að þeir verða máttlausir mjög er af þeim rennur berserksgangurinn.“

Styr lét gera baðstofu heima á Hrauni og var hún grafin í jörð niður. Gluggi var yfir ofninum svo að utan mátti á gefa og var það hús ákaflega heitt. Styr gekk á móti berserkjunum og þakkaði þeim að verki loknu og bauð þeim að ganga í baðhúsið og hvílast.

Er þeir voru komnir inn í gufubaðið lét hann byrgja baðstofuna og fergja hlemminn er var yfir forstofunni með grjóti en breiða hráblauta nautshúð á uppganginn. Síðan lét hann bera að brennheitt vatn og steypa inn sem örast og fundu berserkirnir brátt að ekki var allt með felldu. Halli fékk brotið hlemminn og komst upp en féll á húðinni, Styr veitti honum þá banasár. Er Leiknir vildi hlaupa upp úr dyrunum lagði Styr í gegnum hann með spjóti og féll hann inn í baðstofuna og lést þar.

Lík berserkjanna voru færð út í hraunið og kösuð í lægð sem er við götuna austarlega þar sem „engan hlut sér úr nema himininn yfir sig”. Heitir þar **Berserkjalág** eða **Dysjalaut**. Eftir þessa atburði fór Snorri til fundar við Styr og lauk þeim fundi með því að Styr fastnaði Snorra Ásdísi, dóttur sína. (*Þar með skapast mægdir með Kjalleklingum og Þórsnesingum*).

(*Einhverni tíma mun hafa verið grafið í Berserkjadys, sem nú er upphlaðin. Sagt er að í henni hafi fundist bein af tveimur mönnum sem virtust hafa verið mjög þrekvaðnar en ekki ýkja háir (Árbók Fornleifafélagsins 1893). Skammt vestan við dysina er Berserkjagarðurinn, allmikill grjótgardur sem liggur þvert á götuna og nær neðan frá sjó og langt upp í hraun. Byrgið sem beljakarnir hlóðu er sögð vera **Krossrétt** á hraunbrúnninni þar sem teygist til austurs langt hraunnef skammt norðan við bæinn Hraun sem fór í eyði árið 1952.*

Sé ætlunin að ganga **Berserkjagötu** að dysinni og garðinum er best að stansa á **Helgafellssveitarvegi** við eystri hraunjaðarinn skammt vestan við bæinn **Hraunháls**. Neðan vegar er skilti sem vísar til götunnar en allt letur er máð af þessum vegvísi. Á haustin eru í hrauninu berjalautir vænar).

Veginn Vigfús í Drápuhlíð

Haustið sem berserkirnir komu til Styrts fór Vigfús í Drápuhlíð með þrælum sínum til kolagerðar í **Seljabrekkur**. Einn þrællinn nefndist Svartur. Vigfús heitir Svarti því að gefa honum frelsi ef hann dræpi Snorra goða er hann gengi frá máleldum til kamars. Svarti fórst erindið óhönduglega, Snorri slapp en Már Hallvarðsson, föðurbróðir hans, særðist. Þrællinn var gripinn og krafinn sagna. Hann sagði allt af léttu og hvar húsbónda sinn væri að finna. Fór Snorri með sjö mönnum að Vigfúsi og var hann depinn þar í kolgröfunum. (*Snorri er 19 vetra er þessir atburðir gerast*).

Þorgerður, ekkjan í Drápuhlíð, leitar til Arnkels, móðurbróður síns á Bólstað, og biður hann taka málið að sér. Arnkell vísar á Kjalleklinga, frændur Vigfúsar og þá helst Styr undir Hrauni. Þorgerður ber upp erindið við Styr en hann segist hafa heitið Snorra því í málum Þorgestlinga að „ganga ekki í mót honum um þau mál, er margir væri jafnnær sem ek” og vísar á Vermund, bróður sinn. Þorgerður fer á fund Vermundar en hann færir undan að taka málið að sér einn frænda Vigfúsar en segist skulu verða „aðveitandi bæði með framkvæmd og ráðum” og segir henni að fara fyrst út á Eyri til Steinþórs, frænda Vigfúss, mál sé að „hann reyni sig í nokkurs konar málaferlum.” (*Ásgeir, faðir Steinþórs, átti Helgu, dóttur Kjallaks hins gamla Björns sonar austræna í Bjarnarhöfn*). Þorgerður leggur enn af stað og hittir Steinþór á Eyri og ber upp erindi sitt en hann segist vera ungur og óreyndur og frændum sem nánari væru Vigfúsi og meiri uppvöðslumenn stæði nær að taka málið að sér en lofar að skiljast eigi við þá frændur sína „er eftir þessu máli eiga að sjá.” Ekkjan fer nú aftur til Vermundar í Bjarnarhöfn til að knýja á um hans forystu en hann víkur sér undan sem fyrr og ræður henni að grafa upp höfuð Vigfúsar, færa Arnkatli og segja að þetta höfuð myndi eigi undan teljast at mæla eftir hann ef þess þyrfti við. Þorgerður fer að ráðum Vermundar, Arnkatli brá mjög en gat ekki undan skorast og hét á frændur Vigfúsar að þeir dugi sér í málinu gegn Snorra goða. Arnkell stefnir öllum er til vígs höfðu farið nema Snorra en Snorri telur fjörráð við sig og áverka Más valda óhelgi Vigfúsar. Á Þórsnesþingi studdu Kjalleklingar Arnkel, sem sótti málið „með mikilli frekju”. Andstæðingar Snorra voru mun fjölmennari og varð Snorri undir í þessum viðskiptum og var gert að gjalda miklar fésektir fyrir víg Vigfúss en Már skyldi verða utan þrjá vetur.

Póroddur skattkaupandi

Þóroddur hét maður af Meðalfellsströnd og nefndur skattkaupandi vegna þess að eitt sinn er hann var á leið frá **Írlandi** til Íslands seldi hann lífbátinn af kaupfari sínu skippreika skattheimtumönnum Sigurðar Hlöðvéssonar **Orkneyjajarls** og tók fyrir hann meginhluta skattfjárins er þeir höfðu meðferðis. Hann kom í Dögurðarnes og fór um haustið til vistar að Helgafelli hjá Snorra. Þar var ekkjan Þuríður frá Fróðá. Snorri giftir Þóroddi Þuríði, systur sína. Þóroddur tók við búsforráðum á Fróðá. En þangað vandi sem fyrr komur sínar Björn Ásbrandsson Breiðvíkingur frá Kambi. Synir Þóris viðleggs á Arnarhvoli, Örn og Valur, nábúar Þórodds, buðust til að veita honum lið, þeir skyldu allir sitja fyrir Birni á **Digramúla** er hann færi heim af fundi Þuríðar. Í þeirri viðureign drepur Björn báða bræðurna en verður sár, Þóroddur og tveir húskarlar hans flýja af hólmi. Snorri goði býr mál á hendur Birni. Synir Þorláks á Eyri veita Breiðvíkingum (*Þóður blígur er mágur Kambsbræðra og býr á Knerrí í Breiðvík*). Ásbrandur á Kambi greiddi fébætur fyrir vígin en Björn var gerður útlægur í þrjá vetur. Björn varð liðsmaður Jómsvíkinga (*Pálma-Tóka*). Um sumarið fæddi Þuríður sveininn Kjartan.

Þórólfur bægifótur treður illsakir við nágranna sína

Þórólfur bægifótur rænir nágranna sinn, Úlfar á Úlfarsfelli, heyi. Úlfar kærir fyrir Arnkatli goða, syni Þórólfs, sem vandar um við föður sinn og fer fram á það að hann bæti Úlfari heytökuna. Karlinn þvertetur fyrir það svo að Arnkell geldur sjálfur Úlfari fébætur en tekur sjö yxn er faðir hans átti og sker í bú sitt og kvað þau koma fyrir hey Úlfars.

Þórólfur efndi til drykkjuveislu á jólum, veitti þrælum sínum vel og eggjaði þá til að fara til Úlfarsfells og brenna Úlfar inni, hét þeim frelsi fyrir vikið. Þeir fóru sex saman og kveiktu í bænum en til eldsins sást frá Bólstað og fór Arnkell með sína menn og slökkti í húsunum en **lét fara með þrælana inn á Vaðilshöfða og hengja þá alla**. Eftir þetta handsalar Úlfar Arnkatli allt fé sitt en það mislíkar Þorbrandssonum því að þeir þóttust eiga allt fé eftir Úlfar sem var leysingi þeirra. Þórólfur krafðist bóta fyrir dráp þrælanna en Arnkell sonur hans hafði þær kröfur að engu.

Þórólfur bað Snorra goða að rétta hlut sinn fyrir Arnkatli og býður honum

Krákunes skógivaxið vilji hann taka við eftirmálum um þrælana. Þessu hand-sala þeir. Málið var tekið fyrir á Þórsnesþingi, bræðurnir Styr og Vermundur gerðu tólf aura fyrir hvern þræl og þótti Þórólfi lítið koma fyrir Krákunesskóg. (*Samkvæmt Grágásarlögum voru brennumenn óhelgir á brennustað en í þessu máli voru þeir fluttir brott af brennustaðnum inn á Vaðilshöfða og teknir þar af lífi*).

Er Örlygur á Örlygsstöðum andaðist tóku Úlfar, bróðir hans, og Arnkell allt fé hans undir sig. Þorbrandssynir undu þessu illa og báðu Snorra goða að rétta sinn hlut. Hann var tregur til en þeir bræður kváðu hann eigi myndu meira stjórna ef hann sinnti ekki málum þeirra.

Arnkell hafði um haustið boð mikið, þar var Úlfar, vinur hans á Úlfarsfelli, leystur út með gjöfum, sverði og skildi. Þórólfrur bægifótur fékk Spá-Gils á **Spágilsstöðum** í Þórsárdal til að sitja fyrir Úlfari og drepa hann á heimleið úr boðinu. Arnkell verður vígsins var og lætur elta Gils uppi og vega hann. Fer sjálfur til Úlfarsfells þar sem Úlfar liggur dauður undir garðveggnum. Þórólfrur bægifótur verður þess vís að Spá-Gils hefur komið fram erindinu og sendir þræl sinn til Kársstaða og lætur segja Þorbrandssonum hvernig komið sé og að þeir skuli fara til Úlfarsfells og „láta ekki ræna sig leysingjarfinum sem fyrr.“ Þorbrandssynir halda til Úlfarsfells en hitta Arnkel þar fyrir og verða Kársstaðabræður slyppir frá að hverfa. Þeir biðja Snorra goða liðveislur. Snorri kveður Arnkel þungan í skauti, að hann sitji „yfir hvers manns hlut hér í héraði og mun svo vera meðan hann lifir, hvort sem það er lengur eða skemur.“ Þorleifur kimbi brigslar Snorra um að hann haldi engu máli til fulls við Arnkel. Þeir skiljast með þykkju.

Þórólfrur bægifótur fer til Snorra goða og vill aftur fá Krákunesskóg, segist aðeins hafa lánað honum hann en eigi gefið. Snorri vísar því á bug og vitnar til handsals. Þórólfrur fer þá til Arnkels, sonar síns, friðmælist við hann og vill að hann heimti skóginn aftur af Snorra sér til handa. Arnkell hafnar því og líkaði Þórólfi stórilla, fer heim, sest í öndvegi sitt, matast eigi um kvöldið, gengur ekki til rekkju og finnst örendur í sæti sínu morguninn eftir (*Skalla-Grímur Kveldúlfsson, Auður djúpúðga*). Arnkell var sóttur til að ganga frá líkinu til greftrunar en ekki tókst að koma því á fyrirfram ákveðinn stað í Þórsárdal og var hann dysjaður á miðri leið. Arnkell sló eign sinni á fé það sem faðir hans hafði átt.

Pórólfur gengur aftur

Brátt fór að bera á því að Þórólfur lægi ekki kyrr og kvað svo rammt að afturgöngu hans að búfé fannst lemstrað og dautt, smalamaður hlaut bana og sjálf húsfreyjan í Hvammi lést af völdum draugsins. Afturgangan banaði fleiri íbúum dalsins og fór svo að hann lagðist í eyði en þeir sem látist höfðu slógust í för með Þórólfi og keyrði nú um þverbak um reimleika í sveitinni. Menn þorðu ekki að fara ferða sinna um veturinn. Arnkell leitaði ásjár Þorbrandssona við að flytja Þórólf úr Þórsárdal til annars legstaðar. Samkvæmt lögum var mönnum skylt að færa dauða menn til graftrar væri til þeirra leitað. Þóroddur Þorbrandsson gekk til verksins fyrir hönd bræðra sinna. Þórólfur var ófúinn í dysinni og hinn illilegasti. Ætluðu þeir að aka honum á uxasleða út á Vaðilshöfða en akneytin ærðust er kom á höfðann næsta fyrir utan, slitu sig frá ækinu, þaðan varð líkinu ekki þokað og það dysjað þar, á **Bægifótshöfða**. Þórólfur lá kyrr meðan Arnkell lifði.

Fjandskapur Snorra og Arnkels goða

Snorri nýttjar Krákunesskóg en Arnkell telur það arfskot Þórólfs föður síns að hann hafði fengið Snorra skóginn. Eitt sumar lætur Snorri höggva timbur í skóginum og hleður í kesti til þerris. Arnkell gefur timbrinu gætur og er þrælur Snorra og Haukur, fylgdarmaður þeirra, sækja viðinn og binda á tólf hesta, veitir Arnkell þeim eftirför og nær þeim milli **Svelgsár** og **Hóla**. Haukur snýst til varnar en Arnkell fellir hann þar sem nú heitir **Hauksá**, hrekur þrælana á flóttu en snýr heim á Bólstað með viðarlestina, tekur ofan viðinn en festir reipin upp á lausa hestana og slær undir kvið þeim. Þeir rata heim til Helgafells. Snorri býr vígsmálið Hauks til Þórsnesþings en tapar því sakir frumhlaups Hauks.

Þorleifur, austfirskur maður sem orðið hafði sekur um legorðsmál, beiddi Snorra goða viðtöku á Helgafelli. Þeir ræddu lengi saman áður en Snorri vék honum brott. Þorleifur hélt þá inn að Bólstað til Arnkels og bað hann taka við sér. Arnkell var tregur til, fékk að vita að Þorleifur hafði fyrr fundið Snorra og virðist gruna hann um græsku enda fór svo að Þorleifur veitti honum tilræði en Arnkell sá við honum og drap hann á staðnum.

Annað haust eftir hafði Snorri goði á Helgafelli boð mikið með tilheyrandi

öldrykkju. Þar var farið í mannjöfnuð. Flestir töldu Snorra goða göfugastan þar um slóðir, aðrir Arnkel, sumir Styr. Þorleifur kimbi Þorbrandsson sagði engan vafa leika á því að Arnkell væri fremri Snorra vegna þess að honum hefði veitt betur í undanföllum málaferlum. Er Snorri leiðir Álftfirðinga til skips við **Rauðavíkurhöfða**, norðan Vigrarfjarðar, gefur Snorri Þorleifi háskapta öxi sem hann segist „vona að nái til höfuðs Arnkatli...“ Er þeir skildu voru Þorbrandssynir og Snorri staðráðnir í „að ráða Arnkel af lífi.“

Dráp Arnkels

Freysteinn bófi Þorbrandsson á Kársstöðum gætti sauða og hélt uppi njósnum ísaveturinn sem í hönd fór. Arnkell á Bólstað var vinnuharður húsbóndi „og lét þræla sína vinna **alla daga milli sólsetra**.“ Arnkell nytjaði bæði Úlfarsfell og Örlygsstaði. **Nótt eina** fyrir jól, í nýlýsi, fór hann með þrjá þræla, fjóra yxn og tvo sleða til Örlygsstaða að flytja heim heyið sem þar var. Þessa verður Freysteinn bófi var og skundar á ísi yfir Álftafjörð til Helgafells og segir tíðindin. Snorri fer með níu mönnum vopnuðum inn í Álftafjarðarbotn þar sem þeir sameinast Þorbrandssonum, sex manna liði. Síðan halda þeir allir upp að Örlygsstöðum. Einn þrælanna frá Bólstað var þegar farinn heim með æki en hina tvo sendir Arnkell heim eftir liðsauka. Annar, Ófeigur að nafni, ærðist, hljóp til fjalls og týndi sér í fossi þeim er síðan heitir **Ófeigsfoss**. Hinn hélt heim en gleymdi erindinu og fór að hjálpa félaganum sínum við að koma heyinu í hlöðu.

Arnkell býst um uppi í heygardinum eftir að hafa rifið annan meiðinn af sleðanum sem eftir hafði orðið, notaði hann sem barefli á árásarmennina allt þar til meiðurinn gekk í sundur á frosinni jarðtorfu í garðinum er hann ætlaði að koma höggi á Þorleif kimba. Eftir það reyndist Arnkatli vörnin erfið og fór svo að lokum að hann féll. Sagt var að Þorleifur kimbi hafi veitt honum banasár.

Seint og um síðir rankar þrellinn heimkominn við sér og segir: „Það er satt, hann mun berjast inn á Örlygsstöðum við Snorra goða.“ Er komið var þangað lá Arnkell þar fallinn og árásarmennirnir á burt (*svo virðist sem vinnuharka Arnkels hafi komið honum í koll*). Arnkell var heygður „við sæinn út við Vaðilshöfða.“ Konur voru til erfða eftir Arnkel og engir karlmenn til hefnda. Þær urðu einar mannsektir að **Þorleifur kimbi skyldi vera utan þrjá vetur**.

Örlagarík grautargerð

Þorleifur tók sér fari með kaupmönnum er höfðu uppsátur við **Búðarhamar í Straumfirði** (*Stakkhamarsfjörur í Miklaholtshreppi*). Með skipinu fór einnig utan Arnbjörn Ásbrandsson frá Kambi að leita bróður síns, Bjarnar. Deildu þeir Þorleifur um grautarketil skipsins og hlaut Þorleifur brunablett á hálsi af heitri grautarþvörunni er til átaka kom. Atvikið kvað Þorleifur geymt en ekki gleymt.

Þorleifur kimbi var tvo vetur í Noregi, kom aftur í Dögurðarnes og fór heim í Álftafjörð. Sama sumar komu þeir bræður Arnbjörn og Björn, sem eftir utanför sína nefndist Breiðvíkingakappi, út í **Hraunhafnarósi**. Arnbjörn keypti við komuna **Bakka í Hraunhöfn**. Um sumarið var mannamót að **Haugabrekku(m)** inn frá Fróðárósi. Þar hitti Björn Þuríði, húsfreyju á Fróðá, og varð þeim hjaldrjúgt. Á mótinu urðu áverkar með mönnum og hafði norðanmanni blætt mjög undir hrísrinni. Kjartan, sonur Þuríðar á Fróðá, laugaði öxi sína litla í blóðtjörninni. Gerði **Þórður blígur, mágur Bjarnar**, atburðinn að umræðuefni og spurði Björn hversu honum litist sveinninn, „son þeirra Þórodds allra saman“. Björn svaraði í vísum að pilturinn væri eftirmynd sín og hann væri enn gjarn til móður hans. Þórður réð Birni að snúa hug sínum frá Þuríði.

Björn tók við búi á Kambi að föður sínum látnum og hélt uppteknum hætti að hitta Þuríði. Þóroddur á Fróðá keypti að Þorgrímu galdrakinn á að hún magnaði hríðviðri að Birni er hann færi um heiðina. Eitt sinn er Björn var á heimleið frá Fróðá gerði þvílíkt fárviðri að Björn varð að láta fyrirberast í hellisskúta þrjú dægur. Komst hann á fjórða degi mjög þrekaður heim til Kams.

Bónorð Þorleifs kimba

Á vorþingi í Þórsnesi bað Þorleifur kimbi Helgu Þorlákasdóttur, systur Steinþórs á Eyri, en Þormóður, bróðir þeirra systkina, átti Þorgerði Þorbrandsdóttur, systur Þorleifs. Þormóður Þorbrandsson var fýsandi ráðahagnum, Steinþór tók málinu seinlega en Þórður blígur tók af skarið og sagði að fyrr skyldu gróa grautardílarnir á hálsi Þorleifs en að hann gifti honum systur sína. Urðu fyrst heitingar með mönnum en er Þorbrandssynir köstuðu sandtorfu undir hnakka Þórði svo að hann féll kom til vopnaviðskipta og urðu nokkrir menn sárir. Snorri goði og Steinþór komu á sáttum.

Þorbrandssynir ætla að Arnbirni á Bakka

Þetta sumar átti Snorri goði erindi til skips í Hraunhafnarósi og reið að heiman við fimmtánda mann. Er þeir voru komnir í **Dufgusdal** hleyptu eftir þeim sex menn alvopnaðir. Þar fóru Þorbrandssynir og sögðust ætla í Hraunhöfn. Snorri bauðst til að reka erindi þeirra en þeir höfnuðu því. Hópurinn hélt til Hofgarða og þaðan fjörusanda út undir ósinn. Skömmu áður en þeir komu að Hraunhöfn riðu Þorbrandssynir frá Snorra og upp að Bakka, hugðust fara að Arnbirni og rufu á honum hús en Snorri gekk í milli. Breiðvíkingar, sem voru á leið til kaupstefnunnar, urðu þess vísari hvað var á seyði komu á vettvang. Voru dylgjur með mönnum en hvorugur réðst á annan. Þorbrandssynir undu illa sínum hlut.

Egils þáttur sterka

Þorbrandur á Kársstöðum átti þrælinn Egil sterka. Agli þótti ill ævi sín og bauðst til að vinna slíkt er hann mætti til að eignast frelsi. Fyrirburður: Örn tekur hund Egils og flýgur með hann á dys Þórólfs bægifótar.

Breiðvíkingar höfðu knattleika um veturnætur á **Leikskálavöllum** undir Axlarfjalli suður frá **Knerri**. Þórður blígur tók ekki þátt í leikunum „fyrir kapps sakar“ og þeir bræður Björn og Arnbjörn „þóttu ekki að leikum hæfir fyrir afls sakar nema þeir lékust við sjálfir.“ Þorbrandssynir fengu Egil þræl til að fara að **Leikskálum** og freista þess að „drepa nokkurn af Breiðvíkingum, Björn eða Þórð eða Arnbjörn.“ Fyrir það fengi hann frelsi. Sumir töldu þetta ráð Snorra goða. Fyrirburður: Freysteinn bófi, sem gætti sauða í Álftafirði, gekk vestur yfir á (*Kársstaðaá*) í skriðu þá er **Geirvör** heitir, þar „sá hann mannhöfuð laust og óhulið.“ Höfuðið kvað:

Roðin er Geirvör
gumna blóði,
hún mun hylja
hausa manna.

Ekki farnaðist Agli sterka betur en svo að er hann hafði fylgt reyknunum að húsunum á Leikskálum sem tilskilið var og hann kominn í dyr aðalskálans steig

hann á skóþveng sinn lausan, fleygðist yfir þröskuldinn og inn á gólfíð. Hann var gripinn og er Breiðvíkingar höfðu af honum sannar sögur, var hann leiddur upp í skarðið ofan við bæinn og drepinn. Heitir þar síðan **Egilsskarð**.

Eyrbyggjar og Álftfirðingar berjast á Kársstöðum

Það voru lög að hefja skyldi ferð til greiðslu þrælsgjalda „fyrir hina þriðju sól eftir vígið“. Breiðvíkingar söfnuðu liði til fararinnar; fengu með sér Steinþór á Eyri, bróður hans Þormóð á **Bakka** (*Staðarbakka*), svo og Styr undir Hrauni og Vermund í Bjarnarhöfn. Frá Bakka, þar sem saman var komið 80 manna lið, sendi Steinþór mann til Helgafells til að grennslast fyrir um ætlanir Snorra er hann fregnaði liðsafnaðinn. Snorri sýndi engin viðbrögð og taldi Steinþór því að hann myndi ekki láta til sín taka í málinu. Steinþór býður Breiðvíkingum að verða eftir á Bakka, fyrir þá væri ekki þörf, sagði að hættast yrði við ýfingum milli þeirra og Þorbrandssona. Hann hugðist fara spaklega fyrst Snorri virtist ætla að þola þeim lög. Björn Breiðvíkingakappi kvaðst því óvanur að vera gerður liðrækur en segir Steinþór skulu ráða. Ríður Steinþór síðan með 60 manns „af Bakka... inn eftir **Skeiðum** til **Drápuhlíðar** og inn yfir **Vatnaháls** og um þveran **Svelgsárdal** og stefndu þaðan inn á **Úlfarsfellsháls**.”

En Snorri hafði sent nábúum sínum orð að þeir skyldu flytja skip sín undir Rauðavíkurhöfða og þangað stefndi hann sjálfur er sendimaður Steinþórs var farinn brott. Sigldi síðan þremur skipum með 80 menn inn í Álftafjarðarbotn og var kominn á Kársstaði á undan Steinþóri. Snorri hélt aftur af Þorbrandssonum og réð því að Steinþór næði lögum og gæti innt af hendi þrælsgjöldin, 12 merkur silfurs. Þorleifur kimbi gat ekki setið á sér og lagði spjóti til Þórðar blígs. Hófst nú snarpur bardagi í Kársstaðatúni. Snorri bað Steinþór stöðva vandræðin og ríða brott með sína menn, ekki yrði farið eftir þeim. Steinþór varð við þeirri ósk. En þegar Snorri kemur heim að bæ sér hann Þórodd, son sinn, særðan á öxl og spyr hver valdið hefði. „Steinþór af Eyri,” svaraði pilturinn. Þeir Steinþór voru nú eltir uppi en er Eyrbyggjar sáu eftirförina sneru þeir upp í skriðuna Geirvör og bjuggust til varnar því að þar var nóg af lausu grjóti. Varð af hin grimmasta orrusta. Már Hallvarðsson varð fyrir spjóti Steinþórs og varð óvígur. Steinþór hjó á tvær hendur og sótti að Snorra goða. Víga-Styr Þorgrímsson, tengdafaðir Snorra, barðist með liði Steinþórs, frænda

síns, og hafði drepið mann úr flokki Snorra. Snorri sakaði hann um að bregðast dóttursyni sínum sem Steinþór hefði sært til ólífis. Við þau ummæli skipti Styr um flokk og felldi mann úr liði Steinþórs. Þeir feðgar, **Áslákur** og **Illugi rammi** úr Langadal, leituðu meðalgöngu og gekk **Vermundur mjóvi** í lið með þeim til að koma á griðum. Steinþór bað Snorra að rétta fram höndina til sátta og gerði hann svo. **Steinþór reiddi þá upp sverðið og hjó á höndina en höggið kom á stallahringinn.** Snorri varð ekki sár. Þóroddur Þorbrandsson hvatti menn þá til að ganga á milli bols og höfuðs á Þorlákssonum en Snorri stöðvaði þá og voru sett grið þar til allir væru komnir til síns heima.

Breiðvíkingar spurðu að Snorri hefði farið með fjölmenni inn til Álftafjarðar og voru á Úlfarsfellshálsi er bardaginn stóð sem hæst í skriðunni. Það er sumra manna sögn að Snorri sæi þaðan för þeirra og sú væri ástæða þess að hann var „svo auðveldur í griðasölunni við þá Steinþór.“ Björn Ásbrandsson hvatti til þess að flokkurinn Steinþórs sneri aftur og skyldu þeir „herða að þeim“ Álftfirðingum en Steinþór vildi halda grið við Snorra. Voru Þorbrandssynir ýmist á Helgafelli eða heima á Kársstöðum. Miklar dylgjur voru með mönnum.

Bardaginn á Vigrafirði

Á þessu sama sumri hafði Steinþór á Eyri keypt teinæring af kaupmönnum í Dögurðarnesi. Á heimleið hreppti hann mótbyr og varð að lenda í **Þingskálanesi** og setti upp skip sitt í **Gruflunaust**. Fór síðan hálsana að Bakka og sjóleiðis heim. Litlu fyrir jól um veturinn bjóst Steinþór að heiman ásamt bræðrum sínum, Bergþóri og Þórði blíg, að sækja skipið. Með þeim voru tveir Austmenn og þrír húskarlar. Þeir komu við á Bakka og slóst Þormóður, bróðir þeirra bræðra, með í förina. Hofstaðavogur og Vigrafjörður voru á ísi. Fjörðurinn er svo grunnur að hann fjarar allan þegar lágsjávað er, ísinn brotnar og jakarnir rísa hallir á skerjum sem koma upp úr sjó. Lausamjöll var á ísnum og mjög hált. Þeir Steinþór gengu inn í Þingskálanes, settu fram skipið úr naustinu, tóku úr því þiljur og árar og skildu eftir á ísnum svo og skjólklæði sín og flest vopn. Síðan drógu þeir skipið inn eftir firðinum og yfir eiðið til Hofstaðavogs allt út að ísskörinni, gengu síðan til baka eftir föggum sínum. Er þeir komu inn á Vigrafjörð sáu þeir sex menn sem hröðuðu för

sinni eftir ísnum innan úr Þingskálanesi til Helgafells. Þar hugðu þeir fara Þorbrandssyni og ætla til jólavistar á Helgafelli. Skunduðu þeir Steinþór því til klæða sinna og vopna. Þorbrandssynir, sem þarna voru víst á ferð, sjá að menn hlupu innan eftir firðinum. Töldu þeir að þar færu Eyrbyggjar og bjuggust við árás af þeirra hendi. Settu þeir því á ferð mikla í sker eitt þar sem þeir bjuggust til varnar. Sló strax í bardaga, Þorleifur kimbi skaut spjóti á flokkinn og hitti fyrir Bergþór Þorláksson sem féll óvígur. Þórður blígur lagði spjóti til Þorleifs kimba en hann bar af sér lagið með skildi sínum, Þórður hrasaði á höllum jaka og rann öfugur ofan af skerinu. Þorleifur hugðist höggva Þórð þar sem hann lá en Steinþór skaut yfir hann skildi og slæmdi um leið undan Þorleifi fótinn. Freysteinn bófi sótti að Steinþóri en hann varðist fimlega og hjó á háls Freysteins („*Ball þér nú bófi?*“ *Var með flókahettu sem í var saumað horn*). Þeirri sennu lauk svo að Steinþór sneið hann sundur í miðju. Voru nú allir Þorbrandssynir óvígir og vildi Þórður blígur ganga á milli bols og höfuðs á þeim en Steinþór kom í veg fyrir að svo yrði gert. Tóku þeir Þorlákssynir, er uppi stóðu, Bergþór með sér út að Bakka.

Frá **Öxnabrekkum** sá sauðamaður viðureignina á firðinum. Hann hraðaði sér heim á Helgafell og sagði Snorra goða sem fór við áttunda mann á vettvang. Þar lágu Þorbrandssynir sárir til ólífis auk Freysteins sem var látinn. Þorleifur kimbi hét á Snorra að þeir færu eftir Steinþóri og létu engan undan komast. Snorri gekk að blóðfleknum þar sem Bergþór hafði legið, „tók upp allt saman, blóðið og snæinn,“ stakk í munn sér og kvað vera feigs manns blóð, holblóð, þeir skyldu láta kyrrt liggja. Kársstaðabraeður voru færðir heim til Helgafells og bundin sár þeirra. Þóroddur hafði spjót gegnum fótinn milli hásinar og leggbeins og komst því ekki úr brókarskálminni. Snorri goði sýndi óvenjulega læknskunnáttu er hann gerði að sári aftan á hálsi Þórodds í hið fyrra sinnið (*gerði ráð fyrir að sinarnar knýttust*) en Þóroddur vildi ekki hlíta aðgerðinni og fyrir bragðið „mátti hann lítt lúta síðan“ eftir að gróið var. Snorra Þorbjarnarsyni gekk illa að kyngja mat sínum um kvöldið enda stóð ör gegnum kverkar honum. Þorleifur kimbi gekk við tréfót síðan.

Þeir Steinþór komu að Bakka, settu skip sitt í naust og tjölduðu þar yfir Bergþór særðan. Þorgerður húsfreyja varð ókvæða við er hún fregnaði afdrif bræðra sinna og neitaði að sænga hjá Þormóði, bónda sínum. Skipti síðar um skoðun er hún heyrði að Bergþór væri látinn. Leitað var sátta með mönnum

og átti Vermundur hinn mjóvi mestan þátt í að gengið var frá sáttagerð á Þórsnesþingi og mönnum bættur skakki þar sem þurfa þótti. Snorri goði og Steinvör héldu sátt þessa meðan báðir lifðu.

Viðskipti Bjarnar Ásbrandssonar og Snorra goða – utanfarir

Sumarið eftir sættina bauð Þóroddur skattkaupandi Snorra heim til Fróðár og kvartaði undan ágengni Bjarnar Ásbrandssonar við konu sína, Þuríði. Snorri reið af heimboðinu suður yfir heiði og tjáði samferðamönnum sínum að hann ætlaði að Birni. Má Hallvarðssyni var ætlað að sæta áverkum við Björn. Er þeir riðu heim að Kambi var Björn einn úti á túnvelli að smíðum og hafði ekki önnur vopn en litla öxi og tálguhníf með spannarlöngu blaði. Er aðkomumennirnir nálguðust og Björn kenndi hverjir þar voru á ferð greip hann hnífinn og gekk snúðugt móti þeim, tók annarri hendi í kápu Snorra en mundaði hnífinn með hinni. Má féllust hendur því sýnt var að Björn myndi verða fyrri til að leggja hnífnum í brjóst Snorra kæmi til aðfarar. Björn og Snorri ræða málin opinskátt. Björn viðurkennir að hafa gert á hlut Fróðárþónda og biður Snorri hann þá að hætta að glepja Þuríði, ella muni ekki gróa um heilt með þeim. Björn telur tormerki á að það megi takast, ef að þau séu sama héraðs. Þær verða lyktir þessara mála að Björn fellst á að fara utan og tekur sér fari með skipi frá Hraunhöfn „en til þess skips spurðist eigi síðan langan tíma.“ (*Hugmyndir um Björn sem Quetzalcoatl, höfðingja rauðskinna í Mexíkó*).

Eftir að Eyrbyggjar og Álftfirðingar sættust sigla Þorleifur kimbi og Snorri Þorbrandsson til Grænlands. Þorleifur ílendist þar en Snorri fer til **Vínlands** með Þorfinni karlsefni og fellur þar í bardaga við Skrælingja (*sumir segja að tímatallega sé sennilegra að það hafi verið sonur Snorra, Þorbrandur, sem féll í leiðangri Þorfinns karlsefnis*). Þóroddur bróðir þeirra bjó eftir á Kársstöðum.

Síðan segir frá því að kristni var í lög tekin á Íslandi. Snorri goði, Víga-Styr og Þóroddur á Fróðá létu reisa kirkjur á jörðum sínum en prestaskortur var í landinu og því sjaldan messað.

Þórgunna hin suðureyska

Dyflinnarfar lá lengi sumars við **Rif** og beið byrjar inn að Dögurðarnesi. Á skipinu var kona ein suðureysk er **Þórgunna** hét. Hún átti torgæta muni. Þuríður á Fróðá var skartkona mikil, falaði hún af henni klæði og gripi en Þórgunna vildi ekki laust láta. Bauð þá Þuríður henni til vistar á Fróðá. Það þáði Þórgunna. Kvaðst hún vilja vinna fyrir sér en þó ráða í hvaða verk hún gengi. Er heim var komið vöktu rekkjuklæðin og ársalurinn Þórgunnu athygli sakir glæsileika. Þuríður falaði rekkjubúnaðinn en Þórgunna sagðist ekki vilja í hálmli liggja og hafnaði kaupunum. Þórgunnu er svo lýst að hún var á sextugsaldri, mikil vexti, „bæði digur og há og holdug mjög,“ svartbrýnd og mjótt milli augnanna, jarphærð, háttagóð, fámælt, kirkjurækin og vinnusöm. Illa samdi henni og Þorgrímu galdrakinn, konu Þóris viðleggs, en þau voru komin til framfærslu á Fróðá. Þórgunna reyndi að vingast við Kjartan, son Þuríðar, sem þá var 13 eða 14 vetra, en hann var heldur fár við hana og mislíkaði henni það.

Þórgunna vann að vefnaði er ekki var þerrir en annars var hún liðtæk í heyverkum og hafði látið gera sér hrifu sem hún vildi ein fara með. Um haustið kom þurrviðri efir rigningasumar. Það var einn þerridag er fólk var að taka saman að svartan skýflóka dró upp á himininn yfir **Skor** og stefndi hann til Fróðár. Fylgdi honum myrkur og regn en er upp stytti sást að rignt hafði blóði. *(Tilgáta: Skýstrokkur sogar upp sjó með rauðátu - blóðregn).* Um kvöldið þornaði blóðið á heynu öllu öðru en því er Þórgunna þurrkaði. Heim komin leggst hún banaleguna og biður Þórodd bónda að sjá til þess að hún yrði grafin í **Skálholt**. Hún vill að Þóroddur kosti útförina af eign sinni, Þuríður fái skarlatskikkju hennar, gullhringur fylgi henni í gröfina en rekkju og rekkjutjald skuli brennt, ella hljótist illt af. Síðan andast Þórgunna. Þuríður vildi eigi láta brenna þær gersemar sem rekkjutjöldin voru. Hún fékk sínu framgengt og tók til sín kult (*forhengið*), blæjur og ársalinn (*lokrekkjutjöld*) allan. Síðan var búin líkferð Þórgunnu um **Valbjarnarvöllu**, yfir **Norðurá** á **Eyjarvaði** og gist á **Nesi hinu neðra í Stafholtstungum** í óþökk bónda. Reis þá Þórgunna upp af líkbörnunum, gekk til búrs, skammtaði mat og bar til stofu. Þá glúpnuðu húsráðendur og kváðu gestum heimila gistingu og beina. Engum varð meint af matnum. Greiddist líkmönnum ferðin áfram til Skálholts, gripir sem Þórgunna hafði þangað gefið voru reiddir fram og hún jarðsett.

Fróðarundur

Dularfullir atburðir tóku nú að gerast á Fróðá. Er setið var við málelda í skála kom upp hálf tungl á veggþilið og gekk öfugan hring um húsið. Þórir viðleggur kvað það vera **urðarmána** (*forlagatungl*) og boða feigð. Gekk á þessu í heila viku. Sauðamaður varð þá fyrir gerningum, fór hjá sér (*truflaðist*) og andaðist skömmu síðar. Eftir að hann var grafinn hófust reimleikar miklir. Sauðamaður gekk aftur og varð Þóri viðlegg að bana, Þórir lá heldur ekki kyrr og sáust þeir jafnan saman viðleggur og sauðamaður. Er komið var að jólaföstu höfðu alls sex manns látist á Fróðá. Í skreiðarklefanum utan við eldaskálann heyrðist fiskurinn rifinn en væri að gáð fannst ekkert kvikt. Litlu fyrir jól er Þóroddur var farinn **út á Nes** eftir skreið sinni sáú menn við málelda selshöfuð koma upp úr eldgrófinni. Er það var lamið með lurk brá svo við að það gekk upp við hvert högg og gægðist upp á ársalinn Þórgunnu. Er selurinn var kominn úr grófinni upp fyrir framhreifa tók sveinninn Kjartan „járndrepsleggju“ og rak hann með henni skepnuna niður í gólfið sem hæl. Allir fyrirburðir óttuðust mest Kjartan.

Næst gerist það að Þóroddur og sex skipverjar hans farast undir **Enni** (*Ólafsvíkurenni*). Erfisdrykkja er haldin á Fróðá en þegar minnst varir gengur Þóroddur bóndi í skálann og förunautar hans, allir alvotir. Þeir settust við eld-ana og sátu þar til eldurinn var útbrunninn, þá hurfu þeir á brott. Fór þetta svo hvert kvöld meðan á erfinu stóð. Ekki tók betra við er boðsmenn voru brottu þá héldu afturgöngurnar uppteknum hætti og undu klæði sín við eldinn en í draugahirdina bættust Þórir viðleggur og sveitungar hans sex, allir moldugir, og hreyttu moldinni á þá Þórodd. Lifendur hróktust úr eldaskálanum, gerðu eld í öðru húsi og höfðust þar við. Fór svo fram öll jólin. Sífellt lét meir og meir í skreiðarklefanum og er skyggst var inn í hann sást snögghærð rófa standa upp úr skreiðarhlaðanum. Þegar menn toguðu í rófunu og tóku á sem fastast strauk rófan úr höndum þeirra svo snöggt að skinnið fylgdi úr lófunum. Þegar hugað var að skreiðinni var hver fiskur úr roði rifinn. Þessu næst tók Þorgríma galdrakinn sótt og andaðist. Skjótt eftir að hún var jörðuð sást hún í fylgd með Þóri bónda sínum. Þá létust enn sex heimilismenn að Fróðá, á góu voru samtals átján látnir, fimm flúnir af bænum, sjö voru eftir.

Er svo var komið fór Kjartan inn til Helgafells að leita ráðs hjá Snorra goða frænda sínum. Hjá Snorra var prestur sem Gissur hvíti hafði sent honum. Prestinn bað Snorri fara ásamt Þórði kausa, syni sínum, og sex mönnum öðrum

með Kjartani heim að Fróðá. Þeir skyldu brenna ársalinn Þórgunnu, sækja alla menn dyradómi er aftur höfðu gengið. Prestur var beðinn um að veita þar tíðir, vígja vatn og skrifta mönnum. Er þessir menn komu að Fróðá hafði Þuríður húsfreyja tekið sótt með þeim hætti sem þeir er látist höfðu en Þóroddur og menn hans sátu við eld sem þeir voru vanir. Kjartan brenndi þá rekkjubúnaðinn er Þórgunna hafði átt og þeir Þórður kausi stefndu Þóroddi og Þóri viðlegg um að þeir gengu þar um híbýli ólofað og firrðu menn lífi og heilsu. Síðan var nefndur dyradómur samkvæmt lögum og dómsorði lokið á a.m.k. Þóri viðlegg, Þorgrímu konu hans og Þórodd bónda. Hurfu þá afturgöngurnar brott. Prestur „hreinsaði“ húsið, Þuríði batnaði sóttin, Kjartan tók við búi á Fróðá „og varð hinn mesti garpur“.

Snorri flytur í Sælingsdalstungu – deilur við Borgfirðinga

Veturinn 1007-08 drap (Þor)Gestur Þórhallsson Víga-Styr á Jörva í Flísuhverfi, hefndi með því föður síns og launaði Styr lambið gráa. (*Talið er að Styr hafi drepit þrjátú menn um ævina*). Snorri sótti lík tengdaföður síns og flutti heim við ærna reimleika sem segir frá í **Heiðarvígasögu**.

Styrr kveður dauður við systurnar í Hrossholti:

Horfinn er fagur farfi,
forvitin, sjáðu litinn,
drengur í dauða genginn,
drós, skoða hvarminn ljósa;
Hildar plögg voru höggvin,
þá háða ég valþing áður;
kám er á kampi várum,
kysstu, mær, ef þig lystir.

Vorið eftir höfðu þau Snorri goði og Guðrún Ósvífursdóttir skipti á jörðum, Guðrún fluttist að Helgafelli en Snorri í **Tungu í Sælingsdal** (*Snorri var búinn að tryggja völd sín á Snæfellsnesi og sá möguleika til að færa út valdaskvíarnar austur til*

Dala. Gifti Þórdísi, dóttur sína, Bolla, syni Guðrúnar og Bolla Þorleikssonar. Þuríður Snorradóttir giftist Gunnlaugi Steinþórssyni á Eyri. Flutningsvorið fór Snorri með 400 manna lið Snæfellinga til **Borgarfjarðar** í málatilbúnað eftir víg Styrts. Þeir komust ekki lengra en að **Haugsvaði** á **Hvítá**, gegnt **Bæ**, þar var þeim varnað yfirferðar af Þorsteini Gíslasyni í Bæ, ættmönnum Illuga svarta, Kleppjárnhi hins gamla og fleirum. Þarna stefndi Snorri Gestu um víg Styrts en það mál ónýtti Þorsteinn Gíslason fyrir Snorra á Alþingi um sumarið. „Það sama haust“ tók Snorri af lífi Þorstein Gíslason og Gunnar (*sagður heita Þorvarður í Heiðarvígásögu*), son hans.

Vorið eftir fundust þeir á Þórsnesþingi Þorsteinn Þorgilsson er bjó í **Hafsfjarðarey**, tengdasonur Illuga svarta, hann hafði verið við Haugsvað. Þorsteinn var afkomandi Sel-Þóris á Rauðamel. Tókust þeir Snorri á um málin og svo virtist sem Þorsteinn myndi hafa betur en þá vopnuðust frændur Styrts og tengdamenn og gengu á milli dóms og Rauðmelinga er vildu að dómnum. Hófst þá bardagi. Þorsteinn úr Hafsfjarðarey sótti fast fram til Snorra en þá hljóp Kjartan á Fróðá fram fyrir frænda sinn og börðust þeir Þorsteinn þar til þeir voru skildir. „Fram sóttir þú nú mjög í dag, Breiðvíkingurinn,“ mælti Snorri en Kjartan kvað óþarft að hann brygði sér af ætt sinni. Málum þessum var slegið á sætt á þinginu og gekk Snorri goði greiðlega að öllum skilyrðum, hann vildi ekki að þau kæmu til alþingis því að enn var vígsmál Þorsteins Gíslasonar ófrágengið. Um sumarið var sæst á það mál og voru nokkrir liðsmenn Snorra dæmdir til utanferðar. Sagt er að Rauðmelingar hefðu sagt sig úr Þórsnesþingi sakir ofríkis Snorrunga og tekið upp þing í Straumfirði.

Ófriður á Ströndum

Er Snorri hafði fáa vetur búíð í Sælingsdalstungu kærði þingmaður hans, Álfur hinn litli í **Pambárdal** í **Bitrufirði**, ójafnaðarmanninn Óspak á **Eyri** (*Óspakseyri*) í sama firði fyrir yfirgang á rekafjörum. Þórir Gull-Harðarson bjó þá í **Tungu** í **Bitru** (*Snartartungu*). Hann var vinur Víga-Sturlu Þjóðrekssonar á **Staðarhóli** í **Saurbæ**. Sturla átti reka á þessum slóðum og gætti Þórir hagsmuna Sturlu á fjörum norður þar. Óspakur hafði látið gera rammgert vígi á bæ sínum, Eyri. Harðindavetur einn rak á góu reyðarhval í námunda við **Guðlaugshöfða**. Í hval þeim áttu mest Snorri goði og Sturla Þjóðreksson, einnig Álfur litli og

fleiri búendur. Er hvalskurðurinn stóð sem hæst í fjörunni renndi Óspakur skipi sínu þar að og krafðist hlutar af hvalnum og skipaði mönnum sínum að bera á skip það er skorið hafði verið. Hvalskurðarmenn reyndu að hindra hvaltökuna en vopnlausir að kalla máttu þeir sín lítills, Óspakur barði Þóri í óvit og ógnaði Álfi litla. Sigldu ránsmennirnir vestur yfir fjörðinn til Eyrar og settust að í virkinu. Fjandskapur magnaðist með þeim Þóri og Óspaki.

Þar sem Óspakur hafði mann margt gengu skjótt upp föngin. Því var það eina nótt að Óspakur og liðsmenn hans fóru í Þambárdal og rændu vistum af Álfi. Menn í **Fjarðarhorni** (*Fjarðarhorn heitir eyðihjáleiga í landi Eyrar*) höfðu orðið varir við ferð þeirra og gerðu Þóri í Tungu viðvart. Hann veitti óspektarmönnum eftirför við sautjanda mann. Óspakur var ófús að missa ránsfengsins og brá á það ráð að láta þá af liðinu sem minnstir voru fyrir sér reka heim klyfjahestana og sækja liðsauka en þeir þrettán sem eftir voru skyldu taka á móti eftirreiðarmönnum sem verða mætti og tefja fyrir þeim. Eftir nokkurt þref tókst þar bardagi og hjuggust þeir á Þórir og Óspakur. Um síðir flýði Óspakur sár en er flóttinn hafði verið rekinn heim undir Eyri var þar fyrir liðsafnaður og hurfu þeir Þórir þá aftur.

Tungu-Þórir drepinn – Álfur leitar á náðir Snorra

Snorri goði tók við málum Álfs litla og gerði þá Óspak alla seka á Þórsnesþingi. Er Snorri kom á **Strandir** til feralsdóma var Óspakur á brottu með allt sitt lið, fimmtán menn og tvö skip, og hafði búist um norður í **Paralátursfirði** ásamt illgjörðarmanninum Hrafni víkingi. Þar gerðu þeir virki og fóru með ránum og manndrápum um Norðurstrandir allt þar til Ólafur Eyvindsson á **Dröngum** settist um virkið. Samdist svo um að illvirkjarnir hyrfu brott af Ströndum og gerðu þar engan óskunda. Á Eyri háði Snorri goði feralsdóm eins og lög stóðu til, tók upp allt sektarfé og skipti með mönnum er hlut áttu að máli. Síðan reið Snorri heim til Tungu og leið svo sumarið. Þeir Óspakur fóru á tveimur skipum yfir á **Vatnsnes**, rændu þar, héldu síðan heim á Eyri og báru föng sín upp í virkið. Þaðan héldu þeir rakleiðis til Tungu, drápu Þóri bónda og rændu öllu fémætu í bænum. Síðan fóru þeir til Þambárdals og brutu hús á Álfi en hann komst út um laundyr „og hljóp upp eftir dal. Þeir Óspakur ræntu öllu því er þeir komu höndum á.“ Sneru síðan aftur heim og bjuggust um í virkinu.

Álfur litli létti ekki ferðinni fyrr en í Sælingsdalstungu og eggjaði Snorra til að fara norður að þeim Óspaki. Vitað var að hann myndi ekki auðsóttur í virkinu. Álfur sótti hyski sitt norður og var með Snorra um veturinn. Sturla Þjóðreksson sendi orð í Tungu að hann væri „þegar (*til*)búinn að fara að þeim Óspaki er Snorri vildi.“ Snorri sendi eftir Þrándi nokkrum stíganda Ingjaldssyni á **Ingjaldshvoli** (*Ingjaldshóli*), hann var heljarmenni og frá á fæti. Þrándur fór í einni striklotu eftir endilöngu Snæfellsnesi norðanverðu allt inn í Tungu til Snorra og var hann þar um nóttina. Sömu nótt sendi Snorri mann til Sturlu Þjóðrekssonar á Staðarhóli og bað hann koma til móts við sig í Tungu norður í Bitru daginn eftir.

Óspakur og Hrafn felldir

Þeir Snorri fóru norður um **Gaflfellsheiði** daginn eftir með fimm tigu manna og komu í Tungu í Bitru um kvöldið. Þar var Sturla þá fyrir með þrjátíu menn. Fara þeir allir út að Eyri um nóttina. Skoruðu þeir á Óspak að gefa upp virkið en hann gaf engan kost þar á. Réðust komumenn þá á virkið, menn Snorra, synir hans, synir Barkar digra og Þrándur stígandi, þar sem Hrafn víkingur var fyrir en þeir Sturla þar sem Óspakur var til varnar. Virkismenn beittu óspart grjóti en sóknarmenn boga- og handskotum. Þrándur vó sig á öxi sinni upp í virkið og hjó handlegg af Hrafn. Óspakur var mikilvirkur í grjótkastinu en Sturla skaut til hans snærisspjóti og kom það á hann miðjan svo að hann féll fram af virkinu. Sturla vildi einn á honum vinna. Fleiri víkingar féllu og fór svo að þeir sem eftir lifðu gáfust upp og buðu allt sitt mál á dóm Snorra og Sturlu. Voru þá báðir dauðir Óspakur og Hrafn. Óaldarflokknum var stökkt á brott. Kona Óspaks og Glúmur, sonur þeirra, héldu búinu á Eyri. Glúmur fékk Þórdísar, dóttur Ásmundar hærukolls, systur Grettis sterka. Sonur þeirra var Óspakur sá er deildi við Odd Ófeigsson á **Mel** (*Melstað*) í **Miðfirði**. (*Áhrifa Snorra hefur gætt allt vestan frá Öndverðarnesi inn allt Snæfellsnes, Skógarströnd, í Breiðafjarðardölum, Saurbæ, Gilsfjörð og yfir í Bitrufjörð*).

Pórólfur bægifótur lætur aftur á sér kræla – Glæsir

Þóroddur Þorbrandsson bjó á Kársstöðum svo sem áður var sagt og átti einnig Úlfarsfell og Örlygsstaði. Eftir lát Arnkels færðist afturganga Pórólfs bægifóts í aukana og hrökklaðist fólk af Bólstað fyrir þær sakir. Fór hún nú einnig að herja á Úlfarsfell og bar bóndinn þar sig upp við Þórodd. Fór Þóroddur með lið manna að brjóta upp dysina Pórólfs og fundu karl ófúinn og hinn herfilegasta. Veltu þeir líkinu niður í fjöru, tendruðu bál og brenndu allt saman að köldum kolum. Sköruðu þeir öskunni í sjó fram en þar eð hvasst var fauk sumt af henni víða. Er Þóroddur reið heim voru konur að mjöltum á stöðli, kýr hrökk undan honum og fótbrotnaði. Fóturinn var bundinn og kýrin færð út til Úlfarsfells til feitingar. Gekk hún oft niður í fjöruna þar sem bálið hafði verið og sleikti steinana. Er slátra átti kúnni um haustið fannst hún ekki, hafði þó sést í fylgd með ókenndu nauti í fellshlíðinni, en um jól kom hún til bæjar og var sýnt að hún var með kálfi. Kýrin bar um vorið kvígu og griðungi miklum og drapst litlu síðar. Fóstra Þórodds, forspá, mælti er hún heyrði hljóð nautkálfsins, að vábeiða sú skyldi skjótt skorin áður en illt hlytist af. Því var ekki sinnt og óx kálfurinn upp í túni um sumarið, varð allra nauta fríðastur, apalgrár og nefndur Glæsir. Griðungurinn verður fjögurra vetra og enn klifar kerling á því að hann skuli felldur. Þóroddur kvað hann skyldi lifa til hausts en þá sleginn af. Kerling reyndist sannspá. Þegar verið var að taka saman hey um sumarið ærðist Glæsir. Þóroddur hugðist taka bola og fjötra en eftir harða viðureign, miklar sviptingar og loftköst tókst tudda að reka annað hornið í kvið Þóroddi „svo að þegar stóð á kafi.“ Vopnaðir menn voru þá komnir á vettvang og eltu nautið „um þvera skriðuna Geirvör og allt þar til, er þeir komu að feni einu neðan við bæinn að **Hellum**; þar hljóp griðungurinn út á fenið og sökk svo að hann kom aldrei upp síðan.“ Heitir þar **Glæsiskelda**.

Björn Breiðvíkingakappi höfðingi í Mið-Ameríku?

Guðleifur Gunnlaugsson hins auðga úr Straumfirði var farmaður mikill. Hann hreppti „austanveður og landnyrðinga“ á leið frá Írlandi til Íslands, hrakti langt í **suðvestur** og kom að óþekkту landi þar sem skipverjar voru teknir höndum og færðir til eins konar dómþings. Kom þingheimi ekki saman um hvort þeir skyldu teknir af lífi eða hnepptir í þrældóm. Þá reið að aldurhniginn höfðingi

með flokk manna, spyr á norrænu máli deili á aðkomumönnum. Er þeir segjast vera íslenskir leitar hann fregna af höfðingjum úr Borgarfirði og Breiðafirði, einkanlega Snorra goða svo og Þuríði og Kjartani á Fróðá. Höfðinginn greiðir úr málum Íslendinganna, ræður þeim og öðrum frá því að freista aftur slíkrar ferðar, landsmenn séu ótrúir og illir viðureignar, elli sæki sig heim og óvíst að treysta á sitt liðsinni. Dregur þessi maður síðan gullhring af hendi sér og biður Guðleif að færa hringinn Þuríði á Fróðá, tekur síðan fram gott sverð og bað hann koma því í hendur Kjartani, syni hennar – frá þeim sem meiri vinur var húsfreyjunnar á Fróðá en goðans á Helgafelli. Þessum gripum kom Guðleifur til skila hið næsta sumar. Höfðu menn fyrir satt að Guðleifur hefði hitt Björn Breiðvíkingakappa á „Írlandi hinu mikla“ (*Hvítramannalandi*) sem trúað var að væri að finna langt vestur í höfum.

(Hugmyndir eru um að þá Guðleif hafi hrakið til Bretagne, þar voru menn mæltir á keltneska tungu. Hvergi er minnst á að landsmenn hafi haft annarlegt útlit rauðskinna).

Snorri goði bjó í Tungu (*nær*) tuttugu vetur og átti í fyrstu í útistöðum við Þorstein Kuggason og Þorgils Hölluson en er aldur færðist yfir hann „fækk-uðust öfundarmenn hans.“ Snorri átti þrjár konur, Ásdísi Styrsdóttur sem fyrr er getið, Þuríði Illugadóttur frá Innra-Hólmi og Hallfríði Einarsdóttur Þveræings og eignaðist níttján börn frjálsborin. Þau tengdust hinum göfugustu ættum hér á landi svo og Bjarkeyingum á Hálogalandi og Götuskeggjum í Færeyjum. Snorri andaðist árið 1031, sama ár og Grettir Ásmundarson var drepinn í Drangey og einum vetri eftir fall Ólafs helga á Stikla(r)stöðum.

Úrslitamál: Víg Þorbjarnar digra. – Víg Vigfúsar Bjarnarson í Drápuhlíð, Óttarsonar Kjallakssonar frá Bjarnarhöfn. – Víg Úlfars leysingja. Spá-Gils, banamaður Úlfars er drepinn af mönnum Arnkels – Arnkell tekur mál Úlfars að sér og fær fjárráð yfir eignum hans en ekki Þorbrandssynir. – Víg þræla Þórólfs (við Vaðilshöfða). Þórólfr fær Snorra goða til að mæla eftir þrælana, fær í staðinn Krákunesskóg. – Deilur um arf Úlfars og Örlygs. Þorbrandssynir sækja stoð í Snorra. Örlög Arnkels ráðin. – Víg Hauks, sendimanns Snorra, í viðarsókningunum. – Ummæli Þorleifs kimba um mannjöfnuð: Arnkell, Snorri – Víga-Styrr. Orrustan í Geirvör, Orrustan í Vigrafirði. Grautardílar Þorleifs kimba.

Eyrbyggjar, Hollvinasamtök Grundarfjarðar standa að útgáfu þessa rits sem er níunda heftið á tíu árum í flokki sem við köllum „Safn til sögu Eyrarsveitar“.

Í þessi riti eru birt viðtöl sem Ásgeir Guðmundsson sagnfræðingur tók við þrjá Grundfirðinga, sem nú eru látnir, þá Pétur Konráðsson, Halldór Finnsson og Soffanías Cecilsson. Allir þessir menn voru máttarstólpar í héraði, hver á sinn hátt.

Sunna Njálisdóttir tók saman mjög áhugaverð skrif um málvenjur í Eyrarsveit. Í bókinni er nýr kafli sem heitir Munnmælasögur og fyrstu munnmælasögurnar eru Sögur úr kirkjugarðinum sem hafðar eru eftir Arnóri Kristjánssyni og þjóðsagan af tröllskessunni í Mýrarhrynni og karlinun hennar, honum Hnausa. Einnig birtist hér grein um Bjarna á Berserkseyri, þann merka mann. Bernska mín og æska í Grundarfirði er endurritaður kafli úr bókinni „Út í heim“, sem er sjálfsævisaga Jóns Stefánsson frá Grund. Og svo er grein sem heitir Vorið á Setbergi, þar rifjar Pétur Jósefsson upp minningar frá Setbergi. Í heftinu eru myndir frá Grunnskólanum og af fermingarbörnum sem eiga fermingarafmæli. Einnig er áhugavert efni um Eyrbyggjasögu. Að lokum birtist hefðbundinn annáll bæjarstjóra Grundarfjarðar fyrir síðasta ár.

